Aðaleinkunn 9.0—10 er ágætiseinkunn, 7.5—8.5 er I. einkunn 6.0—7.00 er II. einkunn og 5.0—5.5 er III. einkunn.

Stúdent, sem nær ekki einkunn 5.0 á einhverju prófi, telst ekki hafa staðist það próf.

Árangur á prófum í lyflæknis- og handlæknisvitjun reiknast til lokaeinkunnar, og skal metinn á sama hátt og í munnlegum og skriflegum prófum.

Árangur stúdents í verklegu námi er metinn af þeim kennara, sem kennsluna annast. Kennari skilar skriflegum vitnisburði til skrifstofu Háskólans, og eru gefnar fjórar einkunnir: 1. ágætt, 2. gott, 3. sæmilegt og 4. slæmt. Sá, sem hlýtur einkunnina slæmt, telst ekki hafa lokið verklega náminu og getur ekki sagt sig til prófs. Einkunnir fyrir verklegt nám eru skráðar á prófskirteini, en reiknast ekki með til lokaeinkunnar.

Einkunnir í eftirtöldum greinum teljast til aðaleinkunnar við læknispróf:

Inngangur að líffæra- og lífeðlisfræði .....	1/2
Efnafræði I, almenn efnafræði og efnagreining .....	1/2
Efnafræði II, lífræn efnafræði .....	1/2
Eðlisfræði .....	1/2
Líffærafræði .....	1 1/2
Lífefnafræði .....	1
Lífeðlisfræði .....	1
Líffærameinafræði .....	1
Lyja- og eiturefnafræði .....	1
Sýkla- og ónæmisfræði .....	1/2
Handlæknisfræði .....	3
Lyflæknisfræði .....	3
Svæfingafraði .....	1/2
Augsjúkdómafræði .....	1/3
Geislalæknisfræði .....	1/2
Háls-, nef- og eyrnasjúkdómafræði .....	1/3
Húð- og kynsjúkdómafræði .....	1/3
Barnasjúkdómafræði .....	1
Geðsjúkdómafræði .....	1
Kvensjúkdóma- og fæðingafraði .....	1
Taugasjúkdómafræði .....	1/2
Heimilislæknisfræði .....	1
Heilbrigðisfræði .....	1
Félagslæknisfræði .....	1/3
Réttarlæknisfræði .....	1/3
Endurhæfingafraði .....	1/3

Samtals 22 1/2 einkunn

Deildarráði er heimilt að fengnum tillögum kennslunefndar að breyta hlutfalls-  
tölum einkunna, enda sé það tilkynnt í upphafi kennsluárs.

Nái stúdent ekki tilskilinni einkunn í einhverju prófi, má hann þreyta það próf  
aftur að hausti eða vori, enda séu ákvæði um heildarnámstíma því ekki til fyrir-  
stöðu.

Meira en 8 ár mega ekki liða frá skrásetningu til lokaprófs, nema með sérstöku  
leyfi deildarinnar, þ. e. deildarráðs og kennslunefndar.

### 3. gr.

50. gr. I, þar sem taldar eru kennslugreinar í viðskiptadeild, breytist þannig,  
að inn í upptalninguna bætast þrír nýir liðir, tölusettir sem hér segir:

4.9. Þjóðhagsreikningar og þjóðhagsáætlanir.

6.2. Markaðsboðmiðlun.

6.3. Stefnumótun fyrirtækja.

Tölusetning þeirra liða, sem fyrir eru, breytist þannig, að liðir 4.9.—6.0. verða  
5.0—6.1 og liðir 6.1.—6.3. verða 6.4.—6.6.

### 4. gr.

108. gr. orðist svo:

Skýlt er stúdentum að ljúka undirbúningsnámskeiðum í félagsfræði, stjórn-  
málafræði, tölfraði og forspjalli að þjóðfélagsvísindum. Auk þess skulu stúdentar  
ljúka tilteknum námskeiðum í sálarfræði og hagfræði.

Námsstjórn ákveður nánar námsmagn hvers námskeiðs. Stefnt skal að því, að nám á undirbúningsnámskeiðunum sé sem mest sameiginlegt öllum stúdentum í almennum þjóðfélagsfræðum.

Stúdent skal hafa lokið undirbúningsnámskeiðum í þeim greinum, sem taldar eru í 1. mgr., innan þriggja missera frá skrásetningu. Heimilt er þó að ljúka síðar öðru hvoru námskeiðinu í sálarfræði og hagfræði. Ef út af bregður, skal má nafn hans af stúdentaskrá námsbrautarinnar, nema alveg sérstaklega standi á, enda er þá námsstjórn heimilt að veita undanþágu.

5. gr.

Reglugerðarbreyting þessi tekur gildi frá 1. janúar 1974 að telja.

*Í menntamálaráðuneytinu, 16. janúar 1974.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Árni Gunnarsson.*



# STJÓRNARTÍÐINDI A 3 — 1974

---

Nr. 4.

8

27. febrúar 1974.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 4 7. febr. 1973, um neyðarráðstafanir  
vegna jarðelda á Heimaey.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

1. tölul. 8. gr. laganna orðist svo:

Á tímabilinu 1. mars 1973 til 28. febr. 1974 skal leggja 2% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til. Á tímabilinu 1. mars 1974 til 28. febrúar 1975 skal leggja 1% viðlagagjald á söluskattsstofn sömu aðila. Gilda ákvæði laga nr. 10/1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, svo og ákvæði reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd. Hækkun sú á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýst af viðlagagjaldi á söluskattsstofn skv. þessum tölulið, skal ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvisitölu. Kauplagnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.

#### 2. gr.

Við 4. tölul. 8. gr. laganna bætist:

Nú verður á því misbrestur, að gjaldinu samkvæmt þessum tölulið eða 3. tölulið þessarar greinar sé skilað á réttum tíma, og skulu þá vanskil sveitarfélagsins með dráttarvöxtum tekin af hluta þess í Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Dráttarvextir skulu vera 1½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, og skulu þeir reiknaðir frá gildistöku laga þessara. Sveitarfélögum skal ekki greitt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, fyrr en skuldir þeirra við Viðlagasjóð hafa verið að fullu greiddar.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 27. febrúar 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

---

Stjórnartíðindi A 3, nr. 4. Útgáfudagur 28. febrúar 1974.

# STJÓRNARTÍÐINDI A 4 — 1974

---

28. febrúar 1974.

9

Nr. 5.

## L Ö G

um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum  
olíuverðhækkana.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis skal á tímabilinu 1. mars 1974 til 28. febrúar 1975 leggja 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra og reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds svo og um aðra framkvæmd. Gjald þetta kemur í stað hálfvísu viðlagagjalds, sbr. 1) lið 1. mgr. 8. gr. laga nr. 4/1973, um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, og skal á sama hátt ekki valda hækkun kaupgreiðsluvísitölu.

#### 2. gr.

Tekjum af gjaldi þessu verður ráðstafað samkvæmt sérstökum lögum.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 5 — 1974

---

Nr. 6.

10

5. mars 1974.

## L Ö G um tollskrá o. fl.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I.

##### Tollskráin o. fl.

##### 1. gr.

Af öllum vörum, sem koma eða eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða aðflutningsgjöld, nema annað sé tekið fram í lögum þessum eða öðrum sérstökum lögum. Skulu gjöldin vera eins og fyrir er mælt í eftirfarandi

##### tollskrá,

þannig, að dálkar merktir A gilda fyrir allar innfluttar vörur, nema sérstaklega sé á annan hátt ákveðið í dálkum merktum E. Dálkar merktir E gilda fyrir vörur innfluttar til landsins samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsantökum Evrópu (EFTA) og samkvæmt ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE). Dálkar merktir E gilda þó ekki um vörur í eftirfarandi tollskrárnúmerum, sem innfluttar eru til landsins frá Efnahagsbandalagi Evrópu í upprunalegri mynd þess, þ. e. frá Belgíu, Frakklandi, Hollandi, Ítalíu, Luxembourg og Vestur-Þýskalandi, svo og frá Írlandi:

03.03.09	16.03.00
05.04.00	16.04.00
05.06.00	16.05.00
05.15.00	20.02.01
14.02.00	21.03.00
14.03.00	21.05.03
14.04.00	22.01.01
14.05.00	22.08.00
15.04.00	23.01.00
15.05.00	24.02.32
15.06.00	

Að því er varðar innflutning frá **Danmörku** og **Bretlandi** í eftirtöldum tollskrárnúmerum, þá gilda til 1. júlí 1977 tollar eins og þeir voru ákveðnir 1. mars 1970, þannig:

03.03.09	35%	16.03.00	70%
05.04.00	25%	16.04.00	70%
05.06.00	25%	16.05.00	70%
05.15.00	25%	20.02.01	35%
14.02.00	21%	21.03.00	70%
14.03.00	21%	21.05.03	70%
14.04.00	21%	22.01.01	70%
14.05.00	25%	22.08.00	18%
15.04.00	25%	23.01.00	25%
15.05.00	25%	24.02.32	25%
15.06.00	25%		

### Almennar reglur um túlkun tollskrárákvæða.

Við skýringar á tollskránni skal fylgt eftirfarandi reglum:

1. Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Tollflokkunin skal byggð á orðalagi tollskrárnúmera, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla, og fari það ekki í bága við orðalag tollskrárnúmeranna eða athugasemdanna, skal fylgt eftirfarandi reglum:
2. a. Þegar talað er um tilteknar vörur í tollskrárnúmeri, tekur það einnig yfir ófullgerðar vörur eða vörur, sem eitthvað vantar á, ef þær við innflutning, að öllu verulegu leyti líta út eins og hinar fullgerðu vörur. Enn fremur tekur það yfir þessar vörur fullgerðar eða heilar (eða vörur, sem flokkast þannig skv. þessum lið), þegar þær eru fluttar inn ósamsettar eða sundurteknar.
- b. Þegar talað er um tiltekið efni í tollskrárnúmeri, tekur það ekki einungis til efnisins óblandaðs, heldur einnig til þess í blöndum eða í samböndum við önnur efni. Sérhver tilvísun til vara úr tilteknu efni tekur til vara, sem að öllu eða nokkru leyti eru úr því efni. Um tollflokkun blandaðra og samsettra vara fer eftir reglum 3. liðs hér á eftir.
3. Nú kemur það til áliða skv. 2. lið að framan eða af öðrum ástæðum, að telja vörur til tveggja eða fleiri tollskrárnúmera, og skal þá tollflokkurinn fara eftir því sem hér segir:
  - a. Tollskrárnúmer, sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu, skal tekið fram yfir tollskrárnúmer með almennari vörulýsingu.
  - b. Blöndur og samsettar vörur, sem eru úr ýmsum efnum eða eru samsettar af mismunandi hlutum, og ekki verða flokkaðar eftir reglunni í 3 a, skulu flokkaðar eftir því efni eða þeim hluta, sem helst einkennir vöruna, enda verði slíku mati komið við.
  - c. Ef ekki er hægt að flokka vörur eftir reglunum í 3 a eða 3 b hér á undan, skal telja þær til þess tollskrárnúmers, sem ber hæstan toll.
4. Vörur, sem ekki falla undir neitt tollskrárnúmer, skulu taldar til sama tollskrárnúmers og þær vörur, sem þeim eru líkastar.

## I. flokkur.

## Lifandi dýr og afurðir úr dýraríkinu.

## 1. kafli.

## Lifandi dýr.

## Athugasemd:

Til kaflans teljast öll lifandi dýr, nema:

- a. Fiskur, krabbadýr og lindýr, sem teljast til nr. 03.01 og 03.03.
- b. Hreinræktaður sýklagróður og aðrar vörur, sem teljast til nr. 30.02.
- c. Dýr, sem teljast til nr. 97.08.

	Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
<b>01.01</b> 00 Hestar, asnar, múlasnar og múldýr .....	50		50		50	
<b>01.02</b> 00 Nautgripir .....	50		50		50	
<b>01.03</b> 00 Svín .....	50		50		50	
<b>01.04</b> 00 Sauðfé og geitfé .....	50		50		50	
<b>01.05</b> 00 Alifuglar (hænsni, endur, gæsir, kalkúnar og perluhænsni) .....	50		50		50	
<b>01.06</b> Önnur lifandi dýr:						
10 <i>Einkum ætluð til neyzlu handa mönnum .....</i>	50		50		50	
<i>Annað (þar á meðal dýr í dýragarða, hundar og kettir):</i>						
21 Loðdýr .....	0		0		0	
29 Annað .....	50		50		50	

## 2. kafli.

## Kjöt og ætir hlutar af dýrum.

## A t h u g a s e m d :

Til kaflans telst ekki:

- Vörur þær, er teljast til nr. 02.01—02.04 og nr. 02.06, ef þær eru óhæfar til neyzlu handa mönnum.
- Þarmar, blöðrur og magar (nr. 05.04), og dýrablóð (nr. 05.15).
- Dýrafeiti, þó ekki vörur, sem teljast til nr. 02.05 (15. kafli).

	Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
	A	E	A	E	A	E
<b>02.01</b>	<b>Kjöt og ætir hlutar af dýrum þeim, er teljast til nr. 01.01-01.04, nýtt, kælt eða fryst:</b>					
10	<i>Af nautgripum</i> ..... 50					
20	<i>Af sauðfé og geitum</i> ..... 50					
30	<i>Af svínum</i> ..... 50					
40	<i>Af hrossum, ösnum, múlósnum og múldýrum</i> ..... 50					
50	<i>Kjötúrgangur</i> ..... 50					
<b>02.02</b>	<b>00</b> <b>Kjöt og ætir hlutar (þó ekki lifur) af alifuglum (hænsnum, öndum, gæsnum, kalkúnum og perluhænum), nýtt, kælt eða fryst</b> ..... 50					
<b>02.03</b>	<b>00</b> <b>Lifur úr alifuglum, ný, kæld, fryst, söltuð eða í saltlegi</b> ..... 50					
<b>02.04</b>	<b>Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst:</b>					
01	Hvalkjöt og hvalrengi ..... 0					
09	Annars ..... 50					
<b>02.05</b>	<b>00</b> <b>Svínafiti án kjöts og alifuglafita (óbrædd og ópressuð), ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt</b> ..... 50					
<b>02.06</b>	<b>Kjöt og ætir hlutar af dýrum (þó ekki alifuglalifur), saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt:</b>					
10	„Bacon“, svínslæri og annað svínakjöt ..... 50					
20	Annað ..... 50					

**3. kafli.****Fiskur, krabbadýr og lindýr.****A t h u g a s e m d :****Til kaflans telst ekki:**

- a. Sjávarspendýr (nr. 01.06) og kjöt af þeim (nr. 02.04 eða 02.06).
- b. Fiskur (þar með talin hrogn og lifur), krabbadýr og lindýr, dautt, óhæft til manneldis vegna uppruna síns eða ástands (5. kafli); eða
- c. Styrjuhrogn, einnig eftirlíkingar (nr. 16.04).

	Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
	A	E	A	E	A	E
<b>03.01</b>	<b>Fiskur, nýr (lifandi eða dauður), ísvarinn, kældur eða frystur:</b>					
01	Lifandi fiskur í fiskabúri eða öðru ílát	50		50		50
02	Síld ný	0		0		0
03	Annar fiskur nýr	0		0		0
04	Síld, ísvarin eða kæld	0		0		0
05	Síld fryst	0		0		0
09	Annar fiskur, ísvarinn, kældur eða frystur	0		0		0
<b>03.02</b>	<b>Fiskur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi; reyktur fiskur, einnig soðinn á undan eða jafnhliða reykingu:</b>					
01	Síld	0		0		0
09	Annar	0		0		0
<b>03.03</b>	<b>Krabbadýr og lindýr, með eða án skeljar, ný (lifandi eða dauð), kæld, fryst, söltuð, í saltlegi eða þurrkuð; krabbadýr með skel, aðeins soðin í vatni:</b>					
01	Smokkfiskur og skelfiskur til beitu	0		0		0
09 <sup>1)</sup>	Önnur	45	30	40	25	35 20

1) Sjá 1. og 2. mgr. 1. gr.

## 4. kafli.

**Mjólkurafurðir; fuglaegg; býflugnahunang; ætar afurðir úr dýraríkinu, ót. a.****A t h u g a s e m d i r :**

1. Til *mjólkur* telst nýmjólk, undanrenna, áfir, mysa, kefir, jóghúrt og þess háttar gerjuð mjólk.
2. Mjólk og rjómi í loftþéttum dósum telst niðursoðin mjólk og rjómi og heyrir þannig til nr. 04.02. Hins vegar telst mjólk og rjómi, sem aðeins hefur verið pasteuriserað, dauðhreinsað eða peptoniserað, ekki niðursoðið, nema vörurnar hafi verið lagðar niður í loftþéttar dósir.

		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
		A	E	A	E	A	E
		%	%	%	%	%	%
04.01	00	Mjólk og rjómi, nýtt, þó ekki þurrkað eða sykrað	50		50		50
04.02		Mjólk og rjómi, niðursoðið, þurrkað eða sykrað:					
	10	<i>Fljótandi eða hálfaljótandi</i>	50		50		50
	20	<i>Í föstu formi, svo sem kökur eða duft</i>	50		50		50
04.03	00	Smjör	70		70		70
04.04	00	Ostur og ostahlaup	70		70		70
04.05	00	Fuglaegg og eggjaraður, nýtt, rotvarið, þurrkað, sykrað eða ósykrað	18		18		0
04.06	00	Náttúrulegt hunang	35		35		35
04.07	00	Ætar afurðir úr dýraríkinu, ót. a.	35		35		35



## 5. kafli.

## Afurðir úr dýraríkinu, ót. a.

## A t h u g a s e m d i r :

1. Til þessa kafla telst ekki:
  - a. Aftar afurðir (að undanteknum þörmum, blöðrum og mögum úr dýrum, heilum eða í stykkjum, enn fremur dýrablóð, fljótandi eða þurrkað).
  - b. Húðir og skinn (þar með talin loðskinn), að undanteknum vörum þeim, er teljast til nr. 05.05—05.07 (41. eða 43. kafli).
  - c. Spunaefni úr dýraríkinu, að undanteknu hrosshári og hrosshársúrgangi (XI. flokkur).
  - d. Hárnippi tilsníðin til burstagerðar (nr. 96.03).
2. Mannshár, flokkað eftir lengd, telst vera óunnið (nr. 05.01), enda sé það ekki jafnframt flokkað þannig, að rötarendarnir séu allir sömu megin.
3. Til *filabeins* teljast alls staðar í tollskránni vigtennur úr filum, mammútum, mastódonum, rostungum, náhvelum og villisvínunum, horn af nashyrningum og tennur úr öllum dýrum.
4. Hvarvetna í tollskránni er með *hrosshári* átt við hár af makka eða svira og tagli eða hala dýra, er teljast til hrossa- eða nautgripaætta.

		Frá 1974		Frá 1975		Frá 1976	
		A	E	A	E	A	E
		%	%	%	%	%	%
05.01	00	25		25		0	
05.02	00						
		7		7		0	
05.03	00						
		7		7		0	
05.04	00 <sup>1)</sup>	30	21	27	17	24	14
05.05	00	0		0		0	
05.06	00 <sup>1)</sup>	30	21	27	17	24	14
05.07	00						
		15		15		0	
05.08	00						
		12		12		0	
05.09	00						
		12		12		0	
05.10	00						
		18		18		0	
05.11	00						
		18		18		0	

1) Sjá 1. og 2. mgr. 1. gr.

	Frá <sup>1</sup> / <sub>1</sub> 1974		Frá <sup>1</sup> / <sub>1</sub> 1975		Frá <sup>1</sup> / <sub>1</sub> 1976	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
05.12 00 Kórallar og slík vara, óunnin eða lítils háttar búin undir vinnslu, en ekki frekar unnin; skeljar, óunnar eða lítils háttar búnar undir vinnslu, en ekki formaðar; mulningur og úrgangur úr skeljum ..	18		18		0	
05.13 00 Svampar náttúrlegir .....	100		100		100	
05.14 00 Ambra, bifurbelgur, desmerkattardeig og moskus; spanskflugur; gall, einnig þurrkæð; afurðir úr dýraríkinu af því tagi, sem notaðar eru við lyfjagerð, nýjar, kældar, frýstar eða meðfarnar á annan hátt til bráðabirgða vegna geymslu .....	18		18		0	
05.15 00 <sup>1)</sup> Afurðir úr dýraríkinu, ót. a., dauð dýr þeirra tegunda, sem 1. og 3. kafli tekur til, óhæf til manneldis .....	30	21	27	17	24	14

1) Sjá 1. og 2. mgr. 1. gr.

## II. flokkur.

## Afurðir úr jurtaríkinu.

## 6. kafli.

Lifandi trjáplöntur og aðrar jurtir; blómlaukar, rætur og þess háttar; afskorin blóm og blöð til skrauts.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast aðeins lifandi trjáplöntur og vörur (þar með taldir græðlingar), sem gróðrarstöðvar og garðyrkjuskólar venjulega hafa á boðstólum til gróðursetningar eða til skreytingar. Til kaflans teljast þó ekki kartöflur, matlaukur, skalotlaukur, hvítlaukur og aðrar vörur, sem teljast til 7. kafla.
2. Til nr. 06.03 eða 06.04 teljast einnig blómvendir, blómakörfur, kransar og þess háttar að öllu eða nokkru gert úr vörum, sem teljast til þessara númera, og hafa fylgihlutar ekki áhrif á flokkunina, þó þeir séu úr öðrum efnum.

	Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
<b>06.01</b> 00 Blómlaukar, rótar- og stöngulhnyði, jarðstönglar og aðrir forðastönglar í dvala, í vexti eða í blóma .....	40		40		40	
<b>06.02</b> Aðrar lifandi jurtir, þar með taldar trjáplöntur, runnar, rætur, græðlingar og gróðurkvistir:						
01 Trjáplöntur og runnar .....	40		40		40	
09 Annað .....	40		40		40	
<b>06.03</b> 00 Afskorin blóm og blómknappar í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, íborið eða meðfarið á annan hátt .....	100		100		100	
<b>06.04</b> Laufblöð, greinar og aðrir plöntuhlutar (þó ekki blóm og blómknappar) af trjám, runnum og öðrum jurtum, og mosi, skófir og gras nothæft í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, íborið eða sérstaklega meðfarið á annan hátt:						
01 Jólatri (án rótar) og jólatrigreinar .....	100		100		100	
09 Annað .....	100		100		100	

## 7. kafli.

## Grænmeti, rætur og hnýði til neyzlu.

## Athugasemd:

Með orðinu *grænmeti* í nr. 07.01, 07.02 og 07.03 er einnig átt við ætisveppa, jarð-  
sveppa, ólífur, kapers, tómata, kartöflur, rauðrófur, gúrkur, grænar ertur, grasker, egg-  
plöntur (aubergínur), pipar (sweet peppers), finkul, steinselju, kjörvel, esdragon, karsa,  
sætt majoran (majorana hortensis eða origano majorana), piparrót og hvítlauk.

Til nr. 07.04 telst allt það grænmeti þurrkað eða eimað, sem annars telst til nr.  
07.01—07.03, nema:

- a. Belgávextir, þurrkaðir og afhýddir (nr. 07.05).
- b. Malaður pipar (sweet peppers) (nr. 09.04).
- c. Mjöl úr belgavöxtum, sem teljast til nr. 07.05 (nr. 11.03).
- d. Mjöl, grjón og flögur úr kartöflum (nr. 11.05).

	Frá <sup>1</sup> / <sub>1</sub> 1974		Frá <sup>1</sup> / <sub>1</sub> 1975		Frá <sup>1</sup> / <sub>1</sub> 1976	
	A	E	A	E	A	E
<b>07.01</b>	<b>Grænmeti, nýtt eða kælt:</b>					
10	<i>Kartöflur</i> .....100 kg					
	20		20		20	
	kr.		kr.		kr.	
20	<i>Tómatar</i> .....					
	70		70		70	
	<i>Annad grænmeti:</i>					
31	<i>Laukur</i> .....					
	50		50		50	
39	<i>Annars</i> .....					
	70		70		70	
<b>07.02</b>	00	<b>Grænmeti (einnig soðið), fryst</b> .....				
		70		70		70
<b>07.03</b>	00	<b>Grænmeti lagt í saltlög, brennisteinssýrling eða önnur efni til varnar skemmdum um stundar sakir, en ekki tilbúið til neyzlu strax</b>				
		40		40		40
<b>07.04</b>	00	<b>Grænmeti þurrkað eða eimað, einnig sundurskorið, mulið eða steytt í duft, en ekki frekar unnið</b> .....				
		70		70		70
<b>07.05</b>	00	<b>Belgávextir, þurrkaðir og afhýddir, einnig flýsjaðir eða klofnir</b> ..				
		*0		*0		*0
<b>07.06</b>	00	<b>Maníókarót, arrowrót, salop, jarðartískokka, batatar og þess háttar rætur og rötarnýði, sem innihalda mikið af sterkju eða inúlíni, nýtt eða þurrkað, heilt eða skorið sundur; mergur sagópálmans</b>				
		70		70		70

## 8. kafli.

## Ætir ávextir og hnetur; hýði af melónum og sítrusávöxtum.

## Athugasemdir:

1. Til kaflans teljast ekki ávextir og hnetur, sem eru óhæfar til neyzlu.
2. Kældir ávextir flokkast á sama hátt og nýir.

	Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
<b>08.01</b>	<b>Döðlur, bananar, kókoshnetur, parahnetur, akajuhnetur, ananas, avokathnetur, mangóaldin, guavaber, nýtt eða þurrkað, einnig afhýtt:</b>					
10	<i>Bananar nýir</i> ..... 15					
	<i>Kókoshnetur, parahnetur og akajuhnetur, nýjar eða þurrkaðar:</i>					
21	<i>Kókosmjöl</i> ..... 18					
29	<i>Annað</i> ..... 70					
30	<i>Aðrir framangreindir ávextir, nýir</i> ..... 40					
40	<i>Aðrir framangreindir ávextir, þurrkaðir</i> ..... 70					
<b>08.02</b>	<b>Sítrusávextir, nýir eða þurrkaðir:</b>					
10	<i>Appelsínur, tangarínur, mandarínur og clementínur</i> ..... 15					
	<i>Aðrir sítrusávextir:</i>					
21	<i>Sítrónur</i> ..... 15					
29	<i>Annars</i> ..... 15					
<b>08.03</b>	<b>Fíkjur, nýjar eða þurrkaðar:</b>					
10	<i>Nýjar</i> ..... 40					
20	<i>Þurrkaðar</i> ..... 70					
<b>08.04</b>	<b>Vínber, ný eða þurrkað:</b>					
10	<i>Vínber ný</i> ..... 40					
	<i>Vínber þurrkað:</i>					
21	<i>Rúsínur</i> ..... *20					
22	<i>Kúrennur</i> ..... 20					
<b>08.05</b>	<b>Hnetur aðrar en þær, sem teljast til nr. 08.01, nýjar eða þurrkaðar, með eða án hnotskurnar</b> ..... 20					
<b>08.06</b>	<b>Epli, perur eða kveður, nýtt:</b>					
10	<i>Epli</i> ..... *12					
20	<i>Perur og kveður</i> ..... 15					
<b>08.07</b>	<b>Steinaldin ný</b> ..... 40					
<b>08.08</b>	<b>Ber ný</b> ..... 40					
<b>08.09</b>	<b>Aðrir ávextir, nýir:</b>					
01	<i>Melónur</i> ..... 40					
09	<i>Annars</i> ..... 40					
<b>08.10</b>	<b>Ávextir (einnig sodnir), frystir, en ekki sykraðir</b> ..... 70					
<b>08.11</b>	<b>Ávextir niðurlagðir til geymslu um stundarsakir (t. d. með brennisteinsdíoxýdgasi, saltlegi, brennisteinssýrtingi eða annarri niðurlagn-ingarupplausn), en í þessu ástandi óhæfir til neyzlu þegar í stað</b> .. 40					
<b>08.12</b>	<b>Aðrir þurrkaðir ávextir en þeir, sem teljast til nr. 08.01-08.05:</b>					
01	<i>Sveskjur</i> ..... *20					
02	<i>Apríkósur</i> ..... 20					
03	<i>Ávextir Elandaðir</i> ..... 20					
09	<i>Annars</i> ..... 20					

**08.13 00** Hýði af melónum eða sítrusávöxtum, nýtt, fryst, þurrkað eða lagt í saltlög, brennisteinssýrling eða í önnur efni til varnar skemmdum um stundarsakir .....

Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
A	E	A	E	A	E
%	%	%	%	%	%
50		50		50	

## 9. kafli.

## Kaffi, te, maté og krydd.

## Athugasemdir:

1. Blöndur af vörum, sem teljast til nr. 09.04—09.10, flokkast þannig:
  - a. Blöndur af tveimur eða fleiri vörum, sem teljast til sama númers, flokkast í það númer.
  - b. Blöndur af tveimur eða fleiri vörum, sem teljast til tveggja eða fleiri númera, flokkast í nr. 09.10.  
Hafi verið bætt öðrum efnum í vörur þær, sem teljast til nr. 09.04—09.10 (eða í blöndur þær, sem um getur í a- og b-lið að ofan), hefur það ekki áhrif á flokkunina, nema það breyti eðli þeirra. Sé svo, teljast blöndurnar ekki til þessa kafla. Þannig teljast samsett bragðefni til nr. 21.04.
2. Til þessa kafla telst ekki:
  - a. Pipar (sweet peppers), ómalaður (7. kafli).
  - b. Pipar af afbrigðinu piper cubeba og aðrar vörur, sem teljast til nr. 12.07.

	Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
<b>09.01</b>	<b>Kaffi, óbrennt eða brennt, einnig kaffeinsneytt; kaffiskurn og kaffihýði; kaffilíki, sem inniheldur eitthvað af kaffi:</b>					
	<i>Kaffi og kaffilíki, sem inniheldur eitthvað af kaffi:</i>					
11	Í smásöluumbúðum 2 kg eða minna . . . . . 10 10 10					
12	Í öðrum umbúðum . . . . . 0 0 0					
20	<i>Kaffiskurn og kaffihýði . . . . . 0 0 0</i>					
<b>09.02</b> 00	<b>Te . . . . . 10 10 10</b>					
<b>09.03</b> 00	<b>Maté . . . . . 50 50 50</b>					
<b>09.04</b> 00	<b>Pipar af tegundinni Piber, piment (allrahanda) af tegundunum Capsicum eða pimenta . . . . . 80 80 80</b>					
<b>09.05</b> 00	<b>Vanilla . . . . . 80 80 80</b>					
<b>09.06</b> 00	<b>Kanill og kanilblóm . . . . . 80 80 80</b>					
<b>09.07</b> 00	<b>Negull, heill, negulnaglar og negulstíkar . . . . . 80 80 80</b>					
<b>09.08</b> 00	<b>Múskathnetur, múskatblóm og kardamómur . . . . . 80 80 80</b>					
<b>09.09</b> 00	<b>Anís, stjörnuanís, finkull, kóriandri, rómverskt kúmen, kúmen og einiber . . . . . 80 80 80</b>					
<b>09.10</b> 00	<b>Blóðberg, safran, lárviðarlauf; annað krydd . . . . . 80 80 80</b>					

## 10. kafli.

## Korn ómalað.

## Athugasemd:

Til kaflans telst ekki afhýtt korn eða korn unnið á annan hátt. Til nr. 10.06 telst þó, auk óunnins riss, ris án ytra hýðis og silfurhýðis, póleraður ris og brotris, en ekki frekar unninn ris.

	Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
	A	E	A	E	A	E
10.01 00 Hveiti og meslía .....	0		0		0	
10.02 00 Rúgur .....	0		0		0	
10.03 00 Bygg .....	0		0		0	
10.04 00 Hafrar .....	0		0		0	
10.05 00 Más .....	0		0		0	
10.06 Rís:						
<i>Rís, með eða án ytra hýðis, en ekki frekar unninn:</i>						
11 Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna .....	0		0		0	
19 Í öðrum umbúðum .....	0		0		0	
<i>Annar rís:</i>						
21 " Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna .....	0		0		0	
29 Í öðrum umbúðum .....	0		0		0	
10.07 00 Bókhveiti, hirsí, kanarífuglafræ og dúrra; annað korn .....	0		0		0	



## 11. kafli.

## Malaðar afurðir; malt; sterkja; glúten; inúlín.

## Athugasemdir:

Til kaflans telst ekki:

1. a. Brennt malt, er nota má sem kaffilíki (nr. 09.01 eða 21.01).
- b. Mjöl og grjón, tilreidd sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, sem telst til nr. 19.02.
- c. Steiktar maisflögur (corn flakes) og aðrar vörur, sem teljast til nr. 19.05.
- d. Lyfjavörur (30. kafli).
- e. Sterkja, sem hefur einkenni ilmvara, snyrtivara eða hreinlætisvara og telst til nr. 33.06.
2. A. Malaðar afurðir úr þeim korntegundum, sem taldar eru upp í eftirfarandi töflu, teljast til þessa kafla, ef þær innihalda þurrar, miðað við þunga:
  - a. Sterkju (sem ákvörðuð er skv. Ewers-aðferðinni) í meira magni en tilgreint er í dálki 2.
  - b. Ösku (að frádregnum viðbættum steinefnum) í því magni, sem tilgreint er í dálki 3, eða minna.
 Annars teljast þær til nr. 23.02.
- B. Afurðir, sem teljast til þessa kafla skv. áðurnefndri skýrgreiningu, flokkast í nr. 11.01 (mjöl úr korni), ef það magn þeirra, sem fer í gegnum silkigrisju eða sigti úr tilbúnu trefjaefni, með þeim þéttleika, sem tilgreindur er í 4. og 5.\* dálki, er ekki minna, miðað við þunga, en sá hundraðshluti, sem tilgreindur er fyrir hverja korntegund. Annars teljast þær til nr. 11.02.

Korntegund	Sterkju- innihald	Ösku- innihald	Magn, sem fer í gegnum sigti af þéttleikanum	
			315 micron 4	500 micron 5
1	2	3	4	5
Hveiti og rúgur .....	45%	2,5%	80%	-
Bygg .....	45%	3,0%	80%	-
Hafrar .....	45%	5,0%	80%	-
Máis og dúrra .....	45%	2,0%	-	90%
Rís .....	45%	1,6%	80%	-
Bókhveiti .....	45%	4,0%	80%	-

11.01	Mjöl úr korni:	Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
		A	E	A	E	A	E
	<i>Mjöl úr hveiti eða úr meslini:</i>	%	%	%	%	%	%
11	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna .....	0		0		0	
12	Í öðrum umbúðum .....	0		0		0	
	<i>Annað mjöl úr korni:</i>						
21	Byggmjöl .....	0		0		0	
22	Máismjöl .....	0		0		0	

		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
		A	E	A	E	A	E
		%	%	%	%	%	%
23	Rísmjöl í smásöluumbúðum 5 kg eða minna .....	0	0	0	0	0	0
24	Rísmjöl í öðrum umbúðum .....	0	0	0	0	0	0
25	Rúgmjöl í smásöluumbúðum 5 kg eða minna .....	0	0	0	0	0	0
26	Rúgmjöl í öðrum umbúðum .....	0	0	0	0	0	0
29	Annars .....	0	0	0	0	0	0
<b>11.02</b>	<b>Grjón úr korni og annað unnið korn, t. d. valsað, flatt út, fágad, grófmulið eða afhýtt (þó ekki afhýddur eða póleraður ris eða brotrís), en ekki frekar unnið; kornfrjóangar, heilir, valsaðir, flattir út eða malaðir:</b>						
10	<i>Hveitigrjón og meslingrjón</i> .....	0	0	0	0	0	0
	<i>Önnur grjón úr korni:</i>						
21	Máis kurlaður .....	0	0	0	0	0	0
22	Hafragrjón í smásöluumbúðum 5 kg eða minna .....	0	0	0	0	0	0
23	Hafragrjón í öðrum umbúðum .....	0	0	0	0	0	0
29	Annars .....	0	0	0	0	0	0
30	<i>Annad unnið korn (þó ekki mjöl og grjón), t. d. valsað, flatt út, fágad, grófmulið eða afhýtt (þó ekki afhýddur eða póleraður ris eða brotrís), en ekki frekar unnið; frjóangar úr korni, heilir, valsaðir, flattir út eða malaðir</i> .....	0	0	0	0	0	0
<b>11.03</b>	<b>Mjöl úr belgávöxtum, sem teljast til nr. 07.05:</b>						
01	Mjöl úr þurrkuðum, afhýddum, flýsjuðum eða klofnum belgávöxtum, í smásöluumbúðum 5 kg eða minna .....	0	0	0	0	0	0
09	Mjöl úr þurrkuðum, afhýddum, flýsjuðum eða klofnum belgávöxtum, í öðrum umbúðum .....	0	0	0	0	0	0
<b>11.04</b>	<b>Mjöl úr ávöxtum, sem teljast til einhvers númers í 8. kaffa</b> .....	25	25	25	25	25	25
<b>11.05</b>	<b>Mjöl, grjón og flögur úr kartöflum:</b>						
01	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna .....	15	15	15	15	15	15
09	Í öðrum umbúðum .....	15	15	15	15	15	15
<b>11.06</b>	<b>Mjöl og grjón úr sagó, maníókahnýði, arrowrót, saleprót og öðrum rótum og rótarhnýðum, sem teljast til nr. 07.06:</b>						
01	Maníókamjöl til skepnufóðurs .....	0	0	0	0	0	0
09	Annad .....	15	15	15	15	15	15
<b>11.07</b>	<b>Malt, óbrennt eða brennt</b> .....	12	12	12	12	0	0
<b>11.08</b>	<b>Sterkja og inúlín:</b>						
01	Kartöflusterkja í smásöluumbúðum 5 kg eða minna .....	7	7	7	7	7	7
02	Kartöflusterkja í öðrum umbúðum .....	7	7	7	7	7	7
03	Önnur sterkja og inúlín í smásöluumbúðum 5 kg eða minna .....	7	7	7	7	7	7
09	Önnur sterkja og inúlín í öðrum umbúðum .....	7	7	7	7	7	7
<b>11.09</b>	<b>Hveitiglúten, einnig þurrkað</b> .....	15	15	15	15	15	15

## 12. kafli.

**Oliufræ og oliurík aldin; ýmis önnur fræ og aldin; plöntur til notkunar í iðnaði og til lyfja; hálmur og fóðurplöntur.**

## Athugasemdir:

1. Til nr. 12.01 teljast m. a. jarðhnetur, sojabaunir, mustarðsfræ, oliuvalmúafrae, valmúafrae og kopra. Til þessa númera teljast ekki kókosnetur eða aðrar vörur í nr. 08.01, og ekki heldur ólivur (7. eða 20. kafli).
2. Sem fræ til sáningar í nr. 12.03 telst rónafræ, grasfræ og annað grænfóðurfræ, blómafræ, matjurtafræ, trjáfræ, ávaxtafræ, fræ af umfeðmingsgrasi og úlfabaunum. Til nr. 12.03 teljast hins vegar ekki, þótt til sáningar séu:
  - a. Þurrkaðir belgávéxtir (7. kafli).
  - b. Krydd og aðrar vörur, er teljast til 9. kafla.
  - c. Korn (10. kafli).
  - d. Vörur, er teljast til nr. 12.01 eða 12.07.
3. Til nr. 12.07 teljast m. a. eftirtaldir plöntur og plöntuhlutur: Basilikum, borasurt, ísópur, allar tegundir myntu, rósmarín, ruda, salvía og malurt. Til nr. 12.07 teljast hins vegar ekki:
  - a. Oliufræ og oliurík aldin (nr. 12.01).
  - b. Lyfjavörur, er teljast til 30. kafla.
  - c. Ilm- og snyrtivörur, er teljast til 33. kafla.
  - d. Efni til sótthreinsunar, til varnar gegn skordýrum, sveppum og illgresi og þess háttar efni, er teljast til nr. 38.11.

		Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
		A	E	A	E	A	E
		%	%	%	%	%	%
<b>12.01</b>	<b>Oliufræ og oliurík aldin, heil eða sundurskorin:</b>						
10	<i>Jarðhnetur</i> .....	20		20		20	
20	<i>Kopra</i> .....	20		20		20	
30	<i>Pálmahnetur og kjarnar</i> .....	20		20		20	
40	<i>Sojabaunir</i> .....	0		0		0	
50	<i>Línfræ</i> .....	20		20		20	
60	<i>Badmullarfræ</i> .....	20		20		20	
70	<i>Rísínusfræ</i> .....	20		20		20	
80	<i>Önnur</i> .....	20		20		20	
<b>12.02</b>	<b>00 Mjöl ófitusneytt, úr oliufræjum eða oliuríkum aldinum, þó ekki mustarðsmjöl</b> .....	20		20		20	
<b>12.03</b>	<b>Fræ, aldin og sporar til sáningar:</b>						
01	Grasfræ í 10 kg umbúðum og stærri .....	0		0		0	
09	Annað .....	0		0		0	
<b>12.04</b>	<b>00 Sykkurrófur, heilar eða sundurskornar, nýjar, þurrkaðar eða malaðar; sykurreyr</b> .....	40		40		40	
<b>12.05</b>	<b>00 Síkoríurætur, nýjar eða þurrkaðar, heilar eða sundurskornar, óbrenndar</b> .....	0		0		0	
<b>12.06</b>	<b>00 Humall og humalmjöl (lúpúlín)</b> .....	12		12		0	
<b>12.07</b>	<b>00 Plöntur og plöntuhlutur (þar með talin fræ og aldin af trjám, runnum og öðrum plöntum), sem aðallega eru notaðir til framleiðslu á ilmvörum, lyfjavörum eða efnum til varnar gegn skordýrum, sveppum eða þess háttar, nýir eða þurrkaðir, heilir, sundurskornir, malaðir eða muldir</b> .....	12		12		0	

	Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
<b>12.08</b> 00 Jóhannesarbrauð, nýtt eða þurrkað, einnig mulið eða malað, en ekki frekar unnið; aldinkjarnar og önnur jurtaefni, sem aðallega eru notuð til mannelis, ót. a. ....	70		70		70	
12.09 00 Hálmur og hýði af korni, óunnið eða saxað, en ekki frekar unnið	0		0		0	
12.10 00 Beðjur, kálrófur og aðrar fódurrófur, hey, lucerne, smári, esparsettur, fódurkál, úlfabaunir, umfedningsgras og þess háttar fóðurefni	0		0		0	

## 13. kafli.

**Hráefni úr jurtaríkinu til litunar og sýtunar; jurtalakk; kolvetnisgúmmí, náttúrlegur harpíx og aðrir jurtasafar og ekstraktar úr jurtaríkinu.**

## A t h u g a s e m d :

Til 13.03 telst m. a. lakkrísextrakt, pyrethrumextrakt, humlaextrakt, alóeextrakt og ópíum. Til þessa númera telst ekki:

- a. Lakkrísextrakt, sem inniheldur meira en 10% sakkarósa, miðað við þunga, eða tilreiddur er sem sykurvara.
- b. Maltextrakt (nr. 19.01).
- c. Extraktar úr kaffi, tei eða maté (nr. 21.02).
- d. Áfengir vökvar og ekstraktar, sem teljast drykkjarvörur, og áfengar blöndur, svo nefndir „konsentreraðir ekstraktar“, til framleiðslu á drykkjarvörum (22. kafli).
- e. Kamfóra, glycyrrhízín og aðrar vörur, sem teljast til nr. 29.13 og 29.41.
- f. Lyf, sem teljast til nr. 30.03, og prófefni til blóðflokunar (nr. 30.05).
- g. Sýtunar- og litarextraktar (nr. 32.01 og 32.04).
- h. Rokgjarnar oliur, fljótandi eða fastar, og resinóíd (nr. 33.01), einnig vatn frá gufueimingu rokgjarnra olía og vatnsupplausnir af sliikum olíum (nr. 33.05).
- ij. Náttúrlegt gúmmí, balata, gúttaperka og þess háttar teygjanleg efni (nr. 40.01).

	Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
<b>13.01</b> 00 Hráefni úr jurtaríkinu aðallega notuð til litunar og sýtunar . . . .	7		7		0	
<b>13.02</b> Skellakk, kornlakk, staflakk og önnur jurtalökk, kolvetnisgúmmí úr jurtaríkinu; náttúrlegir harpíxar, gúmmíharpíxar og balsöm:						
01 Gúmmí arabikum . . . . .	7		7		0	
02 Skellakk . . . . .	10		10		0	
09 Annað . . . . .	10		10		0	
<b>13.03</b> Jurtasafar og ekstraktar úr jurtaríkinu; pektínefni, pektínöt og pektöt; agar-agar og önnur plöntuslím og hleypiefni unnin úr efnum úr jurtaríkinu:						
01 Pektín . . . . .	9		9		0	
02 Lakkrísextrakt í 4 kg blokkum eða stærri og fljótandi lakkrísextrakt, eða lakkrísduft, á 3 lítra ílátum eða stærri	10		10		0	
03 Lakkrísextrakt annar . . . . .	70		70		70	
09 Annað . . . . .	15		15		0	

## 14. kafli.

Flétti- og útskurðarefni úr jurtaríkinu;  
ótalín annars staðar.

## Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast ekki eftirtaldar vörur, sem skulu flokkast í XI. flokki: jurtaefni og trefjar á hvaða vinnslustigi sem er, sem fyrst og fremst eru notuð til framleiðslu á spunaefnum, og önnur jurtaefni, sem hafa sætt þeirri meðferð, að þau verða aðeins notuð sem spunaefni.
2. Til nr. 14.01 teljast m. a. klofnar víðigreinar, reyr, bambus og þess háttar; peddig og flysjaður og klofinn spanskreyr. Tréspænir (nr. 44.09) teljast ekki til þessa númeris.
3. Til nr. 14.02 telst ekki tréull (nr. 44.12).
4. Til nr. 14.03 teljast ekki tilsníðin knippi til burstagerðar (nr. 96.03).

	Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
14.01 00 Jurtaefni aðallega notuð til körfugerðar og annars fléttiðnaðar, svo sem hreinsaður, bleiktur eða litaður hálmur, víðigreinar, reyr, sef, spanskreyr, bambus, raffíabast og lindibast .....	7		7		0	
14.02 00 <sup>1)</sup> Jurtaefni aðallega notuð sem tróð eða til bólstrunar, svo sem kapok, víðarhár, marhálmur, einnig sett á undirlag eða milli laga úr öðrum efnum .....	27	18	24	15	21	12
14.03 00 <sup>1)</sup> Jurtaefni aðallega notuð til burstagerðar, svo sem sópdúrur, píazzava, agavatrefjar, einnig í knippum eða hespum .....	27	18	24	15	21	12
14.04 00 <sup>1)</sup> Hörð fræ, kjarnar, skurnir og hnetur til útskurðar, svo sem filabeins- og steinhnetur .....	27	18	24	15	21	12
14.05 00 <sup>1)</sup> Önnur efni úr jurtaríkinu, ót. a. ....	30	21	27	17	24	14

1) Sjá 1. og 2. mgr. 1. gr.

## III. flokkur.

Feiti og olía úr jurta- og dýraríkinu og klofningsefni þeirra;  
tilbúin matarfeiti; vax úr jurta- og dýraríkinu

## 15. kafli.

Feiti og olía úr jurta- og dýraríkinu og klofningsefni þeirra;  
tilbúin matarfeiti; vax úr jurta- og dýraríkinu.

## Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
  - a. Svínafita og alifuglafita, er telst til nr. 02.05.
  - b. Kakaósmjör (feiti eða olía) (nr. 18.04).
  - c. Hamsar (nr. 23.01) og leifar, er teljast til nr. 23.04.
  - d. Einangraðar kemiskt skýrgreindar feitisyður og feitalkóhól, tilbúið vax, lyf, málning, lökk, sápa, ilmvötn, hreinlætis- og snyrtivörur, sulfóneraðar oliur og aðrar vörur, er teljast til VI. flokks.
  - e. Faktis gerður úr oliu (nr. 40.02).
2. Leifar frá hreinsun á oliu (t. d. sápufótur og oliufótur), einnig sterinbik, ullarfeitið og glyserólbik telst til nr. 15.17.

	Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
15.01 00 Hreinsuð svínafeiti, önnur svínafeiti og alifuglafeiti, brædd eða pressuð .....	70		70		70	
15.02 00 Feiti af nautgripum, sauðfé og geitum, óbrædd; einnig slík feiti brædd eða pressuð (þar með talin „premier jus“) .....	70		70		70	
15.03 00 Svínafetitesterín (lardstearín), oleosterín (pressutól); svínafitíolía, oleomargarín, tólgarolía, hvorki jafnblönduð, blönduð né unnin á annan hátt .....	12		12		0	
15.04 00 <sup>1)</sup> Feiti og olía úr fiski og sjávarspendýrum, einnig hreinsuð .....	30	21	27	17	24	14
15.05 00 <sup>1)</sup> Ullarfeiti og feitiefni unnin úr henni (hér með talið lanólín) ....	30	21	27	17	24	14
15.06 00 <sup>1)</sup> Önnur feiti og olía úr dýraríkinu (hér með talin klaufaolía, beinafeiti og úrgangsefnafeiti) .....	30	21	27	17	24	14
15.07 Feiti og feiti olía úr jurtaríkinu, hrá, hreinsuð eða hreinunnin:						
81 Sojabauñaolía .....	7		7		7	
82 Baðmullarfræsólía .....	7		7		7	
83 Jarðhnetuolía .....	15		15		15	
84 Ólívuolía .....	15		15		15	
85 Sólrósarolía .....	15		15		15	
86 Rapsolía, colzaolía og mustarðsolía .....	15		15		15	
87 Línolía .....	15		15		15	
88 Pálmaolía .....	15		15		15	
89 Kókosolía .....	15		15		15	
91 Pálmakjarnaolía .....	15		15		15	
92 Rísínusolía .....	15		15		15	
93 Önnur .....	15		15		15	

1) Sjá 1. og 2. mgr. 1. gr.

	Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
	A	E	A	E	A	E
<b>15.08</b>						
	<b>Olía úr jurta- og dýraríkinu, soðin, oxyderuð, vatnssneydd (dehydrated), meðhöndluð með brennisteini, blásin, pólýmeriseruð eða umbreytt með öðrum hætti:</b>					
01	Línolía .....	10	10	0		
09	Önnur .....	12	12	0		
<b>15.09</b>	00	<b>Degras .....</b>	25	25	25	
<b>15.10</b>		<b>Feitísýrur, súr olía frá feitihreinsun, feitialkóhól:</b>				
	<i>Feitísýrur og olíusýrur frá hreinsun:</i>					
11	Sterín (blanda af palmitínsýru og sterínsýru) .....	10	10	0		
19	Aðrar .....	10	10	0		
20	<i>Feitialkóhól .....</i>	9	9	0		
<b>15.11</b>	00	<b>Glyseról, glyserólvatn og glyseróllútur .....</b>	12	12	0	
<b>15.12</b>		<b>Feiti og olíur úr jurta- eða dýraríkinu, vetnað að nokkru eða öllu leyti, eða gerð föst eða hert með öðrum hætti, en ekki frekar unnin:</b>				
01	Sojabaunaolía .....	7	7	7		
02	Baðmullarfræsólía .....	7	7	7		
03	Aðrar olíur úr jurtaríkinu .....	15	15	15		
09	Olíur úr dýraríkinu .....	25	25	25		
<b>15.13</b>	00	<b>Smjörlíki, tilbúin svínafeiti (imitation lard), og önnur tilbúin matarfeiti .....</b>	70	70	70	
<b>15.14</b>	00	<b>Spermacet (hvalraf), hrátt, pressað eða hreinsað, einnig litað ..</b>	25	25	25	
<b>15.15</b>	00	<b>Býflugnavax og annað skordýravax, einnig litað .....</b>	12	12	0	
<b>15.16</b>	00	<b>Vax úr jurtaríkinu, einnig litað .....</b>	25	25	25	
<b>15.17</b>	00	<b>Leifar frá hreinsun á feiti, feitri olíu eða vaxi úr jurta- og dýraríkinu .....</b>	25	25	25	



## IV. flokkur.

Matvælaframleiðsla; drykkjarvörur, etanól (etylalkóhól)  
og edik; tóbak.

## 16. kafli.

## Framleiðsla úr kjöti, fiski, krabbadýrum og lindýrum.

## A t h u g a s e m d :

Til þessa kafla telst ekki kjöt, hlutar af dýrum, fiskur, krabbadýr og lindýr, sem hafa sætt þeirri meðferð, er um getur í 2. og 3. kafla.

	Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
<b>16.01</b> 00 Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum eða dýrablóði .....	100		100		100	
<b>16.02</b> 00 Aðrar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum, tilreiddar eða niðursoðnar .....	100		100		100	
<b>16.03</b> 00 <sup>1)</sup> Kjötextrakt og kjötseyði; fiskextrakt .....	90	60	80	50	70	40
<b>16.04</b> 00 <sup>1)</sup> Fiskur, tilreiddur eða niðursoðinn, þar með talin styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra .....	90	60	80	50	70	40
<b>16.05</b> 00 <sup>1)</sup> Krabbadýr og lindýr, tilreidd eða niðursoðin .....	90	60	80	50	70	40

1) Sjá 1. og 2. mgr. 1. gr.

## 17. kafli.

### Sykur og sykurvörur.

#### Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
  - a. Sykurvörur, sem í er kakaó (nr. 18.06).
  - b. Kemiskt hreinn sykur (nema sakkarósi, glúkósi og laktósi) og aðrar vörur, sem teljast til nr. 29.43.
  - c. Lyf og aðrar vörur, sem teljast til 30. kafla.
2. Kemiskt hreinn sakkarósi telst ávallt til nr. 17.01.

	Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
<b>17.01</b>	<b>Rófu- og reysrykur í föstu formi:</b>					
10	<i>Óhreinsaður rófu- og reysrykur í föstu formi</i> ..... 0					
	<i>Hreinsaður rófu- og reysrykur í föstu formi:</i>					
21	Molasykur í smásöluumbúðum 5 kg eða minna ..... 0					
22	Molasykur í öðrum umbúðum ..... 0					
23	Stráasykur í smásöluumbúðum 5 kg eða minna ..... 0					
24	Stráasykur í öðrum umbúðum ót. a. .... 0					
25	Púðursykur ..... 0					
26	Sallasykur (flórsykur) ..... 7					
27	Steinsykur (kandís) ..... 20					
29	Annar ..... 20					
<b>17.02</b>	<b>Annar sykur, síróp, hunangslíki, einnig blandað náttúrlegu hunangi; brenndur sykur:</b>					
01	Drúfasykur (glúkósi) ..... 10					
02	Hunangslíki, einnig blandað náttúrlegu hunangi ..... 35					
03	Síróp ..... 70					
04	Litarefni til matvælaframleiðslu (caramel) ..... 7					
09	Annað ..... 70					
<b>17.03</b>	<b>Melassi, einnig aflitaður:</b>					
01	Melassi til fódurs ..... 0					
09	Annað ..... 20					
<b>17.04</b>	<b>Sykurvörur, sem kakaó er ekki í:</b>					
01	90	60	80	50	70	40
02	Möndlumassi blandaður sykri, og persipan, í 10 kg blokkum og stærri ..... 18					
03	90	60	80	50	70	40
04	90	60	80	50	70	40
05	90	60	80	50	70	40
09	90	60	80	50	70	40
<b>17.05</b>	<b>00 Sykur, síróp og melassi, sem bragð- eða litarefni hafa verið látin í, þó ekki ávaxtasafi, sem sykur hefur verið látinn í að einhverju leyti</b>					
	70		70		70	

## 18. kafli.

## Kakaó og kakaóvörur.

## Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast ekki vörur þær, sem taldar eru í nr. 19.02, 19.08, 22.02, 22.09 og 30.03, þótt þær innihaldi kakaó eða súkkulaði.
2. Til nr. 18.06 teljast sykurvörur, sem í er kakaó, og einnig aðrar neytluvörur, sem í er kakaó, þó ekki þær, sem taldar eru í 1. athugasemd hér á undan.

			Frá <sup>1/1</sup> 1974		Frá <sup>1/1</sup> 1975		Frá <sup>1/1</sup> 1975	
			A	E	A	E	A	E
			%	%	%	%	%	%
18.01	00	Kakaóbaunir, heilar eða muldar, einnig brenndar .....	4		4		0	
18.02	00	Kakaóhýði og kakaóúrgangur .....	15		15		0	
18.03	00	Kakaódeig (þar með talið kakaódeig í stykkjum), einnig þótt feitin hafi verið dregin úr því .....	6		6		0	
18.04	00	Kakaósmjör (feiti eða olía) .....	6		6		0	
18.05		Kakaóduft, ósykrað:						
	01	Í smásöluumbúðum, 5 kg eða minna .....	21		21		21	
	09	Annað .....	10		10		0	
18.06		Súkkulaði og aðrar neytluvörur, sem í er kakaó:						
	01	Kakaóduft sykrað .....	21		21		21	
	02	Nougatmassi í 10 kg blokkum og stærri .....	18		18		0	
	03	Búðingsduft .....	90	60	80	50	70	40
	09	Aðrar .....	90	60	80	50	70	40

## 19. kafli.

## Framleiðsla úr korni, mjöli og sterkju; brauðvörur.

## Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
  - a. Vörur úr hveiti, sterkju eða maltextrakti tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er 50% af kakaói eða meira miðað við þyngd (nr. 18.06).
  - b. Kex eða aðrar vörur úr mjöli eða sterkju sérstaklega tilreiddar sem skepnufóður (nr. 23.07).
  - c. Lyf og aðrar vörur, sem teljast til 30. kafla.
2. Með orðinu *mjöl* í þessum kafla er einnig átt við mjöl úr ávöxtum og grænmeti, og vörur úr þess konar mjöli flokkast þá eins og vörur úr kornmjöli.

	Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
	A	E	A	E	A	E
19.01 00 Maltextrakt .....	45	30	40	25	35	20
19.02 Vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd:						
01 Búðingsduft .....	90	60	80	50	70	40
09 Annað .....	*50		*50		*50	
19.03 00 Makkarónur, spaghetti og þess konar vörur .....	60		60		60	
19.04 Tapiókagrjón og sagógrjón, tapióka- og sagólíki unnin úr kartöflumjöli eða annarri sterkju:						
01 Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna .....	20		20		20	
09 Í öðrum umbúðum .....	20		20		20	
19.05 00 Neyzluvörur úr upphólgnuðu eða steiktu korni eða kornvörum, svo sem „puffed rice“, „corn flakes“ eða þess konar vörur ....	50		50		50	
19.06 00 Altarisbrauð, tóm hylki fyrir lyf, innsiglnaroblátur, rísþynnur og þess konar vörur .....	75	50	65	40	55	30
19.07 00 Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur án viðbættis sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta .....	75	50	65	40	55	30
19.08 00 Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaói að meira eða minna leyti .....	75	50	65	40	55	30

## 20. kafli.

## Framleiðsla úr grænmeti, ávöxtum og öðrum plöntuhlutum.

## Athugasemdir:

## 1. Til þessa kafla telst ekki:

a. Grænmeti og ávextir, sem hafa sætt þeirri meðferð, er um getur í 7. og 8. kafla.

b. Aldinhlaup, aldinm auk og annað þess konar, sem hefur einkenni sykurvara (nr. 17.04) eða súkkulaðivara (nr. 18.06).

## 2. Sem grænmeti í nr. 20.01 og 20.02 telst það grænmeti, sem flokkast í nr. 07.01—07.05, þegar það er innflutt í því ástandi, sem þar er tilgreint.

## 3. Ætar plöntur, plöntuhlutar og rætur plantna lagðar í sykurlög, t. d. engifer og hvannarót, flokkast með niðursoðnum ávöxtum, sem teljast til nr. 20.06. Brenndar jarðhnetur teljast einnig til nr. 20.06.

## 4. Tómat safi, sem í er 7% eða meira af þurrefnum, telst til nr. 20.02.

	Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
	A	E	A	E	A	E
<b>20.01</b> 00 Grænmeti og ávextir, tilreitt eða niðursoðið í ediki eða ediksýru, einnig með sykri, salti, sinnepi eða öðru kryddi .....	70		70		70	
<b>20.02</b> Grænmeti, tilreitt eða varið skemmdum með öðru en ediki eða ediksýru:						
01 <sup>1)</sup> Tómatpuré .....	45	30	40	25	35	20
02 Aspargus niðursoðinn eða niðurlagður .....	*60		*60		*60	
09 Annað .....	70		70		70	
<b>20.03</b> 00 Ávextir frystir, með sykri .....	80		80		80	
<b>20.04</b> 00 Ávextir, ávaxtahýði og plöntuhlutar varið skemmdum með sykri (húðað, gljásykrað eða sykrað á annan hátt) .....	70		70		70	
<b>20.05</b> 00 Aldinsulta, aldinhlaup, aldinm auk, ávaxtapulpa og ávaxtadeig, soðið, einnig með sykri .....	70		70		70	
<b>20.06</b> 00 Ávextir, niðursoðnir eða tilreiddir á annan hátt, einnig með sykri eða vínanda .....	*50		*50		*50	
<b>20.07</b> Ávaxta- og grænmetissafi (þar með drúfusafi), ógerjaður, einnig með sykri, en án vínanda:						
01 Ávaxta- og grænmetissafi, ógerjaður og ósykraður, í 50 kg umbúðum og stærri .....	30		30		30	
09 Annar .....	*50		*50		*50	

1) Sjá 1. og 2. mgr. 1. gr.

## 21. kafli.

## Ýmsar fæðutegundir.

## Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
  - a. Blandað grænmeti, sem telst til nr. 07.04.
  - b. Brennt kaffilíki, sem inniheldur kaffi að meira eða minna leyti (nr. 09.01).
  - c. Krydd og aðrar vörur, sem teljast til nr. 09.04—09.10.
  - d. Ger, sem framleitt er sem lyf, og aðrar vörur, er teljast til nr. 30.03.
2. Extraktar úr kaffilíki því, sem um getur í b-lið 1. athugasemdar hér á undan, teljast til nr. 21.02.
3. Sem *jafnblönduð samsett matvæli* í nr. 21.05 teljast matvæli, tilreidd sem fæða fyrir börn og fyrir sjúka, með samblöndun tveggja eða fleiri undirstöðuefnispátta, t. d. kjöts (þar með taldir hlutar af dýrum), fisks, grænmetis og ávaxta. Við framkvæmd þessarar skýrgreiningar skal ekkert tillit tekið til aukaefnispátta, sem settir eru í litlu magni í blönduna til bragðbætis, aukins geymslupóls, o. þ. h. Slik matvæli mega einnig innihalda lítið magn af sýnilegum ögnum annarra efnispátta en kjöts og fisks.

	Frá 1/1 1974		Frá 1/1 1975		Frá 1/1 1976	
	A	E	A	E	A	E
	%	%	%	%	%	%
<b>21.01</b> 00 Brenndar síkoriurætur og annað brennt kaffilíki; extraktar, kjarnar (essensar) og seyði úr þessum vörum .....	60	40	55	35	50	30
<b>21.02</b> Extraktar, kjarnar og seyði úr kaffi, tei eða maté; einnig vörur framleiddar úr þessum efnum:						
10 Kaffiextraktar, kaffikjarnar, kaffiseyði og vörur úr þessum efnum	70		70		70	
20 Extraktar, kjarnar og seyði úr tei eða maté og vörur úr þessum efnum .....	70		70		70	
<b>21.03</b> 00 <sup>1)</sup> Sinnepsmjöl og lagað sinnep .....	90	60	80	50	70	40
<b>21.04</b> 00 Kryddsósar og önnur tilreidd bragðbætiefni .....	90	60	80	50	70	40
<b>21.05</b> Súpur og súputeningar, fljótandi, í föstu formi eða sem duft; jafnblönduð samsett matvæli:						
01 Súpuðuft í 5 kg umbúðum og stærri .....	60		50		40	
02 Jafnblönduð, samsett matvæli, sem innihalda kjöt eða kjötúr-gang .....	100		100		100	
03 <sup>1)</sup> Önnur jafnblönduð, samsett matvæli .....	90	60	80	50	70	40
09 Annað .....	90	60	80	50	70	40
<b>21.06</b> Náttúrulegt ger, þar með talið þurrger; tilreitt bökunarduft:						
01 Ger, lifandi eða dautt .....	75	50	65	40	55	30
02 Bökunarduft tilreitt .....	90	60	80	50	70	40
<b>21.07</b> Aðrar fæðutegundir, ót. a.:						
01 Áfengislaus efni (konsentreraðir essensar) til framleiðslu á drykkjarvörum .....	15		15		0	
02 Búðingar og búðingsduft .....	90	60	80	50	70	40
7. Að lækka eða fella niður gjöld af heimanfylgju brúða, sem flytjast hingað frá útlöndum og hafa þar fasta búsetu minnst 2 ár fyrir brúðkaupið, og enn fremur af venjulegum brúðargjöfum.
8. Að lækka eða fella niður gjöld af notuðum munum, sem hafa fallið í arf erlendis. Heimildin tekur ekki til bifreiða, bifhjóla eða báta.
9. Að lækka eða fella niður gjöld af gjöfum, sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarfyrirtæki eða aðrar stofnanir eiga að annast dreifingu á til bágstaddra eða þvilíkra, svo og af notuðum munum til slíkra aðila. Enn fremur af gjöfum, sem aðilar erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, allt að 3 000 kr. virði að mati tollýfirvalds.
10. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum, sem skráð eru erlendis og flutt eru til landsins af mönnum, sem þar hafa haft fasta búsetu í a. m. k. 2 ár og hafa ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi. Gildir tollfrelsisheimild þessi í 3 mánuði frá komu ökutækisins til landsins. Heimilt er að framlengja tollfrelsisheimildina um þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls, enda færi viðkomandi fyrir tollýfirvöldum fullgildar sönnur á, að hann fullnægi eftirtöldum skilyrðum:
  - a. Að hann hafi hvorki launaða atvinnu hér á landi né reki hér atvinnufyrirtæki.
  - b. Að hann hafi ekki tekið sér búsetu hér á landi.
  - c. Að hann hafi ekki flutt búslóð sína hingað til lands.
 Nú uppfyllir viðkomandi ekki framangreind skilyrði til framlengingar tollfrelsis, og er þá í undantekningartilvikum heimilt að framlengja tollfrelsis-



heimildina um þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls frá komu ökutækisins til landsins, gegn greiðslu gjalds, sem nema skal ákveðnum hundraðshluta á mánuði af eif-verði viðkomandi ökutækis. Setur fjármálaráðuneytið nánari ákvæði um beitingu heimildarákvæðis þessa.

Tollfrelsisheimild þessi er að öðru leyti háð því, að viðkomandi skuldbindi sig til að hlíta eftirtöldum almennum skilyrðum:

- a. Að hann aki ökutækinu sjálfur, maki hans eða launaðir öikumenn hans, útlendir eða innlendir.
- b. Að ökutækið verði ekki lánað, leigt eða notað til neins konar flutninga gegn greiðslu.
- c. Að hann hafi ökutækið með sér til útlanda, þegar hann fer þangað. Ökutæki skal þó ætíð flutt utan innan árs, frá því að það var flutt hingað til lands.
- d. Að hann hlífi þeim nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setur um ökutæki þessi og effirlit með þeim.

Ef framangreind skilyrði eru rofin eða forsendur fyrir hinum tollfrjálsa innflutningi falla niður að dómi toll- eða lögreglustjóra, mega þeir taka viðkomandi ökutæki þegar í stað úr umferð, og má þá tollyfirvald láta selja ökutækið á opinberu uppbóði til lúkningar aðflutningsgjöldum og kostnaði eða hlutast til um endurútflytning þess á kostnað innflytjanda.

Ákvæði tölulíðar þessa gilda með sama hætti um nýjar bifreiðar og bifhjól, sem keypt eru hér á landi, og hafa hvorki verið skráð héraðs né erlendis, enda verði ökutæki þessi skráð sérstaklega og uppfyllt verði frekari skilyrði, sem dómsmálaráðuneytið kann að setja. Miðast upphaf tollfrelsisheimildar þá við skráningardag ökutækisins.

11. Að endurgreiða, lækka eða fella niður gjöld eða hluta af þeim
  - a. af efnivörum í innlendar framleiðsluvörur og
  - b. af umbúðum og efnunum í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur,
 enda séu hinar innlendu framleiðsluvörur fluttar til útlanda til sölu þar, eða sérstakar ástæður séu fyrir hendi og hægt sé að ganga úr skugga um magn og verð efnivaranna.

Ef hentara þykir, má greiða hinum innlendu framleiðendum bætur, sem svari sem næst til þeirra gjalda, sem greidd hafa verið af efnivörunum, eða þess hluta gjaldanna, sem rétt þykir að endurgreiða.

Til efnivara í þessum tölulíð telst lýsi, sem flutt er inn til að bæta íslenskt útflutningslýsi.

12. Að lækka eða fella niður gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru, ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörinni.
13. Ef vara úr tilteknu efni er með hærra gjaldi en sams konar vara úr öðru efni, að samræma gjöldin af vörunum. Allar slíkar ákvarðanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðinda.
14. Að veita undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðherra og sendiráðsstarfsmanna í samræmi við reglur um bílamál ríkisins.
15. Að fella niður gjöld af kirkjuklukkum og öðrum hlutum og munum, sem eru eingöngu notaðir í kirkjum eða sérstaklega framleiddir til notkunar í þeim, enda ekki gerðir hér á landi á viðhlítandi verði að dómi fjármálaráðuneytisins. Undanþáguheimildin tekur ekki til hljóðfæra.
16. Að fella niður gjöld af umbúðum, ef umbúðirnar eru lánaðar eða leigðar hingað til lands.
17. Að ákveða, að greiða skuli 15% verðtoll af vörum, sem teljast til tnr. 38.19.19 og notaðar eru sem hráefni eða hjálparefni í iðnaðarvörur, enda gefi ráðu-

neytið út sérstaka skrá með efnunum þeim, sem hér um ræðir. Frá 1. jan. 1976 falla niður gjöld af sömu vörum.

18. Að lækka gjöld af filmum og ljósnæmum plötum til ljósprentunar og myndamótagerðar til samræmis við gjöld af prentletri.
19. Að fella niður gjöld af fræðslukvikmyndum og fræðandi skuggamyndum, sem fræðslumálastjórnin flytur inn og fær frá viðurkenndum vísinda- og fræðslustofnunum.
20. Að fella niður gjöld af bókum á íslensku, prentuðum erlendis, enda séu bækurnar gerðar í samvinnu við erlenda aðila og verði ekki gerðar hér á landi á viðhlitandi hátt.
21. Að fella niður, með nánar ákveðnum skilyrðum, gjöld af vélum, tækjum, rafmagnsvörum og öðrum fylgihlutum og viðgerðarefnum, sem ætluð eru til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær, enda stundi innflytjandi flugrekstur eða hafi fengið viðurkenningu samgönguráðuneytisins til að framleiða eða gera við flugvélar.
22. Að fella niður eða endurgreiða gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á vörum í nýjum útflutningsiðngreinum, eða til framleiðslu á ótollvernduðum vörum.

Fjármálaráðherra setur nánari fyrirsmáli um framkvæmd þessa ákvæðis.

23. Að fella niður gjöld af myndamótum, sem fréttablöðin fá erlendis frá og þau eru áskrifendur að, svo og af myndamótum, sem eru lánuð hingað til lands og endursend eru að notkun lokinni.
24. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til veiðarfæragerðar.
25. Að heimila, að gjöld af tækjum, sem send eru hingað til notkunar um stuttan tíma og endursend eru þegar að notkun lokinni, séu reiknuð af leigunni eftir tækin í stað venjulegs tollverðs.
26. Að fella niður gjöld af lifandi dýrum í dýragarða.
27. Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 400 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó ekki nema meiru en 80 þúsund krónum. Þó skal heimilt að lækka gjöld á allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 120 þús. krónur fyrir þá, sem mest eru fallaðir eða lamaðir, en geta þó ekið sjálfir sérlega útbúinni bifreið.

Fjármálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem úrskurðar umsóknir um eftirgjafir aðflutningsgjalda af bifreiðum, og er ákvörðun nefndarinnar fullnaðarúrskurður um þetta efni. Skulu nefndarmenn vera læknar, og er einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu Sambands íslenskra berkla sjúklinga, annar eftir tilnefningu Styrktarfélagss lamaðra og fatlaðra og sá þriðji án tilnefningar.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk aðflutningsgjöld af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, svo og af áhöldum og tækjum, sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess og henta ekki öðru fólk.

Fjármálaráðherra setur nánari fyrirsmáli um framkvæmd þessara ákvæða, ef með þarf.

28. Að endurgreiða gjöld af efni, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja rúmlest, eða sem ákveðinn hundradshluta af samningsverði. Þá er og heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum til viðgerða, breytinga

og endurbóta á einstökum hlutum í skipum og bátum, eigi framkvæmdin sér stað innanlands, fari kostnaður viðgerða, breytinga og endurbóta fram úr kr. 1 000 000.00. Sé um að ræða viðgerð, er nemur ekki þeirri fjárhæð, en er þó hærri en 100 þús. kr., er heimilt að ákveða ákveðið hlutfall af sannanlegum efniskostnaði sem endurgreiðslu lolla af viðgerðinni.

Þó er heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af talstöðvum í skip og báta, þótt kostnaður sé lægri en 100 þús. kr., skv. nánari skilyrðum, sem fjármálaráðuneytið setur.

29. Að lækka í 30% gjöld af hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.
  30. Að endurgreiða gjöld af hreyflum minni en 400 hestöfl DIN, sem settir eru í báta eða notaðir til raflýsingar á sveitabæjum, sem svari því, að af vélunum sé greiddur 10% verðtollur. Sama gildir um hverfla og þrýstivatnspípur til raflýsingar á sveitabæjum.
- Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
31. Að lækka gjöld af efni í rafmagnsspenna, rafmótora og rafala.
  32. Að lækka um ákveðinn hundraðshluta flutningsgjald eða hluta flutningsgjalds í tollverði vöru, ef varan er flutt inn flugleiðis, þó aðeins gjald fyrir samfelldan flutning í þeirri flugvél, er vöruna flytur hingað.
  33. Að ákveða, að greiða skuli 15% verðtoll af lyfjum, sem teljast til tnr. 30.05.00 og til númera í 12., 13., 17., 21., 28. og 29. kafla tollskrárinnar, enda gefi ráðuneytið út sérstaka skrá með lyfjum þeim, er hér um ræðir.
  34. Að lækka eða fella niður gjöld af umbúðum, sem notaðar eru við vélpökkun á kornvörum, sykri og kaffi, enda séu umbúðirnar með viðeigandi áletrun.
  35. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af tækjum, sem gefin verða til mannúðar- eða líknarstarfsemi.
  36. Að endurgreiða gjöld af tækjum til vísindarannsókna, sem svari því, að af þeim sé greiddur 35% verðtollur.
  37. Að lækka eða fella niður gjöld af segulbandstækjum og segulböndum, sem flutt eru til landsins af Blindravinafélaginu og Blindrafélaginu til að koma á fót kennslubókasafni. Enn fremur af ritvélum, stöfum og úrum, sem sérstaklega er gert fyrir blint fólk.
  38. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á niðursoðnum sjávarafurðum til útflutnings.
  39. Að ákveða, að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau megi verja til stofnkostnaðar sjónvarps.
  40. Að endurgreiða gjöld af rúmum, sem ekki eru með mekanískum útbúnaði, sem flutt eru inn til notkunar í sjúkrahúsum, sem svari því, að af rúmum þessum sé greiddur 35% verðtollur.
  41. Að lækka tollgjöld af bifreiðum til bifreiðastjóra, sem hafa akstur leigubifreiða til fólksflutninga, akstur sendiferðabifreiða eða kennslu í bifreiðaaakstri að aðalstarfi, úr 90% í 40%. Enn fremur er heimilt að lækka tollgjöld af bifreiðum til bifreiðastjóra, sem hafa slíkan akstur að aukastarfi, úr 90% í 65%. Ráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
  42. Að fella niður með reglugerð aðflutningsgjöld af varningi, allt að ákveðnu hámarki hverju sinni, sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum, umfram þá muni, sem greinir í 4. og 5. tölulið 2. gr., enda sé ekki um verslunarvöru eða annan innflutning í atvinnuskyni að ræða. Undanþágu samkvæmt næstu málsgrein hér á undan má binda skilyrðum varðandi tollmeðferð varningsins, enn fremur um, að hún nái ekki til ákveðinna vörflokka eða sé takmörkuð við sérstakt hámark vissra vörutegunda. Að öðru leyti gilda ekki

innflutningshömlur um slíkan varning aðrar en þær, sem settar eru vegna sótt-varna eða annarra öryggisráðstafana.

43. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhúsi í sveitarfélögum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema af einni vélasamstæðu á hverjum stað.
44. Að lækka eða fella niður gjöld af sölumerkjum, sem góðgerðarfyrirtæki flytja inn til sölu í fjáröflunarskyni.
45. Að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum í kartöflugörðum, svo og af tækjum til sjálfvirkrar vökvunar í gróðurhúsum, sem svari því, að greiddur sé 10% verðtollur.
46. Að fella niður gjöld af fréttamyndum, sem sjónvarpið er áskrifandi að, svo og af áteknum og óáteknum myndsegulböndum fyrir sjónvarp.
47. Að ákveða, að verja megi allt að 8% af tolltekjum þeim, er innheimtar verða af innflutningi, er fellur undir tnr. 85.15.21, til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.
48. Að ákveða, að ýmsar vörur, er bera sama hundraðshluta tolls, í smásendingum allt að kr. 10 000.00 að fob-verðmæti, megi við tollafgreiðslu sameina í eitt tollskrárnúmer. Ráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
49. Að lækka með auglýsingu gjöld af snyrtivörum, sem teljast til nr. 33.06 í tollskrá, niður í 50% verðtoll.
50. Að endurgreiða tollamismun af efnivörum:
  - a. Til framleiðslu á rafmagnseldavélum, bókunar- og steikarofnum þannig, að fram til 1. janúar 1976 verði tollur ekki hærri en 7% af neinni notaðri efnivöru. Frá 1. janúar 1976 að fella niður eða endurgreiða toll af sömu vörum.
  - b. Til framleiðslu á rafmagnslýsingartækjum þannig, að fram til 1. janúar 1976 verði tollur ekki hærri en 18% af neinni notaðri efnivöru annarri en þeirri, sem telst til sömu tollskrárnúmera og lamparnir fullgerðir. Frá 1. janúar 1976 að fella niður eða endurgreiða toll af sömu vörum.
  - c. Til framleiðslu á veiðistöngum og veiðiflugum þannig, að fram til 1. janúar 1976 verði tollur ekki hærri en 9% af neinni notaðri efnivöru, annarri en þeirri, sem telst til tnr. 97.07. Frá 1. janúar 1976 að fella niður eða endurgreiða toll af sömu vörum.
  - d. Til framleiðslu á tvöföldu gleri þannig, að fram til 1. janúar 1976 verði tollur á rakaeyðingarefni, sem telst til tnr. 38.19.19, þéttilími í tnr. 32.12.00, zink-hornum í tnr. 79.06.09 og plastþynnnum í tnr. 39.02.94 og 39.02.99, ekki hærri en 10%. Frá 1. janúar 1976 að fella niður eða endurgreiða toll af sömu vörum.
  - e. Til framleiðslu á sjálfvirkum stilli- og stýribúnaði fyrir skip og vélar þannig, að fram til 1. janúar 1976 verði tollur ekki hærri en 4% af neinni notaðri efnivöru eða hlutum. Frá 1. janúar 1976 að fella niður eða endurgreiða toll af sömu vörum.
51. Að semja svo um, að gjöld af framangreindum númerum í 1. gr., sem merkt eru með stjörnu (\*), skuli vera bundin og eigi hærri en þar greinir. Enn fremur að gjöld af eftirtöldum númerum skuli ekki vera hærri en hér segir:

06.01 00	80%	11.01 11	0
08.05 00	90%	11.01 12	0
08.12 02	40%	11.01 22	0
08.12 03	40%	11.01 23	0
08.12 09	40%	11.01 24	0
10.01 00	0	11.02 21	0
10.05 00	0	15.07 89	30%
10.06	0	15.10 19	30%

15.12 09	35%	70.05 00	35%
18.03 00	40%	70.06 00	35%
18.04 00	40%	70.07	50%
18.05 00	50%	70.08 00	50%
19.03 00	80%	70.10 09	60%
19.07 00	80%	73.09 00	15%
19.08 00	80%	73.10 11	15%
20.07 01	40%	73.10 19	35%
21.05 00	100%	73.10 21	35%
21.07 01	40%	73.10 23	35%
22.05 01	20%	73.10 29	15%
22.05 02	20%	73.11 16	15%
22.05 03	20%	73.11 20	15%
22.05 09	20%	73.12 00	15%
22.09 05	20%	73.13 10	15%
22.09 09	20%	73.13 20	15%
23.07 00	0	73.13 30	15%
28.30 01	20%	73.13 51	15%
30.04 00	35%	73.13 59	15%
31.04 22	0	73.15 82	15%
32.05 00	25%	73.18 31	15%
32.07 00	25%	73.27 02	20%
32.09 09	60%	78.04 01	15%
32.12 00	60%	82.02 00	35%
33.06 02	125%	82.03 00	35%
33.06 03	125%	82.05 00	35%
33.06 04	125%	82.06 00	35%
34.02 01	110%	83.07 05	70%
34.02 09	110%	84.09 00	25%
37.07 00	1 kg 50 kr.	84.19 09	25%
38.19 19	50%	84.23 09	25%
39.02 87	35%	84.30 05	10%
39.02 99	40%	84.32 00	25%
39.07 89	70%	84.35 00	25%
40.09	35%	84.36 00	25%
44.23 01	40%	84.37 01	25%
53.07	50%	84.37 09	25%
55.09 23	50%	84.40 11	35%
58.04 30	65%	84.42 00	25%
64.01 01	25%	84.45 00	25%
64.02 01	80%	84.47 01	25%
64.02 09	80%	84.49 00	25%
64.06 00	100%	84.59 23	25%
69.11 00	100%	85.05 00	35%
69.12 00	100%	87.07 00	25%
70.04 00	35%	90.16 00	35%

52. Að endurgreiða, með nánar ákveðnum skilyrðum, gjöld af efni til framleiðslu rafagnatækja; einnig gjöld af efni til rafbúnaðar til húshitunar og rafmagnsvatnshitunartækja (tnr. 85.12.02 og 85.12.06).

53. Að endurgreiða mismun á gjöldum innfluttra bifreiða, sem eftir innflutning verður breytt í slökkvibifreiðar, sem svari því, að 15% tollur sé innheimtur af bifreiðunum.
54. Að endurgreiða eða lækka í 50% toll af borðbúnaði í tnr. 69.11.00, 70.13.00, 73.38.11, 73.38.19, 82.09.01 og 82.14.00, sem fluttur er inn af hótél- og veitinga-húsa eigendum, enda sé varan greinilega merkt og ætluð til veitingarekstrar.
55. Að lækka gjöld af nokkrum hráefnum til sælgætisframleiðslu.
56. Að endurgreiða með nánar ákveðnum skilyrðum gjöld af efni, vélum og tækjum í hitaveitur.
57. Að endurgreiða samkvæmt sérstökum reglum gjöld af nýsitækjum til notkunar í skólum, þ. e. 8 mm og 16 mm kvikmyndasýningartækjum, skyggnu- og myndræmutækjum, myndvörpum, myndsynum, sýningartjöldum, hljóð- og myndsegulbandstækjum og tækjum í tungumálastofur.
58. Að fella niður aðflutningsgjöld af skíðalyftum eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.
59. Að lækka í 7% aðflutningsgjöld af reykháfum fiskimjölsværksmiðja, sem settir verða upp vegna krafna frá heilbrigðisyfirvöldum.
60. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður eða endurgreiða gjöld af hráefnum og vélum til iðnaðar, sem tollafgreidd hafa verið á tímabilinu 1. janúar 1974 til gildistöku laga þessara, þannig, að mismunur gjalda af fyrrgreindum vörum samkvæmt lögum nr. 1/1970, um tollskrá o. fl., og gjalda, eins og þau verða ákveðin með lögum þessum, verði felldur niður eða endurgreiddur eftir nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setur. Skal niðurfellingin eða endurgreiðslan, eftir því sem við á, einnig ná til mismunar greidds söluskatts við innflutning samkvæmt ofanrituðu.

**D.****Vörur úr viðgerð og annarri aðvinnslu.**

## 4. gr.

Nú eru munir sendir til útlanda til viðgerðar, þvotta, bleikjunar, litunar, gyllingar, silfrunar eða annarrar aðvinnslu, og þeir breyta ekki svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir, og við útflutning og innflutning munanna er fullnægt þeim skilyrðum, sem um ræðir í niðurlagi þessarar málsgr., og skal þá greiða af aðvinnslukostnaðinum, að viðbættum sendingarkostnaðinum háðar leiðir, þann hundraðshluta í aðflutningsgjöld, sem sams konar erlend aðflutt vara ber eftir tollskránni, þó ekki lægri verðtoll en 5%. Ef sams konar erlendar aðfluttar vörur eru undanþegnar gjöldum, skal greiða af mununum 5% af fyrrnefndum kostnaði, að viðbættum sendingarkostnaði háðar leiðir. Undanþága sú, sem felst í þessum ákvæðum, er þó þeim skilyrðum bundin, að munirnir séu sýndir tollstarfsmanni, áður en þeir eru fluttir til útlanda, tollstarfsmaður þessi votti, að munir þessir hafi verið sýndir honum, og hann skrái lýsingu á mununum á vottorðið og að vottorð þetta sé lagt fram fyrir þann tollstarfsmann, sem annast tollmeðferð munanna við innflutning.

Ef hins vegar munir þeir, sem sendir eru til útlanda til aðvinnslu, breyta svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir, skal greiða af þeim gjöld eftir tollskránni eins og um væri að ræða erlenda aðflutta vöru.

Undanþegnar framangreindu gjaldi eru viðgerðir á íslenskum skipum, bátum og flugvélum, sem fram fara erlendis. Af vélum, sem settar eru í íslensk skip erlendis, skal þó greiða jafnhá gjöld og af sams konar innfluttum vélum, enda sé ekki um nýbyggingu að ræða.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að endurgreiða gjald það, sem um ræðir í þessari grein, af aðvinnslukostnaði íslenskra framleiðslu- og iðnaðarvara erlendis, enda geti sá hluti aðvinnslunnar ekki farið fram hér á landi.

## II.

### Tollmeðferð o. fl.

---

#### A.

#### Tollverð vara og verðtollun.

##### 5. gr.

**Tollverð** (tollreikningsverð) verðtollsskyldrar vöru er **eðlisverð** (normalverð) hennar, og er með því átt við það verð, sem myndi fást fyrir vöruna á frjálsum markaði í viðskiptum kaupanda og seljanda, sem eru hvorir öðrum óháðir, á þeim tíma, sem varan er tekin til tollmeðferðar.

Við ákvörðun eðlisverðs skal við það miðað,

- a. að varan sé afhent kaupanda á innflutningsstað í innflutningslandinu,
- b. að seljandi beri allan kostnað, gjöld og önnur útgjöld við sölu og flutning vörunnar til innflutningsstaðar og afhendingu hennar þar, en
- c. kaupandi greiði alla tolla og önnur gjöld, sem falla á vöruna í innflutningslandinu.

Innflutningsstaður vöru telst sá staður, þar sem hún er affermd úr farartæki, sem flutti hana til landsins.

##### 6. gr.

Kostnaður sá, gjöld og önnur útgjöld, sem greind eru í b-lið 2. málsg. 5. greinar, skulu innifalin í eðlisverði, og telst þar til m. a.:

1. Flutningsgjald og annar flutningskostnaður.
2. Vátrygging.
3. Umsýsluþóknun.
4. Miðlaraþóknun.
5. Kostnaður, gjöld og önnur útgjöld við að gefa út utan innflutningslandsins skjöl, sem nauðsynleg eru við flutning vöru þangað, þar með talin gjöld til ræðismanna.
6. Tollar og önnur gjöld, sem falla á vöru utan innflutningslandsins, að frádregnum endurgreiðsluupphæðum.
7. Umbúðakostnaður, vinnulaun og annar kostnaður við umbúðir.
8. Fermingarkostnaður.

Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, er hægt hefði verið að afferma hana á, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað, sem sá framhaldsflutningur hefur valdið, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka. Þá skal og heimilt með sama skilyrði að draga frá þann hluta flutningsgjalds, sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu, eða vegna þess, að farartæki affermir á fleiri stöðum en einum, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

Sé vara vernduð með einkaleyfi eða mynsturvernduð, eða hún er flutt hingað með erlendu vörumerki eða í því skyni að seljast hér með slíku vörumerki, skal eðlisverðið taka til verðmætis réttarins til að nota einkaleyfið, mynstrið eða vörumerkið.



**7. gr.**

Við sölu á frjálsum markaði milli kaupanda og seljanda, sem eru óháðir hvorir öðrum, skal við það miðað,

- a. að verðið sé eina endurgjaldið fyrir vöruna,
  - b. að það hafi ekki áhrif á verðið, að sérstakt samband, fjárhagslegt, viðskiptalegt eða einhvers annars eðlis, hvort heldur er samkvæmt samningi eða á einhvern annan hátt, sé á milli seljanda eða einhvers aðila í viðskiptalegum tengslum við hann, annars vegar, og kaupanda eða einhvers aðila í viðskiptalegum tengslum við hann, hins vegar, og
  - c. að enginn hluti þess arðs, sem hefur orðið til við síðari endursölu, notkun eða ráðstöfun vörunnar, falli í hlut seljanda, beint eða óbeint, eða til nokkurs annars aðila, sem stendur í viðskiptalegu sambandi við hann.
- Um viðskiptalegt samband tveggja aðila er að ræða, beint eða óbeint, ef
- a. annar þeirra hefur einhverra hagsmuna að gæta í sambandi við viðskiptarekstur eða eignir hins, eða
  - b. báðir hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta í sambandi við einhvern annan viðskiptarekstur eða eignir, eða
  - c. einhver þriðji aðili hefur hagsmuna að gæta í sambandi við viðskiptarekstur eða eignir þeirra beggja.

Þegar um kaup á vöru er að ræða, skal yfirleitt leggja hið umsamda kaupverð til grundvallar, þó með þeim leiðréttingum, sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að færa vöruna til réttis eðlis- og tollverðs samkvæmt lögum þessum.

Við leiðréttingu á verði má, þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar vara er flutt inn af dótturfyrirtæki eða útibúi, hafa hliðsjón af því verði, sem innflytjandi fær fyrir hana í endursölu.

Því aðeins skal leiðrétta tollverð vegna verðbreytinga á vörum, sem keyptar eru til landsins, að lengri tími en 6 mánuðir líði frá því, að kaup eru gerð, og þar til vörunnar eru teknar til tollmeðferðar.

**8. gr.**

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að setja nánari ákvæði um ákvörðun eðlis- og tollverðs, m. a. að ákveða, hvers konar afsláttur skuli undanþeginn tolli, hvað sé eðlilegt flutningsgjald í eðlis- og tollverði og aðrir eðlilegir kostnaðarliðir í þeim verðum.

**9. gr.**

Ef ekki fást fullnægjandi gögn um verð vöru, skal verðtollur greiddur af verði, sem svarar til verðs á sams konar vöru eða vöru af svipuðu tagi, með umbúðum, en án tolls, frá heildsala til smásala hér á landi á þeim tíma, sem vara fer til tollmeðferðar.

**10. gr.**

Nú telja tollstarfsmenn við tollmeðferð vöru, að verð það, sem tilgreint er í aðflutningsskýrslu og staðfest kann að vera með framlögðum skjölum, sé ekki hið rétta tollverð hennar, og skulu þeir þá ákveða verðið í samræmi við ákvæði laga þessara. Sama gildir, ef ekkert verð á vörunni er tilgreint.

Þurfi að fara fram mat á vörunni í þessu skyni, er tollyfirvaldi þó jafnan heimilt að láta dómkveðja menn til að framkvæma matið á kostnað viðtakanda. Skal það einkum gert, ef viðtakandi vöru finnst ekki, viðtöku hennar er neitað, vara er til muna skemmd eða matið þykir aðeins vera á færi sérfróðra manna.

Ef viðtakandi vöru telur sig ekki geta sætt sig við það verð, sem ákveðið hefur verið samkv. 1. og 2. málsgr., getur hann gert kröfu um yfirmat á henni, en gera skal

hann skriflega kröfu um matið til tollyfirvalds, áður en það afhendir eða samþykkir að afhenda megi viðtakanda vöruna. Tollyfirvald getur einnig krafist yfirmats innan sama tíma. Eftir að fram er komin krafa um yfirmat, skal tollyfirvald gera ráðstafanir til, að matið verði framkvæmt, en það skulu gera þeir óvilhallir, dómkvaddir menn, og skulu þeir tilkynna viðtakanda vöru og tollyfirvaldi, hvar og hvenær matsgerð skuli fara fram. Matsmenn skulu ákveða verð vörunnar eftir ákvæðum laga þessara um tollverð eftir því, sem við verður komið, og skal úrskurður þeirra vera endanlega bindandi fyrir báða aðila. Sá, sem yfirmats krefst, skal greiða matskostnaðinn, nema matið gangi honum í vil. Ákvæði 28. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit skulu gilda eftir því, sem við á um matskostnað.

Nú fær innflytjandi vöru bætur fyrir skemmdir eða rýrnun, sem verða á vöru á leið hingað til lands, við affermingu eða í vörslum tollyfirvalda eða í viðurkenndum tollvörugeymslum farmflytjanda, áður en hún er afhent honum, og hann eða aðrir eiga ekki sök á skemmdunum eða rýrnuninni, og má þá tollyfirvald lækka tollverð vörunnar sem svarar bótunum, enda hafi tollstarfsmenn verið viðstaddir matsgerðina og telji bæturnar ekki of háar eftir ásigkomulagi vörunnar.

### 11. gr.

Nú er tollverð vöru eða einhver hluti þess tilgreint í erlendri mynt, og skal þá því eða þeim hluta þess við ákvörðun tollverðs breytt í innlenda fjárhæð. Skal farið eftir því sölugengi, sem skráð er á hinni erlendu mynt í bönkum hér á landi, þegar varan er tekin til tollmeðferðar, sbr. 14. gr. Bönkum og útibúum þeirra er skylt að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar um gengi, er þeir æskja. Nú er ekkert gengi skráð hér í bönkum á einhverri mynt eða ekki næst vitneskja um það, og skal þá breyta tollverði eftir því gengi, sem fjármálaráðuneytið ákveður.

### 12. gr.

Ef verð vara, sem greiða ber af mismunandi háan verðtoll, er tilgreint í einni fjárhæð, skal greiða af öllum vörunum þann verðtollshundraðshluta, sem hvílir á þeirri af vörunum, sem ber hæstan verðtoll.

Þetta gildir þó ekki um ósundurliðaðan flutningskostnað fyrir sundurleitar vörur, ef viðtakandi afhendir til tollmeðferðar vörureikning, sem að minnsta kosti tilgreinir verð hverrar einstakrar vöru á innkaupsstað, og skiptir á aðflutningsskýrslu hinum ósundurliðaða flutningskostnaði niður á milli innkaupsverðs varanna innbyrðis.

### 13. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að mæla svo fyrir með auglýsingu eða í reglugerð, að greiða skuli tiltekna tollfjárhæð af hverri einstakri nánar tilgreindri vöru, sem tollskyld telst í farangri farþega og áhafna, í stað venjulegra gjalda samkvæmt tollskránni.

Fjármálaráðuneytinu skal einnig heimilt að setja sérstakar reglur um mat á notuðum bifreiðum til tollverðs. Má ráðuneytið m. a. ákveða, að tollverðið miðist við verð bifreiðanna nýrra að frádregnum tilteknum hundraðshluta fyrir hvert ár eða hluta úr ári af aldri þeirra.

### 14. gr.

Um greiðslustað, gjalddaga og lögvernd aðflutningsgjalda fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Þó skal, er breyting verður á aðflutningsgjöldum og ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg, taka hin nýju aðflutningsgjöld af þeim vörum, er eigi hafa verið teknar til tollmeðferðar, er breytingin öðlast gildi, þó að inn hafi verið fluttar fyrir

breytinguna. Í þessu sambandi telst vara tekin til tollmeðferðar, þegar fyrir hendi er eitthvert þeirra tilvika, sem um ræðir í 1.—4. tölulið hér á eftir:

1. Hlutaðeigandi tollstofnun hefur tekið við skjölum þeim yfir vöruna, sem afhenda ber þangað vegna tollmeðferðar hennar, enda fullnægi skjölin að öllu leyti þeim skilyrðum, sem þurfa að vera fyrir hendi, til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað.
2. Tollyfirvald hefur afhent eða leyft að afhenda vöruna gegn tryggingu, sbr. 21. gr. laga þessara.
3. Endursendingarskirteini hefur verið gefið út um vöruna samkvæmt 30. gr. laga um tollheimtu og tolfertilit.
4. Tollyfirvald lætur selja vöruna á uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum, sbr. 28. gr. laga um tollheimtu og tolfertilit.

Ef aðflutningsgjöld lækka, eftir að skjöl eru afhent samkv. 1. tölulið, en áður en tollafgreiðsla fer fram, skal þó greiða hin lægri gjöld.

Nú hefur vara komist í hendur viðtakanda, án þess að hún hafi verið tollafgreidd og án leyfis tollyfirvalda, og skal þá heimilt að innheimta af henni hæstu aðflutningsgjöld, er í gildi hafa verið fyrir vöru þeirrar tegundar á tímabilinu frá því varan var flutt inn, þar til aðflutningsgjöld eru að fullu greidd af henni.

## B. Aðflutningsskýrsla.

### 15. gr.

Áður en viðtakandi (innflytjandi, eigandi eða annar) vitjar innfluttrar vöru eða sendingar, skal hann afhenda hlutaðeigandi töllyfirvaldi skriflega skýrslu (aðflutningsskýrslu) um vöruna eða sendinguna. Enn fremur skal hann framvísa eða láta framvísa vörunni eða innihaldi sendingarinnar fyrir tollstarfsmönnum til skoðunar. Þetta tekur þó ekki til sendinga, sem pósthöfnanir — eftir nánari reglum settum af fjármálaráðuneytinu — mega afhenda beint til viðtakenda. Fjármálaráðuneytið hefur þó heimild til að mæla svo fyrir, að ekki þurfi að gefa skriflega skýrslu um vöru eða sendingar af vissu lagi, sem ekki eru á farmskrá, svo og að fresta framvísunarskyldu viðtakenda á vörum eða innihaldi sendinga fyrir tollstarfsmönnum til skoðunar.

Viðtakanda vöru er heimilt að telja gjald fyrir framvísun vörunnar í kostnaðarverði vöru, samkvæmt gjaldskrá, sem ráðuneytið samþykkir.

### 16. gr.

Eftirtalin atriði skal viðtakandi tilgreina í aðflutningsskýrslu:

1. Nafn viðtakanda eða firma hans og heimilisfang.
2. Hvernig varan eða vörunar eru komnar til þess staðar, þar sem tollafgreiðslan á að fara fram, og hvenær þær komu þangað (heiti farartækis, komudagur o. þ. h.).
3. Stykkjafjöldi og tegund umbúða, ef vara eða sending er í umbúðum.
4. Auðkenni á stykkjum (nöfn, merki, númer o. s. frv.).
5. Tollskrárnúmer hvernar einstakrar vörutegundar, með fullri 6 stafa tölu.
6. Í hvaða landi vara er framleidd og í hvaða landi hún er keypt.
7. Tegund vara eða vöru sem nákvæmast.
8. Brúttó- og/eða nettóþyngd hvernar einstakrar vörutegundar eftir því sem nánar er ákveðið af fjármálaráðuneytinu. Enn fremur stykkjatölu, lítratölu eða rúm-mál vörusendingar, þar sem það á við, samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.
9. Verð eða verðmæti hvernar einstakrar vöru kominnar um borð í farartæki, sem flytur hana hingað til lands (fob-verð eða fob-verðmæti), bæði í erlendri og innlendri mynt.
10. Flutningsgjald hvernar einstakrar vöru og skal tilgreina það án sérstaks afsláttar.
11. Vátryggingargjald, miðlaraþóknun, umboðslaun (þóknun fyrir innkaup vöru) og annan kostnað á leiðinni hingað til lands sérstaklega fyrir einstaka vöru án sérstaks afsláttar.
12. Önnur atriði, sem fjármálaráðuneytinu þykir ástæða til, að tekin séu upp í aðflutningsskýrslu, og varða innkaup, viðskipti, innflutning, vöru, sendingu o. þ. h. og eyðublöð þau, sem gerð eru fyrir aðflutningsskýrslur, gera ráð fyrir, að svarað verði um þessi atriði.

Þá skal vera í aðflutningsskýrslu eftirgreind yfirlýsing viðtakanda, eða sams konar yfirlýsing vera skráð af honum á framlagðan vörureikning, þar sem hann lýsir því yfir, að viðlagðri ábyrgð að lögum, sbr. 37. gr. þessara laga,

að framlagður vörureikningur og önnur framlögð skjöl séu rétt,

að hið tilgreinda tollverð í skýrslunni sé í samræmi við ákvæði 5.—7. gr. þessara laga,

að öll sölu- og viðtökuskilyrði séu tilgreind í vörureikningnum og/eða skýrslunni,

að frá tollverðinu í skýrslunni hafi ekki verið og sé ekki dreginn afsláttur eða önnur verðhækkun, sem ekki komi greinilega fram í vörureikningnum og/eða skýrslunni,

að hann viti ekki til þess, að hið tilgreinda söluverð á vörureikningnum sé undir markaðsverði erlendis á þeim stað og tíma, sem kaup voru gerð.

Í stað þess eða jafnframt því að tollflokkun vara, umreikningsverð erlendrar myntar, tollverð og aðflutningsgjöld séu tilgreind í framlagðri aðflutningskýrslu, má setja fyrirmæli um það, að þessi atriði skuli vera skráð á framlagðan vörureikning.

Fjármálaráðuneytið má setja nánari fyrirmæli um aðflutningskýrslur og ákveða, hvað þær skuli afhentar í mörgum eintökum.

Nú verður ákveðið í lögum, að hver einstaklingur og hvert fyrirtæki skuli hafa auðkennisnúmer, og er fjármálaráðuneytinu þá heimilt að mæla svo fyrir, að sérhver innflytjandi skuli tilgreina númer sitt á aðflutningskýrslu, og að skjöl skuli ekki tekin til tollmeðferðar, nema þessari skyldu sé fullnægt. Jafnframt getur fjármálaráðuneytið ákveðið, að tollýfirvald geti krafist þess af innflytjanda, að hann framvísi skírteini til sönnunar því, að rétt númer sé tilgreint á aðflutningskýrslu.

#### 17. gr.

Tollýfirvald getur neitað að taka við skjölum til tollmeðferðar, ef aðflutningskýrslueyðublað er ekki rétt og nákvæmlega útfyllt, tilskilin gögn ekki afhent, eða öðrum settum skilyrðum ekki fullnægt.

Ef síðar kemur í ljós, að afhentum skjölum er áfátt, getur tollstofnun neitað um tollafgreiðslu, uns úr er bætt.

## C.

## Vörureikningar og önnur staðfestingarskjöl.

## 18. gr.

Viðtakendur eru skyldir til að afhenda til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslu frumrit eða samrit af sölu- eða vörureikningi yfir hina innfluttu vöru eða sendingu, og skal tolyfirvald halda þessu reikningsseintaki eftir.

Sé vara eða sending endanlega seld hingað til lands, skal sölureikningurinn undirritaður af seljanda eða þeim, er samkvæmt lögum í landi seljanda hefur rétt til að skuldbinda hann eða firma hans. Þá skal sölureikningurinn tilgreina eftirtalin atriði:

1. Nafn og heimili sendanda.
2. Hvar og hvenær reikningurinn er gefinn út. Enn fremur hvaða dag sending er afhent til flutnings áleiðis til Íslands og með hvaða farartæki.
3. Nafn og heimili kaupanda.
4. Tölu stykkja og þunga þeirra með umbúðum, tegund umbúða, nöfn, merki, númer o. þ. h. á stykkjum, og séu í sendingu, sem í eru fleiri en eitt stykki, tvær eða fleiri vörutegundir, skal tilgreina á reikningnum, hvaða vörur séu í hverju stykki og hvernig það stykki sé merkt og hver sé þungi þess.
5. Nöfn þeirra vörutegunda, sem reikningurinn hljóðar um, og má ekki nota verð- eða vörulistanúmer o. þ. h. í stað vörutegundarheita.
6. Framleiðsluland vörunnar.
7. Söluverð hvernar einstakrar vörutegundar, bæði einingar- og heildarverð, og skulu allir tölulíðir reikningsins lagðir saman og aðalupphæð hans skýrt tilgreind.
8. Nettóþyngd hvernar einstakrar vörutegundar í sendingu, svo og stykkjatölu.
9. Afslátt og annan frádrátt, sem er veittur, upphæð hans og hvers vegna frádrátturinn er gerður, og nægja þar ekki almenn orðatiltæki, eins og t. d. verslunarfsláttur o. þ. h.
10. Hvenær sala fór fram, hvernig vara er seld (fob, cf, cif o. þ. h.) og í hvaða mynt reikningsverð er tilgreint.
11. Greiðsluskilmála og önnur greiðsluskilyrði.
12. Yfirlýsing seljanda um það,
  - að aðeins einn vörureikningur sé gefinn út yfir allar þær vörur, sem séu í sendingu með tilgreindu farartæki,
  - að vörunnar séu tilgreindar með því verði, sem þær séu seldar fyrir, og
  - að hann viti ekki til þess, að hið tilgreinda verð sé lægra en markaðsverðið á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem kaup voru gerð. Sé markaðsverðið lægra, skal einnig tilgreina það á reikningnum.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að mæla svo fyrir með auglýsingu eða reglugerð, að viðtakendur aðfluttra vara skuli sjá svo um, að vörureikningur tilgreini nákvæmlega tollskrárnúmer vara, samkvæmt Brüssel-tollnafnaskránni.

Nú er vara ekki endanlega seld hingað til lands, og skal þá vörureikningurinn, sem afhenda skal til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslunni, vera gerður og undirritaður af sendanda vöru eða sendingar erlendis, og skal vörureikningurinn tilgreina, eftir því sem við á, sömu atriði og sölureikningar yfir selda vöru, sbr. 1.—11. tölulíð 2. málsg. þessarar gr. Sem verðmæti skal tilgreina markaðsverðið á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og

tíma, sem sendingin er send til Íslands, og hafi vara ekki verið til sölu eða að öðru leyti á markaði, skal tilgreina framleiðsluverð hennar eða áætlað notagildi, ásamt áætlaðri hæfilegri álagningu.

Einn og sami sölu- eða vörureikningur skal vera fyrir hverja innflutta sendingu (þ. e. einn sölu- eða vörureikningur yfir vöru eða sendingu á einu og sama farmskírteini, fylgibréfi eða öðru flutningsskírteini). Annist sendandi erlendis innkaup hjá einum eða fleiri aðilum fyrir viðtakanda hérlendis, skal sendandi láta fylgja sendingunni einn heildarreikning yfir innkaupin, þóknun sína og annan útlagðan kostnað á sendingarstað, ásamt sölu- eða vörureikningi frá hverjum einstökum aðila, sem keypt er hjá, og skulu þessir reikningar afhentir til tollmeðferðar ásamt heildarreikningi. Þessir einstöku sölu- eða vörureikningar skulu að öðru leyti fullnægja fyrir mælum þessarar greinar um einstök atriði.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að mæla svo fyrir í auglýsingu eða með reglugerð, að tilgreina skuli í vörureikningum fleiri atriði en talin eru í þessari grein, svo og skal ráðuneytinu heimilt að veita undanþágu frá einstökum atriðum í henni, ef þurfa þykir.

#### 19. gr.

Viðtakendur vöru eru skyldir til að afhenda til tollmeðferðar með aðflutnings-skýrslu farmskírteini, fylgibréf eða annað flutningsskírteini, reikning yfir umbúðakostnað, þökkunarlista, efnagreiningu og önnur skjöl og gögn, sem geta verið til staðfestingar þeim atriðum, sem tilgreind eru í aðflutningsskýrslu og sölu- eða vörureikningi, eða fela í sér upplýsingar um tegund vöru, samsetningar hennar, magn og verð. Krefjast má þess, að farmskírteini, fylgibréf eða annað flutningsskírteini sé afhent í tvíriti, og má tollstofnunin þá halda öðru eftir. Gera má hún afrit af staðfestingarskjölum, ef ástæða þykir til.

Nú gerist Ísland aðili að alþjóðasamningi um niðurfellingu eða lækun á gjöldum af vörum með uppruna í ákveðnum löndum, og má þá binda slíka tollmeðferð því skilyrði, að innflytjandi leggi fram nauðsynlegar upplýsingar og sannanir fyrir uppruna varanna. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um þetta atriði ásamt því, hvernig nauðsynlegustu eftirliti verði við komið.

#### 20. gr.

Ef viðtakandi vöru eða sendingar leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn þau, sem 18. og 19. gr. taka til, eða sölu- eða vörureikningur tilgreinir ekki þau atriði, sem fyrirskipuð er í 18. gr. og verulegu máli skipta, skal greiða verðtoll af því tollverði, sem ákveðið verður eftir reglum laga þessara, með 10% viðauka við það.

Ef ekki er um venjulega verslunarvöru að ræða, vara er að mun skemmd eða alveg sérstaklega stendur á, má tollyfirvald sleppa 10% hækkun á tollverði, sem um ræðir í 1. málsg. þessarar gr.

#### 21. gr.

Nú gerir viðtakandi vöru það sennilegt, að hann hafi ekki fengið þau gögn, sem 18. og 19. gr. taka til, eða þau eru ekki fullnægjandi, og má þá tollyfirvald afhenda viðtakanda eða leyfa að afhenda viðtakanda vöru gegn því, að hann greiði allan kostnað af tollskoðun og setji þá fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og kostnaðar, sem tollyfirvald ákveður, og að viðtakandi afhendi þau gögn, sem vantar, eða leiðrétti þau gögn, sem misfellur eru á, innan hæfilegs tíma, sem tollyfirvald tiltekur. Ef vanefndir verða á því, má tollyfirvald ákveða gjöldin og taka fjártryggingu upp í þau.

#### 22. gr.

Ef nauðsynlegt þykir að ganga úr skugga um það, hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslum, sölu- eða vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða

hafi verið rétt tilgreind, er tollstjóra heimilt að krefjast aðgangs að verslunarbókum hlutaðeiganda, bréfavíðskiptum og öðrum skjölum, sem að dómi hans geta veitt upplýsingar um nefnd atriði.

23. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð, að viðtakandi vöru skuli, innan ákveðinna tímamarka frá komudegi hennar til landsins, afhenda til tollmeðferðar fullgild aðflutningsskjöl um vöruna eða tiltekin skjöl um hana. Má leggja viðurlög við því, ef þeirri skyldu er ekki fullnægt, svo sem greiðslu dráttarvaxta, dagsektir og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila.

24. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að koma á sérstöku vörureikningseftirliti til athugunar á því, hvort verð það, sem tilgreint er á vörureikningi, sé undir eðlilegu verði, eða hvort um undirboð o. þ. h. sé að ræða.

Fjármálaráðuneytið setur nánari fyrirmæli um slíkt eftirlit.

25. gr.

Við tollskoðun er tolleftirlitinu heimilt að taka og halda eftir nauðsynlegum sýnishornum af vörunni.

Sýnishorn þessi skulu geymd í sérstöku sýnishornasafni við tollstjóraembættið í Reykjavík, og skal gefa þaðan upplýsingar um tollflokkun varanna.

Fjármálaráðherra setur nánari fyrirmæli um sýnishornasafnið.



## D. Undirboðs- og jöfnunartollar.

### 26. gr.

Nú má ætla, að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram með undirboðskjörum (dumping) og slíkt geti stofnað innlendum atvinnurekstri í hættu eða torveldað hann að mun, og má þá fjármálaráðherra leggja á sérstakan undirboðstoll til að hamla gegn slíkum viðskiptum.

Þá má fjármálaráðherra í sama skyni og með sömu skilyrðum leggja á sérstakan jöfnunartoll, ef ætla má, að útflutningsverðlaun, uppbætur, endurgreiðslur o. þ. h. erlendis hafi sams konar áhrif hér á landi og getið er í 1. málsg. þessarar gr.

Ákvarðanir fjármálaráðherra um þetta efni taka gildi frá og með þeim degi, sem þær eru birtar í A-deild Stjórnartíðinda.

Undirboðs- og jöfnunartolla má ekki leggja á til lengri tíma en 6 mánaða í senn.

### 27. gr.

Með undirboði eða undirboðskjörum í lögum þessum er átt við það, ef erlend vara er flutt inn eða boðin fram

- a. á verði, sem er lægra en sambærilegt verð í útflutningslandinu á tilsvarendi vöru við venjuleg viðskiptaskilyrði, eða
- b. ef slíkt verð er ekki fyrir hendi í útflutningslandinu, þá annaðhvort
  1. á verði, sem er lægra en hæsta útflutningsverð á tilsvarendi vöru til einhvers annars lands, eða
  2. á verði, sem er lægra en framleiðslukostnaður vörunnar í upprunalandinu, að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölukostnaði og ágóða.

Við samanburð þann, er um ræðir í 1. málsg., skal taka tillit til mismunandi sölu- og afgreiðsluhátta, flutningskostnaðar, skatta og annars slíks aðstöðumunar, sem skipt getur máli.

### 28. gr.

Undirboðstollur má ekki vera hærri en sem svarar undirboðinu, þ. e. a. s. mismuninum á undirboðsverðinu og verðinu, sem tekið er til samanburðar.

Jöfnunartollur má ekki vera hærri en sem svarar greiðslum eða uppbótum, sem beint eða óbeint eru látnar í té í sambandi við framleiðslu, vinnslu, útflutning eða flutning varanna.

### 29. gr.

Leggja má undirboðs- og jöfnunartolla eftir framangreindum ákvæðum á eina eða fleiri vörur eða vörutegundir, á vörur frá einum eða fleiri sendendum eða vörur frá einu eða fleiri löndum.

Undirboðs- og jöfnunartolla má leggja á til bráðabirgða, þar til nánari upplýsingar liggja fyrir, ef ætla má, að dráttur kunni að valda tjóni. Slíka bráðabirgða undirboðs- og jöfnunartolla má þó ekki leggja á til lengri tíma en eins mánaðar, og skal sá mánaðartími vera innifalinn í þeim 6 mánuðum, sem um ræðir í síðustu málsg. 26. gr., ef um það er að ræða.

Fjármálaráðherra getur sett nánari ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla og um skil á þeim. Njóta skulu tollar þessir sömu lögverndar og aðflutningsgjöld samkvæmt tollalögum.

### 30. gr.

Fjármálaráðherra skal, svo fljótt sem unnt er, skýra Alþingi frá álagningu undirboðs- og jöfnunartolla og ástæðunum fyrir álagningu þeirra.

## 31. gr.

Til rannsóknar á því, hvort skilyrði séu fyrir hendi til að leggja á undirboðs- og jöfnunartoll, skal fjármálaráðuneytinu heimilt að krefja atvinnurekendur um upplýsingar, sem geta skipt máli við ákvörðun tollsins, og ef nauðsyn krefur, getur ráðuneytið látið athuga verslunarbækur hlutaðeiganda, bréfaviðskipti og önnur skjöl, sem að áliti þess geta skipt máli við tollákvörðunina.

## E. Ýmis ákvæði.

### 32. gr.

Nú er lagður á vörumagnstollur, og skal hann þá miðaður við þyngd vöru með umbúðum, nema annað sé tekið fram.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining.

Fjármálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði um vörumagnstoll, þ. á. m. ákveðið, að séu saman í umbúðum vörur, sem mishár vörumagnstollur er á, skuli greiða af öllum vörunum þann vörumagnstoll, sem hvílir á þeirri vörunni, sem ber hæstan vörumagnstoll.

Um aðflutningsskýrslur og önnur skjöl viðvikjandi vörumagnstolli skulu gilda sömu reglur og um verðtoll, eftir því sem við á.

### 33. gr.

Nú ris ágreiningur um það, hvort tiltekin vara sé gjaldskyld eða gjaldfrjáls eftir lögum þessum, eða hvort tiltekin vara skuli teljast fremur til eins en annars tollskrárnúmers, og skal þá fjármálaráðherra skera úr þeim ágreiningi, og er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu. Enn fremur skal fjármálaráðherra eiga fullnaðarúrskurð um það, hvað teljast skuli eðlis- og tollverð vöru, **markaðsverð** hennar, eðlilegt flutningsgjald eða annar eðlilegur kostnaður, sem fellur á vöru.

Fjármálaráðherra er heimilt að skipa sérstaka nefnd og fela henni að gera tillögur um úrskurði þá, sem um ræðir í 1. málsg. þessarar gr.

Þegar leitað er úrskurðar samkvæmt þessari gr., skulu fylgja erindinu öll þau skjöl, sem skipta máli um tollun vöru, s. s. tollreikningur, sölu- eða vörureikningur og önnur staðfestingargögn, sem talin eru í 19. gr. laga þessara. Þá skal og senda með erindinu sýnishorn af vörunni, en verði því ekki við komið, skal senda nákvæma teikningu, mynd eða lýsingu á vöru þeirri, sem ágreiningur er um.

Ráðuneytinu og nefnd þeirri, sem um ræðir í 2. málsg. þessarar gr., skal heimilt að kveðja sér til aðstoðar sérfróða menntu, svo og að krefja einstaklinga, félög, fyrirtæki og stofnanir um upplýsingar, er nauðsynlegar þykja við flokkun vara eða við ákvörðun tollverðs.

### 34. gr.

Viðtakandi aðfluttrar vöru skal inna af hendi eða sjá um þá vinnu og aðstoð, sem nauðsynleg er við tollmeðferð vöru, að dómi tollstarfsmanna.

Tollyfirvaldi er heimilt að ráða ákveðna menn til að láta í té nauðsynlega vinnu og aðstoð við tollmeðferð vöru og að krefja viðtakendur um þóknun fyrir þessi störf eftir gjaldskrá, sem fjármálaráðuneytið setur. Má neita um tollafgreiðslu, uns gjaldið er greitt, en viðtakanda skal heimilt að leggja gjald þetta á vöruna.

### 35. gr.

Aðflutningsgjöld skal innheimta í heilum krónum, þannig að 50 aurar og þar yfir telst 1 króna, en lægri upphæð sé sleppt.

### 36. gr.

Tollstjórar skulu, í byrjun hvers mánaðar, senda tollendurskoðuninni og Hagstofunni, hvorri um sig eintak af öllum aðflutningsskýrslum afgreiddum í undan-gengnum mánuði. Tollendurskoðunin og Hagstofan kveða nánar á um skil tollyfirvalda á aðflutningsskýrslum, þar á meðal um skilafresti.

## F. Refsiákvæði.

### 37. gr.

Hver, sem lætur tollyfirvaldi eða tollstofnun í té aðflutningsskýrslu eða vörureikning með áritaðri yfirlýsingu og öðrum upplýsingum, sbr. 15. og 16. gr., sem ekki er í samræmi við innihald sendingar, tegund vöru, magn eða verð, sæti sektum, nema hann geti óvæfengjanlega sýnt fram á það, að ósamræmið verði rakið til atriða, sem hann eða sá, sem gaf skýrslu fyrir hans hönd, gátu ekki haft áhrif á.

Ef röng aðflutningsskýrsla er hins vegar látin í té með þeim ásetningi að svíkja toll eða önnur gjöld, eða til að losna við þau, eða ef sá, sem skýrslu gaf, hefði átt að sjá, að skýrslan gat haft þessi áhrif, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Samsvarandi refsingu skal sá sæta, sem leggur fram röng gögn til staðfestingar því verði, sem upp er gefið í aðflutningsskýrslu, og hann vissi eða hlaut að vita, að voru röng og gætu haft framangreind áhrif.

Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt þessari grein eru refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Auk þeirra refsinga, sem um ræðir í þessari grein, má svipta þann, sem verður sekur um þar nefnd brot, leyfi til verslunar um tiltekinn tíma, eða ævilangt, ef brot er margítrekað.

### 38. gr.

Tollstarfsmönnum öllum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um verslunarhagi einstakra manna og fyrir-tækja, þar með talin hvers konar vitneskja, sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum, sem tollstofnanir halda eftir.

### 39. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 1/1970, um tollskrá o. fl., lög nr. 100/1970, lög nr. 17/1971, lög nr. 110/1972 og lög nr. 7/1973, um breyting á þeim lögum.

*Gjört í Reykjavík, 5. mars 1974.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

## L Ö G

um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður  
Almennar kosningar til Alþingis skulu fara fram sunnudaginn 30. júní 1974.

*Gjört í Reykjavík, 8. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

---

Stjórnartíðindi A 17, nr. 26—27. Útgáfudagur 9. maí 1974.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að verði eigi gripið til gagnráðstafana sé fyrirsjáanleg veruleg hækkun verðlags og kaupgjalds, sem stefna muni afkomu atvinnuvega, atvinnuöryggi, viðskiptastöðu landsins út á við og þar með hag allra landsmanna í hættu; jafnframt hafi komið í ljós, að fjárfestingarlánasjóðir geti ekki að óbreyttum útlánskjörum nýtt það fjármagn, sem um hafi samist, að þeir fengju frá lífeyrissjóðum á þessu ári. Beri því brýna nauðsyn til að grípa án tafar til tímabundinna ráðstafana til viðnáms gegn verðbólgu og til þess að tryggja fjárhagsstöðu fjárfestingarlánasjóða, þannig að betra færi verði en ella til varanlegri lausna að afstöðnum Alþingiskosningum þeim, sem í hönd fara.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskránnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Fram til 31. ágúst má ekki hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því, sem var 22. maí 1974, nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Á því tímabili, er greinir í 1. mgr., má ekki hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum frá því, sem var 22. maí 1974, nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda og staðfestingu ríkisstjórnarinnar, sbr. 1. mgr. Gildir þetta einnig um hvers konar umboðslaun vegna sölu vöru eða þjónustu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vöru eða þjónustu, þar með vinnu.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til verðs hvers konar vöru og þjónustu, sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þessara aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

Ríkisstjórnin getur ákveðið lækkan á verði vöru eða þjónustu telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.

#### 2. gr.

Verðlagsuppbót á laun skal haldast óbreytt fram til 31. ágúst 1974, sú sem gildi tók 1. mars 1974 samkvæmt kjarasamningum.

Hagstofa Íslands skal upplýsa í opinberri greinargerð, hver kaupgreiðsluvísitala 1. júní 1974 hefði orðið miðað við óbreytt fyrirmæli kjarasamninga og laga um útreikning hennar, svo og miðað við það, að eigi sé tekið tillit til þeirrar hækkunar á liðnum „eigin bifreið“ í framfærsluvísitölu, er orðið hefur á tímabilinu frá 1. nóvember 1973 til 1. maí 1974. Hafi niðurgreiðsla vöruverðs verið aukin fyrir 1.

júní 1974 frá því, sem hún var í maíbyrjun 1974, skal og miða útreikning þennan við smásöluverð á viðkomandi vöru eða vörum, að frádreginni verðlækkun, er slík niðurgreiðsluaukning veldur.

### 3. gr.

Laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvöru, sbr. lög nr. 101/1966 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu o. fl., skulu haldast til 31. ágúst 1974 eins og þau voru ákveðin frá og með 1. mars 1974.

### 4. gr.

Almennt fiskverð, annað en verð skarkola, humars og rækju, skal haldast til 31. ágúst 1974 eins og það var ákveðið um síðastliðin áramót, sbr. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 1/1974, enda tryggir ríkisstjórnin, að verð á brennsluolíum til íslenskra fiskiskipa, er landa aflla sínum og taka olíu hérlendis, haldist á meðan óbreytt, eins og það var í nóvembermánuði 1973.

### 5. gr.

Fjárfestingarlánasjóðir þeir, er fá til ráðstöfunar fjármagn af útgáfu verðtryggðra skuldabréfa, er lífeyrissjóðir kaupa samkvæmt samningi eða af verðtryggðu spari-skríteinafé, endurláni þetta fé með sambærilegum skilmálum. Heimilt er að ákveða lánskjör þessara sjóða þannig, að verðtrygging nái til ákveðins hluta hvers láns í tilteknum lánaflokkum, er ákvarðist af því, hve stór hluti verðtryggt fé er af heildarráðstöfunarfé sjóðanna.

Ríkisstjórnin tekur endanlega ákvörðun um lánskjör fjárfestingarlánasjóða í samræmi við ákvæði 1. málsg. að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnunar ríkisins, og kemur sú ákvörðun í stað lagaákvæða og reglna þeirra, sem nú gilda um þetta efni.

### 6. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

### 7. gr.

Forsætisráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

### 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 19 — 1974

3. maí 1974.

251

Nr. 29.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Í stað „1. taxa“ í 1. málslíð 1. mgr. 5. gr. laganna komi: lægsta taxa.

#### 2. gr.

Síðasta mgr. 15. gr. hljóði svo:

Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að láta skrá sig daglega hjá vinnumiðlun, að viðlögðum missi bótaréttar. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna veikinda, skal hann láta skrá sig næsta dag, sem honum er unnt, að viðlögðum missi bóta samkvæmt framansögðu. Óheimilt er að greiða bætur fyrir atvinnuleysistímabil, sem ekki hefur verið skráð hjá vinnumiðlun lögum samkvæmt.

#### 3. gr.

16. gr. b-liður orðist svo:

njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar, eða njóta launa á meðan þeir eru atvinnulausir, sbr. 26. gr.

#### 4. gr.

1. málslíður 1. mgr. 18. gr. orðist svo:

Atvinnuleysisbætur miðast við laun fyrir 8 klst. dagvinnu, eins og þau eru á hverjum tíma, samkvæmt næstlægsta taxa Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og skulu vera sem hér segir:

a-liður 1. málslíður 18. gr. orðist svo:

Til kvænts manns eða giftrar konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis, 80% af áður greindum launum.

#### 5. gr.

Á eftir 25. gr. komi ný grein, sem verði 26. gr., svo hljóðandi, en greinatala laganna breytist samkvæmt því:

Vinnuveitandi, sem gert hefur samkomulag við launþega í fiskvinnu, sem tryggi honum dagvinnukaup fyrir fyrstu þrjá atvinnuleysisdaga í viku hverri frá 27. febrúar 1974 til febrúarloka 1976, fyrstu fjóra atvinnuleysisdaga á tímabilinu 1. mars 1976 til febrúarloka 1978 og fimm atvinnuleysisdaga frá 1. mars 1978, á rétt á endurgreiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði á allt að 60% slíkra launagreiðslna, eftir því, sem nánar greinir í reglugerð, sem ráðherra setur.

Í reglugerð þessa skal setja ýtarleg ákvæði um fni þess samkomulags á milli vinnuveitanda og launþega, sem gert er ráð fyrir í grein þessari. Enn fremur skal

setja ákvæði um rétt vinnuveitanda til endurgreiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sem minnkar úr 60% 1. mars 1979 í 50% og síðan um 10% á ári hverju, uns hún fellur niður með öllu frá og með 1. mars 1984. Svo skal og setja ákvæði í reglugerðina um nánari tilhögun endurgreiðslunnar og annað það, sem varðar framkvæmd laga þessara.

Samkomulag samkvæmt grein þessari skal vera skriflegt og öðlast ekki gildi fyrr en það hefur verið tilkynnt trúnaðarmanni hlutaðeigandi úthlutunarnefndar, sbr. 14. gr., og hann hefur staðfest samninginn með áritun sinni.

#### 6. gr.

Til lánveitinga og styrkja samkvæmt 22.–25. gr. laga þessara er stjórn sjóðsins heimilt að verja allt að 40% af árlegum vaxtatekjum sjóðsins.

#### 7. gr.

Við ákvæði laganna til bráðabirgða bætist ný mgr., svo hljóðandi:  
Nú hafa vinnuveitandi og launþegi gert með sér samkomulag samkvæmt 26. gr., þegar lög þessi öðlast gildi, og skal þá slíkt samkomulag vera gilt, enda fari tilkynning og áritun, sbr. síðustu mgr. 26. gr., fram innan 14 daga frá gildistöku laganna.

#### 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 3. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 20 — 1974

27. mars 1974.

253

Nr. 30.

## L Ö G

um ráðstafanir vegna sameiningar Flugfélags Íslands h.f. og Loftleiða h.f.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Flugfélagi Íslands h.f. og Loftleiðum h.f. skal þrátt fyrir ákvæði 1. ml. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 77/1921, sameiginlega heimilt að stofna hlutafélag, sem tekur við yfirstjórn allra eigna og rekstrar hlutafélaganna.

#### 2. gr.

Hinu nýja hlutafélagi skal heimilt að eiga öll hlutabréf í Flugfélagi Íslands h.f. og Loftleiðum h.f., og skal þess ekki krafist, að stjórnarmenn Flugfélags Íslands h.f. eða Loftleiða h.f. séu hluthafar í þeim félögum.

#### 3. gr.

Ákvæði 2. ml. 2. mgr. 31. gr. laga um hlutafélög, nr. 77/1921, skulu ekki gilda um Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f.

#### 4. gr.

Hið nýja félag, Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f. skulu, að því er varðar álagningu opinberra gjalda, teljast einn skattaðili.

#### 5. gr.

Árin 1974—1980, að báðum árum meðlöldum, skulu hlutabréf í hinu nýja félagi því aðeins teljast eignarskattskyld eign í hendi hluthafa, að arður, sem úthlutað var til greiðslu á skattárinu, hafi numið 3% eða meiru.

#### 6. gr.

Tímatakmörkun sú á heimild til úthlutunar jöfnunarhlutabréfa, sem ákveðin er með IV. lið ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 4. tl. 22. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á þeim lögum, skal ekki taka til úthlutunar hlutabréfa vegna hlutabréfaskipta í tengslum við aðild Flugfélags Íslands h.f. og Loftleiða h.f. að hinu nýja sameiginlega félagi.

#### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. mars 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Björn Jónsson.*

## L Ö G

### um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Ríkið ábyrgist samkvæmt lögum þessum greiðslu á launakröfum á hendur vinnuveitanda, sem úrskurðaður hefur verið gjaldþrota.

#### 2. gr.

Ábyrgðin tekur til þeirra vinnulauna, sem forgangsréttur fylgir samkvæmt lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. Sama gildir um bætur vegna riftunar eða uppsagnar á vinnusamningi svo og orlofsgreiðslur.

Hafi launþegi krafist gjaldþrotaskipta vegna vanskila á greiðslum þeim, sem um ræðir í 1. málsgrein þessarar greinar, tekur ábyrgðin til alls nauðsynlegs kostnaðar, sem honum er skylt að greiða í því sambandi.

Launþegi, sem hlut á í fyrirtæki, sem hann vinnur hjá, getur þó ekki fengið greiðslu úr ríkissjóði á launum hjá því fyrirtæki samkvæmt lögum þessum. Sama á við um forstjóra fyrirtækis, þótt hann eigi ekki hlut í því, svo og þá, sem setið hafa í stjórn gjaldþrotafélags, eftir að fjárhag þess tók verulega að halla.

Ráðherra getur þó ákveðið með reglugerð, að 3. mgr. greinar þessarar taki ekki til þeirra, sem eiga aðeins óverulegan tiltekinn hlut í hlutafélagi eða fyrirtæki og fara ekki með umboð annarra hluthafa.

Greiðsla samkvæmt grein þessari til hvers launþega getur í hæsta lagi numið þreföldum lágmarkstekjum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 96 27. des. 1971.

#### 3. gr.

Ábyrgðin tekur einungis til kröfu, sem lýst hefur verið lögformlega við gjaldþrotaskipti. Þetta gildir þó ekki um bú, sem reynast eignalaus og innköllun því ekki gefin út. Krafa um ábyrgð vegna ógreiddra vinnulauna í slíkum búum skal gerð eigi síðar en ári eftir að skiptameðferð lýkur. Í þessum tilvikum skal réttmæti launakröfu sannað með þeim hætti, sem ráðuneytið metur gildan.

#### 4. gr.

Félagsmálaráðuneytið innir af hendi greiðslur þær, sem ríkissjóði ber að greiða samkvæmt lögum þessum. Þegar greiðsla er innt af hendi samkvæmt reglum þessara laga, skal halda eftir því, sem skylt er, á sama hátt og við útborgun launa hjá vinnuveitanda.

Ráðuneytið má eigi inna af hendi greiðslu fyrr en úrskurður um gjaldþrotaskipti hefur gengið og eigi heldur fyrr en krafa launþega er komin í gjalddaga. Greiðslu á kröfu til launa í uppsagnarfresti má inna af hendi mánaðarlega eftir á, uns hún er að fullu greidd. Gagnkröfur, sem til greina ber að taka við launagreiðslur samkvæmt lögum, skulu dregnar frá greiðslum samkvæmt lögum þessum.

#### 5. gr.

Kröfur á hendur ríkissjóði um greiðslu á launum samkvæmt lögum þessum ber að senda félagsmálaráðuneytinu innan árs frá lokum innköllunarfrests í þrotabúinu, sbr. þó 3. gr.

**6. gr.**

Kröfu, sbr. 5. gr., skulu fylgja upplýsingar skiptaráðanda um þau atriði, sem varða réttmæti kröfu og skilyrði þau, sem sett eru í lögum þessum fyrir því, að greiða beri kröfuna úr ríkissjóði.

**7. gr.**

Ráðuneytið annast greiðslu þeirra krafna, sem því berast, sbr. 5. gr., og fullnægja skilyrðum laganna um greiðsluskyldu innan fjögurra vikna frá því að krafan barst ráðuneytinu.

Nú telur ráðuneytið vafa leika á réttmæti kröfu, og getur það þá krafist þess, að kröfuhafi láti því í lé úrskurð skiptaréttar um réttmæti hennar.

**8. gr.**

Ríkissjóður á rétt til endurgreiðslu úr þrotabúi skuldara á þeim fjárhæðum, sem það hefur innt af hendi samkvæmt lögum þessum, að svo miklu leyti sem eignir búans hrökkva til samkvæmt úthlutun skiptaráðanda. Endurkrafa ríkissjóðs nýtur sama forgangsréttar í þrotabúinu sem sú krafa, er hann leysti til sín. Fyrnist sá réttur ekki, meðan endurkrafan er ófyrnd.

Ráðuneytið tilkynnir skiptaráðanda um greiðslur, sem það hefur innt af hendi samkvæmt lögum þessum.

**9. gr.**

Nú framselur launþegi kröfu, sem um ræðir í 2. gr., og glatast þá réttur til greiðslu úr ríkissjóði, nema krafan hafi verið framseld hlutaðeigandi samtökum atvinnurekenda eða launþega, eftir að úrskurður um gjaldþrot var kveðinn upp.

**10. gr.**

Hafi launþegi gefið rangar upplýsingar eða þagað um atriði, sem máli skipta í sambandi við greiðslu úr ríkissjóði, ber launþega að endurgreiða það, sem hann hefur ranglega fengið.

Sé um viltavert athæfi að ræða, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

**11. gr.**

Opinber stjórnvöld, vinnuveitendur og stéttarfélag skulu eftir beiðni ráðuneytisins veita upplýsingar, sem þýðingu hafa við ákvörðun um greiðslu samkvæmt lögnum.

**12. gr.**

Ráðherra getur sett reglugerð um nánari ákvæði varðandi framkvæmd laga þessara.

**13. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. mars 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

**(L. S.)**

*Björn Jónsson.*



## L Ö G

## um breyting á lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Undirfyrirsagnir I. og II. í 8. kapitula B. falli niður.

## 2. gr.

82. gr. orðist þannig:

Á undan öllum öðrum skuldum búsins ganga, sbr. þó 83. gr. 3. mgr.:

1. Úttararkostnaður hins framliðna eftir reikningi, sem skiptaráðandi úrskurðar.
2. Skiptakostnaður, þó ekki skiptagjöld í rikissjóð.
3. Kröfur stofnaðar eftir upphaf skipta með löglegum samningum, sem skiptaráðandi eða aðrir umráðamenn búsins gera fyrir þess hönd.

## 3. gr.

83. gr. orðist þannig:

Næstar kröfum skv. 82. gr. ganga veðtryggðar kröfur og kröfur tryggðar með öðrum tryggingarréttindum í búinu.

Fjármuni í búinu, sem aðrir eiga tryggingarréttindi í, skal selja á löglegan hátt eftir ráðstöfun skiptaráðanda og greiða réttihafa af andvirði eignarinnar, að frádrægnum kröfum skv. 3. mgr. þessarar greinar, en afgangurinn rennur saman við aðrar eignir í búinu. Um forgang einstakra réttihafa fer að lögum, en kröfur tryggðar með sjálfsvörsluveði í lausafé og almennu lögveði koma í kröfuröð eftir þinglýsingarreglum með sama hætti og aðrar veðkröfur, sem þær reglur skipa í röð. Óþinglýstar kröfur tryggðar með almennu lögveði ganga á eftir öðrum kröfum eftir þessari grein.

Kröfur skv. 82. gr. 2. og 3. liðum ganga fyrir kröfum skv. þessari grein að því leyti, sem þær að öllu eða nokkru snerta hin óbeinu eignarréttindi.

## 4. gr.

84. gr. orðist þannig:

Næstar kröfum skv. 82. og 83. gr. ganga að réttu tillölu við fjárhæð hvernar kröfu:

1. Kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu hins látna, sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 6 mánuðum fyrir andlátíð.
2. Bótakröfur vegna slita á vinnusamningi eftir upphaf skipta eða á síðustu 6 mánuðum fyrir upphaf skipta.
3. Kröfur til orlofsfjár vegna launa, sem unnið hefur verið fyrir á orlofsárinu fyrir upphaf skipta og á yfirstandandi orlofsári.
4. Gjöld til lífeyrissjóða, sjúkrasjóða og annarra slíkra styrktarsjóða, sem vinnuveitendun ber að greiða skv. kjarasamningum eða lögum og reiknuð eru sem hlutfallstala af kaupi launþega, fyrir sama tíma og í 1. tl. greinir.
5. Kröfur skv. 1.—4. tl. frá fyrri tíma en þar greinir, ef mál hefur verið höfðað til heimtu þeirra innan 6 mánaða frá gjalddaga og dómur gengur á síðustu tveimur mánuðum fyrir upphaf skipta eða síðar.

6. Kröfur í bú þeirra, sem hafa sem opinberir sýslunarmenn með sjálfstæða félagæslu fengið í sínar vörslur fé annarra, enda sé um kröfu til slíks fjár að ræða.

7. Kröfur maka, fyrrverandi maka og barna til lífeyris og meðlags síðasta árið fyrir upphaf skipta, enda séu greiðslur þessar ákveðnar með yfirvaldsúrskurði, þar á meðal staðfestum skilnaðarsamningi, þær fái ekki greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins og séu ekki ósanngjarnar miðað við aðstæður, þegar þær voru ákveðnar.

8. Sanngjörn þóknun eftir úrskurði skiptaráðanda fyrir störf unnin síðasta árið fyrir upphaf skipta vegna tilrauna til nauðasamninga eða frjálsra samninga, sem líklegir voru til að koma nýrri skipan á fjármál hins látna, svo og annar nauðsynlegur kostnaður við slíkar tilraunir.

### 5. gr.

85. gr. orðist þannig:

Þegar lokið er öllum skuldum skv. 82.—84. gr., skal verja því, sem eftir er af fé búsins, til að greiða allar aðrar skuldir þess að rétttri tiltölu við upphæð hvernar skuldar, sbr. þó 86. gr.

### 6. gr.

86. gr. orðist þannig:

Þegar lokið er öllum skuldum skv. 82.—85. gr., skal greiða í neðantalinni röð:

1. Kröfur um vexti, sem á hafa fallið eftir upphaf skipta, nema vexti af kröfum skv. 82. gr.

2. Kröfur um refsingar eða refsikennd viðurlög, þ. á m. skattsektir, ef slíkar kröfur verða heimtar úr búinu, svo og kröfur um féviti einkaréttarlegs eðlis, nema í þeim mæli, sem í þeim felast skaðabætur.

3. Gjafakröfur.

### 7. gr.

87. gr. orðist þannig:

Við framsal eða önnur aðilaskipti að kröfu fylgja réttindi í búinu skv. 82.—86. gr., nema um sé að ræða kröfu skv. 84. gr. 6. tölul., sem opinber aðili hefur eignast. Nú greiðir samskuldari bús kröfu, og fer þá um framkröfu hans á hendur búinu með sama hætti og kröfuna, sem greidd var, en þó rýrir það ekki sjálfstæð tryggingaréttindi, sem samskuldari á.

### 8. gr.

88. og 89. gr. falli niður.

### 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 10. apríl 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um  
Húsnæðismálastofnun ríkisins.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, skulu geta notið lána samkvæmt H. kafla þessara laga eða samkvæmt lögum um Stofnlána-deild landbúnaðarins.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 10. apríl 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Björn Jónsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 10 25. jan. 1952, um  
heimilishjálp í viðlögum.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir 1. málsg. 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þá má samkv. lögum þessum starfrækja heimilishjálp handa öldruðu fólki svo og vegna veikinda barna eða fullorðinna, ef þeir, sem veita heimilinu forstöðu, eru bundnir af atvinnu utan heimilisins, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 58 28. apríl 1963.

*Gjört að Bessastöðum, 10. apríl 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Björn Jónsson.*

## L Ö G

## um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1971.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1971 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum í þús. kr.:

G j ö l d :	Áætlun:	Reikningur:
00 Æðsta stjórn ríkisins .....	80 787	115 889
01 Forsælisráðuneytið .....	25 530	33 031
02 Menntamálaráðuneytið .....	2 018 677	2 363 882
03 Utanríkisráðuneytið .....	153 393	226 351
04 Landbúnaðarráðuneytið .....	668 056	841 114
05 Sjávarútvegsráðuneytið .....	252 758	293 052
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið .....	536 426	654 460
07 Félagsmálaráðuneytið .....	639 678	605 503
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið .....	3 529 273	3 991 961
09 Fjármálaráðuneytið .....	548 745	646 145
10 Samgönguráðuneytið .....	1 154 912	1 798 823
11 Iðnaðarráðuneytið .....	242 121	266 042
12 Viðskiptaráðuneytið .....	1 146 283	1 663 320
13 Hagstofa Íslands .....	13 185	18 791
14 Ríkisendurskoðun .....	13 449	15 530
Mismunur .....	511 433	
	<hr/>	
	Samtals 11 534 706	13 533 894
T e k j u r :	Áætlun:	Reikningur:
11 Skattar .....	11 392 236	13 087 554
12 Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign fluttar úr B-bluta ríkisreiknings .....	62 420	63 383
13 Ýmsar tekjur .....	80 050	107 275
Mismunur .....		275 682
	<hr/>	
	Samtals 11 534 706	13 533 894

*Gjört að Bessastöðum, 10. apríl 1974.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

**Halldór E. Sigurðsson.**

## L Ö G

### um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

##### 1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun Mývatns- og Laxársvæðisins í Suður-Þingeyjarsýslu.

##### 2. gr.

Ákvæði laganna taka til Skútustaðahrepps og Laxár með hólum og kvílum allt að ósi árinna við Skjálfaða, ásamt 200 metra breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin.

##### 3. gr.

Á landssvæði því, er um getur í 2. gr., er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt, nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.

Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna eru einnig óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs.

Heimilur skulu þó framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, nema spjöllum valdi á náttúruverðmætum að dómi Náttúruverndarráðs.

Þá eru heimilur, án sérstaks leyfis Náttúruverndarráðs, byggingar samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi Náttúruverndarráð fallist á skipulagsáætlun þá, sem um er að ræða.

##### 4. gr.

Reisa skal og reka náttúruverndarráðs við Mývatn. Menntamálaráðuneytið skipar stjórn stöðvarinnar samkvæmt tilnefningum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, hreppsnefndar Skútustaðahrepps og Landeigendafélags Laxár og Mývatns og Náttúruverndarráðs, og skal fulltrúi ráðsins vera formaður stjórnarinnar.

Stjórn stöðvarinnar sér um framkvæmdir og rekstur. Hún er stjórnvöldum til ráðuneytis um allt það, er lýtur að framkvæmd laga þessara. Í reglugerð, er menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs, skal nánar kveðið á um starfshætti stjórnarinnar og starfsemi stöðvarinnar, m. a. um samstarf við heimamenn og aðstöðu til námskeiðahalds fyrir háskólanema í náttúrufræðum.

##### 5. gr.

Menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum heilbrigðisráðuneytisins og Náttúruverndarráðs, reglugerð um varnir gegn hvers konar mengun svæðis þess, er löggin taka til, og skal þar m. a. kveðið á um sérstakar mengunarvarnir Kísilíðjunnar við Mývatn. Í reglugerðinni skal enn fremur kveðið á um verndun lífríkis á svæðinu og skynsamlega nýtingu þess, svo sem um takmörkun á aðgangi ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu.

##### 6. gr.

Náttúruverndarráð getur, að fengnum tillögum stjórnar rannsóknastöðvarinnar, ráðið starfsmann til eftirlits með framkvæmd laga þessara og reglugerða, er settar verða samkvæmt þeim.

## 7. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

## 8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi. Sektir renni í ríkissjóð.

Þeita má dagsektum, er renna í ríkissjóð, allt að 2000 krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum, sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, eða láta af atferli, sem er ólögmaett.

## 9. gr.

Að öðru leyti fer um verndun Laxár- og Mývatussvæðisins eftir reglum í lögum um náttúruvernd.

## 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 2. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*

**L Ö G****um lántökuheimildir erlendis.****FÖRSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 569 millj. kr., sem verja skal sem hér segir:

- a) til framkvæmda í raforkumálum 149 millj. kr.
- b) til orkurannsóknna 127 millj. kr.
- c) til flutningslínu raforku um Suður-, Vestur- og Norðurland 100 millj. kr.
- d) til Laxárvirkjunar 100 millj. kr.
- e) til landshafna 18 millj. kr.
- f) til Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar í Fljótaá 75 millj. kr.

**2. gr.**

Heimilt er að ábyrgjast tækjakaupalán vegna Rafmagnsveitna ríkisins að jafnvirði allt að 90 millj. kr. vegna kaupa á þrýstivatnspípu og vélbúnaði til Mjólkár-  
virkjunar.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 8. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 22 23. apríl 1968, um gjaldmiðil Íslands.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

8. gr. laganna orðist svo:

Að tillögu Seðlabanka Íslands er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð, að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu. Skal lægri fjárhæð en fimmtíu aorum sleppt, en fimmtíu aurar eða hærri fjárhæð hækkuð í eina krónu.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

**AUGLÝSING**

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 8. maí 1974 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

**1. gr.**

44. gr. orðist svo:

**Kennsla í lyfjafræði lyfsala.**

*a. Inntökuskilyrði.*

Þeir stúdentar, sem lokið hafa fullnaðarprófi við stærðfræði-, eðlisfræði- eða náttúrufræðideild í íslenskum skóla, sem hefur heimild til þess að brautskrá stúdenta, hafa aðgang að námi í lyfjafræði lyfsala. Deildin getur þó sett lágmarkseinkunnir í einstökum greinum sem skilyrði inntöku. Enn fremur getur deildin takmarkað fjölda stúdenta, sem veittur er aðgangur að deildinni hverju sinni.

*b. Kennslugreinar og kennsluhættir.*

**1. Námstími og kennsluhættir.**

Nám í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands miðast við þrjú kennsluár (6 misseri). Próf eru að jafnaði haldin í lok hvers námskeiðs.

## 2. Kennslugreinar.

**Á 1. misseri skal kenna:** Lyfjagerðarfræði, bóklega og verklega, almenna efnafræði I, bóklega og verklega, efnagreiningu I, bóklega og verklega.

**Á 2. misseri skal kenna:** Lyfjagerðarfræði, bóklega og verklega, lífræna efnafræði og lífefnafræði I, bóklega og verklega, lyfjalöggjöf, verðlagningu lyfa, latínu.

Að loknu 2. misseri skal stúdent vistaður til verklegs náms í lyfjabúð eða öðrum námsdvalarstað í samráði við aðalkennara í lyfjafræði lyfsala. Stúdent skal slunda hið verklega nám frá 15. júní til 1. október og aftur frá 1. júní til 15. ágúst næsta ár á eftir. Stúdent getur þurft að leysa verklegt nám af hendi á fleirum en einum stað í samráði við og með samþykki aðalkennara (prófessors).

**Á 3. misseri skal kenna:** Lyfjagerðarfræði, bóklega og verklega, sérhæfða lyfjafræði, lífræna efnafræði, bóklega og verklega, lyflýsingafræði, grasafæði.

**Á 4. misseri skal kenna:** Stærðfræði, tölfræði, gagnafæði, eðlisfræði, lyflýsingafræði, grasafæði, lífræna efnafræði, bóklega og verklega.

**Á 5. misseri skal kenna:** Lyfjaefnafræði, rekstrarfræði lyfjabúða, lífefnafræði, bóklega og verklega, efnagreiningartækni, verklega.

**Á 6. misseri skal kenna:** Lyfjaefnafræði, rekstrarfræði lyfjabúða, lífefnafræði, bóklega og verklega, efnagreiningartækni, bóklega og verklega.

### *c. Verklegt nám.*

Við verklegt nám utan Háskólans skal stúdent starfa sem hér segir: Í lyfjabúri og við galenska lyfjagerð, rannsóknastofustörf, færslu eftirritunarbókar, innkaupa-spjaldskrár o. fl. í samtals 4 mánuði. Við afgreiðsluáfyllingar- og birgðastörf í samtals 2 mánuði.

Á verknámstíma sínum utan Háskólans skal stúdent færa dagbók. Stúdent skal skila dagbók í síðasta lagi einni viku áður en verklegri námsdvöl lýkur (15. ágúst). Heimilt er að vika frá þessum skilafresti ef nauðsyn krefur og með samþykki aðalkennara.

## 2. gr.

45. gr. orðist svo:

### **Próf í lyfjafræði lyfsala.**

#### *a. Prófgreinar og tilhögun prófs.*

Prófgreinar í lyfjafræði lyfsala og gildi einkunna í hverri grein eru sem hér segir:

#### **Próf í lok 1. misseris:**

**Skriflegt:** Almenn efnafræði I og efnagreining I: einföld einkunn.

**Verklegt:** Almenn efnafræði I og efnagreining I: einföld einkunn.

#### **Próf í lok 2. misseris:**

**Skriflegt:** Lyfjagerðarfræði: tvöföld einkunn, lífræn efnafræði og lífefnafræði I: einföld einkunn.

**Verklegt:** Galensk lyfjagerð: tvöföld einkunn, lífræn efnafræði og lífefnafræði I: einföld einkunn.

#### **Próf í lok 3. misseris:**

**Skriflegt:** Lyfjagerðarfræði: einföld einkunn, sérhæfð lyfjafræði: einföld einkunn.

**Verklegt:** Galensk lyfjagerð: einföld einkunn.



**Próf í lok 4. misseris:**

**Skriflegt:** Lyflýsingafræði: einföld einkunn, grasfræði: einföld einkunn, lífræn efnafræði: einföld einkunn. Í stærðfræði, tölfræði, gagnafræði og eðlisfræði skulu greinakennarar gefa út skriflega viðurkenningu um, að stúdent hafi náð tilskilinni leikni.

**Verklegt:** Lífræn efnafræði: einföld einkunn.

**Próf í námunda við 15. ágúst: (fyrri hluta próf):**

**Skriflegt:** Lyfjalöggjöf, verðlagning lyfja og latína: einföld einkunn.

**Verklegt:** Plöntugreining. Greinarkennari skal gefa út skriflega viðurkenningu um, að stúdent hafi náð tilskilinni leikni.

**Próf í lok 5. misseris:**

Efnagreiningartækni, verkleg: einföld einkunn.

**Próf í lok 6. misseris (aðstoðarlyfjafraedingspróf):**

**Skrifleg:** Lyfjaefnafræði: tvöföld einkunn, rekstrarfræði lyfjabúða: einföld einkunn, lífefnafræði: tvöföld einkunn.

**Verklegt:** Lífefnafræði: einföld einkunn, efnagreiningartækni, bókleg og verkleg: einföld einkunn.

Áður en stúdent segir sig til prófs í lok 2. kennslumisseris, skal hann leggja fram vottorð frá kennurum um, að hann hafi sýnt viðhlítandi ástundun við námið og lokið tillúningi eigi færri en 15 galenskra samsetninga, sem greindar eru á verkefnalista þeim, sem afhentur er í upphafi 1. misseris. Þá er stúdent segir sig til annarra prófa, skal hann hafa staðist próf í lok 2. misseris og öll undangengin próf og leggja fram vottorð frá kennurum um, að hann hafi sýnt viðhlítandi ástundun við námið.

Einkunn í verklegri galenskri lyfjagerð skal miða að hálfu við skýrslur stúdenta yfir námstímann og að hálfu við frammistöðu á prófinu sjálfu.

Nú stenst stúdent eigi eitthvert próf og er honum þá heimilt að þreyta það aftur eftir þeim prófreglum, er gilda fyrir hverja grein.

Ekkert próf má þreyta oftari en tvisvar, sbr. þó 61. gr. 1. mgr. i. f., og aðstoðarlyfjafraedingsprófi skal lokið eigi síðar en sex árum eftir að stúdent var skráður í deildina. Undanþágu má þó veita frá greindu tímamarki, ef stúdent hefur verið veikur, enda sé það staðfest af lækni Háskólans.

Ekki er Háskólanum skylt að annast kennslu á 3. námsári, nema 3 stúdentar hið fæsta skrái sig til náms.

*b. Einkunnastigi og ákvæði um lágmarkseinkunn.*

Við ákvörðun á einkunn skal nota tug einkunnakerfi, sbr. 57. gr. C, um próf í verkfræði- og raunvísindadeild. Við einkunnagjöf skal jafnframt stuðst við úrlausnir æfingaverkefna, sem stúdent hefur leyst á námstímanum. Einkunnir skriflegra prófa skulu gefnar í heilum og hálfum tölum, en einkunnir verklegra prófa í heilum tölum.

Til þess að standast próf verður stúdent að hafa fengið a. m. k. 6.0 í hverri af þessum greinum: galenskri lyfjagerð og efnagreiningartækni og ekki minna en a. m. k. 6.0 að meðaltali á hverju námsári fyrir sig.

**3. gr.**

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 13. maí 1974.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

**AUGLÝSING****um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, fór í dag til Danmerkur.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 17. maí 1974.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

21. maí 1974.

Nr. 41.

**AUGLÝSING****um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Í forsætisráðuneytinu, 21. maí 1974.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

11. mars 1974.

Nr. 42.

**L Ö G****um breyting á skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Aftan við 35. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Auk skipulagsgjalds, sem um ræðir í 1. mgr., skal árlega greiða úr ríkissjóði til framkvæmdar skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975.

*Gjört í Reykjavík, 11. mars 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Björn Jónsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
**þykki mínu:**

**1. gr.**

Síðasta málsgrein 9. gr. orðist þannig:

Ráðherra setur reglur um framkvæmd eftirlits þessa og nauðsynlegar ráðstaf-  
anir til þess að stöðva sölu á mjólk, sem vegna sjúkdóma eða óþrifnaðar gæli talist  
varasöm fyrir heilbrigði neytenda. Ákvörðun héraðsdýralæknis um sölustöðvun er  
heimilt að áfrýja þegar í stað til yfirdýralæknis, sem fellir fullnaðarúrskurð.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 85 21. des. 1971, um breyting á lögum nr. 30  
28. ágúst 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturfurðum.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
**þykki mínu:**

**1. gr.**

Síðari efnismálsg. 1. gr. laganna orðist þannig:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í  
senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerði, að löggilding geti farið fram  
á þeim, ef yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og  
meðferð sláturfurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita  
nema til ársloka 1976.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 10. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega  
verndun fiskimiða landgrunnsins.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Á eftir orðunum „innan endimarkna landgrunnsins“ í 1. málslíð 1. málsgreinar 1. gr. laganna komi orðin: eða á hafsvæði allt að 200 sjómílum utan við grunnlínu.

**2. gr.**

3. gr. laganna orðist svo:

Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, með síðari breytingum, laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 10 000.00 til kr. 1 000 000.00.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

**L Ö G**

um stofnun undirbúningsfélags fiskkassaverksmiðju.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, sem hafi það að markmiði að kanna hagkvæmni og aðstæður til að koma á fót og reka verksmiðju til að framleiða fiskkassa, flutningspalla og aðrar sambærilegar vörur úr plasti, og stuðla að því, að slíkt fyrirtæki verði stofnað.

**2. gr.**

Til aðildar að stofnun og starfrækslu hlutafélags skv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, innlenda, sem áhuga hafa á málinu.

## 3. gr.

Stjórn hlutafélagsins skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara kosnum af hluthöfum.

Leggi ríkissjóður fram hlutafé í félagið, sem nemur fjórðungi til helmings þess, skipar ráðherra einn mann í stjórn, og leggi ríkissjóður fram meira en helming hlutafjár, skipar ráðherra tvo menn í stjórn. Á sama hátt fer um varamenn.

## 4. gr.

Hlutafélagið skal taka við þeim athugunum, sem iðnaðarráðuneytið hefur látið gera um hagkvæmni í notkun fiskkassa og á starfsgrundvelli verksmiðju til framleiðslu á fiskkössum, og halda þeim athugunum áfram. Verði niðurstaða þessara athugana jákvæð, er félaginu heimilt að gera hvers konar ráðstafanir til undirbúnings því, að hefjast megi handa um byggingu og rekstur verksmiðjunnar.

Stefnt skal að því að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur þeim aðila eða aðilum, sem takast verkefnið á hendur, þannig að félagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgreiddan.

## 5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi, sem um ræðir hér að framan, að leggja fram 10 millj. kr. sem hlutafé í félagi skv. 1. gr. eða til greiðslu á kostnaði þess, af fé ríkissjóðs eða lánsfé, sem henni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.

## 6. gr.

Íslenska ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs skv. 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélags skv. 1. gr., án tillits til ákvæða 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum sömu málsgreinar. Sama máli gegnir um fjölda hluthafa þess, sbr. 38. gr. hlutafélagalaganna.

Stjórnendur þurfa ekki að eiga hlut í félaginu. Fulltrúar af hálfu ríkisins skulu skipaðir af ráðherra.

Hlutabréf í félaginu skulu skráð á nafn. Ákvæði 2. töluliðs 2. mgr. 31. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög, skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félaginu.

## 7. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er varða eignarhlutdeild ríkisins í hlutafélagi skv. 1. gr. og aðild að starfsemi þess.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

## L Ö G

### um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Tilgangur laga þessara er að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis með ráðstöfun á tekjum af 1% gjaldi, sem lagt er á söluskattsstofn með lögum nr. 5 28. febr. 1974, um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana.

#### 2. gr.

Tekjum af gjaldi því, sem um ræðir í 1. gr., skal varið:

- a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og greiðist sama upphæð á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun. Þó skulu lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, fá greiddan styrk, sem nemur  $1\frac{1}{2}$  styrk einstaklings. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.
- b) Til að veita styrk til rafveitna að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu.

#### 3. gr.

Tekjum af gjaldi því, sem innheimt er samkvæmt lögum nr. 5/1974, skal úthlutað fyrir milligöngu bæjar- og sveitarfélaga í samræmi við ákvæði 2. gr., svo sem nánar er ákveðið í reglugerð. Sveitarstjórnir skulu gera viðskiptaráðuneytinu grein fyrir fjölda þeirra íbúa í viðkomandi sveitarfélagi, sem búa við olíuupphitun.

#### 4. gr.

Viðskiptaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

**L Ö G****um happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkissjóður gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 80 milljónir króna. Happdrættisskuldabréfin skulu gefin út fyrir 15. maí 1974.

**2. gr.**

Happdrættisskuldabréfin, sem eru gefin út til handhafa og hvert að fjárhæð a. m. k. 1000 krónur, falla í gjalddaga að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

**3. gr.**

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda endurgreiðslu höfuðstóls vísitölu.

**4. gr.**

Af skuldabréfunum eru ekki greiddir vextir, en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera, sbr. 6. gr.

**5. gr.**

Skuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu og eignarsköttum, en vinningar, svo og verðbætur, undanþegin tekjuskatti og tekjuútsvari.

**6. gr.**

Árleg fjárhæð vinninga skal nema 7% af heildarfjárhæð skuldabréfanna, og ber að draga um þá einu sinni á ári. Fjármálaráðuneytið ákveður tölu vinninga, fjárhæð þeirra hvers um sig og útdráttardag.

Á happdrættisskuldabréfunum skal tilgreindur útdráttardagur.

**7. gr.**

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf samkvæmt lögum þessum.

**8. gr.**

Fjármunir þeir, sem inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til greiðslu kostnaðar við að ljúka Djúpvegi og opna þannig hringveg um Vestfirði.

Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluverði skuldabréfanna.

**9. gr.**

Fjármálaráðherra setur reglugerð um lánið með nánari reglum um lánskjör og önnur atriði, er varða framkvæmd laga þessara.

**10. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

## L Ö G

## um lífeyrissjóð sjómanna.

## FÖRSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Sjóðurinn nefnist Lífeyrissjóður sjómanna og starfar með því skipulagi og markmiði, sem segir í lögum þessum. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

## 2. gr.

Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenska togara, íslensk farskip, sem notuð eru til farþegaflutninga eða vöruflutninga, og á íslensk varðskip. Þó skulu yfirmenn á farskipum skipafélaga, sem við gildistöku laga þessara hafa yfirmenn tryggð á lífeyrissjóðum, er þau eru aðilar að, tryggðir í þeim sjóðum. Yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna skulu tryggðir í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Sjóðfélagar eru enn fremur þeir sjómenn og beitingamenn, sem lögskráðir eru á íslensk vélskip 12 lesta eða stærri, er stunda veiðar með línu, netum, botnvörpu, dragnót, humarvörpu, þorskveiðar með hringnót, lúðuveiðar með línu, sild- og loðnuveiðar, svo og aðrar veiðar, ef í samningum milli félaga sjómanna og útvegsmanna eru ákvæði um lífeyrissjóðsréttindi frá 1. janúar 1970 eða síðar. Sama gildir, ef slík skip eru notuð til flutninga innanlands, flutninga á ísvörðum fiski eða verið er að flytja þau milli landa eða milli staða innanlands. Þá skulu sjómenn, sem þessi málsgrein tekur til og lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, vera utan við sjóðinn, ef ráðherra hefur fyrir gildistöku laga þessara veitt þeim undanþágu frá þátttöku, sbr. 2. málsg. 3. gr. laga nr. 78 1970. Um sjóði þá, er þessir sjómenn eiga aðild að, skulu gilda öll ákvæði þessara laga, sem við geta átt og varða skyldur launagreiðenda til að halda eftir af launum vegna iðgjaldagreiðslu og um innheimturétt, lögveð í skipum svo og önnur atriði, sem tryggja rétt lífeyrissjóðs samkvæmt þessum lögum.

Sjóðfélögum, sem hætta störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi þátttaka, ef þeir hefja störf í landi við útgerð eða hliðstæð störf, svo sem við fiskvinnslustöðvar eða frystihús, enda hafi þeir greitt iðgjöld til sjóðsins a. m. k. 5 almanaksár og áunnið sér a. m. k. 3 stig, sbr. 11. gr. Heimilt er stjórn sjóðsins að láta sjómennsku fyrir gildistöku laga þessara jafngilda iðgjaldagreiðslu í þessu sambandi. Enn fremur er stjórninni heimilt með sömu skilyrðum að leyfa sjóðfélaga að halda áfram þátttöku, ef hann tekur upp annað starf, er veitir honum ekki aðild að lífeyrissjóði.

Þeir, sem lögskráðir eru á íslensk skip og eiga ekki aðild að lífeyrissjóði samkvæmt 1. eða 2. mgr., eiga rétt á að vera teknir í tölu sjóðfélaga, óski þeir eftir því. Enn fremur er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja starfsmenn sína í honum. Sömuleiðis er stjórninni heimilt að leyfa útgerð að tryggja skipverja sína, þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir starfa við skip hennar, sem er í viðgerð eða flokkunarviðgerð, eða að öðrum störfum í þágu útgerðar, og skylt er að tryggja slíka menn áfram hjá sjóðnum, meðan þeir taka laun samkvæmt kjarasamningi sínum sem sjómenn.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma, sem úr hefur fallið af þessum sökum.

Ellli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.



**3. gr.**

Réttindi þau, er sjóðfélagar öðlast með lögum þessum, skulu í engu rýra rétt þeirra til elli-, örorku- eða barnalífeyris, slysa- eða dánarbóta samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

**4. gr.**

Í stjórn sjóðsins eiga sæti 7 menn tilnefndir af: Hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Sömu aðilar skipa hver um sig einn varamann í stjórnina.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

**5. gr.**

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

**6. gr.**

Stjórn sjóðsins skal fylgjast vandlega með fjárhag, rekstri og starfsemi sjóðsins og gæta þess, að hann starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

**7. gr.**

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum og skuldabréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum tryggðum með 1. veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum tryggilegum hætti.

Við lánveitingar til íbúðarbygginga skulu sjóðfélagar sitja fyrir. Lán úr sjóðnum skulu í engu skerða rétt sjóðfélaga til veðlána samkvæmt lögum nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Fé sjóðsins, sem ekki er ráðstafað í föstum lánnum eða verðbréfum, skal ávaxtað eftir því, sem við verður komið, í tryggum lánastofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til.

**8. gr.**

Fimmta hvert ár skal stjórn sjóðsins fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins. Hann skal semja skýrslu um athugun sína og gera upp efnahagsreikning á grundvelli útreikninganna. Telji stjórnin tilefni til, skal hún láta slíka athugun fara fram, áður en 5 ár eru liðin frá næsta uppgjöri á undan.

Tryggingafræðingurinn skal athuga sérstaklega, hvort hann telur sjóðinn þess megnugan að greiða uppþætur á elli-, örorku- og makalífeyri, sbr. 16. gr. Skal hann gera tillögur um, að hve miklu leyti kaupgjaldshækkanir á næsta 5 ára tímabili skuli hafa áhrif á lífeyrisgreiðslur, og hafa í því efni hliðsjón af niðurstöðu athugana sinna á fjárhag sjóðsins ásamt heildarútgjöldum hans til þeirra tegunda lífeyris, er að ofan greinir.

Telji tryggingafræðingurinn, með hliðsjón af kaupgjaldspróun og öðrum atriðum, sem máli skipta, rannsókn sína leiða í ljós, að fjárhagur sjóðsins sé svo ótryggur, að við svo búíð megi ekki standa, skal hann gera tillögur til sjóðstjórnar um aðgerðir til eflingar sjóðnum.

**9. gr.**

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

**10. gr.**

Iðgjöld til sjóðsins skulu nema 10% af gjaldskyldum launum, sbr. 2.—4. málsg. og greiðir sjóðfélagi 4%, en launagreiðandi 6%.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga á skipum, sem 2. málsg. 2. gr. tekur til, skulu reiknast af launum eftir því, sem kveðið er á um í kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarféлага á hverjum tíma.

Stjórn sjóðsins ákveður, hver skuli teljast gjaldskyld laun þeirra sjóðfélaga, sem heimild hafa til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. málsg. 2. gr.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga, annarrá en þeirra, sem nefndir eru í 2. og 3. málsg., skulu reiknuð af heildarlaunum, sem sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda.

Launagreiðendur skulu halda iðgjöldum sjóðfélaga eftir af launum þeirra og greiða þau ásamt sínum iðgjaldahluta beint til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna. Ef kauptryggingartímabil eru tilgreind í kjarasamningi, skulu skil til sjóðsins eiga sér stað innan 30 daga frá lokum hvers slíks tímabils. Heimilt er sjóðstjórn að innheimta frá gjalddaga vexti af iðgjöldum, sem ekki er skilað innan 30 daga frá því, er þau féllu í gjalddaga.

Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar, skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip, ef krafa kemur fram um það af hálfu sjóðstjórnar. Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum.

Iðgjöld þeirra, sem veitt er heimild til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. málsg. 2. gr., skulu greidd mánaðarlega eftir á, nema sjóðstjórn ákveði annað. Telst gjalddagi 1. næsta mánaðar, og gilda ákvæði 5. málsg. um vexti, ef vanskil verða. Nú hafa slík iðgjöld ekki borist í 6 mánuði, og telst þá hlutaðeigandi sjóðfélagi vera hættur iðgjaldagreiðslum til sjóðsins.

**11. gr.**

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvert almanaksár árslaun miðuð við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur mælikvarði á breytingar á vinnutekjum sjómanna almennt, skal hann að fengnum tillögum sjóðstjórnar ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir, ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af ráðherra, reynist síðar ónothæfur.

Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld, sem greidd hafa verið hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarlaunum ársins samkvæmt 2. málsg. Séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30, skal þó aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára, sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára, sem afgangssverða.

Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar, er sjóðfélagi nær 75 ára aldri.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig, sbr. 4. málsg., fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 18. gr.

**12. gr.**

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 5 almanaksár eða lengur, öðlast hefur samanlagt a. m. k. 3 stig samkvæmt 11. gr. og orðinn er fullra 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, þó aldrei af lægri fjárhæð en  $\frac{4}{5}$  grundvallarlauna á þeim tíma, er taka lífeyris hefst. Nemur hundraðshlutinn samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1.7.

Heimilt er sjóðfélagi, sem stundað hefur sjómennsku 25 ár eða lengur, þar af a. m. k. 5 ár eftir 50 ára aldur, og verið lögskráður á íslenskt skip eigi skemur en 180 daga hvert ár, að hefja töku ellilífeyris, þegar hann er fullra 60 ára. Á sama hátt veitir 20—25 ára starf á sjó rétt til töku ellilífeyris frá 61 árs aldri og 15—20 ára starf til töku hans frá 62 ára aldri. Sé ellilífeyrir tekinn fyrir en frá 65 ára aldri, lækkar upphæð hans um 0.3% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem vantar á 65 ára aldur, er taka hans hefst.

Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs, um  $\frac{1}{2}$ % fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 75 ára aldri, en reikna skal með sama meðaltali launa, sbr. 2. málsg., og gert var við fyrri úrskurð.

### 13. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi, er tryggingayfirlæknir metur 35% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélagi til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum fyrir starf það, er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf, sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal lífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs miðað við meðaltal stiga hans næstu 5 almanaksárin fyrir orkutapið, þó ekki fleiri ár en hann hefur greitt iðgjöld til sjóðsins. Telji sjóðstjórnin þetta 5 ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímenn. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, deyfing eða fíknilyfja, skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. málsg.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnuleikjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorka óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 65 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildar-

stigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í stétt eða starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

#### 14. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á hann þá rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans og hjónabandið hafi staðið a. m. k. 5 ár.

Láti sjóðfélagi eftir sig ekkju og barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi eiginkonu sinni, skal þó makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og ekkju hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a. m. k. einu ári áður en hann lést. Enn fremur skal ekkjulífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og ekkju hans, ef tryggingayfir-læknir telur ekkjuna vanta 50% eða meira á fulla starfsorku.

Heimilt er sjóðstjórn að greiða ekkli, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, allt að þeim lífeyri, sem ekkja ætti rétt á samkvæmt 2. málsg., ef eins stæði á, enda hafi ekkillinn skerta starfsorku eða hinn látni sjóðfélagi teljist hafa verið aðalfyrirvinna heimilisins.

Nú andast sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 1. málsg. um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri samkvæmt framangreindum ákvæðum, og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 12 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans.

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka hans hefst, þó aldrei af lægri fjárhæð en  $\frac{1}{3}$  grundvallarlauna á þeim tíma, er taka lífeyris hefst. Nemur hundraðshlutinn samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0.9. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. málsg. 13. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau, sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur, í samræmi við ákvæði síðustu málsg. 13. gr., en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst ekki sá, sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.

#### 15. gr.

Nú andast sjóðfélagi, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er barnalífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi, ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði skal vera jafnmargir hundraðs- hlutar af fullum barnalífeyri og orkutap þeirra er metið.

Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

#### 16. gr.

Nú verður hækkun á kauptaxta þeim, sem stigaútreikningur miðast við, sbr. 2. málsg. 11. gr., eftir að lífeyrir samkvæmt 12., 13. og 14. gr. hefur verið úrskurðaður, og skal þá ráðherra, að fengnum tillögum sjóðstjórnar, taka ákvörðun um, hvort breyting skuli gerð á slíkum lífeyrisgreiðslum og hve mikil hún skuli vera. Heimilt er að láta slíka breytingu taka að nokkru eða öllu leyti til lífeyrisgreiðslna samkvæmt ákvæðum eldri laga, sbr. 1. og 3. málsg. 23. gr. Aldrei má þó hækka lífeyri meira en að því marki, sem tryggingafræðingur hefur lagt til, sbr. 8. gr. Uppbætur, sem ákveðnar hafa verið í samræmi við tillögur tryggingafræðings, falla ekki niður, þótt ekki verði talið fært að veita áframhaldandi hækkunar.

#### 17. gr.

Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi, meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal, hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi, telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd, nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 18. gr. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins í 5 almanaksár eða lengur og öðlast sam- anlagt a. m. k. 3 stig samkvæmt 11. gr., fellur réttur til elli-, örorku- og makalífeyris ekki niður, þótt sjóðfélaginn hverfi úr sjóðnum, en miðast einungis við áunnin geymd stig.

#### 18. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lífanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af starfi því, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endur- greiddan iðgjaldshluta launþega (4% iðgjald), sem hann hefur greitt til sjóðsins, með almennum innlánsvöxtum Landsbanka Íslands, eins og þeir hafa verið á hverj- um tíma. Það er skilyrði fyrir slíkri endurgreiðslu, að hlutaðeigandi sjóðfélaga hafi ekki borið að greiða iðgjöld til sjóðsins næstu 9 mánuði, áður en endurgreiðsla á sér stað, og hafi ekki áunnið sér réttindi, er nemi fullum 5 stigum, sbr. 11. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá þessum skilyrðum, ef sjóðfélagi á lög- heimili erlendis.

Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna sjóðfélaga, sem náð hafa 75 ára aldri, sbr. 4. málsg. 11. gr., skal hann endurgreiða iðgjaldshluta launþega. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

#### 19. gr.

Nú verður undirmaður á farskipi yfirmaður á farskipi, og flyst hann þá úr sjóðnum í lífeyrissjóð hlutaðeigandi útgerðarfélags eða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. 1. málsg. 2. gr., og skal þá sjóðurinn greiða sjóði þeim, er farmaðurinn flyst til, iðgjöld þau, sem hann hefur greitt sjóðnum og greidd hafa verið sjóðnum hans vegna, ásamt vöxtum.

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði af öðrum ástæðum en þeim, sem nefndar eru í 1. málsg., sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er að

lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið hans vegna. Sama gildir, ef sjóðfélaginn kaupir sér lifeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir þeim reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á lifeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyst til, eða hjá tryggingafélagi eða stofnun, svo sem að fram- an greinir. Það skal enn fremur sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein, að tilsvaramandi takmarkanir gildi um endurgreiðslur eða endur- kaup, þar sem réttindi eru leyfð, eins og í þessum lögum.

Fé, sem yfirfært kann að verða úr öðrum lifeyrissjóði, veitir ekki viðtækari endurgreiðslurétt en gildir í sjóðnum, sem það var yfirfært úr. Að öðru leyti setur stjórn sjóðsins um það reglur, að fengnum tillögum tryggingafræðings hans, með hvaða kjörum hún heimilar flutning réttinda úr öðrum sjóði til þessa sjóðs.

#### 20. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lifeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o. fl. Í slíkum samningum má vika frá biðtíma- og bótaákvæðum laga þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjald- greiðslutíma. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn, fyrr en þeir hafa verið staðfestir af ráðherra.

#### 21. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er ráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

#### 22. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lifeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuld- heimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lifeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

#### 23. gr.

Sjóðfélagar í starfi í árslok 1973 skulu eiga þess kost, að lifeyrisréttindi þeirra ákvarðist samkvæmt ákvæðum laga nr. 78/1970, enda tilkynni þeir stjórn sjóðsins skriflega þá ósk sína fyrir árslok 1974.

Iðgjöld þeirra sjóðfélaga, sem í sjóðnum eru í árslok 1973, skulu umreiknuð í stig í samræmi við ákvæði 11. gr. miðað við grundvallarlaun, eins og þau eru á þeim tíma, er iðgjöldin féllu til, nema réttindi þeirra fari eftir ákvæðum eldri laga, sbr. 1. málsg.

Lifeyrisþegar sjóðsins skulu frá 1. janúar 1972 að telja taka lifeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara, nema þeir beri fram um það skriflega ósk fyrir árslok 1974, að ákvæði laga nr. 78/1970 gildi um lifeyrisgreiðslur til þeirra framvegis. Litið skal á lifeyrisgreiðslur til ekkju og barna hennar sem eina heild í þessu sambandi.

#### 24. gr.

Sjóðfélaga eða maka hans, sem nýtur eftirlauna samkv. lögum nr. 63/1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, skal frá 1. janúar 1985, er greiðslur samkv. þeim lögum falla niður, tryggður áfram sami réttur með greiðslum úr þess- um sjóði. Sama gildir, ef hlutaðeigandi sjómaður á ekki aðild að neinum lifeyris- sjóði, en hefði verið gjaldskyldur til þessa sjóðs, svo framarlega sem ákvæði laga þessara hefðu verið í gildi á þeim tíma, er hann lét af starfi.

## 25. gr.

Lög þessi gildi frá 1. janúar 1974. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 78 10. ágúst 1970, um lífeyrissjóð sjómanna.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ellí-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum skulu á árinu 1972 miðast við grundvallarlaun 1967—1971 eða  $\frac{1}{2}$  grundvallarlauna í ársbyrjun 1972, sbr. 11. gr. og 2. málsg. 12. gr. Árið 1973 skulu greiðslur þessar miðast við grundvallarlaun 1968—1972 eða  $\frac{1}{2}$  grundvallarlauna í ársbyrjun 1973, og árið 1974 skulu þær miðast við grundvallarlaun 1969—1973 eða  $\frac{1}{2}$  grundvallarlauna í ársbyrjun 1974. Fyrsta tryggingafræðilega uppgjöri sjóðsins samkvæmt ákvæðum 8. gr. skal lokið eigi síðar en á árinu 1974, en að því loknu skal tekin ákvörðun um breytingar á lífeyrisgreiðslum í samræmi við ákvæði 16. gr. frá 1. janúar 1975 að telja. Á sama tímabili skulu lífeyrisgreiðslur, sem ákvarðast samkvæmt eldri lögum, sbr. 1. og 3. málsg. 23. gr., hækka í hlutfalli við þá hækkun, er orðið hefur á 5 ára meðaltali grundvallarlauna frá því, er taka lífeyris hófst.

Skipverja á togara eða undirmanni á farskipi, sem hinn 12. júní 1958 var orðinn eldri en 55 ára, skulu reiknuð réttindi eins og um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins hefði verið að ræða frá 55 ára aldri. Sama gildir um sjóðfélaga, er verið hafa á skipum, sem 3. málsg. 2. gr. tekur til, með þeirri breytingu, að í stað 12. júní 1958 komi 31. desember 1969 eða annað það tímamark síðar, sem aðild að sjóðnum er miðuð við í hlutaðeigandi starfsgrein. Ríkissjóður endurgreiðir sjóðnum árlega þann kostnað, sem af ákvæði þessarar málsgreinar leiðir. Sama gildir um þann kostnað, sem lífeyrissjóðir þeir, sem tryggja yfirmenn farskipa, verða að greiða vegna sömu reglna og hér um ræðir.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

**L Ö G**

**um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kaupún vegna landakaupa.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

4. gr. orðist svo:

Lánstími má vera allt að 15 ár. Heimilt er að ákveða, að lán verði afborgunarlaust fyrstu þrjú árin. Vextir af lánum þessum verði 3% lægri en almennir útláns-vextir lánastofnana.

Skilyrði ríkisábyrgðar er, að ríkisábyrgðarlánið sé, að dómi ríkisstjórnarinnar, með svo hagstæðum kjörum, að sveitarfélagið fái risið undir því.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*

**L Ö G****um gatnagerðargjöld.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimt skuli gatnagerðargjald af hverri lóð, áður en þar er veitt byggingarleyfi. Heimilt er að krefja gatnagerðargjald, ef reist er nýtt hús á lóð, sem áður var byggð. Sama gildir, ef hús er stækkað, að því er stækkunina varðar.

**2. gr.**

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðarframkvæmda í sveitarfélaginu, og má það nema allt að áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum og slitlagi.

**3. gr.**

Sveitarstjórnnum er heimilt að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimta sérstakt gjald, sem varið skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta.

Heimild til að leggja á slík gjöld er bundin við það, að sveitarfélagið hafi ekki áður innheimt af hlutaðeigandi fasteign gatnagerðargjald, sem ætlað hefur verið a. m. k. að hluta til bundins slitlags.

**4. gr.**

Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag er sett á og þar sem gangstéttir eru lagðar. Má gjaldið nema allt að áætluðum meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.

**5. gr.**

Við ákvörðun gjalda skv. 1. og 3. gr. laga þessara skal miða við lóðarstærð og/eða rúmmál bygginga, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt. Gjöld mega vera mismunandi eftir notkun húss, t. d. eftir því, hvort um er að ræða hús til íbúðar, verslunar, iðnaðar o. s. frv. Þá mega gjöld af íbúðarhúsum vera mismunandi eftir því, hvort um er að ræða einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o. s. frv.

**6. gr.**

Gatnagerðargjald skv. 1. gr. skal vera gjaldkræft, þegar sveitarstjórn krefst, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt.



Sérstakt gatnagerðargjald skv. 3. gr. skal gjaldkræft, þegar lagningu bundins slitlags og gangstéttar við hlutaðeigandi götu er lokið. Þó skal sveitarstjórn heimilt að ákveða í samþykkt, að greiðslu slíks gjalds sé dreift á tiltekið árabíll, eftir því sem nánar er tiltekið í samþykkt.

## 7. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. og 3. gr. fylgir lögveð í viðkomandi fasteign.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*

## L Ö G

um sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum framleiddum á árinu 1974.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Greiða skal 5% útflutningsgjald af fob-verðmæti loðnuafurða framleiddra á árinu 1974, svo sem loðnumjöli, loðnulýsi, frystri loðnu og loðnubrognum, þó ekki niðursoðnum eða niðurlögðum loðnuafurðum. Skal gjald þetta reiknað og innheimt á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru samkvæmt lögum nr. 19 16. apríl 1973, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

## 2. gr.

Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt 1. gr. skulu renna í sérstakan sjóð. Skal sjóðnum varið til þess að greiða niður verð á brennsluolíum til íslenskra fiskiskipa, sem taka olíu hérlendis, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur. Skal við það miðað, að olíuverð hérlendis til fiskiskipa verði ekki hærra á fyrstu 5 mánuðum ársins 1974 en það var í nóvembermánuði 1973.

Þá skal 25 milljónum króna af tekjum sjóðsins varið til lífeyrissjóða sjómanna, eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins. Jafnaframt skal tryggja, að sjóðirnir miði eftirlaunagreiðslur til sjómanna við þægri aldur en gert hefur verið.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 20. maí 1974.*

Ólafur Jóhannesson.

Eysteinn Jónsson.

Benedikt Sigurjónsson.

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

**L Ö G****um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971,  
um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.****HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:**1. gr.**

Í stað orðanna „151 brúttórumlest að stærð“ í a-lið og b-lið 17. gr. laganna komi orðin: 131 brúttórumlest að stærð.

Fjárhæðir 17. gr. laganna breytist þannig, að í a-lið 1. mgr. komi 320 krónur í stað 120 króna, í b-lið 1. mgr. komi 240 krónur í stað 100 króna og í 2. og 3. mgr. komi 150 krónur í stað 85 króna.

Síðasta málsgrein 17. gr. laganna orðist svo:

Fjárhæðir þær, sem fram koma í a-lið og b-lið 1. mgr. og 2. og 3. mgr., skulu greiddast frá 1. janúar 1974 og skulu breytast í samræmi við fæðislið framfærslu-visitölu frá 1. júní 1974.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 20. maí 1974.***Ólafur Jóhannesson.****Eysteinn Jónsson.****Benedikt Sigurjónsson.****(L. S.)***Magnús Kjartansson.*

21. maí 1974.

Nr. 54.

**L Ö G****um Þjóðhagsstofnun og breyting á lögum nr. 93/1971,  
um Framkvæmdastofnun ríkisins.****FORSETI ÍSLANDS***gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**1. gr.**

Fela skal sérstakri stofnun að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarhúsinis, vinna að hagrannsóknnum og vera ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis í efnahagsmálum.

Stofnunin nefnist Þjóðhagsstofnun og heyrir undir forsætisráðherra, sem skipar forstjóra hennar, er nefnist hagrannsóknastjóri.

**2. gr.**

Meðal verkefna Þjóðhagsstofnunarinnar eru þessi:

- 1) Að færa þjóðhagsreikninga.
- 2) Að semja þjóðhagsspár og -áætlanir.

- 3) Að semja og birta opinberlega tvisvar á ári, vor og haust, yfirlitsskýrslur um þróun Þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum, þar á meðal um framleiðslu, neyslu, fjárfestingu, viðskipta- og greiðslujöfnuð, verðlag og kaupgjald, atvinnu og tekjur almennings, afkomu atvinnuvega og fjármál hins opinbera. Auk þess skal stofnunin koma niðurstöðum athugana sinna á einstökum þáttum efnahagsmála fyrir almennings sjónir, eftir því sem kostur er.
- 4) Að annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir ríkisstjórnina og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála, eftir því sem ríkisstjórnin ákveður, og fyrir Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins, eftir því sem um semst.
- 5) Að láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál.
- 6) Að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir, eftir því sem um semst.

### 3. gr.

Skýlt er að veita Þjóðhagsstofnuninni þær upplýsingar, er hún óskar eftir og þarf á að halda vegna starfsemi sinnar. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands, og sömu viðurlög liggja við, ef út af er brugðið.

Byggingarnefndir og oddvitar senda Þjóðhagsstofnun skýrslur um byggingarfrankvæmdir í umdæmum sínum. Heimill er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa.

Stofnunin skal hafa samráð við Hagstofu Íslands og aðra aðila, sem hliðstæðum upplýsingum safna, í því skyni að komast hjá tvíverknaði.

### 4. gr.

Þjóðhagsstofnunin og starfsmenn hennar annast úrlausn þeirra verkefna, sem Efnahagsstofnuninni og starfsmönnum hennar eru falin í lögum nr. 60/1964, um breytingu á lögum nr. 97/1961, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun, lögum nr. 60/1965, um Laxárvirkjun, og orkulögum, nr. 58/1967.

### 5. gr.

Ríkissjóður og Seðlabanki Íslands greiða í sameiningu kostnað af starfsemi Þjóðhagsstofnunarinnar. Skulu þeir gera með sér samning um fjármál stofnunarinnar.

### 6. gr.

II. kafli laga nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, falli niður svo og önnur málsgrein 38. gr. sömu laga og önnur ákvæði þeirra, er varða hagrannsókna-deild og starfsemi hennar.

### 7. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga og starfsemi Þjóðhagsstofnunarinnar má setja með reglugerð.

### 8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1974.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

## um skólakerfi.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Allir skólar, sem kostaðir eru eða styrktir að hálfu eða meira af almannafé, mynda samfellt skólakerfi, sé eigi annað tekið fram í lögum.

## 2. gr.

Skólakerfið skiptist í þrjú stig:

1) skyldunámsstig, 2) framhaldsskólastig, 3) háskólastig. Á skyldunámsstigi er grunnskólinn. Á framhaldsskólastigi eru almennir framhaldsskólar, þar á meðal fjölbrautaskólar og menntaskólar, svo og sérskólar. Á háskólastigi er háskóli og hliðstæðir skólar.

## 3. gr.

Grunnskóli er fyrir börn og unglinga á aldrinum 7—16 ára og er þeim skylt að sækja hann. Grunnskólinn veitir almenna undirstöðumenntun og býr undir nám á framhaldsskólastigi.

## 4. gr.

Framhaldsskólar eru tveggja til fjögurra ára skólar, sem greinast í námsbrautir eftir því, sem þörf krefur. Stúdentspróf frá framhaldsskóla veitir rétt til háskólanáms. Um sérskóla og aðra skóla á framhaldsskólastigi segir í lögum þeirra og reglugerðum.

## 5. gr.

Til inngöngu í háskóla þarf stúdentspróf eða jafngildi þess samkvæmt því, sem lög um háskóla ákveða. Menntamálaráðuneytið getur að fengnu álitni háskólaráðs ákveðið önnur inntökuskilyrði í einstakar háskóladeildir, ef þörf gerist.

Háskóli Íslands greinist í þær deildir, sem ákveðið er í lögum hans og reglugerð. Um aðra skóla á háskólastigi segir í lögum þeirra og reglugerðum.

## 6. gr.

Kennsla er veitt ókeypis í öllum opinberum skólum. Í einkaskólum, sem kostaðir eru að meiri hluta af almannafé, eru skólagjöld háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

## 7. gr.

Í öllu starfi skóla skulu konur og karlar njóta jafnréttis í hvívetna, jafnt kennarar sem nemendur.

## 8. gr.

Ríki og sveitarfélögum er skylt að tryggja nemendum, hvar sem er á landinu, sem jafnasta aðstöðu til menntunar, eftir því sem lög kveða nánar á um.

## 9. gr.

Nú getur nemandi eigi stundað skyldunám sakir fjárskorts, og skal þá menntamálaráðuneytið, að fenginni umsögn viðkomandi fræðslustjóra, svo og öðrum þeim upplýsingum, er sanni ástæður nemandans, veita til þess styrk úr ríkissjóði.

Séu samtímis í heimavistarskóla á skyldunámsstigi fleiri en tvö systkin frá sama heimili í skólahverfinu eða fleiri en tvö börn, sem eiga sömu framfærsluforeldra, skal ríkissjóður greiða að fullu fæðiskostnað fyrir þau, sem eru umfram tvö.

#### 10. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd fræðslu, skólaskipan hvers stigs og fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til skólahaldsins skulu sett í lögum og reglugerðum fyrir skóla hvers stigs.

#### 11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa og eigi síðar en 10 árum eftir gildistöku þeirra. Falla samtímis úr gildi lög nr. 22/1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 67/1966, um vélstjóranám.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Vélskóla Íslands. Það ræður skólastjóra svo og fasta kennara og stundakennara eftir þörfum í samráði við skólastjóranann. Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ráðherra skipar sjö manna skólanefnd með þessum hætti: Tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Vélstjórafélags Íslands, einn eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, tveir eftir tilnefningu Skólafélags Vélskóla Íslands úr hópi reglulegra nemenda skólans, en formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

Skólanefndin skal fylgjast með rekstri skólans og hafa eftirlit með kennslu-tilhögun og námsefni. Nefndin úrskurðar um það, hvort skilyrðum til inntöku í skólann sé fullnægt. Skólastjóri á rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti, nema þegar fjallað er um mál, sem varða hann persónulega.

Ráðherra setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar fimm manna skólanefnd með þessum hætti: Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, einn eftir tilnefningu fiskimálaráðs og skal hann vera fulltrúi aðila fiskiðnaðarins, tveir eftir tilnefningu nemenda Fiskvinnsluskólans úr hópi reglulegra nemenda skólans, en formaður skólanefndar skal skipaður án tilnefningar. Fimm varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára. Um starfssvið og skyldur skólanefndar skal nánar kveðið á í reglugerð.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*

**L Ö G**

um landgræðslustörf skólafólks.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Heimilt er að kveðja til starfa við landgræðslu a. m. k. tvo daga á hverju skólaári hvern þann nemanda, sem orðinn er 12 ára eða eldri og stundar nám í skóla, sem kostaður er af ríkinu að einhverju eða öllu leyti, enda sé nemandinn hraustur og ófatlaður.

**2. gr.**

Landgræðslustörf samkvæmt lögum þessum eru græðsla lands og hvers konar vinna vegna gróðurverndar, gróðursetning trjáplantna, grisjun skóga og fegrun skóglendis; gróðursetning skrudjurta og endurbætur skrudgarða; lagfæring og fegrun umhverfis skóla, gistihúsa, sjúkrahúsa eða annarra opinberra menningar- og líknanstofnana.

Lög þessi taka hvorki til túnreктar né annarra sérstakra framkvæmda á lög-  
býlum.

**3. gr.**

Menntamálaráðuneytið hefur yfirumsjón með framkvæmd þessara laga.

Skógrækt ríkisins — að fengnum tillögum Skógræktarfélags Íslands — velur verkefni og skipuleggur framkvæmdir, þar sem unnið er á skóglendi.

Landgræðsla Íslands — að fengnum tillögum Landverndar — velur verkefni og skipuleggur landgræðslustörf nemenda í skólum í Reykjavík, sbr. þó 2. málsg.

Búnaðarsamband á því svæði, þar sem skóli starfar utan Reykjavíkur, velur verkefni og skipuleggur landgræðslustörf skólafólks á búnaðarsambandsvæðinu.

Verkefni skólafólks við landgræðslu, sbr. 2. gr., skulu valin í samráði við hlut-  
aðeigandi skólastjóra og fyrir eitt skólaár í senn.

**4. gr.**

Skólastjóri ákveður, hvaða daga á skólaárinu skal unnið að landgræðslu, og til-  
kynnir það nemendum skólans.

Skólastjóri eða kennari skal hafa eftirlit með landgræðslustörfum nemenda skól-  
ans.

**5. gr.**

Ferðakostnað nemenda vegna landgræðslustarfa skal telja með skólakostnaði.

**6. gr.**

Í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, skal kveða nánar á um land-  
græðslustörf skólafólks.

**7. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 21 — 1974

10. maí 1974.

287

Nr. 59.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 59 20. maí 1965, um Landsvirkjun, sbr. lög nr. 36 7. maí 1969 og lög nr. 37 16. apríl 1971.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Í stað 14. gr. laganna komi svo hljóðandi grein:

Þegar hafin verður virkjun Landsvirkjunar við Búrfell í Þjórsá, sbr. 6. gr., er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að ríkissjóður láni Landsvirkjun allt að 100 millj. kr. með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður, enda standi slíkt lán að baki stofnlánnum annarra aðila til þessara virkjunarframkvæmda.

Þegar hafin verður virkjun Landsvirkjunar við Sigöldu í Tungnaá, sbr. 6. gr., er ríkisstjórninni enn fremur heimilt að ákveða, að ríkissjóður láni Landsvirkjun allt að 350 millj. kr. með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður, enda standi slíkt lán að baki stofnlánnum annarra aðila til virkjunarframkvæmdanna. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán og endurlána Landsvirkjun í þessu skyni.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 10. maí 1974.*

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

15. maí 1974.

Nr. 60.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 25 21. apríl 1965, um útgáfu og notkun nafnskirteina.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

1. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Hagstofa Íslands fyrir hönd Þjóðskrárinnar gefur út nafnskirteini til allra einstaklinga, sem skráðir eru hér á landi, þó ekki fyrr en á því almanaksári, er þeir fylla 14 ára aldur.

A 37



## 2. gr.

4. málsgr. 1. gr. laganna falli niður.

## 3. gr.

Í stað orðanna „nafnúmer Þjóðskrár“ í 2. málsgr. 2. gr. komi: auðkennisnúmer Þjóðskrár.

## 4. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Hverjum lögreglustjóra er heimilt að ákveða fyrir sitt umdæmi, að nafnskrirteini einstaklinga á aldursbilinu 18—23 ár skuli ekki vera gilt sönnunargagn um aldur, nema lagt sé fram sérstaklega útgefið skirteini með öðrum lit en er á almennu nafnskrirteini. Heimild þessi er bundin við notkun nafnskrirteinis í sambandi við opinber fyrirmæli um, að tiltekinn aldur sé skilyrði fyrir viðskiptum eða fyrir komu eða dvöl á stað.

Hagstofan gefur út nafnskrirteini með sérstökum lit til einstaklinga í umdæmum, þar sem lögreglustjóri hefur ákveðið að nota heimild þá, er um ræðir í 2. málsgr. Greiða skal fyrir útgáfu slíks skirteinis samkvæmt gjaldskrá, er Hagstofan setur.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 73 21. júní 1973, um meðferð opinberra mála.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 1. málsgr. 5. gr. komi orðið: Ríkissaksóknari.

## 2. gr.

6. tl. 8. gr. orðist svo:

Ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknarar, sbr. 5. mgr. 20. gr., og fulltrúar ríkissaksóknara.

## 3. gr.

4. mgr. 18. gr. orðist svo:

Ríkissaksóknari skal halda sakaskrá fyrir land allt. Dómsmálaráðherra setur fyrirmæli um sakaskrá og sakavottorð.

## 4. gr.

20. gr. orðist svo:

Ríkissaksóknari fer með ákærvaldið.

Forseti skipar ríkissaksóknara. Hann skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í Hæstarétti. Ríkissaksóknari nýtur sömu launa og annarra lögkjara sem hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið.

Ríkissaksóknara til aðstoðar eru vararíkissaksóknari, fulltrúar ríkissaksóknara, svo og saksóknarar, sbr. 5. mgr. þessarar greinar. Allir skulu þeir hlíta fyrir mælum ríkissaksóknara í störfum sínum.

Vararíkissaksóknari skal fullnægja sömu skilyrðum og ríkissaksóknari til skipunar í embætti. Forseti skipar vararíkissaksóknara. Vararíkissaksóknari fer með vald ríkissaksóknara í fjarveru eða forföllum ríkissaksóknara eftir nánari ákvörðun hans.

Ef ríkissaksóknari og vararíkissaksóknari anna eigi flutningi mála fyrir dómi auk annarra embættisstarfa, þá getur dómsmálaráðherra ákveðið, að við embætti ríkissaksóknara skuli starfa einn eða tveir saksóknarar.

Saksóknarar skulu fullnægja sömu skilyrðum og ríkissaksóknari til skipunar í embætti. Forseti skipar saksóknara.

Annað starfslið til aðstoðar ríkissaksóknara, þ. á m. fulltrúa með lögfræðiprófi, skipar dómsmálaráðherra með samþykki ríkissaksóknara.

Ríkissaksóknari hefur embættisskrifstofu í Reykjavík.

## 5. gr.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 1. málsg. 21. gr. komi orðið: Ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 1. málsl. 2. málsg. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 2. málsl. 2. málsg. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 3. málsg. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 4. málsg. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknara.

## 6. gr.

22. gr. orðist svo:

Þegar ríkissaksóknari er svo riðinn við mál eða aðila, að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Nú berst ráðherra slík tilkynning eða hann fær vitneskju um það með öðrum hætti, og skipar hann þá vararíkissaksóknara eða annan löghæfan mann, sbr. 2. mgr. 20. gr., til meðferðar þess máls.

Nú er ríkissaksóknari settur samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og ákveður dómsmálaráðherra honum þá þóknun fyrir starf hans.

## 7. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 2. málsg. 23. gr. komi orðið: ríkissaksóknari.

## 8. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 1. málsl. 1. málsg. 24. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 2. málsl. 1. málsg. sömu greinar komi orðið: Ríkissaksóknari.

## 9. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 1. málsl. 3. málsgr. 25. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 2. málsl. sömu málsgreinar komi orðið: ríkissaksóknari.

## 10. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ á þremur stöðum í 27. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

## 11. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 28. gr. komi orðið: ríkissaksóknari.

## 12. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 1. málsgr. 29. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 1. málsl. 2. málsgr. sömu greinar komi orðið: Ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 2. málsl. 2. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknara.

## 13. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 30. gr. komi orðið: ríkissaksóknari.

## 14. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 3. málsgr. 32. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

## 15. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 2. málsgr. 33. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

## 16. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 1. málsgr. 42. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

## 17. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 2. málsgr. 73. gr. komi orðið: ríkissaksóknari.

## 18. gr.

74. gr. orðist svo:

Dómari getur borið undir ríkissaksóknara, hvort rannsókn skuli hefja eða fram halda, og tekur þá ríkissaksóknari ákvörðun um það atriði. Ríkissaksóknari getur af sjálfsdáðum farið þess á leit við dómara, að hann hefji rannsókn eða haldi áfram þegar hafinni rannsókn. Ef dómari telur, að krafa ríkissaksóknara verði eigi tekin til greina, með því að skilyrði laga um refsingu í því máli skorti, svo sem vegna þess að eigi sé um refsiverða háttsemi að tefla, refsikrafa fyrnd, ákærvaldið bresti aðild o. s. frv., þá veitir dómari ríkissaksóknara kost á að skýra málið og kveður síðan upp úrskurð um, hvort taka skuli kröfu ríkissaksóknara til greina. Samsvarandi gildir, þegar rannsóknar er krafist í málum, er greinir í 3. málsgr. 21. gr.

## 19. gr.

1. mgr. 79. gr. orðist svo:

Nú sætir mál sókn og vörn fyrir héraðsdómi eftir málshöfðun, sbr. 130. gr., og sækir þá ríkissaksóknari málið, en falið getur hann þó sókn þess vararíkissaksóknara, saksóknara eða fulltrúa sínum, er fengið hefur til þess löggildingu dómsmálaráðherra. Heimilt er einungis að löggilda fulltrúa, er fullnægja skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti, hafa fengið leyfi til málflutnings fyrir héraðs-

dómi eða fullnægja skilyrðum til þess að fá slík leyfi. Heimilt er og ríkissaksóknara að skipa sækjanda máls einhvern hæstaréttarlögmann eða héraðsdómslögmann, enda hafi sá fengið löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opinberra mála í héraði. Ekki má sækjandi vera nokkur sá, er gerði dómara óhæfan til að fara með mál, né heldur sá, er vegna afstöðu sinnar til máls eða aðilja væri óhæfur dómari í því máli.

## 20. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 1. málsl. 1. málsg. 84. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 2. málsl. sömu málsg. komi orðið: ríkissaksóknari.

## 21. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 2. málsg. 87. gr. komi orðið: ríkissaksóknari.

## 22. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 3. málsg. 112. gr. komi orðið: ríkissaksóknari.

Í stað orðanna „Saksóknari ríkisins“ í 4. málsg. sömu greinar komi orðið: Ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 5. málsg. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknari“ á tveimur stöðum í 6. málsg. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknari.

## 23. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 1. málsl. 1. málsg. 115. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 2. málsl. sömu málsg. komi orðið: ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 2. málsg. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknari.

## 24. gr.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 1. málsg. 118. gr. komi orðið: Ríkissaksóknari.

## 25. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 2. málsg. 124. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 3. málsg. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknari.

## 26. gr.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 2. tl. 129. gr. komi orðið: Ríkissaksóknari.

## 27. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 2. tl. 1. málsg. 130. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 2. málsg. sömu greinar komi orðið: Ríkissaksóknari.

## 28. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ á tveim stöðum í 131. gr. komi orðið: ríkissaksóknari.

## 29. gr.

1. málsg. 143. gr. orðist svo:

Í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal almennt kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað án ákvörðunar fjárhæðar. Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda skal þó ákveða tiltekinni fjárhæð, sbr. 2. málsg. 87. gr. Þegar

mál er sótt af ríkissaksóknara, vararíkissaksóknara, saksóknara eða fulltrúa ríkissaksóknara, sbr. 1. málsgr. 79. gr. og 1. málsgr. 181. gr., skal það gert án sérstaks endurgjalds bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Verði ákærða í slíku máli dæmt að greiða sakarkostnað, skal honum þá gert að greiða tiltekna fjárhæð málssóknarlauna, er renni í ríkissjóð. Þóknun verjanda, sem kemur fyrir dóm utan lög-sagnarumdæmis, þar sem með aðalmál er farið, svo og annan kostnað þar ákveður dómari aukamálsins.

## 30. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 1. tl. og 3. tl. 154. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

## 31. gr.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 171. gr. komi orðið: Ríkissaksóknari.

## 32. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 2. málsgr. 174. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

## 33. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 1. málsgr. 175. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknara“ á tveimur stöðum í 2. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 4. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknara.

## 34. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 2. málsgr. 177. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 3. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknara.

## 35. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 1. málsgr. 179. gr. komi orðið: ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „saksóknari“ á þremur stöðum í 2. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „saksóknari“ á tveimur stöðum í 1. og 2. málsl. 3. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „saksóknara“ á tveimur stöðum í 3. og 4. málsl. sömu málsgr. komi orðið: ríkissaksóknara.

## 36. gr.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 1. málsgr. 180. gr. komi orðið: Ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „saksóknari“ á þremur stöðum í 2. málsgr. sömu greinar komi orðið: ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 1. málsl. 3. málsgr. sömu greinar komi orðið: Ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 2. málsl. sömu málsgr. komi orðið: ríkissaksóknara.

## 37. gr.

181. gr. orðist svo:

Ríkissaksóknari sækir öll opinber mál í Hæstarétti, og hvíla á honum sömu skyldur, sem hvílt hafa á sækjanda fyrir þeim dómi, og samkvæmt þeim fyrirmælum, er í lögum þessum segir.

Ríkissaksóknari getur falið vararíkissaksóknara eða saksóknara að flytja tiltekin opinber mál í Hæstarétti.

## 38. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 182. gr. komi orðið: sækjanda.

39. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 184. gr. komi orðið: sækjandi.

40. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 2. másl. 1. málsgr. 186. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 3. másl. sömu málsgr. komi orðið: ríkissaksóknari.

Í stað orðsins „Saksóknara“ í 1. másl. 2. málsgr. sömu greinar komi orðið: Ríkissaksóknara.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 2. másl. sömu málsgr. komi orðið: ríkissaksóknari.

41. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 191. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

42. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 1. málsgr. 193. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

43. gr.

Í stað orðsins „Saksóknari“ í 1. málsgr. 194. gr. komi orðið: Ríkissaksóknari.

44. gr.

Í stað orðsins „saksóknari“ í 195. gr. komi orðið: ríkissaksóknari.

45. gr.

Í stað orðsins „saksóknara“ í 1. málsgr. 198. gr. komi orðið: ríkissaksóknara.

46. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

47. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 73 21. júní 1973, um meðferð opinberra mála, og gefa þau út svo breytt.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. málslið 5. málsgr. 11. gr. laganna bætist nýr málsliður, er orðist svo:

Á sama hátt má reikna lögheimilistíma eftirlifandi maka frá upphafi lögheimilistíma hins látna.

## 2. gr.

16. gr. hljóði svo:

Fæðingarstyrkur skal vera kr. 16 700.00 við hverja fæðingu til móður, sem á lögheimili hér á landi.

Aldrei skal þó fæðingarstyrkur vera lægri en svo, að nægi fyrir dvöl konu í allt að 7 daga á þeirri fæðingardeild hér á landi, þar sem konan fæddi.

## 3. gr.

19. gr. 1. málsgrein hljóði svo:

Ef aðrar tekjur elli- eða örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginganna fara ekki fram úr 37 500 kr. á ári, skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 80 000 kr. á ári. Hafi bótaþeginn hins vegar tekjur umfram 37 500 kr. á ári, skal skerða uppbótina um helming þeirra tekna, sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

## 4. gr.

26. gr. orðist svo:

Fjölskyldubætur eru greiddar með börnum yngri en 16 ára umfram eitt í fjölskyldu. Skulu þær greiddar þeim, sem foreldraráðin hafa, eða þeim öðrum, sem annast framfærslu barnanna.

Séu brúttóárstekjur þeirra, sem foreldraráð hafa eða framfærslu annast, lægri en 700 þúsund kr. eða börn í fjölskyldu yngri en 16 ára 5 eða fleiri, skal þó greiða fjölskyldubætur með öllum börnum, sé um það sótt.

Árlegar fjölskyldubætur með barni skulu vera 15 þúsund kr.

Útgjöld vegna greiðslu fjölskyldubóta greiðast að fullu úr ríkissjóði.

Ákvæði þetta taki gildi 1. júlí 1974.

## 5. gr.

b.-liður 43. greinar hljóði svo:

Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir, eftir tilvisun samlagslæknis, hjá sérfræðingum, þó þannig að samlagsmaður greiði 150 kr. fyrir hverja komu til sérfræðings.

c.-liður 43. greinar hljóði svo:

Lyf, sem samlagsmanni er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri.

Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiði samlagsmaður ávallt fyrstu 100 krónurnar skv. lyfjaskrá I og fyrstu 150 krónurnar skv. lyfjaskrá II, en sjúkrasamlagið það, sem á vantar fullt verð. Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þessi mörk, greiðir samlagsmaður það.

d.-liður 43. greinar hljóði svo:

Röntgengreiningu og geislameðferð samkvæmt gjaldskrá, sem heilbrigðisstjórnin staðfestir, þó þannig að samlagsmaður greiði ávallt 250 kr. fyrir hverja röntgengreiningu.

Á eftir h-lið 43. greinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra er með reglugerð heimilt að breyta greiðslum samlagsmanna samkvæmt þessari grein til samræmis við gjaldskrárbreytingar.

Í síðustu málsgrein 43. greinar falli burt orðin „svo og greiðslu fyrir tannlækningar“.

## 6. gr.

Ný 44. gr. komi inn, svo hljóðandi, og númer annarra greina breyttist til samræmis:

Sjúkrasamlög greiða að hálfu þá tannlæknaþjónustu, sem veitt er á heilsgæslustöðvum, hjá skólatannlæknum eða á stofum tannlækna, sem Tryggingastofnun ríkisins semur við um þjónustu í þágu sjúkratrygginga.

Meðan uppbygging tannlæknaþjónustu á heilsugæslustöðvum samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu stendur yfir, skulu ákvæði 1. málsgr. aðeins gilda fyrir tiltekna þjónustu og tiltekna hópa fólks.

Frá 1. sept. 1974 skulu ákvæði 1. málsgr. gilda fyrir börn og unglinga 6—15 ára, enda leggi sveitarfélög 50% á móti. Greiða skal alla þjónustu, sem þessum aldursflokkum er veitt, hjá skólatannlækni eða á heilsugæslustöð. Sé ekki kostur á slíkri þjónustu á vegum viðkomandi sveitarfélags, er heimilt að greiða þjónustu fyrir þessa aldursflokka hjá hverjum þeim tannlækni, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samið við.

Frá 1. janúar 1975 skulu ákvæði 1. málsgreinar taka til barna 3—5 ára og 16 ára unglinga, ellilífeyrisþega, öryrkja samkv. 12. grein og vanfærra kvenna. Fyrir þessa hópa skal þó ekki greiða kostnað við gullfyllingar né krónu- og brúargerðir.

Ráðherra er heimilt að auka með reglugerð þá þjónustu, sem greiðslur samkvæmt 1. málsgr. taka til, eftir því sem uppbyggingu heilsugæslustöðva miðar og fé er veitt til á fjárlögum.

#### 7. gr.

e-liður 50. greinar hljóði svo:

Örorkubætur og bætur til ekkju eða ekkils samkvæmt 17. gr.

#### 8. gr.

Í niðurlagi 50. greinar, á eftir orðunum „undanfarandi 24 mánuði“, komi ný setning, svo hljóðandi:

Heimilt er þó tryggingaráði að víkja frá þessum tímamörkum, ef sérstaklega stendur á.

#### 9. gr.

Síðasta málsgr. 72. greinar hljóði svo:

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags, sem feður eða fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

#### 10. gr.

77. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að semja við erlend ríki og ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæman rétt til þeirra hlunninda, sem almannatryggingar veita. Í slíkum samningum má m. a. kveða svo á, að lögheimilistími í öðru samningsríki skuli talinn jafngilda lögheimilistíma á Íslandi, hvort sem um er að ræða íslenska þegna eða þegna annarra samningsríkja. Enn fremur er heimilt að kveða þar á um rétt til bótagreiðslna samkvæmt almannatryggingalögum við búsetu í öðru samningsríki, sbr. 11. gr., 62. gr. og 1. tölulið ákvæða til bráðabirgða.

#### 11. gr.

Breyting sú á greiðslu fjölskyldubóta, sem felst í 4. gr., skal ekki hafa áhrif á kaupgreiðsluvísitölu.

#### 12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*



## L Ö G

## um grunnskóla.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

## Markmið og skólaskylda.

## 1. gr.

Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldri innum 7 til 16 ára, eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli og er öllum börnum og unglingum á nefndum aldri skylt að sækja skóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Þegar tilgreindur er aldur nemanda í lögum þessum, miðast hann við það almanaksár, er nemandinn nær nefndum aldri.

## 2. gr.

Hlutverk grunnskólans er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að ahlíða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð, sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfna hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

## 3. gr.

Grunnskóli er níu ára skóli, þar sem fram fer barna- og unglingafræðsla.

Hann getur verið ein stofnun eða verið skipt í einingar, tvær eða fleiri eftir því sem menntamálaráðuneytið ákveður að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðsluráðs.

## 4. gr.

Í strjálbýli skal stefnt að heimanakstri nemenda, þar sem honum verður við komið vegna vegalengda, vegakerfis og veðurfars. Heimilt er ráðuneytinu að fenginni tillögu hlutaðeigandi fræðsluráðs að koma á fót útibúum frá aðalskóla skólahverfis fyrir 7—10 ára börn, þar sem heimanakstri til aðalskóla verður ekki við komið.

## 5. gr.

Nú ber skólanefnd í skólahverfi fram við fræðslustjóra rökstutt álit um nauðsyn þess að fá um tiltekinn tíma undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði 1. gr. þessara laga um skólaskyldu eða lágmarksákvæði 41. gr. um starfstíma skóla, og skal fræðslustjóri þá í samvinnu við skólanefnd gera áætlun um, hvornig úr verði bætt á sem fæstum árum, og leggja áætlunina fyrir menntamálaráðuneytið ásamt umsókninni og umsögn sinni. Menntamálaráðuneytið úrskurðar síðan, hvort eða að hve miklu leyti undanþága skuli veitt, og tekur það tillögur um endanlegar úrbætur til meðferðar við gerð framkvæmdaáætlunar um skólabyggingar.

Nú vanrækir skólahverfi að standa að sínum hluta við þær skuldbindingar, sem það hefur tekist á hendur eða á það verið lagðar með áætlun um, hvenær og hvernig það skuli uppfylla að fullu ákvæði 1. gr. og 41. gr. þessara laga, og getur þá menntamálaráðuneytið hlutast til um, að nauðsynlegar úrbætur séu framkvæmdar og að sveitarfélag kosti þær að sínum hluta lögum samkvæmt.

Í fjárlögum skal veita sérstaka fjárhæð, sem nemi 5% af árlegu framlagi ríkissjóðs til byggingar mannvirkja vegna grunnskóla. Fjárhæð þessa er heimilt að lána þeim sveitarfélögum, sem standa að slíkum framkvæmdum, en eiga við verulega fjárhagsörðugleika að etja vegna fólksfæðar, sérstaklega lágra tekjustofna eða annarra gildra orsaka. Samstarfsnefnd ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sbr. 9. gr., geri tillögur til menntamálaráðuneytisins um skiptingu fjárens, og ráðstafar ráðuneytið því, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um lánveitingar þessar, lánstíma og lánskjör, er miðist við það, að ríkissjóður sé skaðlaus af þeim.

#### 6. gr.

Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á, að það innritist í skóla, þegar það hefur náð skólaskyldaldri, og að það sækji skóla. Verði verulegur misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli og skólastjóri fær ekki við ráðið, skal hann tilkynna fræðslustjóra um málið. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun fræðslustjóra, getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar.

#### 7. gr.

Undanþegin því að sækja grunnskóla samkvæmt 1. gr. eru:

- a) börn, sem sækja viðurkennda einkaskóla, sbr. 75. gr., og
- b) börn, er húa í skólahverfum, sem fengið hafa undanþágu skv. 5. gr., að því leyti, sem undanþágan kveður á um.

#### 8. gr.

Nú sækir forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn og færir fram knýjandi ástæður. Skal þá leitað umsagnar skólastjóra og skólanefndar, og mæli þeir aðilar samhljóða með umsókninni, getur fræðslustjóri veitt undanþágu, en skólanefnd og skólastjóri skulu fylgjast með því, að barnið stundi nám.

## II. KAFLI

### Stjórn grunnskóla.

#### 9. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna, er lög þessi taka til. Ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laganna skal vera samstarfsnefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og tveimur frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir, sem varða fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum, áður en þær eru gefnar út. Enn fremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði, sem kunna að verða varðandi þessi samskipti, áður en þau koma til úrskurðar.

Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

#### 10. gr.

Landið skiptist í fræðsluumdæmi sem hér segir:

1. **Reykjavíkurdæmi**, sem tekur yfir Reykjavíkurborg.
2. **Reykjanesumdæmi**, sem tekur yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað, Grindavíkurkaupstað, Seltjarnarneskaupstað og Kópavogskaupstað.

3. Vesturlandsumdæmi, sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.
4. Vestfjarðaumdæmi, sem tekur yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, Bolungarvíkurkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.
5. Norðurlandsumdæmi vestra, sem tekur yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
6. Norðurlandsumdæmi eystra, sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Dalvíkurkaupstað, Suður-Þingeyjarsýslu, Húsavíkurkaupstað og Norður-Þingeyjarsýslu.
7. Austurlandsumdæmi, sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað, Eskifjarðarkaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
8. Suðurlandsumdæmi, sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjakaupstað, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.

Í hverju fræðsluumdæmi skal vera fræðsluráð og fræðsluskrifstofa.

### 11. gr.

Fræðsluráð skal skipað 5 eða 7 mönnum, sem kjörnir eru af hlutaðeigandi landshlutasamtökum, er ákveða fjölda þeirra samkvæmt framansögðu. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu og starfshætti fer samkvæmt lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga, en að öðru leyti eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961.

Í Reykjavík fer borgarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka skv. lögum þessum, eftir því sem við á.

Í reglugerð skal kveðið á um fundarsetu skólustjóra, fulltrúa kennara og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka, svo og annarra aðila, t. d. fulltrúa sveitarfélags, er sérstaklega á hlut að tilteknu máli. Kennarafulltrúar skulu boðaðir til funda á sama hátt og fræðsluráðsmenn og hafa sama rétt og þeir til að æskja funda í fræðsluráði.

Þessir aðilar skulu hafa málfrelsi og tillögurétt á fræðsluráðsfundum.

Fræðsluráð skulu a. m. k. einu sinni á ári halda fund með öllum skólustjórum og skólanefndarformönnum fræðsluumdæmisins.

Formaður fræðsluráðs kveður til fundar, svo oft sem þurfa þykir. Skylt er honum að kveðja ráðið saman, ef a. m. k. tveir fræðsluráðsmenn eða fræðslustjóri æskja þess. Fundur telst löglega boðaður, ef allir fræðsluráðsmenn, eða í forföllum aðalmanna varamenn, hafa verið boðaðir til hans a. m. k. tveim sólarhringum fyrir tilgreindan fundartíma. Fræðsluráð getur enga ályktun gert, nema meiri hluti þess sé á fundi. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn fræðsluráðsmaður hefur atkvæðisrétt um þau mál, sem varða hann sjálfan, og skal hann í slíkum tilvikum víkja sæti fyrir varamanni. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

### 12. gr.

Fræðsluráð hefur með höndum eftirtalin verkefni:

1. Það fer með stjórn fræðslumála innan umdæmis síns í umboði menntamálaráðuneytisins og sveitarstjórna, sem hlut eiga að máli.
2. Það sér um, að gerðar séu áætlanir um fræðslumál í umdæminu, bæði árlegar fjárhags- og framkvæmdaáætlanir, svo og áætlanir til lengri tíma, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.
3. Það hefur eftirlit með störfum skólanefnda í umdæminu.
4. Það gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðningu fræðslustjóra umdæmisins og hefur umsjón með rekstri fræðsluskrifstofu umdæmisins.

5. Það skal skipuleggja viðræðufundi fyrir nýja kennara í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með þeim og setja þeim leiðsögukennara að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólustjóra. Ráðuneytið setur leiðsögukennurum erindisbréf að höfðu samráði við Kennaraháskóla Íslands.
6. Það sér um, að sköpuð verði aðstaða til kennslufræðilegrar þjónustu fyrir umdæmið, eftir því sem fært þykir.
7. Það fer að öðru leyti með þau málefni, sem því eru fengin í þessum lögum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim.

### 13. gr.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar fræðslustjóra að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðsluráðs.

Menntamálaráðuneytið auglýsir stöðu fræðslustjóra og setur hann til eins árs. Að þeim tíma liðnum má skipa hann í starfið.

Við skipun í starf fræðslustjóra er skylt að taka tillit til kennslufræðilegrar menntunar umsækjenda, stjórnunarreynslu innan skólakerfisins og þekkingar þeirra á skólamálu, og skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu ganga fyrir, sem hafa rétt til að vera skipaðir skólustjórar við grunnskóla og hafa gegnt starfi kennara eða skólustjóra í a. m. k. þrjú ár.

### 14. gr.

Fræðslustjóri er fulltrúi menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga um fræðslumál í umdæminu og skal húsettur þar, sem fræðsluskrifstofa umdæmisins, eða í næsta nágrenni. Hann er framkvæmdastjóri fræðsluráðs.

Meginverkefni fræðslustjóra eru:

1. Hann fylgist með því, að gildandi fyrirmælum um fræðslumál sé fylgt í grunnskólum umdæmisins, bæði varðandi kennslu- og stjórnunarmál, og í öðrum skólum, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.
2. Hann hefur umsjón með gerð árlegra rekstraráætlana fyrir grunnskóla umdæmisins, endurskoðar þær og sendir menntamálaráðuneytinu.
3. Hann hefur í umboði menntamálaráðuneytis og sveitarstjórna umdæmisins umsjón með eignum og rekstri þeirra skóla, sem lög þessi taka til, sbr. þó 29. gr.
4. Hann hefur með höndum almenna námsstjórn í grunnskólum umdæmisins og fylgist með árangri nemenda, hvort tveggja í samráði við skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins, og kynnir sér starfsskilyrði skóla, þ. e. aðstöðu til kennslu og náms, svo og aðbúnað nemenda.
5. Hann úrskurðar ágreiningsefni, sem upp kunna að koma milli skólustjóra og kennararáðs og skólustjóra og kennarafundar, sbr. 20. gr.
6. Hann gerir í sambandi við meint brot kennara eða skólustjóra í starfi þær ráðstafanir, er hann telur þörf, sbr. 55. gr.
7. Hann hefur umsjón með ráðgjafar- og sálfræðibjónustu í grunnskóla, sbr. 68. gr.
8. Hann kannar, í samvinnu við skólustjóra, skólalækni og sálfræðideild, hvort í fræðsluumdæminu séu nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum nemendum sakir sjóndepru, blindu, heyrnargalla, málhelti, málleysis, tornæmis, vanvita-háttar eða annars, er torveldi eðlilegan námsferil þeirra, og hlutast til um, að þeir fái kennslu við sitt hæfi.

Enn fremur fer fræðslustjóri með önnur þau mál, er lög þessi kveða á um, svo og þau, sem menntamálaráðuneytið eða fræðsluráð kunna sérstaklega að fela honum.

### 15. gr.

Landshlutasamtök sveitarfélaga ákveða fræðsluskrifstofum stað, en háð er sú ákvörðun samþykki menntamálaráðuneytis.

Fræðslustjóri er forstöðumaður fræðsluskrifstofu. Annað starfsfólk ræður fræðsluráð, að fengnum tillögum fræðslustjóra.

Heimilt er fræðsluráði að semja svo við landshlutasamtök sveitarfélaga, einstök skólahverfi og sveitarfélög, að fræðsluskrifstofa taki að sér tiltekin verkefni fyrir þessa aðila, enda komi full greiðsla fyrir. Á hliðstæðan hátt er fræðsluráði heimilt að semja svo við landshlutasamtök, að skrifstofa þeirra eða einstakra starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki menntamálaráðuneytisins til.

#### 16. gr.

Skólahverfi er sú eining, er stendur að einum grunnskóla, annaðhvort skóla í heild eða hluta hans. Sveitarfélag, sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla innan marka sinna, telst þó eitt skólahverfi. Eitt sveitarfélag eða fleiri eða hlutar sveitarfélaga geta myndað skólahverfi.

Það er skólahverfi:

- a) Þar sem eitt sveitarfélag rekur grunnskóla eða hluta hans, án samvinnu við önnur sveitarfélög.
- b) Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt reka grunnskóla eða hluta grunnskóla í félagi með fullri eða misjafnri þátttöku aldursárganga.

Sama sveitarfélag getur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi sem hér segir:

- 1) ef það skiptist landfræðilega milli a. m. k. tveggja skólahverfa,
- 2) ef aldursárgangar þess á grunnskólastigi sækja ekki allir sama skólann, en eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.

Útibú frá aðalskóla., sbr. 4. og 76. gr., tilheyra skólahverfi aðalskólans. Ákvæði um skólahverfi ná ekki til skóla eða stofnana, sem rekin eru skv. 52. gr.

Menntamálaráðuneytið leggur tillögur um skiptingu landsins í skólahverfi fyrir fræðsluráð sem umræðugrundvöll, en fræðsluráð kynnir þær sveitarstjórnnum, skólanefndum og skólastjórum, sem hlut eiga að máli. Síðan boðar ráðuneytið til funda með þessum aðilum og fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um tillögurnar. Lögð skal áhersla á, að samkomulag verði með aðilum, en takist það ekki innan hæfilegs tíma, sker menntamálaráðuneytið úr.

#### 17. gr.

Í sérhverju skólahverfi skal vera skólanefnd, sem fer með málefni grunnskóla, eftir því sem lög þessi og reglugerðir nánar ákveða. Skólanefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af hlutaðeigandi sveitarstjórn (sveitarstjórnnum), sbr. 18. gr.

Í sveitarfélagi, þar sem grunnskólar eru tveir eða fleiri, fer ein skólanefnd með málefni þeirra. Hún sér um skiptingu nemenda milli þeirra og samræmir rekstur þeirra, eftir því sem hún telur haganlegt.

Heimilt er skólanefnd eða fleiri skólanefndum sameiginlega með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar að ráða sér starfsmann, skólafulltrúa. Skólanefnd (skólanefndir) setur skólafulltrúa erindisbréf. Um embættisgengi skólafulltrúa gilda sömu reglur og um fræðslustjóra. Kostnaður við störf skólafulltrúa greiðist úr sveitar-sjóði (sveitarsjóðum).

Menntamálaráðuneytið setur skólanefndum erindisbréf, er kveður nánar á um störf þeirra.

#### 18. gr.

Skólanefndir skulu skipaðar sem hér segir:

- a) Í kaupstöðum og kaupúnahreppum með 900 íbúa eða fleiri fimm mönnum, enda standi þau ein að skólarekstrinum.

Eigi fleiri sveitarfélög aðild að skólahverfinu, kýs hvert þeirra einn mann til viðbótar. Verði atkvæði við það jöfn, skal sveitarfélagið, þar sem skólinn

er, kjósa oddamann, ef nemendur þess eru samanlagt fleiri en allra hinna. Sé svo eigi, kýs það sveitarfélag skólahverfisins, sem næstflest börn átti þar skólaárið áður en kosið er, tvo menn í skólanefnd.

- b) Í öðrum sveitarfélögum, þar sem eitt sveitarfélag er skólahverfi, þremur mönnum.
- c) Þar sem tvö sveitarfélög eða fleiri standa saman að skólahverfi með jafnri aðild árganga, kýs hvert sveitarfélag einn mann. Verði tala nefndarmanna við það jöfn, kýs það sveitarfélag tvo, er flesta nemendur átti á grunnskólastigi næstliðið skólaár, áður en kosið er.
- d) Þar sem tvö sveitarfélög eða fleiri, önnur en þau, sem um getur í a-lið, standa saman að skólahverfi með ójafnri aðild árganga, skulu þau þeirra, er hlut eiga að öllum stigum þess, kjósa tvo menn hvert í skólanefnd, en önnur einn mann. Verði þá atkvæði jöfn, skal farið að sem í c-lið.

Varamenn í skólanefndum skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt. Skólanefndir skulu kjörnar í upphafi kjörtímabils sveitarstjórna.

Skólanefnd kýs sér sjálf formann og varaformann úr hópi nefndarmanna í upphafi kjörtímabils.

Fastir kennarar í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til að starfa með skólanefnd, kennarafulltrúa, og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt á fundum.

Þar sem kennarar við grunnskóla eru frá 1—15, skal kjörinn einn kennarafulltrúi til samstarfs við nefndina. Þar sem kennarar eru 16 eða fleiri, skulu kjörnir 2 kennarafulltrúar. Varamenn kennarafulltrúa skulu jafnmargir aðalmönnum.

Í Reykjavík fer fræðsluráð með hlutverk skólanefndar. Þar skulu kennarafulltrúar vera þrír. A. m. k. þrisvar á skólaári heldur fræðsluráð fundi með skólastjórum á grunnskólastigi í Reykjavík.

Skólastjóri á rétt til setu á skólanefndarfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Um hoðun funda og starfshætti skólanefnda gilda sömu ákvæði og um fræðsluráð. Skylt er að verða við tilmælum skólastjóra um fund í skólanefnd.

Menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum fræðsluráða og samtaka kennara á grunnskólastigi, reglur um, hvornig háttáð skuli kosningu kennarafulltrúa samkvæmt þessari grein.

### 19. gr.

Skólanefnd skal sjá um, að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún fylgist með því og stuðlar að því, að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi skólahúsnæði í skólahverfinu.

Nú telur sveitarstjórn, að þörf sé á byggingu nýs skólahúss, stækkun skólahúss eða verulegum endurbótum, og skal hún þá gera í samráði við fræðslustjóra tillögur til menntamálaráðuneytisins um staðsetningu skólahúss og fyrirhugaðar framkvæmdir. Ef tvær sveitarstjórnir eða fleiri standa saman að skólahverfi, skulu þær á sama hátt gera tillögu sameiginlega ásamt skólanefnd.

Ef menntamálaráðuneytið telur, að óhæfilegur dráttur sé á aðgerðum til að sjá fyrir fullnægjandi skólahúsnæði, getur það í samráði við fræðslustjóra látið bæta úr því, sem áfátt er, á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélaga, enda þoli málið ekki bið að dómi ráðuneytisins.

Ef samkomulag næst ekki um, hvort ráðast skuli í skólabyggingu, hvar hún skuli reist og hve stór hún skuli vera, sker menntamálaráðuneytið úr að fenginni umsögn fræðsluráðs.

Skólanefnd skal líta eftir, að skólinn hafi allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem húsnæði, skólalóð, leikvelli, kennslutæki og innanstokksmuni. Sér hún í samráði við skólastjóra um, að uppfylltar séu á þessum sviðum kröfur í lögum og reglugerðum, og ber ábyrgð á, að viðhald og aukning eigi sér stað eftir þörfum.

**20. gr.**

Skólastjóri stjórnar starfi grunnskóla í samráði við kennara undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar, eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim. Skylt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi þá mánuði, er skóli starfar, ef fundurinn fer fram á daglegum starfstíma skóla.

Í skólum, sem eiga rétt á 8 föstum kennurum eða fleiri, auk skólastjóra, skal almennur kennarafundur í upphafi hvers skólaárs kjósa þriggja manna kennararáð, sem er skólastjóra til ráðuneytis um daglega stjórn skólans. Í öðrum skólum fer almennur kennarafundur með hlutverk kennararáðs.

Nú greinir skólastjóra og kennararáð á um meðferð tiltekins máls, og skal þá vísa málinu til skólanefndar. Ef samkomulag tekst ekki, má vísa málinu til fræðslustjóra, er fellir úrskurð um það. Ákvörðun skólastjóra gildir, uns úrskurður fræðslustjóra liggur fyrir, nema samkomulag hafi orðið um annað.

Í reglugerð, sem ráðuneytið setur að fengnum umsögnum fræðsluráða, skal nánar kveðið á um framkvæmd þessarar greinar. Þar má m. a. ákveða starfsmannafundi við heimavistarskóla.

Skólastjóri boðar til kennarafundar svo oft sem þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Auk þess skal boða til slíks fundar, ef þriðjungur fastráðinna kennara æskir þess.

**21. gr.**

Nú æskir skólastjóri, almennur kennarafundur eða foreldrar, sem hörn eiga í grunnskóla, að stofnað sé foreldrafélag við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl milli foreldra og skóla, og skal þá skólastjóri boða til stofnfundar foreldrafélags.

Foreldrafélag setur sér samþykktir til að starfa eftir.

Fulltrúi foreldrafélags á rétt til setu á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti.

**22. gr.**

Heimilt er nemendum 7. til 9. bekkjar grunnskóla að stofna nemendaráð, er sé skólastjóra og kennararáði til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda. Ráðið skal skipað einum fulltrúa úr hverri bekkjardeild, sem nemendur deildarinnar velja árlega, og kýs það sér þriggja manna stjórn: formann, varaformann og ritara. Ráðið heldur gerðabók. Einn af kennurum skólans aðstoðar nemendaráð.

Formaður nemendaráðs á rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti, nema þegar rædd eru málefni einstakra nemenda.

**III. KAFLI****Skólahúsnaði.****23. gr.**

Gerð skólamannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd og fræðsluráð, en verður að hljóta samþykki menntamálaráðuneytis, áður en framkvæmdir hefjast.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnaði, sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður, sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m. a. tekið tillit til, hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða um blandað fyrirkomulag er að ræða. Menntamálaráðuneytið ákveður að fenginni umsögn hlutaðeigandi fræðsluráðs, skólanefndar og sveitarstjórna, hvaða gerð skólamannvirkja skuli reisa á hverjum stað.

Menntamálaráðuneytið lætur gera framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir allt landið:

a) er taki til allt að 10 ára tímabils. Framkvæmdaáætlun þessa skal endurskoða svo oft sem ástæða þykir til;

b) árlega framkvæmdaáætlun, sem fylgi tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

Röðun framkvæmda miðast við, hvar skólabyggingaþörf er brýnust.

Nafngift skóla er háð samþykki menntamálaráðuneytisins, að fenginni umsögn örnefnanefndar.

#### 24. gr.

Eigi tvö sveitarfélög eða fleiri félag með sér um byggingu skólahúsnæðis með jafnri eða ójafnri aðild aldursárganga nemenda, skal, ef ekki semst um annað þeirra í milli, miða skiptingu stofnkostnaðar við eftirfarandi meginatriði:

a) íbúafjöldi,

b) útsvarsskyldar tekjur í sveitarfélögum næstliðið ár,

c) þann barnafjölda, sem hverju sveitarfélagi ber að senda í skólann,

d) kennslustundafjöldi samkvæmt námsskrá í þeim bekkjum, sem aðild sveitarfélags miðast við.

Sé einungis um að ræða hluta sveitarfélags, sem aðild á að skólahverfi, skal miða liði a) og b) við þann hluta.

Verði sú breyting gerð á skólahverfi, að sveitarfélag, sem þar hefur átt aðild að, tengist öðru skólahverfi, skal ríkissjóður yfirtaka hlutdeild þess í skólabyggingunni og endurselja hana nýjum aðilum eða hinum eldri að því marki, sem um semst.

Gerist sveitarfélag aðili að skólahverfi, þar sem fyrir eru skólabyggingar, sem það mun hafa not af, skal það eftir því sem um semst kaupa hlutdeild í þeim byggingum af þeim sveitarfélögum, sem fyrir eru, og/eða ríkissjóði, sbr. undanfarandi málsgrein.

Menntamálaráðuneytið aðstoðar við samninga um skiptingu byggingarkostnaðar, sé þess óskað, og sker úr um ágreiningsatriði.

Nú óskar sveitarfélag, að gert sé ráð fyrir aðstöðu til félagsstarfsemi eða annars slíks í skólahúsi eða í tengslum við það, og skal það þá heimilt, enda liggja fyrir umsögn skólanefndar og samþykki menntamálaráðuneytisins. Sveitarfélag greiðir stofnkostnað að því leyti, sem lög og reglugerðir ákveða ekki annað.

#### 25. gr.

Í skólahúsi skal auk kennslurýmis gera ráð fyrir aðstöðu fyrir nemendur milli kennslustunda, snyrtiherbergjum, skrifstofu og vinnuherbergjum skólastjóra og kennara, safni bóka og annarra námsgagna, aðstöðu til heilsugæslu, íþróttaiðkana, almennrar félagsstarfsemi í hágu nemenda og annars þess, er lög þessi gera ráð fyrir. Ef henta þykir, má ætla aðstöðu til íþróttar og verklegrar kennslu í öðru húsnæði.

Við gerð nýs skólahúsnæðis og endurbætur eldra húsnæðis skal séð fyrir aðstöðu fyrir nemendur til náms utan kennslustunda og til að neyta málsverðar.

Við gerð heimavistarskóla skal kappkostað, að þeir minni sem mest á almenn heimili og sé þannig gengið frá, að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavista.

#### 26. gr.

Sveitarstjórnir ákveða í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd, hvaða sérfræðingar skuli annast hönnun skólabygginga, þ. e. undirbúningsvinnu og áætlana-gerð, þar með gerð uppdráttar.

Menntamálaráðuneytið skal, þegar ástæða þykir til, efna til almennrar samkeppni að ákveðinni tegund skólamannvirkja miðað við breytilegar stærðir skóla og ólíkar aðstæður í landinu.



**27. gr.**

Sveitarstjórn getur ákveðið listskreytingu skólamannvirkja með samþykki menntamálaráðuneytisins, og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð, er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis, miðað við reglur byggingadeildar ráðuneytisins.

**28. gr.**

Eðlilegt viðhald skólahúsa og skólahúsgagna, svo og kaup og endurnýjun kennslutækja, er sveitarfélögum skylt að annast á fullnægjandi hátt að mati fræðslustjóra og skólastjóra. Verði ágreiningur, sker ráðuneytið úr. Kostnaður greiðist samkvæmt 79. gr. Menntamálaráðuneytið ákveður í reglugerð, að höfðu samráði við samstarfsnefnd menntamálaráðuneytis og Sambands ísl. sveitarfélaga, sbr. 9. gr., árlegan hundraðshluta af brunabótamati hvers skólahúss til viðhalds húss og lóðar.

**29. gr.**

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, skulu vera í höndum skólanefndar og skólastjóra, sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytis.

Heimilt er sveitarstjórn að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er hó aðeins heimilt, að hvorki brjótí í hága við skólahald né aðra notkun skólahúsnæðis samkvæmt lögum.

Skólanefnd getur heimilað að fengnu samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytisins, að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingarekstrar.

**IV. KAFLI****Skólastjóri, kennarar og annað starfslið grunnskóla.****30. gr.**

Við hvern skóla, sem starfar samkvæmt lögum þessum, skal vera skólastjóri.

Skipa má skólastjóra við grunnskóla hvern þann, sem lokið hefur kennaraþrófi, almennu eða sérgreindu, frá kennaraskóla eða háskóla. Ákveða má hó í reglugerð, að skipun í skólastjórastarf við grunnskóla verði háð því skilyrði, að umsækjandi hafi aflað sér viðbótarmenntunar í skólastjórn, sbr. 39. gr., enda verði námskeið um stjórnun skóla haldið eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Ákvæði þessi ná hó eigi til þeirra, er gegnt hafa skólastjórastarfi sem settir eða skipaðir fyrir gildistöku laga þessara.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar og fræðslustjóra, sem í hlut eiga.

**31. gr.**

Í grunnskóla, sem á rétt á 10 kennurum eða fleiri í fullu starfi auk skólastjóra, ræður menntamálaráðuneytið yfirkennara. Um embættisgengi yfirkennara gildir hið sama og um skólastjóra.

Starf yfirkennara skal auglýst á sama hátt og gerist um störf skólastjóra og kennara.

Hlutaðeigandi skólanefnd, svo og skólastjóri og kennararáð skulu láta menntamálaráðuneytinu í té umsagnir um umsóknir þær, er berast um stöðu yfirkennara. Verði þessir aðilar sammála um að mæla með ákveðnum umsækjanda, er ráðuneytinu skylt að fara eftir því.

Þar sem grunnskóli starfar í tveimur eða fleiri einingum, sem aðstæðna vegna eru ekki í sama byggðarlagi, er menntamálaráðuneytinu heimilt, að fenginni tillögu

skólanefndar, að ráða yfirkennara, þótt forsendur þær, sem greindar eru í 1. mgr., séu ekki fyrir hendi.

Yfirkennari er staðgengill skólastjóra og vinnur undir stjórn hans að skólastjórnarstörfum.

Menntamálaráðuneytið ákveður lágmarkskennsluskyldu yfirkennara miðaða við stærð skóla.

Í skólum, sem hafa færri kennara en um getur í 1. málsgrein, fer sá kennari með skólastjórn í forföllum skólastjóra, er hann kveður til. Sé þó fyrirsjáanlega um að ræða lengri forföll en tvo mánuði, gerir skólanefnd tillögu til menntamálaráðuneytisins um ráðningu í starfið.

Yfirkennari er ríkisstarfsmaður og tekur laun samkvæmt launakerfi þeirra.

### 32. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar eða setur kennara við skóla, sem starfa samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum skólastjóra, skólanefndar og fræðslustjóra, sbr. 35. gr.

Engan má skipa kennara við grunnskóla, nema hann hafi lokið kennaraprófi, almennu eða sérgreindu, frá kennaraskóla eða háskóla, sbr. þó 74. gr.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki réttarstöðu þeirra kennara, sem starfa við barna- og gagnfræðastigsskóla, þegar lög þessi öðlast gildi.

### 33. gr.

Þegar skólastjóra- eða kennarastaða losnar í skólahverfi, ber skólanefnd að tilkynna fræðslustjóra það tafarlaust. Fræðslustjóri sendir tilkynninguna til menntamálaráðuneytisins, sem auglýsir stöðuna.

Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum um skólastjóra- og kennarastöður og sendir fræðslustjóra tillögur sínar og umsagnir. Skytt er skólanefnd að leita álitis skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en fræðslustjóra, ef velja skal skólastjóra. Verði ágreiningur um umsækjendur milli skólastjóra og skólanefndar, gerir hvor aðili um sig tillögur til fræðslustjóra.

Fræðslustjóri sendir tillögur og umsagnir um stöðuveitingar til menntamálaráðuneytisins ásamt umsögn sinni.

Þegar skólastjóri eða kennari lætur af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk, skal hann tilkynna það skriflega til skólanefndar, og næsta yfirmanns síns (fræðslustjóra eða skólastjóra) fyrir 1. febrúar. Stefnt skal að því, að skipun og setning í skólastjóra- og kennarastöður fari fram eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

Þurfi að ráða skólastjóra eða kennara fyrirvaralítið, getur menntamálaráðuneytið sett mann í starfið án undangenginnar auglýsingar, en auglýsa skal slíkar stöður svo fljótt sem unnt er.

### 34. gr.

Ráðuneytið ræður, setur eða skipar skólabryta til forstöðu mötuneytis í heima- vistarskóla samkvæmt tillögum skólastjóra og skólanefndar.

Heimilt er skólanefnd að setja skilyrði um menntun eða starfsþjálfun skólabryta.

Skólabrytar eru ríkisstarfsmenn.

Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara við grunnskóla með færri nemendum en 30, svo og aðstoðarstarfsfólk í mötuneyti.

Sveitarstjórn ræður húsvörð grunnskóla, ef hún telur þörf á. Skal hann ráðinn að fenginni tillögu skólanefndar og skólastjóra. Þá ræður sveitarstjórn einnig annað starfsfólk grunnskóla en það, sem tilgreint er í 1. og 4. málsg. r.

Æski starfsmaður, er heyrir undir ákvæði þessi, eigi endurráðningar, ber honum að tilkynna það þeim aðila, er réð hann til starfsins, eigi síðar en 1. júní. Æski ráðn-

ingaraðili á sama hátt breytinga á ráðningarkjörum, eða á ráðningu í starf, skal hann tilkynna það þeim, er starfinu hefur gegnt, fyrir sama tíma, ella telst sá, sem fyrir er í starfinu, endurráðinn næsta skólaár.

### 35. gr.

Skólastjóri eða kennari, sem skipaður er, settur eða ráðinn til starfs við grunn-skóla, skal gegna því samkv. lögum og erindisbréfi, er menntamálaráðuneytið setur.

Um setningu og skipun kennara fer eftir lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þó skulu skólastjórar og kennarar við heimavistarskóla ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslu við þau störf í slíkum skóla.

Um vinnutíma og kjör starfsmanna grunnskóla fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og kjarasamningum stéttarfélagaga eftir því, sem við á.

### 36. gr.

Þegar kennari nær 55 ára aldri, minnkar kennsluskylda hans um  $\frac{1}{6}$ , og er hann nær 60 ára aldri, minnkar kennsluskylda hans enn um  $\frac{1}{6}$  af fullri kennsluskyldu. Til þess að öðlast þennan rétt þarf 20 ára kennsluferil.

### 37. gr.

Í grunnskóla skal kennsla falin fóstum kennurum eftir því, sem við verður komið, og stundakennurum að öðru leyti. Menntamálaráðuneytinu er heimilt að ráða í einni eða fleiri kennslugreinum kennara fyrir tvo eða fleiri grunnskóla samtímis til þess að fullnægja kennsluþörf, ef ekki er fullt verkefni fyrir hann við einn skóla.

Um réttindi kennara til að kenna í grunnskóla eða einstökum bekkjum hans skal ákveðið í lögum um menntun og réttindi kennara.

Skólastjóri við heimavistargrunnskóla er jafnframt heimavistarstjóri. Heimilt er menntamálaráðuneytinu þó, ef skólastjóri æskir, að ráða sérstakan heimavistarstjóra, enda fullnægi hann skilyrðum um uppeldismenntun.

Í heimavistum skal daglegt effirlit og umsjón nemenda jafnframt vera í höndum kennara, fóstara eða annarra starfsmanna með uppeldismenntun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um störf og starfslið í heimavistum og aðbúnað nemenda þar.

Við heimavistarskóla geta fóstur/fóstrar og aðrir starfsmenn með uppeldismenntun sótt um skipan í starf sitt eftir tveggja ára starfsreynslu.

### 38. gr.

Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp í grunnskóla skal skólastjóri velja umsjónarkennara. Hann fylgist sérstaklega með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim og hefur samband við forráðamenn þeirra.

### 39. gr.

Til endurmenntunar kennara á grunnskólastigi má auk orlofs, sbr. 40. gr., verja fjárhæð, sem til þess er ætluð á fjárlögum hverju sinni.

### 40. gr.

Nú óskar kennari að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína eða kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er og/eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi,

getur það veitt honum orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs og/eða sérstakra styrkja. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samsiðri við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki, og veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að  $\frac{2}{3}$  af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum.

Orlof skv. 2. mgr. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 10 ár, settur eða skipaður. Skemmra orlof en 4 mánuðum nemur, til tiltekins náms eða námsferða skv. 3. málsg., má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 5 ár, settur eða skipaður. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof en nemur tveggja ára embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að umsóknir og ákvarðanir um orlof berist réttum aðilum tímanlega og að orlof torveldi ekki störf skólanna yfirleitt. Að orlofi loknu er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum, og er ráðuneytinu heimilt að birta slíkar skýrslur. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof og/eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að námi loknu að skólamálu eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólástjóra.

## V. KAFLI

### Starfstími grunnskóla, námsefni og kennsluskipan.

#### 41. gr.

Reglulegur starfstími grunnskóla skal vera 7—9 mánuðir. Skólaárið skal, þegar miðað er við hámarkskenndstíma, hefjast 1. september og því ljúka 31. maí.

Heimilt er þó skólanefnd, að fengnum meðmælum fræðsluráðs og fræðslustjóra, að ákveða í upphafi skólaárs, að kennsla hefjist á tímabilinu 15. september til 1. október, og verði þá árlegur kennslutími sem hér segir:

- a) í 1.—3. bekk í 7 mánuði,
- b) í 4.—9. bekk í 7½ mánuð.

Í þessu sambandi ber að taka sérstakt tillit til atvinnuhátta og aðstæðna í skólahverfinu.

Fræðsluráð og skólanefnd geta í upphafi skólaárs ákveðið, hvort í skólahverfinu skuli vera 5 eða 6 daga skólavika.

Kosta ber ávallt kapps um að skipuleggja kennslu á þann hátt, að komist verði yfir námsefni skv. námsskrá, þótt kennslutími sé í lágmarki.

Æski skólanefnd, að hluta námsskyldu barna í 1.—6. bekk sé fullnægt með sumarskóla, getur fræðsluráð, að fenginni umsögn fræðslustjóra, heimilað, að allt að fjórðungur kennslunnar fari fram með þeim hætti.

Skipan þessara mála skal nánar ákveðin með reglugerð.

#### 42. gr.

Í samræmi við markmið grunnskóla skal að því stefnt, að nám í öllum bekkj-

um skólans tengist sem best raunhæfum athugunum og þroskandi störfum utan skólaveggjanna. Í 7.—9. bekk verði val námsgreina frjálst að hluta, og skal þar við það miðað, að verklegt skyldu- og valnám geti samanlagt numið helmingi náms-tímans að hámarki, en fimmtungi hans að lágmarki.

Menntamálaráðuneytið setur grunnskólum aðalnámsskrá, þar sem m. a. skal kveðið nánar á um uppeldishlutverk skólans og meginstefnu varðandi kennslufræði og kennsluskipan, auk þess sem ákvæði skulu sett um:

- a) þjálfun í notkun móðurmálsins í ræðu og riti og fræðslu um íslenskar bókmenntir;
- b) undirstöðukennslu í stærðfræði;
- c) þroskun fagurskyns, listhneigðar og hagleiks, með kennslu í tónmennt, myndlist og handíðum;
- d) fræðslu um mannlegt samfélag, umheim og umhverfi í fortíð og nútíð, um Íslandssögu, mannkynssögu, samfélagshætti og landafræði;
- e) kennslu í kristnum fræðum, siðfræði og fræðslu um önnur helstu trúarbrögð;
- f) kennslu um efnisheiminn, um frumatriði líffræði, umhverfisfræði, eðlisfræði og efnafræði;
- g) kennslu í erlendum tungumálum, og séu forsendur fyrir vali þeirra annars vegar að varðveita tengslin við uppruna þjóðarinnar og norræna menningu og hins vegar að opna Íslendingum leið til samskipta við sem flestar þjóðir;
- h) kennslu í heimilisfræðum og heimilISRækt;
- i) kennslu í íþróttum, líkams- og heilsurækt og hjálp í viðlögum;
- j) verklegt nám;
- k) ýmsar valgreinar, verklegar og bóklegar, í efstu bekkjum grunnskóla.

Þar, sem nemendur eru þátttakendur í atvinnulífinu um takmarkaðan tíma á skólaárinu, skal heimilt að meta það að nokkru til jafns við verklegt nám, sbr. j-lið. Fræðsluráð skal í samráði við launþega- og atvinnurekendasamtök og hlutaðeigandi skólastjórn skipuleggja atvinnuþátttöku nemenda, þar sem slíkrar skipulagningar er þörf, og skal metið að nokkru sem verklegt nám, sbr. j-lið þessarar greinar.

Að öðru leyti ákveður menntamálaráðuneytið námsefni grunnskóla, magn þess, skiptingu milli námsgreina og skipan á námsár, sbr. þó 44. gr.

Við setningu námsskrár og skipulagningu námsefnis fyrir grunnskóla skal þess sérstaklega gætt, í samræmi við markmið skólans, sbr. 2. gr., að öllum nemendum séu gefin sem jöfnust tækifæri til náms, jafnframt því sem skólinn komi til móts við og viðurkenni mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasvið nemenda.

Í aðalnámsskrá skal sérstaklega kveðið á um nám í fámennum skólum, þar sem nauðsynlegt er, að nemendur á mismunandi aldri séu saman í deild, sbr. 47. gr., svo og um nám í skólum, þar sem miðað er við skertan árlegan starfstíma, sbr. 41. gr.

Setja skal sérstakar námsskrár fyrir nemendur, sem njóta sérkennslu skv. 50. og 51. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur námsskrá grunnskóla stöðugt til athugunar og endurskoðunar og gerir tillögur um breytingar, þegar þörf er talin á. Menntamálaráðuneytið gefur aðalnámsskrá grunnskóla út eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

#### 43. gr.

Í öllum skólum á grunnskólastigi skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans, eftir því sem aðstæður leyfa, sbr. 77. gr.

Í félagsstarfi skal m. a. að því stefnt, að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf í þjóðfélaginu.

Heimilt er skólastjórum að fela einum eða fleiri kennurum að annast sérstak-

lega þennan þátt skólastarfsins, og lækkar við það að sama skapi kennsluskylda þeirra.

Skólástjórar grunnskóla skulu árlega gera fræðslustjóra grein fyrir, hversu varið var tómstunda- og félagslífi í skóla þeirra á næstliðnu skólaári.

Menntamálaráðuneytið gengst fyrir námskeiðum fyrir þá kennara, er með þessi mál fara í skólum, og sér um, að gefnar séu út leiðbeiningar þeim til stuðnings.

#### 44. gr.

Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt, að hann fari í heild (kennslutími, stundahlé og sjálfsnám utan kennslustunda) ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skal vera sem næst þessi:

- a) í 1. bekk, 880 mínútur;
- b) í 2. bekk, 960 mínútur;
- c) í 3. bekk, 1080 mínútur;
- d) í 4. bekk, 1280 mínútur;
- e) í 5. bekk, 1360 mínútur;
- f) í 6. bekk, 1400 mínútur;
- g) í 7. bekk, 1440—1480 mínútur;
- h) í 8. bekk, 1440—1480 mínútur;
- i) í 9. bekk, 1440—1480 mínútur.

Í 1.—6. bekk er skólástjóra með samþykki fræðslustjóra heimilt að lengja eða stytta vikulegan kennslutíma nemenda um allt að 40 mínútur frá framangreindum ákvæðum. Skal þá hvors tveggja gætt, að heildartímafjöldi nemenda skólans það skólaár fari sem minnst fram yfir ákvæðin og að samanlagður kennslutímafjöldi nemenda á skólaferli þeirra á umræddu skólastigi verði sem næst ákvæðunum.

Um lengd kennslustunda fer eftir ákvörðun skólástjóra. Eigi má þó samfelld kennslustund vera lengri en 80 mínútur og eigi að jafnaði skemmri en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

Stundahlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum, sem kenndar eru.

#### 45. gr.

Í grunnskóla skal jólaleyfi veitt frá og með 21. desember til og með 3. janúar og páskaþeyfi frá pálmásunnudegi til og með þriðjudags eftir páska. Að öðru leyti skulu leyfis dagar ákveðnir í reglugerð.

#### 46. gr.

Eftir að frá hafa verið taldir sérbekkir fyrir nemendur, sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla, sbr. 50. og 51. gr., skal við það miðað að jafnaði, að meðaltal nemenda í bekkjardeildum hvers grunnskóla fari ekki yfir 28 né nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild yfir 30.

Menntamálaráðuneytið getur, sbr. 42. gr., sett ákvæði í aðalnámsskrá grunnskóla, er heimili skólum að skipta almennum bekkjardeildum í smærri hópa, þegar tilteknir námsþættir eru kenndir.

Þegar kennarar vinna saman að kennslu námshópa, er heimilt að leysa upp að nokkru deilda- og bekkjaskípan og kenna nemendum saman, ýmist í smærri eða stærri hópum, enda skerði sú tilhögun eigi námsefni það, sem kenna ber.

#### 47. gr.

Í fámennum skólum, þar sem nemendur (1.—6. bekkjar) eru á mismunandi aldri

saman í deild, skulu þó ekki vera fleiri en þrír aldursflokkar saman í bekkjardeild. Þó sé heimilt, ef nauðsyn krefur, að hafa 1.—4. bekk saman í deild.

Undir slíkum kringumstæðum er æskilegt, eftir því sem við verður komið, að nemendur í bekkjardeild séu ekki fleiri en hér segir:

- a) 12 nemendur, ef aldursflokkar eru fjórir,
- b) 17 nemendur, ef aldursflokkar eru þrír,
- c) 22 nemendur, ef aldursflokkar eru tveir.

Fræðslustjóri getur, þegar sérstaklega stendur á, aukið nemendafjöldann um allt að fjóra nemendur í bekkjardeild, gegn aukningu kennslumagns með fjölgun tíma eða skiptitímum. Slíkar ákvarðanir skulu ekki auka kennslumagn umfram það, sem ákveðið er í lögum, nema samþykki menntamálaráðuneytisins komi til.

#### 48. gr.

Í 7.—9. bekk grunnskóla skulu deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir, sem sækja þessa bekki skólans.

Til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi, má meðalfjöldi nemenda í deild ekki vera minni en 12, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

### VI. KAFLI

#### Réttindi og skyldur nemenda og kennara.

#### 49. gr.

Börnum og unglingum er bæði rétt og skylt að sækja grunnskóla, fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7., 51., 52., og 75. gr. þessara laga.

Skólaskylda barns hefst við byrjun skólaárs á því almanaksári, sem það verður sjö ára. Skólaganga má þó hefjast fyrr á almanaksárinu, ef skólahverfi heldur vor-skóla. Sæki foreldrar eða forráðamaður um eða samþykki, að barn, sem náð hefur sex ára aldri fyrir 1. júlí, hefji nám á því ári, eða að barn, sem ekki verður sjö ára fyrr en 1. júlí, fresti námi um eitt ár, getur skólastjóri, að fengnum meðmælum hlut- aðeigandi sálfræðideildar, haft þann hátt á. Nú sækja foreldrar eða forráðamaður um, að barn, sem nær sex ára aldri á síðara hluta almanaksársins, fái að hefja skólagöngu í grunnskóla, og getur þá skólastjóri heimilað þetta, ef sálfræðideild og skólalæknir mæla með því hvor um sig.

Nú lýkur nemandi öllu námi grunnskóla á átta árum með góðum árangri, og telst hann þá hafa lokið skyldunámi. Nemandi getur og á sama hátt lokið grunnskólanámi enn fyrr og þá flust á framhaldsskólastig, telji skólastjóri, skólasálfræðingur og aðalkennari nemandann hafa til þess nægan þroska, enda komi til samþykki forráðamanna.

Fræðslustjóri getur, að höfðu samráði við foreldra eða forráðamenn auk skólastjóra, heimilað nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 8. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnulífi, og lýkur nemandi þá grunnskólanámi þeim mun síðar. Heimilt skal að meta þessa þátttöku nemandans í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 9. bekkjar.

#### 50. gr.

Börn, sem talin eru vikja svo frá eðlilegum þroskaferli, að þau fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eiga rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Slík kennsla fer fram einstaklingslega, í hópum, sérbekkjum eða sérdeildum grunnskóla, nema til komi kennsla á sérstofnun samkvæmt 52. gr. Kennslan

fer fram eftir því, sem hentast þykir eftir afbrigðum nemenda og aðstæðum skóla og fræðsluumdæmis. Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu, þar sem því verður við komið. Heimilt er skóla að fjölga í þessu skyni vikulegum skyldustundum einstakra nemenda um allt að tveimur kennslustundum, en tilkynna skal slíkt forráðamönnum nemenda.

Þessum viðbótarkennslustundum sé einkum varið til þess að veita einstökum nemendum hjálp.

#### 51. gr.

Kennslu samkvæmt 50. gr. skulu njóta:

- a) börn, sem að dómi sálfræðipjónustu og annarra sérfræðinga skortir hæfileika til að stunda venjulegt grunnskólanám;
- b) börn, sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt grunnskólanám;
- c) börn, sem að dómi sálfræðipjónustu og annarra sérfræðinga eiga við að etja hömlur, einkum í máli og lestri, sem valda því, að tvísýnt er um árangur venjulegrar bekkjarkennslu;
- d) börn, sem að dómi sálfræðipjónustu og annarra sérfræðinga eiga við svo mikil aðlögunarvandamál að stríða, að þau eiga ekki samleið með venjulegum nemendum;
- e) börn, sem af öðrum ástæðum þurfa sérstakrar aðstoðar við að dómi sálfræðipjónustu og annarra sérfræðinga, þar með talin seinþroska börn.

#### 52. gr.

Þeim börnum, sem um getur í a- og b-lið 51. gr., skal séð fyrir kennslu í sérstofnunum samkv. þessari grein. Þar skal þeim veitt uppeldi og fræðsla við þeirra hæfi, enda liggja fyrir álit sálfræðipjónustu um, að nám í grunnskóla beri ekki tilætlaðan árangur.

Menntamálaráðuneytið hefur forgöngu um, að slíkar sérstofnanir verði reistar. Það lætur gera heildaráætlun um slíkar sérstofnanir og rekstur þeirra, og skal hún að fullu framkvæmd innan 10 ára frá gildistöku laga þessara.

Allur stofnkostnaður greiðist úr rikissjóði, svo og rekstrarkostnaður, þar með talin daggjöld nemenda að því leyti, sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til.

Þegar um er að ræða nemendur, sem um getur í c-, d- og e-lið 51. gr., skal þeim séð fyrir kennslu í almennum grunnskóla eða sérstakri deild á vegum hans. Nú telur sálfræðipjónusta, sem hlut á að máli, að slíkt muni ekki bera tilætlaðan árangur, og skal þá séð fyrir kennslu í sérstofnun skv. þessari grein.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um sérstofnanir skv. þessari grein, og skal þar m. a. kveðið á um kennslumagn, húsnæði og starfsmannahald. Hvert fræðsluumdæmi skal eiga aðgang að slíkum sérstofnunum.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða nemendum, sem grein þessi tekur til, náms tíma, er sé einu eða tveimur árum lengri en skólaskyldan þýður.

#### 53. gr.

Eigi má nemandi á starfstíma skólans stunda vinnu utan skólans, er að dómi skólastjóra og skólalæknis veldur því, að hann getur ekki rækt nám sitt sem skyldi eða notið nauðsynlegrar hvíldar. Skal skólastjóri í þeim tilvikum tilkynna það forráðamanni nemandans og hlutaðeigandi vinnuveitanda, en verði ekki bót á ráðin, skal vísa málinu til meðferðar barnaverndarnefndar.

#### 54. gr.

Nemendum ber að hlíta fyrirráðum kennara og starfsfólks skóla í öllu því, er skólann varðar, fara eftir skólareglum og temja sér þrúðmannlega framkomu.



Nú veldur nemandi verulegri truflun í kennslustund og lætur ekki skipast við áminningu kennara, og er þá kennara heimilt að víkja honum úr kennslustund.

Ef nemandi reynist verulega áfátt í hegðun, ber kennara að leita orsaka þess. Í ljósi fenginna upplýsinga skal hann í viðtali við nemandi og forráðamenn hans, ef við á, leitast við að fá bætt úr því, sem áfátt er.

Nú ber viðleitni kennara skv. 3. mgr. ekki árangur, og skal hann þá vísa málinu til meðferðar skólastjóra, sem kannar málið frá öllum hliðum. Ef meðferð hans leiðir ekki til viðunandi ástands, vísar skólastjóri málinu til sérfræðilegrar meðferðar fræðsluskrifstofu.

Meðan mál skv. 4. mgr. eru óútkljáð, getur skólastjóri vísað nemandi úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemandi og fræðslustjóra tafarlaust þá ákvörðun.

Fræðslustjóri tekur þá málið til meðferðar í samráði við skólanefnd og sálfræðipjónustu, sbr. 67. gr.

Akveða skal nánar í reglugerð um framkvæmd þessarar greinar.

### 55. gr.

Telji skólastjóri, að kennari, eða kennari, að skólastjóri hafi gerst brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim, getur hann vísað málinu til skólanefndar, sem beinir því sem skjótast til fræðslustjóra, ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Nú telur fræðslustjóri, að aðgerðir í málinu þoli enga bið, og getur hann þá gert tafarlaugar ráðstafanir til úrbóta um stundarsakir, en gefur þegar í stað skýrslu til menntamálaráðuneytisins, sem tekur ákvörðun í málinu.

Telji foreldrar eða forráðamenn barna, að skólastjóri eða kennari hafi gerst brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim, fer um málið eins og segir í 1. mgr.

Um meðferð slíkra mála fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

## VII. KAFLI

### Námsmat.

#### 56. gr.

Með námsmati í grunnskóla skal reynt að afla sem öruggastrar og víðtækastrar vitneskju um það, hver árangur hefur orðið af skólastarfinu. Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því, hvernig nemendum gengur að ná þeim markmiðum í námi, sem skólinn setur þeim, sbr. 42. gr. Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstímans, heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er örvun nemandi og náms hjálp.

#### 57. gr.

Próf í grunnskóla skulu að jafnaði framkvæmd af kennurum skólans, sbr. þó 58. gr. Kennarar skulu gefa vitnisburði í lok hvers skólaárs eða námsáfanga. Vitnisburðir skulu færðir í prófbók skólans og í einkunnabækur nemandi.

Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemandi öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemandi milli skóla. Þó skal heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.

## 58. gr.

Menntamálaráðuneytið skal leggja skólunum til samræmd könnunarpróf og stöðluð próf í a. m. k. móðurmáli og stærðfræði, svo fljótt sem við verður komið. Skal einkum við það miðað, að þessi próf veiti glögga vitneskju um árangur skólastarfsins á þeim stigum, þar sem eðlileg skil verða í náminu.

Ráðuneytið veitir einnig sérfræðilegar leiðbeiningar um, hvernig skólarnir geti sem réttast metið námshæfni og námsárangur nemenda og gefið sem gleggstar um-sagnir og upplýsingar um þá.

## 59. gr.

Er grunnskólanámi lýkur, skal nemandi fá skirteini, er votti, að hann hafi lokið skyldunámi samkvæmt lögum. Í skirteinið skal skrá námsbraut nemandans og valgreinar hans í 8. og 9. bekk svo og úrslit prófa, þ. á m. samræmdra lokaprófa. Einkunnir úr samræmdum stöðluðum prófum skulu færðar sem sjálfstæðar einkunnir og hafi einkunnir kennara ekki áhrif á þær.

## 60. gr.

Til þess hluta námsmats, sem framkvæmt er með prófum lögðum fyrir heila árganga samkvæmt 57. eða 58. gr., er heimilt að hafa prófdaga sem hér segir: Í 1. og 2. bekk þrjá daga, í 3. bekk fimm daga, í 4., 5. og 6. bekk sex daga, í 7., 8. og 9. bekk allt að tólf daga að meðaltali.

Óheimilt er að fella niður kennslu í þessu skyni umfram það, sem hér segir, nema samþykki menntamálaráðuneytisins komi til.

## 61. gr.

Menntamálaráðuneytið í samráði við fræðslustjóra skipar skólunum trúnaðarmenn til aðstoðar við framkvæmd samræmdra könnunarprófa, svo og prófdómara til starfa við námsmat í 9. bekk grunnskóla, og setur starfsmönnum þessum erindisbréf.

Æski skólastjóri og skólanefnd grunnskóla, þar sem kennslu lýkur í 7. bekk eða fyrr, sbr. 3. gr., að sérstakt eftirlit verði með námsmati í lokabekk skólans, er ráðuneytinu heimilt að skipa skólanum eftirlitsmann. Greiðist kostnaður við störf hans þá að jöfnu úr ríkissjóði og sveitarsjóði.

Þá getur ráðuneytið, er það telur þörf á, skipað slíkan eftirlitsmann, að fengnum tillögum fræðslustjóra.

Nánari ákvæði um tilhögun námsmats setur ráðuneytið í reglugerð. Þar skal og setja ákvæði um, hvernig fylgst verði með námi þeirra nemenda á skólaskyldualdri, sem eigi sækja almennan grunnskóla.

## VIII. KAFLI

## Skólarannsóknir o. fl.

## 62. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur með höndum gerð áætlanu um umbætur í starfi skóla, rannsókn- og tilraunastarf í skólum, mat og endurskoðun námsmarkmiða og námsefnis, gerð staðlaðra prófa, endurskoðun námsskrár, undirbúning í samvinnu við Ríkisútgáfu námsbóka að útgáfu nýrra kennslubóka í þeim námsgreinum, sem ráðuneytið hefur til endurskoðunar, kennslufræðilegt leiðbeiningarstarf og tillögugerð um kennaranámskeið og nýjungar í kennaranámi í samvinnu við stofnanir, sem veita kennaramenntun.

**63. gr.**

Til að leiðbeina um kennslu í grunnskóla, fylgjast með árangri hennar og stuðla að kennslufræðilegum umbótum skulu vera námsstjórar, eftir því sem þörf er á og fé veitt til þess á fjárlögum. Námsstjórar þessir eru starfsmenn menntamálaráðuneytisins, og ræður það þá til allt að fjögurra ára í senn. Við ráðningu námsstjóra skal tekið tillit til kennslufræðilegrar menntunar og kennarareynslu.

**64. gr.**

Til rannsóknaverkefna á sviði skóla- og uppeldismála, þ. á m. rannsókna- og tilraunastarfa skv. 62. gr., skal árlega varið fé, svo sem ákveðið er á fjárlögum. Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu fjárens.

**65. gr.**

Menntamálaráðuneytið getur veitt einstökum fræðsluumdæmum, skólahverfum og opinberum kennslustofnunum heimild til að starfrækja tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða, svo sem um námsskrá, starfstíma skóla, kennslutilhögun, kennslumagn, skipun nemenda á tiltekin skólastig o. s. frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bág við 2. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því, sem þar er gert ráð fyrir.

Ef kostnaður við tilraunaskóla fer fram úr því, sem greiða á til hans skv. lögum, skiptist það, sem umfram er, að hálfu milli ríkisins og viðkomandi aðila, enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt árlega kostnaðaráætlun fyrir fram.

**IX. KAFLI****Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta.****66. gr.**

Fræðsluráð skal svo fljótt sem aðstæður leyfa setja á stofn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu fyrir grunnskóla umdæmisins.

Heimilt er fræðsluráðum tveimur eða fleiri að sameinast um ráðgjafar- og sálfræðipjónustu, enda samþykki menntamálaráðuneytið tilhögun þeirrar þjónustu.

Nú telur ráðuneytið, að óhæfilegur dráttur verði á stofnun ráðgjafar- og sálfræðipjónustu í fræðsluumdæmi, og er þá fræðsluráði skylt að hefjast handa um slíkt innan frests, sem ráðuneytið ákveður.

Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við fræðslustjóra heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðipjónustu skv. lögum þessum. Skal áætlunin miðuð við það fjármagn, sem til þessa starfsþáttar er veitt á fjárlögum. Til þessarar starfsemi skal að fengnum tillögum fræðslustjóra ráða sálfræðinga, félagsráðgjafa og sérkennara. Einnig er fræðsluráði heimilt að tryggja sér þjónustu ráðgefandi læknis til slíkra starfa.

Sálfræðingar, félagsráðgjafar og sérkennarar gegna störfum sem settir eða ráðnir um tveggja ára skeið, en eiga að þeim tíma liðnum rétt á ákvörðun um stöðuveitingu, að fenginni umsögn fræðslustjóra.

Kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðipjónustu greiðist að jöfnu af ríkissjóði og sveitarfélögum.

**67. gr.**

Hlutverk ráðgjafar- og sálfræðipjónustu er:

- a) að nýta sálfræðilega og uppeldisfræðilega þekkingu í skólastarfi;
- b) að vera ráðgefandi um umbætur í skólastarfi, sem verða mættu til að fyrirbyggja geðræn vandkvæði;

- c) að annast rannsókn á afbrigðilegum nemendum og þeim, sem ekki nýtast hæfileikar í námi og starfi;
- d) að leiðbeina skólustjórum, kennurum og foreldrum um kennslu, uppeldi og meðferð nemenda, sem rannsakaðir eru (sbr. c-lið);
- e) að taka til meðferðar nemendur, sem sýna merki geðrænna erfiðleika, og leiðbeina foreldrum og kennurum um meðferð þeirra;
- f) að annast hæfniprófanir og ráðgjöf í sambandi við náms- og starfsval unglinga;
- g) að annast ýmis rannsóknarstörf og athuganir í sambandi við ráðgjafarþjónustuna.

#### 68. gr.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónustan lýtur stjórn fræðslustjóra, sem skipuleggur störfin í samráði við skólustjóra.

Starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar hafa sama rétt til að sitja fundi skólanefndar og skólustjóri, sbr. 18. gr. Enn fremur eiga þeir rétt á að sitja fundi fræðsluráðs, þegar fjallað er um ráðgjöf og sálfræðiþjónustu eða skyld mál, svo og hliðstæða fundi, sem fræðslustjóri boðar til með skólustjórum eða kennurum.

#### 69. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur með höndum yfirstjórn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu.

Ráðuneytið getur falið tiltekinni stofnun, með samkomulagi við þá aðila, sem að henni standa, að annast fræðilega leiðbeiningastarfsemi og sérfræðilega umsjón með sálfræðiþjónustu í skólum.

#### 70. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur safna upplýsingum um námsbrautir, atvinnulíf og annað, er starfsfræðsla þarfnast, og annast útgáfu handbóka og hjálpargagna fyrir kennara og ráðgjafa.

#### 71. gr.

Sérmenntaðir starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skulu hafa lokið námi, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Setur ráðuneytið í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og verksvið ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, svo og kröfur um menntun þeirra, sem að þessum málum vinna, svo sem skólasálfræðinga, félagsráðgjafa og sérkennara. Forstöðumenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skulu hafa lokið kandidatsprófi eða sambærilegu prófi í sálarfræði.

Ráðuneytið setur starfsmönnum erindisbréf að fengnum tillögum fræðsluráðs.

## X. KAFLI

### Bókasöfn.

#### 72. gr.

Við hvern grunnskóla skal vera safn bóka og námsgagna ásamt vinnustofu fyrir nemendur og kennara. Heimilt skal að sameina almenningsbókasöfn og skólasöfn, ef forráðamenn beggja telja slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir.

Að skólabókasöfnum skal þannig húið, að því er varðar húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfslið, að þau gefi gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhljálpartækjum í skólastarfinu.

Í bóka- og námsgagnasafni eru bækur og annað prentað efni, kvikmyndir, myndræmur, skyggjur, glærur, myndsegulbönd og annað myndritað efni, enn fremur

hljómplötur, segulbönd og annað hljóðritað efni, svo og hvers konar tæki til flutnings á þessu efni og framleiðslu í þau.

Nánari ákvæði um skólasöfn, húsnæði þeirra, bókakost, önnur kennslugögn, starfslið og starfshætti setur menntamálaráðuneytið í reglugerð.

## XI. KAFLI

### Heilsuvernd.

#### 73. gr.

Um heilsuvernd í grunnskóla fer eftir lögum nr. 61/1957, um heilsuvernd í skólum, og reglugerð nr. 214/1958, með áorðnum breytingum. Sá aðili, sem falin er stjórn heilsuverndar í skólum, skal hafa samráð við fræðslustjóra um skipulagningu heilsuverndar í skólum fræðsluumdæmisins á skólaárinu. Enn fremur skal, í upphafi skólaárs og í samráði við skólustjóra, setja starfsliði heilsuverndar, sem í skóla starfar, svo sem skólalækni, hjúkrunarkonu og tannlækni, fastan starfstíma í skólunum.

Sé heilsugæslustöð í námunda við grunnskóla, er heimilt að fela henni að annast heilsuvernd nemenda, skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 56/1973.

Skólustjóra ber að fylgjast með því, að starfsfólk heilsuverndar ræki störf sín í skólanum í samræmi við þá vinnuáætlun, sem sett hefur verið skv. framangreindu.

## XII. KAFLI

### Forskóli.

#### 74. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 6 ára börn, eða 5 og 6 ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans. Rekstrarkostnaður við forskólahald greiðist á sama hátt og við almenna grunnskóla. Við forskólann skulu starfa kennarar, sem lokið hafa viðurkenndu kennaraprófi, og skulu þeir ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar við 1.—6. bekk grunnskóla. Kennarar, sem hlotið hafa viðurkennda viðbótarmenntun fyrir forskólakennara, skulu ganga fyrir um rétt til starfsins. Heimilt er að ráða að forskóla fóstrur eða aðra starfsmenn með viðurkennda menntun, sem henta þykir. Slíkir starfsmenn skulu ráðnir og launaðir af sömu aðilum og kennarar, og fer um launakjör þeirra eftir kjarasamningum eða dómi kjaradóms.

Heimilt er að nota til forskólahalds skólahúsnæði grunnskóla.

Óheimilt er einkaaðila að reka skóla fyrir börn undir skólaskyldualdri nema með leyfi fræðslustjóra.

## XIII. KAFLI

### Einkaskólar.

#### 75. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., eða forskóla, sbr. 74. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá, er það staðfestir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Kennarar við skóla þessa skulu fullnægja öllum skilyrðum um rétt til kennslu í grunnskóla. Börn, sem þessa einkaskóla sækja, hafa undanþágu samkvæmt 7. gr., en

forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá um nemendur og tilkynna henni allar breytingar á nemendaskrá, jafnóðum og þær verða.

Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

#### XIV. KAFLI

##### Fjármál.

###### 76. gr.

Ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir sveitarfélögum launakostnað vegna almennrar kennslu í grunnskólum, er leiðir af framkvæmd námsskrár með þeirri skólaskípan og því kennslufyrirkomulagi í hverju skólahverfi, sem ákveðið hefur verið skv. 16. gr.

Fjöldi kennslustunda, sem ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir, skal miða við heildarfjölda nemenda, er stunda nám samtímis í grunnskólum hvers skólahverfis, og annast skólanefnd skiptingu milli einstakra skóla.

Hámarksfjöldi kennslustunda á kennsluviku skal miða við það, sem hér segir:

Séu nemendur samtímis í grunnskóla:

- a) allt að 20, verði kennslustundir á hvern nemanda 3.
- b) 21—100, verði kennslustundir 20, og að auki 2 á hvern nemanda,
- c) 101—350, verði kennslustundir 60, og að auki 1.6 á hvern nemanda,
- d) fleiri en 350, verði kennslustundir 130, og að auki 1.4 á hvern nemanda.

Sé meðaltal kennslutíma í bekkjardeildum grunnskóla annað en meðaltal kennslutíma, 32.2 kennslustundir (40 mín.), breytist hámark kennslustundafjölda, sbr. a—d-liði hér að framan, í réttu hlutfalli við það frávik.

Til kennslutíma skal hvorki telja kennslustundir utan námsskrár né kennslustundir umfram þann tíma, sem ákveðinn er í 44. gr., nema hvað verja má allt að einni stund á viku á hverja 30 nemendur í 5.—9. bekk grunnskóla til reglubundins hópnáms í bókasafni undir leiðsögn kennara.

Sé víxlkennsla (skiptikennsla) bekkja viðhöfð um tiltekinn tíma í skólahverfi og árlegur námstími af þeim sökum skertur, má vikulegur kennslutími þeirra nemenda vera allt að 15% lengri en ákvæði 44. gr. mæla fyrir um.

Leiði skipting bekkja vegna verklegrar kennslu að jafnaði til fleiri en þeirra 3 stunda á viku í 3.—9. bekk, sem reiknað er með hér að framan, eykst kennslustundafjöldinn í samræmi við það, enda séu þá að jafnaði eigi færri en 12 nemendur saman í námshópi.

Auk þess, sem talið er hér að framan, greiðir ríkissjóður að fullu kennslustundir vegna sundkennslu, viðurkenndrar sjúkrakennslu og forfallakennslu.

Verði kennslu samkvæmt námsskrá, svo og nauðsynlegri hjálparkennslu, eigi komið fyrir innan þeirra marka, sem tilgreind eru hér að framan, sakir óhentugrar stærðar aldursárganga eða af öðrum gildum ástæðum, skal bæta við stundafjöldann því, sem til þarf. Slík viðbót er hverju sinni háð samþykki fræðslustjóra, sem í hlut á, og menntamálaráðuneytisins.

Fullnóti grunnskóli ekki hámark kennslustunda þeirra, er honum ber samkvæmt lögum þessum, getur skólastjóri varið allt að 75% mismunarins, þó mest 1% af hámarki kennslustundafjölda skólans, til aukinnar kennslu eða annarra þarfa skólans.

Sé rekið útibú frá skóla, sbr. 4. gr., skulu því og aðalskóla, hvoru í sínu lagi, ætlaðar kennslustundir.

Séu kennslustundir og aðrar starfsstundir við skóla með samþykki skólanefndar fleiri en samrýmist ákvæðum þessarar og 77. greinar, eða sérstakri heimild menntamálaráðuneytisins, greiðist kostnaður þeirra vegna úr sveitarsjóði.

Verði af hálfu menntamálaráðuneytisins eða með þess samþykki gerðar breytingar á námsefni eða skólahaldi, breytast reglur um stundafjölda til samræmis.

#### 77. gr.

Ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir sveitarfélögum þann launakostnað við grunnskóla, sem hér greinir:

- a) Stundafjölda til stjórnunarstarfa, er svarar til allt að 7% af hámarki kennslustundafjölda samkvæmt 76. gr., þó ekki minna en 5 stundir á viku.

Stundafjölda samkvæmt þessum staflíð skal varið til lækkunar á kennsluskyldu skólastjóra og yfirkennara vegna stjórnunar skóla, eins og hún verður ákveðin, og til almennra skrifstofustarfa að hámarki andvirði þess stundafjölda, sem umfram lækkun á kennsluskyldu er, og skal þá miðað við dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi.

- b) Fjárhæð, er varið skal til starfa við bókasöfn og kennslutæki. Hámarksfjárhæð, sem ríkissjóður greiðir í þessu skyni á kennsluviku, miðast við klukkustundafjölda, er svarar til 6% af kennslustundum, skv. 76. gr., og dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi.

- c) Fjárhæð, er varið skal til starfa að félagslífi nemenda. Hámarksfjárhæð, sem ríkissjóður greiðir í þessu skyni á kennsluviku, skal annars vegar miðað við dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi og hins vegar við:

- 1) 5 klukkustundir, og að auki 3.7 klukkustundir á hverja 100 nemendur í skólahverfinu, séu þeir samtals færri en 700;
- 2) 4.4 klukkustundir á hverja 100 nemendur, séu nemendur samtals í skólahverfinu 700 eða fleiri.

Setja skal í reglugerð ákvæði um skiptingu stunda samkvæmt staflíð a) til stjórnunarstarfa og enn fremur um störf samkvæmt staflíðum b) og c), þar sem m. a. verði kveðið á um skiptingu þeirra á aldursflokka nemenda og tekið tillit til félagslegrar sérstöðu heimavistarskóla. Reglugerðin kveði einnig á um, hvenær þessi ákvæði komi til fullra framkvæmda.

Sé kennsluskylda kennara lækkuð að hluta, til þess að hann sinni störfum, sem ríkissjóður greiðir ákveðna hámarksfjárhæð til, skal sú fjárhæð lækka um sama hluta af árslaunum kennarans, og skal lækkun kennsluskyldu hans metin til starfstíma í samræmi við ákvæði kjarasamninga.

Lækkun kennsluskyldu eða greiðsla vegna stjórnunar heimavista er ekki innifalin í stundafjölda samkvæmt a-lið.

Setja skal í reglugerð ákvæði um skiptingu stunda til stjórnunarstarfa og störf samkvæmt staflíðum b) og c), þar sem m. a. sé ákveðið, hvenær þessi ákvæði komi til fullra framkvæmda.

#### 78. gr.

Ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir sveitarfélögum laun stjórnskipaðra prófómara, sbr. þó 61. gr., aukagreiðslur til kennara, er leiðir af kjarasamningum ríkisins við kennara, svo og launakostnað vegna umsjónar og mótuneytis nemenda í heimavistum og heimanakstri samkvæmt samningum og þeim reglum, sem menntamálaráðuneytið setur.

#### 79. gr.

Ríkissjóður greiðir viðhaldskostnað húsa, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar og húsaleigu í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Stofnbúnað skólabókasafns og endurnýjun bókakosts greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarfélögum. Skal bókastofn skólabókasafns miðaður við 10 eintök bóka á nemanda og kostnaðarþátttöku ríkissjóðs skipt á allt að 10 ára tímabil.

Ríkissjóður greiðir hluta í aksturskostnaði grunnskólanemenda eða öðrum kostnaði, sem komið getur í hans stað, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skal við það miðað, að þátttaka ríkissjóðs sé 50%, þar sem unnt er að nýta strætisvagna eða áætlunarbifreið, en ella allt að 85%, eða ákveðið framlag á nemanda, til greiðslu á akstri eða kostnaði við annað fyrirkomulag, sem komið getur í stað aksturs.

Heilbrigðisþjónustu greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarsjóði.

Ríkissjóður greiðir ferða- og dvalarkostnað kennara, sem ráðnir eru að fleiri en einum grunnskóla, sbr. 37. gr.

#### 80. gr.

Í skólum, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, greiða sveitarfélögin ein húsvörslu, hitun, lýsingu, ræstingu og allan annan rekstrarkostnað, sem ríkissjóði ber ekki að greiða samkvæmt lögum þessum.

Hreinar tekjur af eignum skóla greiðast í ríkissjóð í því hlutfalli, sem stofnkostnaður var greiddur.

#### 81. gr.

Í skólum, sem reknir eru sérstaklega fyrir nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi, en teljast þó til hins almenna grunnskóla og falla því ekki undir ákvæði 52. gr. um kennslu í sérstofnunum á vegum ríkisins, greiðir ríkissjóður kennslu og aðra námsaðstoð samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er ráðuneytið setur, og taki hún einnig til starfshátta og fyrirkomulags slíkra skóla.

#### 82. gr.

Skólastjóri skal árlega gera áætlun fyrir skóla sinn um fyrirkomulag kennslu, kennslustundafjölda og annan rekstrarkostnað ríkissjóðs og sveitarsjóðs. Áætlunina skal miða við komandi rekstrarár skólans, er telst vera frá 1. júlí til 30. júní. Áætlun þessa skal leggja fyrir skólanefnd og skal hún að því er fjármál varðar hljóta samþykki sveitarstjórnar, áður en hún er send fræðslustjóra fyrir 15. apríl ár hvert, eða annan þann dag, sem menntamálaráðuneytið ákveður. Áætlun þessa skal endurskoða við upphaf skólaárs, ef þörf krefur.

Áætlun fyrir fræðsluumdæmið í heild sendir fræðslustjóri til menntamálaráðuneytisins á þeim tíma, sem það ákveður.

#### 83. gr.

Föst laun skólastjóra, kennara og annarra starfsmanna, sem menntamálaráðuneytið setur eða skipar, greiðast beint úr ríkissjóði.

Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum útlagðan launakostnað vegna kennslu, aksturs nemenda og annarra starfa mánaðarlega eftir á. Mánaðargreiðslur skulu miðast við árlega rekstraráætlun samkvæmt 82. gr., enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt áætlunina. Þegar fyrir liggur uppgjör þessa kostnaðar í lok almanaksárs og rekstrarárs skóla í samræmi við samþykktu rekstraráætlun, skal það endurskoðað og leiðréttingar gerðar, eftir því sem efni standa til.

Menntamálaráðuneytið skal hafa tekið afstöðu til rekstraráætlunar skólaárs þess, sem í hönd fer, og tilkynnt hana sveitarstjórn eigi síðar en 1. júlí ár hvert, enda hafi áætlunargerð farið fram samkv. 82. gr.

Um endurnýjun og viðhald lausafjármuna skal sveitarstjórn (skólanefnd) gera áætlun til menntamálaráðuneytisins, og skal hún komin í hendur þess eigi síðar en 1. maí. Ráðuneytið tekur afstöðu til hennar fyrir 15. júní.

Viðhaldskostnaður, sbr. 28. gr., svo og kostnaður við endurnýjun tækja og búnaðar, greiðist árlega eftir á, samkvæmt endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum. Heimilt er ráðuneytinu þó að greiða sinn hluta viðhaldskostnaðar skólahúsa jafnóðum og hann fellur á, eftir því sem fjárveitingar leyfa.



Þar sem fleiri en einn grunnskóli er í skóláhverfi, ráðstafar skólanefnd samantölögðu viðhaldsfé þeirra.

#### 84. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með fjárhagslegri framkvæmd þessara laga að því er varðar skóla, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, og skulu því afhentir ársreikningar skólanna til endurskoðunar og úrskurðar. Heimilt er ráðuneytinu að fela fræðslustjóra að annast þessi störf í umboði sínu.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald, en geta falið skólanefnd, skólustjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu með samþykki fræðslustjóra.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt standa að rekstri grunnskóla, skulu hlutaðeigandi oddvitar sameiginlega tilnefna til fjögurra ára í senn tvo fulltrúa til að endurskoða reikninga skólans og tvo til vara. Menntamálaráðuneytið og aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku reikningshaldi og upplýsingum um skólakostnað.

#### 85. gr.

Af launa- og rekstrarkostnaði fræðsluskrifstofu skal eftirfarandi greiddast úr ríkissjóði:

- a) Föst laun fræðslustjóra.
- b) Árlegt framlag, er að hámarki miðist við nemendafjölda í grunnskólum umdæmisins, þannig að á fyrstu 2200 nemendur komi 1.4 stundir á nemanda og 0.4 stundir á nemanda eftir það. Við greiðslu úr ríkissjóði skal hver stund greidd með dagvinnutímakaupi í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi. Framlag þetta er háð jafnháu framlagi þeirra landshlutasamtaka, sem í hlut eiga.
- c) Helmingur kostnaðar við ráðgjafar- og sálfræðipjónustu, sem stofnað er til með samþykki menntamálaráðuneytisins.
- d) Helmingur húsaleigu, án ljóss og hita, fyrir starfsemi fræðsluskrifstofu, sem samþykkt hefur verið af menntamálaráðuneytinu.
- e) Helmingur ferðakostnaðar fræðslustjóra í embættiserindum, samkvæmt reglum, sem menntamálaráðuneytið setur.

Verði af samningum samkvæmt 15. gr. um, að skrifstofa landshlutasamtaka eða starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu gegn greiðslu, skal hluti ríkissjóðs greiddast af fjárframlögum samkvæmt þessari grein.

Í framlagi ríkissjóðs til fræðsluskrifstofu felst m. a. sá hluti, er ríkissjóður greiðir í sérfræðilegri skipulagningu skólabókasafna og eftirliti með þeim. Kostnaður við fræðsluskrifstofu greiðist af báðum aðilum mánaðarlega, samkvæmt áætlun, sem gera skal árlega.

Að öðru leyti en að framan greinir tekur ríkissjóður ekki þátt í launa- og rekstrarkostnaði fræðsluskrifstofu.

#### 86. gr.

Af stofnkostnaði nýs húsnæðis og búnaðar fyrir fræðsluskrifstofur greiðir ríkissjóður í upphafi byggingarframkvæmda, eða við kaup húsnæðis, kr. 2 000 000.00, sem miðaðar eru við vísitölu byggingarkostnaðar við samþykkt laganna og breytast í samræmi við hana. Af þeim kostnaði, sem þá er eftir, greiðir ríkissjóður helming og hlutaðeigandi landshlutasamtök helming. Um byggingar þessar skulu að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað, eftir því sem við getur átt.

Viðhald húsnæðis greiðist að jöfnu af aðilum.

## XV. KAFLI

## Gildistaka og reglugerð.

## 87. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

## 88. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntamálaráðuneytisins, þó eigi síðar en innan 10 ára frá gildistöku. Stefnt skal að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 6 árum eftir gildistöku laganna.

Jafnframt falla úr gildi:

Lög nr. 19 7. maí 1928, um fræðslumálanefndir.

Lög nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna.

Lög nr. 5 10. apríl 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, 5. gr., að því er tekur til ákvæða um námsstjórn í lögum um fræðslu barna og um gagnfræðanám.

Lög nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

Lög nr. 123 22. des. 1947, um breyting á lögum nr. 48/1946.

Lög nr. 21 15. apríl 1970, um breyting á lögum nr. 48/1946.

Lög nr. 49 29. apríl 1967, um skólakosnað, að því er tekur til 16.—23. og 25.—26. gr., að því er rekstur grunnskóla varðar, svo og 28. gr. að því er tekur til samstarfsnefndar.

Önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Að 4 árum liðnum frá gildistöku þessara laga skal menntamálaráðherra gera Alþingi grein fyrir framkvæmd laganna og þá einkum undirbúningi að níu ára skólaskyldu, þannig að Alþingi gefist kostur á að álykta á ný um það ákvæði.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*

## L Ö G

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir 173. gr. komi ný grein, 173. gr. a, svofelld:

Hver, sem andstætt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni lætur mörgum mönnum í té ávana- og fíkniefni eða afhendir þau gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega sagnæman hátt, skal sæta fangelsi allt að 10 árum.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem gegn ákvæðum nefndra laga framleiðir, býr til, flytur inn, flytur út, kaupir, lætur af hendi, tekur við eða hefur í vörslum sínum ávana- og fíkniefni í því skyni að afhenda þau á þann hátt, sem greint er í 1. mgr.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

um ávana- og fíkniefni.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir Íslands hönd að gerast aðili að alþjóðasamningum um ávana- og fíkniefni.

Hugtakið ávana- og fíkniefni í lögum þessum tekur einnig til ávana- og fíknilyfja.

## 2. gr.

Varsla og meðferð ávana- og fíkniefna, sem talin eru upp í 6. gr. laga þessara, er óheimil á íslensku forráðasvæði samkvæmt því sem nánar segir í 4. málsgri.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð, að varsla og meðferð annarra ávana- og fíkniefna, sem sérstaklega mikil hættu er talin stafa af samkvæmt alþjóðasamningum, sé á sama hátt óheimil á íslensku forráðasvæði.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á og þá aðeins eftir þeim reglum og skilyrðum, er hann setur. Slíkar undanþágur eru ávallt afturtækar.

Innflutningur, útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla efna, er greinir í 1. og 2. málsg., er bannaður, með þeirri undan-  
tekningu, sem getur um í 3. mgr.

### 3. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að efni, sem ekki falla undir 2. gr., en geta haft hættu í för með sér vegna eiginleika þeirra sem ávana- og fíkniefna og skráð eru sem slík í alþjóðasamningum, megi aðeins nota hér á landi í læknisfræðilegum og vísindalegum tilgangi. Sama er um efni, sem vísindalegar rann-  
sóknir benda til, að haft gætu slíka hættu í för með sér.

Inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, til-  
búningur og varsla efna þeirra, er greinir í 1. málsg., er einungis heimil lyfsölum og þeim, sem ráðherra hefur veitt sérstakt leyfi til slíks. Ráðherra getur sett frekari takmarkanir um slíka starfsemi og hann getur takmarkað og afturkallað leyfi hvenær sem er.

Kaup og móttaka efna, er greinir í 1. málsg., frá lyfsölum, svo og varsla efn-  
anna er einnig heimil þeim, sem við þeim tekur samkvæmt lögum og almennum reglum um lyfseðla og aðrar lyfjaávisanir.

Að öðru leyti er inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla þessara efna bönnuð.

### 4. gr.

Ákvæðum 2. og 3. greinar verður einnig beitt, eftir því sem við á, um hráefni, sem unnt er að vinna úr eða breyta í ávana- og fíkniefni.

### 5. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 1 millj. króna, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem fær eða reynir að fá leyfi (undanþágu) samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða með því að leggja í svíksamlegum tilgangi launung á atriði, er máli skipta í þessu efni, eða brýtur skilyrði fyrir veittu leyfi. Enn fremur skal sá sæta sömu refsingu, sem gefur rangar skriflegar upplýsingar um nafn sitt, heimilisfang eða stöðu sína, er hann leitar eftir lyfseðli eða annarri ávisun á þau lyf eða efni, sem um getur í 3. og 4. grein.

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Heimilt er að refsa fyrir brot á lögum þessum, ef þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Gera skal upptæk til ríkissjóðs efni þau, er lög þessi taka til og aflað hefur verið á lögmætan hátt eða eru á annan hátt í ólögmætri vörslu.

Þá skal og heimilt að gera upptækt til ríkissjóðs andvirði ólögmætrar sölu efna, sem lög þessi taka til, svo og hvers konar muni, sem notaðir hafa verið eða ætlaðir eru til ólögmætrar meðferðar efnanna.

### 6. gr.

Eftirtalin ávana- og fíkniefni falla undir 2. gr. 1. mgr.: Asetorfín, Desómorfín, DET, DMHP, DMT, Etorfín, Heróín, Kannabis (Marihuana) og Kannabis harpeis. Ketóbemídon, Lýsergíð (LSD, LSD-25), Meskalín (peyote), Parahexýl, Psílosíne, Psílotsín, Psílocybín, STP, DOM, Tetrahýdrócannabinólar, allir ísómerar.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 77 16. júní 1970, um tilbúning og verslun með ópíum o. fl.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

## L Ö G

**um breyting á lögum nr. 52 13. apríl 1973, um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Mál vegna brota á lögum nr. 77 16. júní 1970, um tilbúning og verslun með ópíum o. fl., og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum, svo og mál vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim, og mál vegna brota á 173. gr. a. almennra hegningarlaga skulu rannsókuð, rekin og dæmd fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum.

## 2. gr.

1. málsg. 2. gr. laganna orðist svo:

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum skal hafa aðsetur í Reykjavík.

## 3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Um málsmeðferð alla fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum skal fara eftir ákvæðum laga nr. 73 21. júní 1973, eftir því sem við á.

## 4. gr.

2. málsg. 5. gr. laganna orðist svo:

Nú kemur upp í almennu refsímáli eða ástæða þykir til að ætla, að söku-nautur hafi einnig framið refsivert brot gegn lögum nr. 77/1970 og reglugerðum, settum samkvæmt þeim lögum, eða lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim, eða gegn 173. gr. a. almennra hegningarlaga. Skal þá fá ákvörðun saksóknara ríkisins um, hvort rannsókn og meðferð brotanna skuli haldið áfram fyrir hinum almenna dómi eða sent til meðferðar sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum.

## 5. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Nú telur héraðsdómari ástæðu til að ætla, að framið hafi verið refsivert brot gegn lögum nr. 77/1970 og reglugerðum samkvæmt þeim eða lögum um ávana- og

fíkniefni og reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim, eða gegn 173. gr. a. almennra hegningarlaga. Skal hann þá þegar hefja frumrannsókn í málinu, en jafnframt tilkynna sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum um málið, og tekur hann við meðferð þess.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, um breyting á þeim lögum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum, sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum, aðild að sjóðnum, enda hafi þeir meiri hluta atvinnutekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðum um lögbylí, ef um er að ræða verulegan búrekstur, sem hlutaðeigandi hefur meiri hluta tekna sinna af. Þá er stjórninni heimilt að veita undanþágu frá þátttöku þeim bændum, sem eru sjóðfélagar í öðrum lífeyrissjóðum og hafa meiri hluta atvinnutekna sinna af öðru en búvöruframleiðslu.

## 2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld bænda, sem eru sjóðfélagar, skulu innheimt af búvöruverði sem tiltekinn hundraðshluti þess. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn fyrir fram fyrir hvert almanaksár, þannig að hann samsvari 4% af grundvallarlaunum, sbr. 8. gr., í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan. Hundraðshlutinn skal reiknaður með tveimur aukastöfum, og skal gjald þetta dregið frá búvöruverði til sjóðfélaga á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 38 1945.

Bændur, sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð, sbr. 21. gr., skulu ekki greiða herra iðgjald en sem svarar 4% iðgjaldi af hálfum öðrum grundvallarlaunum samkvæmt 8. gr., en aðrir bændur skulu greiða iðgjald af allt að grundvallarlaunum. Hámark þessi miðast hvert almanaksár við hjúskaparstétt í lok ársins.

Á móti iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt 1. málsg. skal leggja gjald á allar búvörur, og skal gjald þetta vera ákveðinn hundraðshluti ár hvert þannig, að hann samsvari 6% framlagi af reiknuðum heildarlaunum allra bænda, er þeim ber að greiða iðgjöld af samkvæmt 1. og 2. málsg. Heimilt er að hækka útsöluverð allra búvara sem þessu nemur.

Nú hefur bóndi atvinnutekjur af öðru en búvöruframléiðslu og greiðir ekki af þeim iðgjöld til lífeyrissjóðs, og skal honum þá heimilt að greiða af slíkum tekjum iðgjöld til þessa sjóðs, en ekki mega þó heildariðgjaldagreiðslur fara fram úr mörkum þeim, sem tilgreind eru í 2. málsg. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum, og teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda. Heimilt er stjórn sjóðsins að veita með sama hætti viðtöku iðgjöldum frá maka sjóðfélaga, enda sé um að ræða iðgjöld af stopulli vinnu og svo stutt tímabil, að ekki verði talið, að um sjálfstæð réttindi í öðrum lífeyrissjóði gæti orðið að ræða.

Iðgjöld af launþegum, sem eru sjóðfélagar samkvæmt 3. málsg. 2. gr., skulu vera 10% af umsömdum föstum launum með þeim takmörkunum, sem nefndar eru í 2. málsg. þessarar greinar. Teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda.

Þeir aðilar, sem taka búvöru bændu til sölumeðferðar, svo sem mjólkurbú, sláturhús og verslanir, skulu innheimta iðgjöld og framlög samkvæmt 1. og 3. málsg. eftir fyrirmælum sjóðsstjórnar, gera skil á þeim til sjóðsins og sundurliða jafnframt eftir sjóðfélögum iðgjaldagreiðslur samkvæmt 1. málsg. Nú innheimtist hærra iðgjald samkvæmt 1. málsg. en greiða ber, sbr. 2. málsg., og fer þá um endurgreiðslu eftir ákvæðum 2. málsg. 14. gr. Gjald dagar iðgjalda og framlaga skulu ákveðnir í reglugerð, og heimilt er þar að kveða á um dráttarvexti frá gjalddaga, ef skil eru ekki gerð innan 30 daga frá gjalddaga. Enn fremur er heimilt að kveða þar á um dagsektir á hendur söluaðila, ef hann lætur ekki í té sundurliðun á iðgjöldum sjóðfélaga, eins og fyrir er mælt. Við gjaldþrotaskipti hjá innheimtuaðila skulu kröfur samkvæmt þessari málsgrein njóta sama forgangsréttar og launakröfur, enda hafi fénu ekki verið haldið aðskildu frá öðrum fjármunum gjaldþrota.

Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til loka þess almanaksárs, er hann nær 69 ára aldri.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

### 3. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans. Nú hefur skilgrein um iðgjöld ekki borist sjóðnum innan 9 mánaða frá lokum almanaksárs, og er sjóðstjórn þá heimilt að telja þau iðgjöld með iðgjöldum næsta árs.

Síðasti málsliður 4. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins setur reglur um, hvernig umsóknum um stigaútreikning samkvæmt þessari málsgrein skuli hagað.

6. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

EKKI skal reikna stig lengur en til upphafs þess almanaksárs, er taka ellilífeyris hefst.

### 4. gr.

Aftan við 1. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr málsliður, er orðist svo:

Það telst í þessu sambandi tekjumissir hjá sjóðfélaga, þótt skert starfsorka hans sé bætt upp með auknu vinnuframlagi maka hans eða barna innan 16 ára aldurs.

Í stað „til 67 ára aldurs“ í 2. mgr. 10. gr. komi: til loka þessa almanaksárs, er hann nær 67 ára aldri.

Í stað „við 67 ára aldur“ í 6. mgr. 10. gr. komi: við lok þess almanaksárs, er sjóðfélagi nær 67 ára aldri, og í stað „til 67 ára aldurs“ í sömu málsgrein komi: til loka þess almanaksárs, er hann nær 67 ára aldri:

**5. gr.**

Aftan við 2. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr málslíður, er orðist svo:

Sé hvorki um að ræða börn innan 18 ára aldurs né slíka skerðingu starfsorku hins eftirlifandi maka, skal samt sem áður án tillits til aldurs sjóðfélaga og maka hans greiða makalífeyri um 5 ára skeið eftir fráfallið, enda séu skilyrði um iðgjalda-greiðslu- og hjúskapartíma uppfyllt.

Aftan við 3. mgr. 11. gr. bætist nýr málslíður, er orðist svo:

Nú annast systir bónda heimili hans, og gilda þá ákvæði þessarar málsgreinar eftir því, sem við getur átt.

Í stað „til 67 ára aldurs“ í 4. mgr. 11. gr. komi: til loka þess almanaksárs, er hann nær 67 ára aldri.

**6. gr.**

Aftan við 2. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málslíður, er orðist svo:

Flutningur réttinda vegna tímabils fyrir stofnun sjóðsins skal þó ekki heimill, nema sérstaklega standi á.

**7. gr.**

Í stað „1969“ í 2. mgr. 17. gr. laganna komi: 1964.

Aftan við sömu málsgrein bætist nýr málslíður, er orðist svo:

Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita systur bónda, sem annast hefur heimili hans, hliðstæðan lífeyri að honum látnum, enda hafi bæði verið ógift, sbr. 3. málsg. 11. gr.

**8. gr.**

Aftan við 1. mgr. 18. gr. bætist nýr málslíður, er orðist svo:

Hafi sjóðfélagi áunnið sér meiri rétt samkvæmt ákvæðum I. kafla einstök réttindaár, skal þó miðað við þann rétt þau ár.

**9. gr.**

Í stað „7. málsg. 7. gr.“ í 21. gr. laganna komi: 6. málsg. 7. gr.

**10. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, en ákvæði þeirra um lífeyrisrétt gilda frá 1. janúar 1974.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þeir, sem rétt eiga á lífeyri samkvæmt I. eða II. kafla laganna, er miðast við grundvallarlaun 1968—1972 eða eldra tímabils, skulu frá 1. janúar 1974 fá lífeyri miðaðan við grundvallarlaun 1969—1973.

Óski bóndi eftir, að tekið verði tillit til réttindatíma systur vegna tímabils fyrir árslok 1974, sbr. 2. málsg. 11. gr. og 2. málsg. 17. gr. laganna, skal hann senda sjóðnum tilkynningu þess efnis eigi síðar en 31. desember 1974. Eftir þann tíma gilda ákvæði 21. gr. laganna um slíkar tilkynningar.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*



**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 68 frá 10. okt. 1967, um iðnlánasjóð.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

1. málsgrein 1. töluliðar 5. gr. laganna breytist þannig:

Í stað orðanna „Undanþeginn gjaldi þessu er allur kjöt- og fiskiðnaður og mjólkurbú“ komi: Undanþegin gjaldi þessu eru mjólkurbú svo og allur kjöt- og fiskiðnaður, þó ekki lagmetisiðnaður.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Álagning iðnlánasjóðsgjalds samkvæmt 1. gr. skal koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1974.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 48 26. maí 1972, um  
Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Í stað síðustu málsg. 4. gr. laganna komi:

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, sem er prókúruhafi fyrir stofnunina og annast almennan rekstur í samráði við stjórnina.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið í samráði við stjórn stofnunarinnar. Stjórnin tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.

**2. gr.**

6. gr. laganna orðist þannig:

Lagmetisiðnaðurinn fellur undir skilgreiningar laga um iðnrekstur og greiðir iðnlánasjóðsgjald samkv. lögum nr. 68/1967 með breytingum nr. 19 1968 og nr. 42 1971. Með því skal lagmetisiðnaðurinn að fullu undanþeginn öllum útflutnings-

gjöldum af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum, sbr. lög nr. 19/1973, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, lög nr. 55/1973, um breyting á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, og lög nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Þó skulu gjöld sbr. lög nr. 19/1973 innheimtast til ársloka 1977 og renna í sérstakan sjóð til eflingar lagmetisiðnaðinum og útflutningi hans, skv. 7. gr. þessara laga.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 33 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Grímsneshreppi er heimilt að selja jörðina Sigurjóni Ólafssyni ábúanda á Stóru-Borg, en óheimilt er honum að selja hana aftur öðrum en Grímsneshreppi eða ríkissjóði og þá á fasteignamatsverði, nema þeir hafni kaupum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Við 78. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Enn fremur er heimilt að heimta afgjöld til greiðslu á kostnaði við gerð og rekstur annarra hjálpartækja til nota í þágu loftferða eftir reglum, sem settar eru

**Endurprentað blað.**

af flugmálaráðherra. Gjaldskyldan hvílir á eigendum eða notendum íslenskra loftfara og erlendra vegna ferða um svæðið, þar sem nota má þessi hjálpartæki. Gjald þetta er kræft vegna loftferða yfir íslensk yfirráðasvæði, svo og yfir úthafið og erlend yfirráðasvæði, þegar um það hefur verið samið milli Íslands og viðkomandi erlends ríkis. Gjöld þessi eru lögtakskræf.

Heimilt er flugmálaráðherra að semja við stjórnvöld annarra ríkja um, að þau taki að sér innheimtu á þessum gjöldum erlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*

28. júní 1974.

331

Nr. 72.

## AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 28. júní 1974 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

### 1. gr.

32. gr. C. orðist svo:

Skrásetningargjald, bæði við frumskráningu og árlega skrásetningu, er 3 700.00 krónur og skiptist þannig:

Til Félagsstofnunar stúdenta við Háskóla Íslands renna 2 300.00 krónur, til Stúdentaráðs Háskóla Íslands 1000.00 krónur, en 400.00 krónur renna í sjóð er nefnist stúdentaskiptasjóður. Skal fé hans vera í vörslu stúdentaráðs, sem tekur ávarðanir um veitingu fjár úr sjóðnum. Fé sjóðsins má aðeins verja til þess að stuðla að stúdentaskiptum milli Íslands og annarra ríkja, eftir því sem nánar verður ákveðið í skipulagsskrá sjóðsins, sem stúdentaráð setur, en staðfesta skal með venjulegum hætti.

Háskólaráði er heimilt að áskilja samkvæmt tillögu háskóladeildar, að nemendur greiði gjöld vegna þátttöku í námskeiði til þess að standa straum af sérstökum kostnaði, svo sem vegna efniskaupa.

### 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 28. júní 1974.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 23 — 1974

---

Nr. 73.

332

2. júlí 1974.

## FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 18. júlí 1974.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skirskotun til 22. gr. stjórnarskrárinnar, að Alþingi skuli koma saman til aukafundar fimmtudaginn 18. júlí 1974.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

### um meðferð opinberra mála.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 47. gr. laga nr. 61 21. maí 1974 um breyting á lögum nr. 73 21. júní 1973, um meðferð opinberra mála, hef látið fella ákvæði þeirra laga inn í meginmál laga nr. 73 21. júní 1973, og gefa þau út svo breytt:

#### I. KAFLI

##### Um það, til hvaða mála lögin taka.

###### 1. gr.

Þau mál öll, sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu fara eftir ákvæðum laga þessara, nema þau sæti meðferð sérdómstóla, er lög þessi taka ekki til.

###### 2. gr.

Einnig skulu eftirfarandi mál sæta rannsókn og meðferð samkvæmt lögum þessum:

1. Mál, sem höfðað er af hálfu ríkisvaldsins til félagsslita samkvæmt ákvæðum stjórnskipulaga um félög.
2. Rannsókn út af brotum barna og unglinga, sbr. lög um vernd barna og ungmenna.
3. Mál til þess að sanna dauða horfins manns.
4. Mál til sviptingar lögræðis og til brotnáms lögræðissviptingar.
5. Mál til sviptingar erfðarétti sakir brota erfingja gagnvart arfleifanda eða samerfingja.
6. Mál til upptöku eigna vegna brota á landslögum.
7. Mál til staðfestingar lögbanni við útbreiðslu rita, mynda eða annars slíks, er ríkisvaldið hefur látið banna.
8. Mál vegna heitinga.
9. Mál til ógildingar hjúskap.
10. Mál til ákvörðunar atriða samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga.
11. Mál til brotnáms ólögmæts ástands eða til að koma fram viðurlögum fyrir það, öðrum en refsingu, enda eigi fyrirvarsmaður almenningshagsmuna aðild.
12. Rannsókn slysa og annarra ófara eða atriða lögum eða venju samkvæmt eða eftir sérstöku boði dómsmálaráðherra.

###### 3. gr.

Kröfur borgararéttar eðlis, er af refsiverðri háttsemi rísa, má hafa uppi, rannsaka og dæma í opinberu máli samkvæmt ákvæðum laga þessara.

## II. KAFLI

## Um dómendur í héraði.

## 4. gr.

Sýslumenn utan kaupstaða, bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur og þeir dómara aðrir, er skipaðir eru til þess að starfa við þessi embætti, svo og sakadómara í Reykjavík, rannsaka og fara með opinber mál fyrir dómi og kveða upp dóm í þeim.

Í umdæmum utan kaupstaða, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, innir hann af hendi sömu störf í opinberum málum.

## 5. gr.

Ríkissaksóknari getur kveðið svo á, að rannsókn máls og meðferð, annað hvort eða hvort tveggja, skuli fara fram í Reykjavík, eða annars staðar á landinu, þar sem honum þykir bezt við eiga, enda þótt það skyldi annars sæta rannsókn og meðferð dómara í öðru lögsagnarumdæmi, ef mál er vandasamt eða umfangsmikið.

Dómsmálaráðherra getur skipað sérstakan dóm, einum eða fleiri dómurum, er halda megi dómþing, hvar sem vera skal á landinu, ef málið þykir ofvaxið hinum reglulega dómanda vegna embættisanna eða af öðrum ástæðum.

Í Reykjavík geta þrír sakadómara annað hvort eftir ákvörðun yfirsakadómara eða eftir boði dómsmálaráðherra farið með mál eftir rannsókn þess og dæmt það í sameiningu, enda þyki vafi vera um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði.

Dómur getur kvatt tvo kunnáttumenn til dómstarfa með sér í málum, þar sem sérkunnáttu þykir sérstök þörf.

## 6. gr.

Sjó- og verslunardómur starfar að þeim málum, er 1. og 2. tölul. 200. gr. laga um meðferð einkamála í héraði greinir. Siglingadómur fer með þau mál, sem í lögum um eftirlit með skipum segir. Um meðferð þessara refsímála fer eftir lögum þessum og ákvæðum 205. og 206. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Nú verður það uppvíst í sjó- eða verslunardómsmáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið aðrar refsiverðar athafnir, og skal þá einnig rannsaka og dæma þær í þeim dómi ásamt sjó- eða verslunarbrotunum.

Nú kemur það upp í almennu refsímáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið refsivert sjó- eða verslunarbrot, og skal þá rannsókn og meðferð þess brots eða þeirra brota sameina rannsókn og meðferð almenna brotsins eða almennu brotanna, enda skal þá nefna meðdómendur samkvæmt 1. málsgrein.

## 7. gr.

Kirkjudómur fer með refsímál vegna afbrota biskups og presta þjóðkirkjunnar út af hneykslanlegu framferði þeirra í embættisathöfnum eða einkalífi, enda sé ekki um almenn refsiverð brot að tefla. Forsæti í kirkjudómi skipar viðkomandi héraðsdómari (í Reykjavík sakadómari), en til meðdómenda kveður hann tvo þjónandi þjóðkirkjupresta.

Ákvæði 2. og 3. málsgr. 6. gr. eiga með samsvarandi hætti við mál samkvæmt 1. málsgrein.

## 8. gr.

Skýlt er hverjum manni, karli sem konu, er fullnægir lögmaeltum skilyrðum, að taka við kvaðningu héraðsdómara til meðdómendastarfa.

Undan kvaðningu eru skyldir:

1. Dómarar og ritari hæstaréttar, aðrir embættisdómarar og fulltrúar þeirra.
2. Ráðherrar og ráðuneyttisstjórar.
3. Biskup og prestar þjóðkirkjunnar, nema í kirkjudómi.
4. Löggitir málflutningsmenn og fulltrúar þeirra.
5. Embættislæknar og ljósmæður.
6. Ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari, saksóknarar, sbr. 5. mgr. 20. gr., og fulltrúar ríkissaksóknara.

9. gr.

Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru þessi:

1. Nægilegur andlegur þroski og andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—70 ára.
5. Sérþekking á sakarefnum.

10. gr.

Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði.

11. gr.

Um skyldu og skilyrði meðdómenda samkvæmt 8.—10. gr. dæmir héraðsdómari, en skjóta má úrlausn hans til hæstaréttar eftir reglum um kæru til æðra dóms. Sama er um forföll meðdómenda.

12. gr.

Áður en meðdómandi tekur til starfa fyrsta sinni, skal hann undirrita í þingbók heit að viðlögðum heiðri sínum og drengskap um það, að hann skuli leysa starfann af hendi, svo sem hann hyggur sannast og réttast og helst að lögum.

Um greiðslu til meðdómenda fer samkvæmt 2. málsg. 203. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

13. gr.

Í málum samkvæmt 4. málsg. 5. gr., kveður héraðsdómari meðdómendur til að frumprófi loknu eða síðar, ef þá reynist ástæða til. Taka meðdómendur þátt í rannsókn, málsmeðferð og dómsuppsögn. Héraðsdómari stýrir dómi og kveður einn upp úrskurði, þá er efni verða til, skipar verjanda, ákveður málshöfðun, gefur út stefnur, nefnir skoðunar- og matsmenn, spyr sökunaut, heitfestir vitni og spyr þau, sér um samningu dóms og afgreiðslu dómsgerða og kemur yfir höfuð fram út á við fyrir hönd dómsins. Í fjölskipuðum dómi löglærðra manna framkvæma þeir allir þessar athafnir.

14. gr.

Nú missir meðdómanda við, og kveður héraðsdómari þá annan til, er taki við máli, þar sem hinn þraut, nema héraðsdómara þyki sérstök ástæða til að endurtaka það, sem áður hefur farið fram í málinu. Annars fer sem í 192. gr. laga um meðferð einkamála í héraði segir.

15. gr.

Dómari getur látið löggiltan fulltrúa sinn framkvæma rannsókn fyrir dómi og kveða upp dóma og úrskurði, enda fullnægi hann skilyrðum 1. málsg. 33. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við á.



## 16. gr.

Málsmeðferð fyrir dómi er opinber, nema dómara þyki ástæður þær, er í 2. mgr. segir, standa því í vegi.

Rannsókn fer fram fyrir luktum dyrum:

- a. ef dómari telur þess þörf til að leiða sannleikann í ljós, t. d. á frumstigi rannsóknar;
- b. til hlífðar sökunaut, þegar sérstaklega stendur á, eða nánustu vandamönnum hans, vitnum eða öðrum;
- c. ef sökunautur er undir 18 ára aldri;
- d. af velsæmisástæðum eða
- e. annars vegna hagsmuna ríkis eða almennings.

Dómari getur bannað að skýra opinberlega frá atriðum í opinberri rannsókn eða að gera upprætti eða myndir af mönnum í þinghaldi eða öðru, sem þar fer fram eða er til sýnis.

## 17. gr.

Rannsókn opinberra mála og dómsmeðferð að öðru leyti fer fram fyrir sakadómi og á þeim stað og tíma, sem dómari eða dómsformaður ákveður hverju sinni. Dómsmálaráðherra getur þó, að fengnum tillögum viðkomandi dómara, ákveðið, að sakadóm í kaupstöðum eða kaupunum, sbr. 2. málsg. 4. gr., til meðferðar opinberra mála skuli halda ákveðna vikudaga og á ákveðinni klukkustund, ef mál eru fyrir hendi.

## 18. gr.

Hverju héraðsdómaraembætti utan Reykjavíkur og embætti sakadómara í Reykjavík skal fylgja sakadómsbók, ein eða fleiri, þar sem skrá skal að efni til það, sem fram fer í opinberum málum, nema ræður málflytjenda, og sérstök dómabók, þar sem skrá skal dóma í opinberum málum.

Nú er rannsókn framkvæmd á hendur sökunaut vegna margra sakaratriða eða á hendur fleiri sökunautum, og skal þá, ef kostur er, skráð þannig í þingbók, að síðar megi, þegar eftirrit er tekið úr bókinni, hafa samfellt eftir föngum það, sem varðar eitt og sama sakaratriði. Dómsmálaráðherra getur sett nánari fyriræli um þetta.

Rétt er að hraðrita eða taka á talvél skýrslur í opinberu máli.

Ríkissaksóknari skal halda sakaskrá fyrir land allt. Dómsmálaráðherra setur fyriræli um sakaskrá og sakavottorð.

## 19. gr.

Ritlaun greiðast ekki fyrir eftirrit úr bókum þeim, er í 18. gr. getur, eða fyrir eftirrit af skjölum, er til opinbers máls heyra, ef eftirritið er nauðsynlegt til sóknar þess eða varnar eða í sambandi við rannsókn þess eða málskot, eða það er veitt til þess að koma fram skaðabótakröfu í opinberu máli eða í þágu handhafa ríkisvaldsins. Eftirrit þessi skal í té láta, svo fljótt sem framast er unnt.

Að öðru leyti gilda ákvæði III. kafla laga um meðferð einkamála í héraði um opinber mál, eftir því sem við getur átt.

## III. KAFLI

## Um ákærvaldið

## 20. gr.

Ríkissaksóknari fer með ákærvaldið.

Förseti skipar ríkissaksóknara. Hann skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í hæstarétti. Ríkissaksóknari nýtur sömu launa og annarra lögkjara sem hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið.

Ríkissaksóknara til aðstoðar eru vararíkissaksóknari, fulltrúar ríkissaksóknara, svo og saksóknarar, sbr. 5. mgr. þessarar greinar. Allir skulu þeir hlíta fyrir mælum ríkissaksóknara í störfum sínum.

Vararíkissaksóknari skal fullnægja sömu skilyrðum og ríkissaksóknari til skipunar í embætti. Forseti skipar vararíkissaksóknara. Vararíkissaksóknari fer með vald ríkissaksóknara í fjarveru eða forföllum ríkissaksóknara eftir nánari ákvörðun hans.

Ef ríkissaksóknari og vararíkissaksóknari anna eigi flutningi mála fyrir dómi auk annarra embættisstarfa, þá getur dómsmálaráðherra ákveðið, að við embætti ríkissaksóknara skuli starfa einn eða tveir saksóknarar.

Saksóknarar skulu fullnægja sömu skilyrðum og ríkissaksóknari til skipunar í embætti. Forseti skipar saksóknara.

Annað starfslið til aðstoðar ríkissaksóknara, þ. á m. fulltrúa með lögfræðiprófi, skipar dómsmálaráðherra með samþykki ríkissaksóknara.

Ríkissaksóknari hefur embættisskrifstofu í Reykjavík.

### 21. gr.

Ríkissaksóknari skal hafa gætur á afbrotum, sem framin eru. Hann kveður á um rannsókn opinberra mála og hefur yfirstjórn hennar og eftirlit. Getur hann gefið lögreglumönnum fyrir mæli og leiðbeiningar um framkvæmd rannsókna og verið við hana staddur eða látið fulltrúa sinn vera það. Hann höfðar opinber mál, sbr. þó 112.—114. gr., tekur ákvörðun um áfrýjun þeirra og gegnir að öðru leyti þeim störfum, sem honum eru falin í lögum.

Áður en ríkissaksóknari ákveður málshöfðun á hendur opinberum starfsmanni fyrir brot í starfi, skal hann jafnan leita umsagnar ráðuneytis þess, sem í hlut á. Ráðuneytinu ber að láta ríkissaksóknara í té rökstudda umsögn og tillögur, svo fljótt sem verða má.

Haldast skulu sérákvæði í lögum, þar sem svo er mælt, að dómsmálaráðherra kveði á um rannsókn, höfðun og áfrýjun opinberra mála. Þegar svo stendur á, gefur dómsmálaráðherra ríkissaksóknara fyrir mæli um rannsókn og aðrar framkvæmdir og leggur samþykki sitt á ákæruskjal og áfrýjunarstefnu.

Dómsmálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd ákærvalds og getur krafði ríkissaksóknara skýrslna um einstök mál.

### 22. gr.

Þegar ríkissaksóknari er svo riðinn við mál eða aðila, að hann mætti eigi gegna dómara störfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Nú berst ráðherra slík tilkynning eða hann fær vitneskju um það með öðrum hætti, og skipar hann þá vararíkissaksóknara eða annan löghæfan mann, sbr. 2. mgr. 20. gr., til meðferðar þess máls.

Nú er ríkissaksóknari settur samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og ákveður dómsmálaráðherra honum þá þóknun fyrir starf hans.

### 23. gr.

Nú skal mál því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við, og skal handhafi ákærvalds og dómari rannsaka það af sjálfdáðum, hvort sá, er máls höfðunar krefst, er réttur málsaðili. Ef svo þykir ekki vera, skal málshöfðunar synja og vísa máli frá dómi, ef það hefur farið til dóms.

Ef verknaður felur bæði í sér brot, er opinberri málshöfðun skal sæta, og brot, er sætir málshöfðun einstaks aðila, getur ríkissaksóknari höfðað mál fyrir bæði brotin, ef sá aðili óskar þess, enda ber þá að dæma þau og ákveða refsingu í einu

lagi. En láta skal þó mál falla niður fyrir það brot, er einstakur aðili átti sök að, ef hann krefst þess, uns dómur er upp kveðinn í héraði.

#### 24. gr.

Nú þykir verknaður að visu refsiverður að landslögum, en þó þykir mega telja, að hvorki almenningshagsmunir né almenningsálit krefjist málshöfðunar né refsisdóms, svo sem ef langt er liðið síðan brot var framið, án þess þó að refsikrafa sé fyrnd, og sökunautur hefur síðan hegðað sér óaðfinnanlega, ef telja má álit manna á verki hafa breytt sökunaut í hag, síðan refsíákvæði var sett, ef telja má brot mjög lítilsvert eða miklar eru málsbætur, brot hefur valdið sökunaut sjálfum sérstaklega óvenjulegum þjáningum o. s. frv., og getur þá héraðsdómari sent ríkissaksóknara tillögur um niðurfellingu saksóknar. Ríkissaksóknari getur bæði að tillögu héraðsdómara og af sjálfsdáðum lagt til, að saksókn verði felld niður. Dómsmálaráðherra ákveður síðan eða gerir tillögu um, hvort neyta skuli heimildar stjórnarskrár eða annarra laga, er þar um kynnu að vera sett, um niðurfellingu saksóknar.

Binda má niðurfelling saksóknar skilyrðum, svo sem að sökunautur sæti eftirliti einstakra manna, félags eða stofnunar, að honum verði komið í vist á góðu heimili tiltekinn tíma, að hann fremji ekki refsiverðan verknað tiltekinn tíma, allt að fimm árum, neyti ekki áfengra drykkja eða deyfilyfja tiltekinn tíma, greiði tiltekna sekt eða bætur, ef því er að skipta o. s. frv.

### IV. KAFLI

#### Um varnarþing.

#### 25. gr.

Aðalrannsókn opinbers máls fyrir dómi skal þar fara fram, sem varnarþing þess er samkvæmt ákvæðum þessa kafla, að svo miklu leyti sem því verður við komið. En auk þess skal rannsaka mál þessi fyrir dómi eða utan dóms eftir þörfum, þar sem hentugt og nauðsynlegt þykir.

Dómara opinbers máls er rétt að sækja eða láta sækja sökunaut í annað lögsagnarumdæmi og láta birta þar stefnur og aðrar tilkynningar án atbeina héraðsdómara þar.

Nú leikur vafi á því, hvaða héraðsdómari eigi að rannsaka opinbert mál eða hvar hagfelldast sé, að rannsókn þess fari fram, og má þá bera þessi atriði undir ríkissaksóknara, sem sker úr því til fullnaðar. Með sama hætti getur ríkissaksóknari af sjálfsdáðum kveðið á um það, fyrir hvaða dómi rannsókn skuli fara fram.

#### 26. gr.

Nú er einn maður fyrir sök hafður, og má mál þá höfða í lögsagnarumdæmi, þar sem brot var framið (brotavarnarþing). Nú er vafasamt, í hvaða lögsagnarumdæmi telja skal brot framið eða eitt eða fleiri brot eru framin í fleirum en einu lögsagnarumdæmi, og má þá höfða mál í hvoru eða hverju þeirra, sem hagfelldast þykir.

Nú verður því ekki komið við eða óhagfellt þykir að höfða mál á brotavarnarþingi, og má þá mál höfða í lögsagnarumdæmi, þar sem sökunautur kann að hafa verið handtekinn, eða þar sem brotið kemst upp eða á heimilis- eða dvalarvarnarþingi hans hér á landi, eftir því sem við verður komið eða hagfelldast þykir.

#### 27. gr.

Nú er brot framið hér á landi utan allra lögsagnarumdæma og ákvæðum næstu greinar hér að ofan verður ekki við komið, og ákveður þá héraðsdómari, hvar mál

skuli höfðað, en bera má hann það mál undir ríkissaksóknara, enda þoli málið þá bið, er þar af verður.

Ef brot er framið á íslenzku skipi eða flugfari utan íslenzkrar hafnar, má höfða mál út af því í lögsagnarumdæmi, þar sem skipið eða flugfarið tekur fyrst höfn þar eftir hér á landi, nema ríkissaksóknara þyki hagfelldara að reka það annars staðar. Ef ekki hefur þá verið ger reki að málinu, skal fara eftir fyrirmælum 1. málsgreinar.

Nú er brot framið erlendis og sótt verður hér á landi sök út af því, og má þá sækja hana þar, sem sökunautur stigur hér fyrst þar eftir á land, nema ríkissaksóknara þyki hentara að reka það annars staðar. Nú hefur þá ekki verið ger reki að málinu, og fer þá eftir 1. mgr.

#### 28. gr.

Nú eru fleiri menn en einn á refsiverðan hátt riðnir við brot, eitt eða fleiri, og skal þá að jafnaði sök sækja í einu lagi á hendur þeim báðum eða öllum, enda þótt þeir eigi ekki sama varnarþing samkvæmt ákvæðum undanfarandi greina, þar sem sækja má einn þeirra eða fleiri samkvæmt ákvæðum hér að framan. Ef mál hefur verið höfðað gegn einum eða fleirum sér í lagi eða sitt í hvoru eða hverju lögsagnarumdæmi, getur ríkissaksóknari ákveðið, að það eða þau skuli niður falla og sökunautar sóttir í einu máli á sama varnarþingi. Með sama hætti getur hann kveðið svo á, að aðgreina skuli mál, er höfðuð hafa verið saman á hendur fleiri en einum manni, ef hann telur málin ekki saman eiga eða óhentugra að sækja þau í einu lagi.

Nú hafa fleiri menn en einn framið brot saman, en sumir þeirra eða allir hafa einnig framið önnur brot, og skal þá að jafnaði höfða mál út af öllum brotum í einu lagi.

#### 29. gr.

Nú er héraðsdómari í vafa um, á hvaða varnarþingi mál skuli höfða eða hvort höfða skuli mál gegn fleiri mönnum en einum saman, og getur hann þá leitað um það fyrirsmæla ríkissaksóknara.

Ríkissaksóknari getur, eftir því sem honum virðist henta, valið á milli brotavarnarþings, handtökuvarnarþings og heimilis- og dvalarvarnarþings eða annars varnarþings, ef það þykir hentugra til þess að afla sakargagna, til að hraða máli eða vegna ráðstafana, sem gera þarf gagnvart sökunaut. Ákvörðunum ríkissaksóknara um þessi efni verður ekki haggð í dómi, enda verður málsmeðferð í héraði ekki ómerkt af því einu, að mál hafi verið sótt á röngu varnarþingi.

#### 30. gr.

Mál samkvæmt 2. gr. laga þessara skal höfða á varnarþingi, sem ríkissaksóknari ákveður.

#### 31. gr.

Ákvæði þessa kafla taka og til þeirra mála, er því aðeins skal höfða, að sú krefjist þess, er misgert er við, eftir því sem við getur átt.

### V. KAFLI

#### Um lögreglumenn og upphaf rannsóknar.

#### 32. gr.

Sýslumenn eru lögreglustjórar utan kaupstaða og bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur. Í kaптúnunum, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, fer hann með lögregluvald. Þar sem sérstakir lögreglumenn eru skipaðir, eru þeir

lögreglustjóra til aðstoðar. Annars staðar aðstoða hreppstjórar lögreglustjóra.

Sakadómari í Reykjavík skal stýra rannsóknum opinberra mála þar og fara með stjórn þeirra lögreglumanna, sem ætlað er að rannsaka brot, að því er þau störf varðar.

Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum fyrirmæli um rannsókn brota að fengnum tillögum ríkissaksóknara, yfirsakadómara og lögreglustjóra í Reykjavík.

### 33. gr.

Hver, sem skipaður er lögreglumaður, skal hafa lokið prófi, er sýni, að hann sé þeim kostum búinn og hafi þá kunnáttu, sem nauðsynleg er til starfans. Skulu þeir einir valdir til starfans, sem telja má valinkunna og vandaða. Allir lögreglumenn, bæði þeir, sem nú eru, og þeir, er síðar verða skipaðir, skulu vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður, að lögreglumannsstarfa minn skal ég rækja með kostgæfni og samvirkusemi í hvívetna og vinna að því eftir fremsta megni að halda uppi stjórnarskrá lýðveldisins og öðrum lögum þess.

Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu lögreglumanna, prófkröfur og önnur hæfiskilyrði að fengnum tillögum ríkissaksóknara, yfirsakadómara og lögreglustjóra í Reykjavík. Saksóknari hefur umsjón með kennslu og prófun lögreglumanna í öllu, er lýtur að rannsókn brota.

Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum erindisbréf.

### 34. gr.

Lögreglumönnum ber að sýna árvekni í starfa sínum og kunna glögg skil á ábyrgð þeirri, sem starfa þeirra fylgir. Hlutverk þeirra er að halda uppi lögum og reglu, greiða götu manna, þar sem það á við, stemma stigu við ólögmati hegðun og vinna að uppljóstran brota, sem framin eru, og vera rannsóknardómara til aðstoðar í hvívetna. Þeir skulu kynna sér þau lög og reglur, sem þeir eru settir til að viðhalda, svo sem refsilöggjöf, umferðarlöggjöf, áfengislöggjöf, lögreglusamþykktir o. s. frv. Þeir skulu vera kunnugir staðháttum á starfssvæði sínu, svo sem föng eru á, og vita skil á brotamönnum og háttum þeirra. Þeim ber að afla sérstakrar þekkingar og æfingar í rannsókn vettvangs, þannig að sakargögn fari ekki forgörðum. Kunna skulu þeir að taka skýrslur af mönnum, færa þær skilmerkilega í letur og rita greinargóðar frásagnir um atburði í starfa sínum.

### 35. gr.

Nú fá lögreglumenn vitneskju eða rökstuddan grun um, að refsiverð háttsemi, er beri undir opinbera ákærvaldið, hafi drýgð verið í umdæmi þeirra, hvort sem það er fyrir kærú eða skýrslu annarra manna eða með öðrum hætti, og ber þeim þá að hefja af sjálfsdáðum rannsókn málsins og gera þær ráðstafanir, sem löglegar, nauðsynlegar og heppilegar eru til að afla sakargagna og gæta þess, að þau spillist ekki, svo og framkvæma hvað eina, er horfir til glöggvunar á málavöxtum og lög leyfa, svo sem:

1. Leita þeirra, sem brot hafa framið eða grunaðir eru um brot, prófa þá m. a. um háttsemi og dvalarstaði á þeim tíma, sem brot var framið.
2. Finna sjónarvotta og heyrnar og aðra, sem skýrslu kunna að geta gefið til skýringar sakaratriðum, og prófa þá, svo fljótt sem kostur er, þ. á m. afla sem nákvæmastrar frásagnar um orð, útlit og háttsemi grunaðs manns, og þess, sem kveðst hafa orðið fyrir broti, þegar eftir að það tjáist hafa verið framið, athuga fjármeðferð og efnahag grunaðs manns, bæði fyrir brot og eftir, er því er að skipta.

Þegar sannreyna skal, hvort maður endurþekki annan mann, skal hann látinn benda á þann mann í hópi manna, ef þess er kostur.

3. Rannsaka vettvang, gera af honum glöggvan uppdrátt, framkvæma þar mælingar, afgirða hann eða teppa umferð um hann í bili og varna þar við röskun á ummerkjum, uns vettvangsrannsókn hefur farið fram.
4. Hafa uppi á munum, sem brot hefur verið framið með eða ætla má til þess ákveðna, svo og munum, sem brot hefur komið niður á eða gerðir hafa verið með refsiverðum verknaði, og athuga, hvort grunaður maður hefur nokkra þá muni í vörslum sínum, er benda til vistar hans á vettvangi.
5. Athuga, hvort verknaður hefur látið eftir sig merki á mönnum eða munum, svo sem á líkama manna, klæðum, hjólför á vegi, merki eftir verkfæri, fingraför og fóta, og rannsaka eða láta rannsaka þau.
6. Hlutast til um sérfræðilega rannsókn á mönnum, munum og vettvangi, eftir því sem ástæða er til, svo sem blóðrannsókn og aðra læknisrannsókn, efna- og eðlisfræðilega rannsókn, leturrannsókn o. s. frv.
7. Annast töku ljósmynda af vettvangi, mönnum og munum eftir þörfum.

Gefa skulu lögreglumenn sakadómara í Reykjavík og annars staðar héraðsdómara skýrslu um aðgerðir, svo fljótt sem verða má.

Nú er svo mælt í lögum, að einstakur maður eigi ákærvald eða skuli taka þátt í því, og skulu lögreglumenn þá tilkynna yfirboðara sínum málavöxtu og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda það ástand, sem er, eða til þess, að síðari rannsókn megi fara sem heppilegast fram, ef reki verður gerður að málinu samkvæmt kröfu aðila.

### 36. gr.

Nú fer maður með starfa og brýtur öryggisreglur, sem um hann eru settar, og skal lögreglumaður þá til bráðabirgða varna honum að rækja starfann, m. a. með því að taka af honum atvinnuskirteini, stöðva farartæki hans, loka starfhýsi hans eða með öðrum viðeigandi hætti, ef það er nauðsynlegt til að afstýra hæftu eða brot er stórfellt.

### 37. gr.

Við yfirheyrslu, leit, kyrrsetningu muna og aðra rannsókn skal lögreglumaður hafa einn greinargóðan og trúverðugan vott hið fæsta, sé þess kostur.

### 38. gr.

Lögreglumenn skulu gæta þess í störfum sínum, að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framur en óhjákvæmilegt er, eftir því sem á stendur. Ekki mega þeir beita sakaðan mann neins konar harðræði fram yfir það, sem nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótþróa hans gegn lögmætum aðgerðum, né á annan hátt beita hann ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum o. s. frv.

Nú telur maður sig sæta ólögmætum harðræðum af hendi lögreglumanns, og á hann þá rétt á því að koma fyrir yfirmann lögreglumannsins, svo fljótt sem kostur er, og bera fram kvörtun fyrir honum.

### 39. gr.

Lögreglumenn skulu stöðugt miða alla rannsókn sína við það, að leiða hið sanna og rétta í ljós í hverju máli, sem þeir hafa til meðferðar, og rannsaka jöfnum höndum þau atriði, sem benda til sektar sakaðs manns og sýknu. Þeir taka skýrslur af grunuðum mönnum og vitnum, áður en til dómara næst, og síðan, eftir því sem þörf þykir og dómari ákveður. Lögreglumaður lætur þann, sem hann prófar, fyrst gera grein fyrir heiti sínu, aldri, stöðu og heimilisfangi eða dvalarstað. Síðan brýnir hann alvarlega fyrir honum að gefa sönn og rétt svör við spurningum og

draga ekkert undan, er máli kann að skipta, og ganga skal úr skugga um það, ef ástæða er til, hvort skýrsla prófaðs manns er reist á sjálfs hans skynjan eða sögu-sögn annarra. Þess skal jafnan gætt vandlega, að svör manna við spurningum séu skilmerkileg og rétt færð í letur og sem orðréttast, einkum ef um svör grunaðra manna er að tefla.

#### 40. gr.

Sökuðum manni, sem lögreglumaður yfirheyrir, skal á það bent, að honum sé óskilyt að svara spurningum, er beinlínis varða brot það, sem hann er grunaður um, og jafnframt á það, að þögn hans kunni að verða skýrð honum í óhag.

Spurningar lögreglumanna skulu vera skýrar, stuttar og ótvíæðar. Ekki mega þeir reyna með nokkrum hætti að rugla mann með ósannindum eða á annan hátt, þannig að verða kynni til þess, að hann vissi miður en ella, hverju hann svaraði, eða til þess, að hann svaraði röngu. Þá mega þeir ekki gefa sökuðum manni fyrirheit um ívilnanir eða friðindi, ef hann meðgengi, enda séu slík fyrirheit ólögleg eða það sé ekki á valdi þeirra að veita þau.

Ekki má prófa mann lengur en 6 klukkustundir í einu, enda fái hann að öðru leyti nægilegan svefn og hvíld. Skal hverju sinni bókað, hvenær prófun hefst og hvenær henni lýkur.

Lögreglumenn skulu spyrja hvern mann sér án viðurvistar annarra sakaðra eða vitna, uns ástæða kann að verða til samprófunar á síðara stigi rannsóknar.

Nú skal spyrja barn yngra en 16 ára, og skal þá tilkynna það barnaverndarnefnd, ef þess er kostur, og getur nefndin þá sent fulltrúa sinn til að vera við yfirheyrslurnar.

Nú kann prófaður maður ekki íslensku eða skjali þarf að snúa af íslensku á erlent mál eða af erlendu máli á íslensku, og skal þá, ef kostur er og þurfa þykir, kveðja löggiltan dómtúlk og skjaltýðanda til aðstoðar. Annars kostar skal fá þann, er færastan má telja.

Lögreglumenn gera skriflegar og nákvæmar skýrslur um rannsókn sína og staðfesta þær fyrir dómi samkvæmt ákvörðun dómara.

#### 41. gr.

Skilyt er mönnum að viðlögðum sektum, ef þeir eru til þess kvaddir og ef þeir mega án hættu fyrir líf eða heilsu sína eða vandamanna eða annarra, sem þeir eiga að annast, eða án tilfinnanlegs atvinnutjóns, að veita rannsóknardómara og lögreglumönnum lið í þarfir opinberrar rannsóknar. Svo er manni og undir sama skilorði skilyt að láta lögreglumönnum í té muni, er hann ræður yfir, í þarfir opinberrar rannsóknar, svo sem hús og flutningataeki, en hafa skal hann endurgjald fyrir verk og annað, er hann lætur lögreglumönnum í té samkvæmt þessari grein, og fer um það sem um annan sakarkostnað.

Undanþegnir skyldunni eru nánustu vandamenn sökunauts.

#### 42. gr.

Nú telur sakadómari eða lögreglustjóri ekki ástæðu til þess að sinna framkominni kæru eða til að halda áfram rannsókn út af henni, og er honum þá skilyt að láta kæranda í té skriflega ályktun sína þar um ásamt skjölum eða eftirriti af skjölum þeim, er málið varða. Og getur kærandi þá borið málið undir ríkissaksóknara, sem tekur ákvörðun um, hvort kæru skuli sinnt eða rannsókn haldið áfram.

Nú hafa lögreglumenn framkvæmt rannsókn á hendur tilteknum sökuðum manni, en ekki hafa sakaratriði eða sakargögn þótt nægileg til ákæru, og á þá eigi að halda rannsókn áfram eða taka hana upp af nýju gegn þeim manni, nema ný

sakargögn séu fram komin eða þau séu líkleg til að koma fram, enda sé refsikrafa þá eigi fyrnd að lögum eða saksókn niður felld samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þó gildir áðurgreint ákvæði ekki, ef rannsókn má telja líklega til styrktar skaðabótakröfu vegna brots, ef það þykir standa aðila á nægilega miklu að koma fram skaðabótakröfu sinni.

Nú hefur rannsókn gegn sökuðum manni verið felld niður, og á hann þá rétt á vottorði sakadómara eða lögreglustjóra um það.

## VI. KAFLI

### Um hald á munum.

#### 43. gr.

Leggja skal hald á muni, sem ætla má, að hafi sönnunargildi í opinberu máli, þeirra hefur verið aflað á refsiverðan hált eða ætla má, að þeir verði gerðir upptækir. Til muna í þessu sambandi teljast einnig skjöl.

#### 44. gr.

Hald má leggja á bréf, símskeyti og aðrar sendingar og muni, sem eru í vörslum pósts og síma, enda sé það gert til rannsóknar á ætluðu broti, er varðað getur 100 000 króna sekt, og heimilt væri að kyrretja og athuga slík skjöl og muni, ef komin væri í hendur viðtakanda. Tilkynna skal sendanda og viðtakanda tökuna, ef þeir hafa ekki verið viðstaddir. Dómari kveður á með úrskurði um rannsókn á efni slíkra skjala og sendinga.

#### 45. gr.

Hverjum, sem löglega handtekur sakaðan mann, framkvæmir rannsókn á vettvangi, gerir leit í húsum eða annars staðar eða leit á mönnum, er rétt að leggja hald á muni, sem þá finnast og telja má til sakargagna. En tilkynna skal þetta dómara, svo fljótt sem verða má.

#### 46. gr.

Í þarfir rannsóknar brots má loka herbergjum eða húsum, afgirða ákveðin svæði eða varna mönnum för um þau, gefa út bann við að taka muni úr ákveðnu takmarki o. s. frv.

#### 47. gr.

Dómari getur, þegar öryggi ríkisins krefst þess eða um mikilsverð sakamál er að ræða, úrskurðað hlustanir í síma, sem sökunautur hefur eða ætla má hann nota.

## VII. KAFLI

### Um leit.

#### 48. gr.

Nú er rannsókn háð vegna brots, er varðað getur annað hvort 100 000 króna sekt eða sekt og upptöku eignar, og er þá rétt að gera leit í húsum sakaðra manna, geymslustöðum, hirslum, skipum og öðrum farartækjum að munum, sem hald skal á leggja, eða annars til öflunar sakargagna.

Leit má gera hjá öðrum mönnum en sökuðum, þegar slíkt brot hefur verið framið þar eða sakaður maður handtekinn eða gildar ástæður eru til að ætla, að þar finnist munir, sem hald ber að leggja á, eða önnur sakargögn, þar á meðal bækur, bréf og önnur skjöl.



**49. gr.**

Leit að manni, sem handtaka skal eða leiða á fyrir rannsóknara eða dómara, má gera í húsi hans og húsum annarra manna, ef gild ástæða er til að ætla, að sá, sem leitað er, haldi sig þar.

**50. gr.**

Í húsakynnum, sem opin eru almenningi, og í húsum, þar sem lausungarlýður og brotamenn venja komur sínar, má leit gera, er þörf þykir, þótt eigi sé fullnægt skilyrðum 48. og 49. greinar.

**51. gr.**

Leit samkvæmt 48. og 49. gr. skal ákveðin í úrskurði dómara. Þó er lögreglumönnum jafnan rétt að framkvæma leit af sjálfsdáðum, ef bið eftir úrskurði dómara veldur hættu á sakarspjöllum.

**52. gr.**

Húsráðanda eða staðar, þar sem leit er gerð, skal veittur kostur á að vera viðstaddur leitina, ef unnt er. En ef hann er fjarverandi, skulu heimilisfastir venslamenn hans, þjónar eða aðrir til þess kvaddir.

**53. gr.**

Leit má framkvæma á hvaða degi, sem vera skal, og á öllum tímum sólarhrings, ef hún þolir ekki bið.

**54. gr.**

Leit á manni og líkamsskoðun má gera, ef hann er sakaður um brot, er varðað getur 100 000 króna sekt eða sektum og upptöku eigna. Má m.a. taka honum blóð og framkvæma á honum aðra þá rannsókn, er gerð verður á honum heilsu hans að meinalausu.

**55. gr.**

Á öðrum en sökuðum manni má leit gera, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi á sér muni, er hald skal á leggja, eða vitneskja fáið við leitina um sakaratriði, enda geti brot það, sem rannsakað er, varðað 100 000 króna sekt eða sekt og upptöku eigna.

**56. gr.**

Um leit og líkamsrannsókn samkvæmt 54. og 55. gr. skal kveðið á með úrskurði dómara. Þó er lögreglumanni rétt að ákveða slíka rannsókn, ef henni má eigi fresta, uns úrskurður dómara er fenginn.

Leit og líkamsrannsókn á konum skal framkvæmd af konum eða lækni, ef því er að skipta.

**57. gr.**

Af mönnum má taka myndir og fingraför í þarfir opinberrar rannsóknar.

**58. gr.**

Haldast skulu sérákvæði í lögum um leit í húsum og á mönnum, svo og um líkamsrannsóknir.

**VIII. KAFLI****Um handtöku.****59. gr.**

Rétt er dómara jafnan að gefa skipun um handtöku grunaðs manns, er það má telja nauðsynlegt vegna rannsóknar máls. Slíka skipun getur dómari þó ávallt gefið,

ef maður sinnir ekki að nauðsynjalausu kvaðningu um að koma fyrir lögreglumann eða dómara.

Rétt er dómara að gefa út handtökuskipan, birta hana opinberlega og skora á hvern sem er að framkvæma hana:

1. Ef handtekinn maður vikur úr gæslu eða refsivist eða maður brýtur bann dómara við för úr ákveðnu marki eða firrir sig eftirliti, sem dómari hefur sett honum.
2. Ef ókunnugt er um dvalarstað manns, sem sakaður er um brot, sem varðað getur 100 000 króna sekt eða 6 mánaða refsivist.

#### 60. gr.

Heimilt er einstökum manni að handtaka mann:

1. Ef dómari hefur skipað handtöku samkvæmt 59. gr., 2. mgr.
  2. Ef hann stendur mann að háttsemi, sem varðað getur refsivist og sætir opinberri ákæru.
  3. Ef maður ærist á almannafæri eða veldur þar hneyksli.
- Handtekinn mann skal tafarlaust leiða fyrir lögreglumann eða dómara.

#### 61. gr.

Skylt er lögreglumönnum að handtaka mann eftir skipun dómara. Þeim er og rétt að taka mann fastan án dómsúrskurðar:

1. Ef þeir standa hann að refsiverðri hegðun, enda sæti brotið opinberri ákæru.
2. Ef maður er grunaður um brot og gefur ekki lögreglumanni skýrslu um nafn sitt og heimilisfang eða reikar um heimilislauð.
3. Ef það þykir nauðsynlegt grunuðum manni eða öðrum til varnar.
4. Ef það þykir nauðsynlegt til þess að aftra grunuðum manni frá því að spilla sakargögnum eða fara úr lögsagnarumdæmi eða torvelða rannsókn máls að öðru leyti, enda megi telja varhugavert að bíða skipunar dómara.
5. Ef maður hefur leyfislaust farið úr gæslu eða firrt sig eftirliti, sem honum hefur löglega verið sett.
6. Ef maður hefur ekki forfallalaust gegnt kvaðningu lögreglumanns til að gefa skýrslu í opinberu máli.
7. Ef maður ærist á almannafæri eða veldur þar hneyksli, eða hefur hér ekki landvistarleyfi.

Lögreglumaður skal hverju sinni meta, hvort nauðsyn sé handtöku þegar í stað, t. d. vegna hættu á undanskoti sakargagna, flóttá sakaðs manns, frambaldi refsiverðrar háttsemi o. s. frv.

Alþingismenn má ekki taka fasta, meðan Alþingi stendur, nema þeir séu staðnir að glæp.

#### 62. gr.

Rétt er lögreglumönnum án dómsúrskurðar að leita manns, sem handtaka skal, á heimili hans, í sjálfs hans húsi eða skipi, eða í húsi, sem stendur opið almenningi, svo og í öðrum húsum eða skipum, ef honum er veitt þangað eftirför, eða hætta er á því, að hann spilli sakargögnum eða komi sér undan, ef beðið er dómsúrskurðar.

#### 63. gr.

Mann, sem tekinn hefur verið fastur, skal leiða fyrir dómara án undandráttar, enda sé hann ekki þegar látinn laus eða fluttur aftur í gæslu, sem hann hefur sætt samkvæmt dómsúrskurði. Nú verður handtekinn maður, sem sakaður er um refsivert athæfi, ekki þegar í stað leiddur fyrir dómara, og er þá heimilt að hafa hann í haldi, uns til dómara næst, enda sé kyrrsetning hans og einangrun nauðsynleg vegna rannsóknar málsins, svo sem vegna hættu á því, að hann beri sig saman við

samseka menn eða vitni, spilli sakargögnum, skjóti þeim undan eða komi sjálfum sér undan.

Nú hafa lögreglumenn handtekið mann, án þess að hann sé sakaður um refsiverða hegðun, sbr. 7. tl. 61. gr., og skal þá tilkynna dómara handlökuna tafarlaust, enda geri hann þá viðeigandi ráðstafanir, svo fljótt sem verða má.

#### 64. gr.

Þess ber lögreglumönnum að gæta eftir föngum, þar á meðal með leit á manni án dómsúrskurðar, að maður, sem tekinn hefur verið fastur, geti ekki unnið tjón á sjálfum sér, og að hann hafi þá aðbúð, að ekki verði heilsu hans eða lífi hættu búin, meðan hann er í gæslu. Sjúka menn, þungaðar konur eða konu, sem hefur barn á brjósti, skal ekki láta í venjulega fangaklefa, heldur veita þeim þá aðbúð, sem þeim hæfir. Sömu meðferð skal að jafnaði hafa á börnum undir 16 ára aldri.

Ákvæði 2. mgr. 38. gr. eiga hér við.

#### 65. gr.

Lögreglumönnum er rétt að taka grunaða menn undir gæslu án handtöku, þar á meðal banna þeim för úr ákveðnu takmarki um stund eða fela öðrum eftirlit með þeim.

### IX. KAFLI

#### Um gæsluvarðhald og aðra gæslu á sökunaut.

#### 66. gr.

Þá er handtekinn maður hefur verið leiddur fyrir dómara, skal hann, nema sökunautur hafi þegar verið látinn laus, innan sólarhrings leggja rökstuddan úrskurð á það, hvort sökunautur skuli settur í varðhald eða ekki. Nú hefur sökunautur ekki verið tekinn fastur, og getur þá dómari þegar í frumprófi ákveðið, að hann skuli setja í varðhald. Svo getur dómari, á hvaða stigi rannsóknar sem er, ákveðið, að varðhaldi skuli beita, og sömuleiðis látið sökunaut lausan úr varðhaldi, jafnskjótt sem honum þykir ástæðulaust að beita því lengur. Gæsluvarðhaldi skal jafnan markaður ákveðinn tími, sem dómari getur þá stytt eða lengt með úrskurði annan ákveðinn tíma, ef ekki þykir fært að láta sökunaut lausan.

#### 67. gr.

Mann má því aðeins setja í gæsluvarðhald, að ástæða þyki til þess að ætla, að hann hafi gerst sekur um refsiverða hegðun. Gæsluvarðhaldi skal að jafnaði beita:

1. Ef ætla má, að sökunautur muni torvelða rannsókn málsins, ef hann hefur óskert frelsi sitt, svo sem með því að afmá merki eftir brotið eða merki, er í sambandi við það standa, skjóta undan munum eða öðrum gögnum, er brotið varða, hafa áhrif á vitni eða samseka.
2. Ef sökunautur hefur strokið, falið sig eða farið út úr ákveðnu marki eða gert tilraun í þá átt, eða líklegt þykir, að hann muni gera það, eða hann hefur ekki sinnt kvaðningu dómara.
3. Ef sökunautur reikar um án þess að hafa fast heimili eða dvalarstað, svo að vitað sé, ef telja má, að hann hafi ekki möguleika til þess að hafa löglega ofan af fyrir sér, eða ef hann er útlendingur og sennilegar skýrslur vantar um hann sjálfan eða heimilisfang hans.
4. Ef ætla má, að brot hans varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi.
5. Ef ætla má, að hann haldi áfram brotum, ef hann er látinn vera laus, meðan máli hans er ekki lokið.

6. Ef varðhald má telja nauðsynlegt til þess að verja aðra fyrir árásum sökunauts eða hann fyrir árásum eða áhrifum annarra manna.

Enn fremur má setja þann í varðhald, er heitast hefur við annan mann, ef það telst nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum þess, er fyrir þeim sökum er hafður.

#### 68. gr.

Ef sökunautur er fyrir dómi, þegar úrskurður um gæsluvarðhald er kveðinn upp, þá skal honum þegar birtur þar úrskurðurinn. Annars kostar skal láta lög- reglumann þegar birta honum úrskurðinn, og ef því er að skipta, taka hann fastan og setja hann í varðhald. Eftirrit af úrskurði skal, þegar þess er krafist, láta í té, svo fljótt sem unnt er, og ekki síðar en sólarhring þar frá.

#### 69. gr.

Gæsluvarðhaldi má ekki beita:

1. Ef brot það, sem um er að tefla, getur ekki að lögum varðað þyngri refsingu en sektum eða varðhaldi.
2. Ef sökunautur er alþingismaður, meðan Alþingi er háð eða meðan fundafrestun stendur, enda hafi hún ekki verið ákveðin í senn lengur en 14 daga. Þetta gildir þó ekki, ef þingdeild hans leyfir gæsluvarðhald eða alþingismaður hefur verið staðinn að glæp.
3. Ef sökunautur er innan 16 ára aldurs. Í stað varðhalds skal hann með úrskurði falinn forsjá barnaverndarnefndar (skólanefndar), er komi honum fyrir á góðu heimili, eða fái honum aðra viðunandi gæslu eftir þörfum.
4. Sjúklinga og vanfærar konur eða konur með barn á brjósti skal úrskurða til geymslu eftir læknisráði á spítala eða öðrum viðeigandi stað með þeim hætti, að heilsu þeirra sé borgið.

#### 70. gr.

Gæslufangar sæta þeirri meðferð, sem nauðsynleg er til þess að gæslan komi að gagni og góð regla haldist í varðhaldinu, en varast skal, svo sem kostur er, að beita þá hörku eða harðýggi.

Um gæsluna gilda annars þessar reglur:

1. Gæslufangar skulu ekki hafa lakara viðurværi en refsifangar. Þeim er heimilt að útvega sér sjálfir og taka við fæði og öðrum persónulegum nauðsynjum, þ. á m. fatnaði, að svo miklu leyti, sem það fer ekki í bága við öryggi og góða reglu í varðhaldinu.
2. Gæslufangar skulu að öllum jafnaði látnir vera í einrúmi, og ekki skulu þeir gegn vilja sínum hafðir með refsiföngum. Eigi skulu gæslufangar yngri en 18 ára hafðir með eldri föngum.
3. Dómari ákveður, hvort og að hve miklu leyti gæslufangi megi hafa samband við aðra menn en fangaverði og hvernig eftirliti skuli haga, ef slíkt samband er leyft, enda sé þess jafnan gætt, að leyfa gæslufanga ekki samband við menn, ef ætla má það varhugavert vegna rannsóknarinnar. Rétt er að verða við óskum gæslufanga um að hafa samband við lækni og prest, ef þess er kostur.
4. Bréf, skeyti eða önnur skjöl frá gæslufanga eða til hans lætur dómari athuga og kyrrsetja, ef nauðsyn þykir vegna rannsókna eða ef efni þeirra er ósæmi- leg, en gera skal sendanda viðvart um kyrrsetningu, ef því er að skipta.
5. Gæslufanga má skylda til að ræsta og hirða klefa sinn eftir fyriræluðum dóm- ara.
6. Gæsluföngum er heimilt að útvega sér vinnu, sem samrýmist öryggi og góðri reglu. Bóka mega þeir afla sér með samþykki fangavarðar. Dómari getur svipt gæslufanga friðindum, er honum hafa leyfð verið sam-

kvæmt ákvæðum greinar þessarar, ef hann misnotar þau eða verður sekur um agabrot.

Gæslufangi getur borið fram kvörtun fyrir dómara undan meðferð fangavardar á sér.

### 71. gr.

Nú hefur dómari ákveðið að setja sökunaut í gæsluvarðhald, og getur sökunautur þá, ef dómari telur það nægilega tryggt, fengið að halda frelsi sínu að einhverju leyti eða öllu gegn tryggingu, er hann eða aðrir setja, eða gegn ábyrgð annarra manna, venjulega búsettra á landi hér, er dómari tekur gilda. Yfirlýsingu um tryggingu eða ábyrgð bókar dómari í þingbók og lætur viðkomendur undirrita þá bókun eða hann lætur þá gefa út sérstakar skriflegar yfirlýsingar. Ef trygging er sett, þá ber dómara að gera nauðsynlegar ráðstafanir lögum samkvæmt til verndar hennar gagnvart sökunaut og öðrum mönnum. Ef munir eru settir að handveði, ber dómara að geyma þá á tryggunum stað.

Trygging eða ábyrgð skal miða við ákveðna fjárhæð, og skal vera tilskilið, að þeirri fjárhæð skuli vera fyrirgert til ríkissjóðs, ef sökunautur fer úr marki því, er dómari setur honum, án leyfis dómara.

Nú brýtur sökunautur boð dómara um dvöl í ákveðnu takmarki, og skal þá af tryggingarfé eða ábyrgðarfé greiddur skaði sá, er sökunautur hefur verið dæmdur til að greiða, ef með þarf. Ef sökunautur kemur af sjálfs sín vilja fyrir dómara innan mánaðar frá því, er hann braut boð dómara, getur dómari ákveðið, að tryggingu eða ábyrgð sé þó ekki fyrirgert, nema að því leyti sem það brot hans hefur valdið sérstökum kostnaði.

Sökunautur skal fá tryggingu leysta, ef hann kys heldur að fara í gæsluvarðhald. Trygging eða ábyrgð, er annar maður setur, skal leyst, ef hann krefst þess og sökunautur hefur ekki brotið boð dómara um vistarmark hans. Svo fellur trygging eða ábyrgð niður, ef dómari ákveður allt að einu að setja sökunaut í varðhald eða sökunautur andast, rannsókn lýkur án málshöfðunar og þegar úrslitadómur er um málið genginn.

Ágreining vegna tryggingar eða ábyrgðar úrskurðar dómari, og má skjóta þeim úrskurði með kæru til æðra dóms eða með áfrýjun opinbera málsins sjálfs.

### 72. gr.

Hvort sem trygging eða ábyrgð er sett eða ekki, getur dómari lagt fyrir sökunaut að halda sér í ákveðnu takmarki (hreppi, kaupstað, lögsagnarumdæmi o. s. frv.) eða komið honum til dvalar og gæslu á ákveðnu heimili með meiri eða minni takmörkunum á frelsi hans. Þar sem fangahúss er ekki kostur, er hverjum, sem er þess megnugur að álitu dómara, skylt að takast á hendur vist og gæslu fanga, nema hann megi teljast hættulegur lífi manna eða heilbrigði. Ef því er að skipta, ber dómara að gera aðrar viðeigandi ráðstafanir til geymslu fangans, svo sem varðveislu á honum í aðgreindum, nægilega traustum klefa, ef ekki er fangahús til ráðstöfunar o. s. frv.

Ákvörðun sinni um gæslu sökunauts samkvæmt þessari grein getur dómari breytt, hvenær sem honum þykir ástæða til.

## X. KAFLI

### Almennar reglur um rannsókn opinberra mála fyrir dómi.

#### 73. gr.

Héraðsdómari getur, hvenær sem honum þykir nauðsynlegt eða heppilegt, hafið réttarrannsókn í opinberu máli, hvort sem mál hefur verið kært til hans eða ekki.

Ef grunaður maður hefur verið tekinn fastur, ber héraðsdómara að setja dóm, svo fljótt sem unnt er, eftir að hann hefur fengið vitneskju um handtökuna. Í hinu fyrsta þinghaldi (frumprófi) skal dómari reyna eftir föngum að ganga úr skugga um sekt eða sýknu sökunauts. Lýkur dómari þegar rannsókn, ef hann telur það koma fram, að sökunautur muni sýkn vera, hvort sem það er af því, að refsikrafan er fyrnd, sýnt er, að ekki er um refsiverð brot að tefla, o. s. frv. Sama er, ef hann telur víst, að máli hljóti að verða vísað frá dómi vegna aðildarskorts opinbera ákærvaldsins. Annars kostar heldur hann rannsókn áfram, þar til honum þykir það, sem máli skiptir, rannsakað til fullrar hlítar eða örvænt þykir, að rannsókn muni bera árangur. Dómara ber að rannsaka af sjálfsdáðum og sjálfstætt öll sakaratriði, enda þótt lögreglumenn hafi áður rannsakað og gert skýrslu um þau atriði. Nú hefur sökunautur játað á sig brot, og skal dómari þá allt að einu prófa það, hvort sú játning er sannleikanum samkvæm.

Nú æskir ríkissaksóknari, sækjandi, sökunautur eða verjandi rannsóknar á tilteknum sakaratriðum, og skal dómari þá taka slíka málaleitun til greina, enda megi ætla, að sú rannsókn geti skipt máli.

Dómari skal framkvæma ráðstafanir þær, sem í 36. gr. getur, ef skilyrði eru til, svo og kveða á um framhald þeirra, ef lögreglumenn hafa gert þær. Haldast skulu þessar ráðstafanir, uns dómur gengur, ef því er að skipta, en felldar skulu þær niður, jafnskjótt sem úr er bætt, þar sem það á við, eða rannsókn eða málshöfðun er látin falla niður.

#### 74. gr.

Dómari getur borið undir ríkissaksóknara, hvort rannsókn skuli hefja eða fram halda, og tekur þá ríkissaksóknari ákvörðun um það atriði. Ríkissaksóknari getur af sjálfsdáðum farið þess á leit við dómara, að hann hefji rannsókn eða haldi áfram þegar hafinni rannsókn. Ef dómari telur, að krafa ríkissaksóknara verði eigi tekin til greina, með því að skilyrði laga um refsingu í því máli skorti, svo sem vegna þess að eigi sé um refsiverða háttsemi að tefla, refsikrafa fyrnd, ákærvaldið bresti aðild o. s. frv., þá veitir dómari ríkissaksóknara kost á að skýra málið og kveður síðan upp úrskurð um, hvort taka skuli kröfu ríkissaksóknara til greina. Samsvarandi gildir, þegar rannsóknar er krafist í málum, er greinir í 3. málsg. 21. gr.

#### 75. gr.

Dómara ber að rannsaka öll atriði, er varða sekt sökunauts eða sýknu eða honum kynni að verða til málsbóta eða refsiauka, svo sem:

1. Verknadinn sjálfan, er framinn hefur verið eða ætla má, að framinn hafi verið, stað og stund, og öll nánari atvik, er ætla má, að máli skipti, svo sem það, á hverjum eða hverju brot hefur niður komið, sem hvaða hætti það hefur verið framið, hvort um fullframið brot eða tilraun sé að tefla, hversu langt tilraun hafi verið komin o. s. frv., sbr. 35. gr.
2. Það allt, er sökunaut sjálfan varðar, svo sem:
  - a. Hugarfar hans (ásetning, gáleysi), er hann frandi brotið, hvatir hans og tilgang, ef þau atriði skipta máli, o. s. frv.
  - b. Aldur hans. Og skal hann venjulega sanna með fæðingavottorði sökunauts, ef þess er kostur málinu án verulegrar tafar. Annars kostar má láta skýrslu sökunauts nægja, enda lýsi þá dómendur og þingvottar álitinu sínu á því, hvort sú skýrsla samrýmist útliti hans og öðrum kunnnum staðreyndum, ef dómara þykir þess þörf.
  - c. Hegðun undanfarið. Og skal það atriði sanna með sakavottorði og öðrum gögnum, sem fyrir hendi kunna að vera.

- d. Þroski, andlegur og líkamlegur, heilbrigðisástand hans, andlegt og líkamlegt, fyrr og síðar, menntun, uppeldi, efnahagur og aðrar ástæður o. s. frv., eftir því sem þörf virðist krefja. Ef ástæða þykir til, skal leggja sökunaut undir viðeigandi lækni-rannsókn í þessu skyni.
- e. Hegðun og hugarfar sökunauts, eftir að hann framdi brotið eða brotin, svo sem það, hvort hann hefur séð eftir því, boðið fram bætur eða á annan hátt leitast við að gera yfirbót, eða hvort hann hefur reynt að dylja brotið, neytt hagnaðar af því, reynt að torvelða rannsókn þess o. s. frv.
- f. Ef um tilraun er að tefla, hvort hann hafi horfið sjálfkrafa frá henni, eða hvort brot hefur ekki orðið fullframið af öðrum ástæðum.
- g. Ef fleiri menn en einn eru við brot riðnir, þá ber eftir fögum að rannsaka, hvern þátt hver (hvor) um sig hafi átt í því, svo sem það, hver (hvor) hafi átt upptökin og hvaða ráðum hafi verið beitt í því efni.

#### 76. gr.

Dómari lætur lögreglumann eða einn stefnuvott tilkynna sökunaut og öðrum þinghöld með hæfilegum fyrirvara, enda nægir, að næsta þinghald sé tilkynnt í þinghaldi þeim, sem þar eru viðstaddir. Nú er sökunautur í gæslu, og skal honum þá gert kleift að koma fyrir dóm.

#### 77. gr.

Dómari kynnir sér rannsókn lögreglumanna eftir fögum, áður en hann hefur prófun á sökunaut eða öðrum, enda lesi hann ekki fyrir þeim skýrslur lögreglumanna, tyrr en hann hefur spurt þá um þau sakaratriði, er hann telur á því stigi rannsóknar ástæðu til að spyrja um. Ef skýrslu fyrir lögreglumönnum og skýrslu fyrir dómi ber á milli, bendir dómari aðilum á ósamræmið, þegar hann telur það henta.

Þeir menn, sem spurðir eru fyrir dómi í rannsókn opinbers máls, eiga rétt á að fá vitneskju um það af dómara, þegar mál er orðið svo skýrt, að honum er þess kostur, hvort þeir eru spurðir vegna grunar þeim á hendur um brot eða kvaddir vitnisburðar. Ef dómari kveður mann yfirheyrðan vegna grunar á honum um refsiverða hegðun, þá er honum óskýlt að svara spurningum dómarsins, er þá hegðun varða, enda ber dómara að benda sökunaut á þetta, þegar er efni standa til, og jafnframt á það, að þögn hans kunni að verða skýrð honum í óhag.

Nú kys sökunautur að svara spurningum dómara, og skal þá bóka svörin nákvæmlega og orðrétt eða taka þau á talvél, ef ætla má, að orðalag sökunauts skipti máli. Bókanir skal bera undir sökunaut, skrá síðan breytingar og athugasemdir, sem sökunautur vill gera við bókun á svörum sínum, lesa þær bókanir upp fyrir honum og geta þess að lokum, hvort hann hafi viðurkennt bókanir réttar eða ekki.

Ákvæði 38. og 40. gr. gilda um rannsókn fyrir dómi að breyttu breytanda. Þó er dómara rétt að láta sökunaut hlýða á prófun vitnis eða matsmanns og gæta þar réttar síns, enda sé ekki ástæða til að ætla, að sökunautur kunni að hafa þau áhrif á vitni eða matsmann, að það eða hann segi ekki afdráttarlaust sannleikann, eða návist hans kunni að torvelða rannsókn málsins, svo sem vegna færissökunauts til undanskots sakargagna eða til þess að dylja sannleikann með öðrum hætti.

Dómari samprófar sökunauta, er honum þykir hættulaust, að rannsókn torveldist þess vegna, til þess að fá samræmi milli skýrslna þeirra, ef þess er kostur, eða staðfestingu á þeim. Ef með mál er farið samkvæmt 130. gr., er rétt að fresta samprófun, nema hætta sé á, að sakargögn fari annars forgörðum.

#### 78. gr.

Dómari kynnir sökunaut efni þeirra skjala, er varða gögn í opinberu máli, þegar

er honum þykir það mega verða án hættu á því, að vitneskja sökunauts þar um verði notuð til þess að torvelda eða seinka rannsókn máls, og ávallt eigi síðar en í lok rannsóknar.

## XI. KAFLI

### Um sækjanda og verjanda.

#### 79. gr.

Nú sætir mál sókn og vörn fyrir héraðsdómi eftir málshöfðun, sbr. 130. gr., og sækir þá ríkissaksóknari málið, en falið getur hann þó sókn þess vararíkissaksóknara, saksóknara eða fulltrúa sínum, er fengið hefur til þess löggildingu dómsmálaráðherra. Heimilt er einungis að löggilda fulltrúa, er fullnægja skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti, hafa fengið leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi eða fullnægja skilyrðum til þess að fá slík leyfi. Heimilt er og ríkissaksóknara að skipa sækjanda máls einhvern hæstaréttarlögmann eða héraðsdómslögmann, enda hafi sá fengið löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opinberra mála í héraði. Ekki má sækjandi vera nokkur sá, er gerði dómara óhæfan til að fara með mál, né heldur sá, er vegna afstöðu sinnar til máls eða aðila væri óhæfur dómari í því máli.

Hlutverk sækjanda er að stuðla að því, að hið sanna og rétta komi í ljós og yfir höfuð að létta dómara starfið með málflutningi sínum. Honum ber, þegar er hann hefur fengið skjöl málsins, að athuga gaumgæfilega, hvort rannsókn um einstök atriði kunní að vera áfátt, og benda dómara tafarlaust á það til þess að úr því verði bætt. Í flutningi málsins skal hann lýsa staðreyndum skilmerkilega og án allra óþarfa málalenginga og draga fram öll atriði, sem máli skipta, sbr. 75. gr. Lagaatriði ber honum að greina stutt, ljóslega og hlutlægt. Loks skal hann leiða ályktanir sínar af því, sem hann hefur með greindum hætti fram flutt.

Skipuðum sækjanda ber þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun dómara.

#### 80. gr.

Nú er farið með mál samkvæmt 79. gr., og skal þá jafnan skipa verjanda. Eftir ósk sökunauts skal skipa honum verjanda:

1. Meðan hann sætir gæsluvarðhaldi.
2. Ef hann er sakaður um brot, er að lögum getur valdið honum missi þjóðfélagsréttinda, svo sem missi stöðu, kosningarréttar eða kjörgengis, atvinnuréttinda o. s. frv.
3. Ef brot getur varðað 50 000 króna sekt eða tveggja mánaða refsivist eða hefur í för með sér upptöku eigna, er verulegum verðmætum nema, miðað við efna- hag og ástæður sökunauts. Þó getur dómari skipað sökunaut verjanda, þótt þessum skilyrðum sé ekki fullnægt, ef sérstaklega stendur á, svo sem ef vafa- atriði eru í máli um lög eða staðreyndir, sbr. 2. málsg.

Án óskar sökunauts skipar dómari honum réttargæslumann:

1. Hvarvetna þess, er matsmenn eiga að staðfesta framburð eða matsgerð að söku- naut fjarstöddum. Dómari veitir réttargæslumanni kost á að kynna sér það allt, er staðfesta skal, og annað, sem nauðsynlegt kann að vera til skilnings á því, áður en staðfesting fer fram. Ber réttargæslumanni að gæta hagsmuna söku- nauts við staðfestingu.
2. Dómari getur skipað sökunaut réttargæslumann í rannsókn máls, ef sökunautur er að álitum dómara sérstaklega sljór eða skilningslítill eða haldinn annmörkum, er torvelda skynjan hans, svo sem sjóndepru, málleysi eða heyrnarleysi, söku- nautur er undir 18 ára aldri eða annars er honum svo farið eða framkoma hans fyrir dómi slík, að dómari telji skipun réttargæslumanns heppilega.



Nú játar sökunautur á sig afdráttarlaust brot, og eigi er vafi um staðreyndir, svo sem þær, er varða hækkun eða lækkun refsingar, refsileysi eða niðurfall refsingar, sakhæfi o. s. frv., eða lagaatriði, og skal þá eigi skipa verjanda.

#### 81. gr.

Dómari skal jafnan, þegar lögskytt er eða ástæða þykir til að skipa sökunaut verjanda eða réttargæslumann, vekja athygli hans á því atriði og veita honum kost á að henda á einhvern þann mann, er rétt hefur að lögum til þess að fara með það starf fyrir dómi almennt og sérstaklega í því máli. Dómari ákveður svo, hvern skipa skuli.

Nú eru fleiri en einn maður fyrir sökum hafðir, og skal þá vera sami maður verjandi þeirra beggja eða allra, ef telja má, að hagsmunir þeirra rekist ekki á.

Nú vill sökunautur ekki, að honum verði verjandi skipaður, og skal það þá ekki gert, nema dómara þyki allt að einu ástæða til þess. Sjálfum er sökunaut rétt að halda uppi vörn fyrir sig. Svo er honum og rétt að ráða á sinn kostnað hvern þann löghæfan mann, sem dómari samþykkir, til að halda uppi vörn fyrir sig, hvort sem skytt er að skipa verjanda eða ekki.

#### 82. gr.

Í Reykjavík og annars staðar, þar sem kostur er löggiltra málflytningumanna, skal verjandi tekinn úr hópi þeirra. Þó getur dómari eftir ósk sökunauts skipað honum einhvern annan mann, er fara má með mál annarra manna, þar sem eigi eru löggiltir málflytningmenn, ef hann telur hag sökunauts borgið í höndum slíks manns og engar sérstakar ástæður mæla því annars í gegn.

#### 83. gr.

Dómari sá, er með aðalrannsókn máls fer, skipar verjanda í því máli. Nú skal staðfesting vitnisburðar, mats- eða skoðunargerðar fara fram í öðru lögsagnarumdæmi, og skipar þá dómari þar verjanda til þess að vera við staðfestingu, nema verjandi í aðalmálinu sé þar við staddur.

#### 84. gr.

Hæstaréttarlögmönnum og þeim héraðsdómslögmönnum, er fengið hafa löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opinberra mála í héraði, er skytt samkvæmt skipun rikissaksóknara að sækja opinbert mál í lögsagnarumdæmi, þar sem þeir hafa skrifstofu, og þar í grennd. Nú reynist skipaður sækjandi óhæfur að áliti dómara eða honum verða forföll, og skipar þá rikissaksóknari annan löghæfan mann í hans stað.

Það er borgaraleg skylda hverjum heilum lögráða manni að taka að sér starf verjanda í opinberu máli innan lögsagnarumdæmis, þar sem hann er búsettur. Nú telur dómari verjanda rækja starfann óviðunandi eða verjanda verða forföll, og skipar dómari þá annan löghæfan mann í hans stað.

#### 85. gr.

Ekki má skipa þann mann verjanda, sem hefur borið vitni eða verið mats- eða skoðunarmaður í því máli, eða þann, er vera mundi óhæfur dómari í því sökunaut í óhag, eða þann, er riðinn kann að vera við málið eða hefur að öðru leyti hag eða óhag af úrslitum þess, né heldur þann, er skipun hans gerði dómara óhæfan til að fara með málið.

#### 86. gr.

Verjandi er háður sömu skyldum sem sækjandi, eftir því sem við getur átt, sbr.

79. gr. Honum ber að leiðrétta atvikalýsingu sækjanda, þar er efni þykja standa til, draga fram allt það, er verða má sökunaut til sýknu eða hagsbóta, og gæta réttar hans, er hann sætir varðhaldi eða annarri gæslu að því leyti. Verjanda er heimilt að tala við sökunaut einslega, þegar hann er í gæslu, nema dómari telji hættu á, að rannsókn torveldist fyrir það. Ef verjandi er skipaður, áður en rannsókn er lokið, er honum rétt að vera við prófun sökunauts, enda þyki dómara það hættulaust vegna rannsóknar málsins. Þagnarskylda hvílir á verjanda um það, er sökunautur kann að hafa trúað honum fyrir um afstöðu sína til brots eða brota þeirra, sem um er að tefla, og um þau önnur atriði, er hann hefur komist að í starfa sínum og eigi eru almenningi þegar kunn.

Skipuðum verjanda ber þóknun fyrir starfa sinn eftir ákvörðun dómara, nema hann hafi berum orðum afsalað sér henni.

#### 87. gr.

Dómara er skylt að láta sækjanda og verjanda í té skjöl þau, er mál varða, eða eftirrit þeirra, að svo miklu leyti sem þau eru nauðsynleg til sóknar eða varnar þess, en skylt er þeim að skila þeim aftur til dómara, þegar starfa þeirra er lokið, ef þess er krafist.

Þóknun sækjanda, sem ríkissaksóknari hefur skipað, og skipaðs verjanda skal ákveða í dómi, ef það lýkst með þeim hætti, nema viðkomandi hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með dómi, getur dómari ákveðið þóknun og hver hana greiði með úrskurði, er bóka skal í þingbók, og er sú ákvörðun bindandi og aðfararhæf sem dómur væri. Dómari getur og með sama hætti ákveðið verjanda eða réttar-gæslumanni samkvæmt 80. gr., 2. mgr., 1. tölul., og 3. mgr., þóknun.

Þóknun sækjanda og verjanda greiðist sem annar sakarkostnaður.

#### 88. gr.

Ef sækjandi eða verjandi torveldar rannsókn eða misbeitir stöðu sinni með öðrum hætti eða rýfur þagnarskyldu sína samkvæmt 86. gr., varðar það refsingu eftir ákvæðum hegningarlaganna um brot í embætti og sýslan.

## XII. KAFLI

### Um vitni, mat, skoðun og skjöl.

#### 89. gr.

Öllum er skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli og bera þar vitni. Skorast geta þó þeir, sem hér segir, undan vitnisburði:

1. Maki sökunauts, meðan hjúskap þeirra er ekki slitið að lögum.
2. Unnusti eða unnusta sökunauts, enda varði vitnisburður ekki atvik, sem gerðust, áður en þau heitbundust.
3. Skyldmenni sökunauts að feðgatali eða niðja.
4. Kjörforeldri sökunauts eða kjörbarn undir samsvarandi skilorði sem í 2. tölul. segir.
5. Tengdaforeldri sökunauts og tengdabarn, systkin hans og jafnmægðir honum

#### 90. gr.

Dómari getur leyst fósturforeldri sökunauts eða fósturbarn undan vitnaskyldu, ef honum virðist samband þeirra mjög náið.

Sama gildir um vitnisburð unnusta eða unnustu, að því er varðar atvik, er gerðust, áður en þau heitbundust.

**91. gr.**

Aðila er ekki skylt að svara spurningu að viðlagðri vitnaábyrgð, ef ætla má, að svar við henni feli í sér játningu eða bendingu um það, að hann eða venslamenn hans samkvæmt 89. gr. hafi framið refsiverðan verknað eða það gæti orðið þeim til mannorðsspjalla.

**92. gr.**

Embættis- og sýslunarmönnum er óskylt að koma fyrir dóm til að vitna um atvik, er gerst hafa í embætti þeirra eða sýslan og leiða má í ljós með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali.

**93. gr.**

Án leyfis viðkomandi ráðherra skal vitni ekki krafið skýrslu um leynilega samninga ríkisins, ráðagerðir eða ályktanir handhafa ríkisvaldsins um málefni, sem öryggi ríkisins, réttindi eða heill að öðru leyti varða eða hafa mjög mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskipti fyrir íslensku þjóðina.

Embættismenn og sýslunar verða ekki krafðir vitnisburðar um það, sem þeir hafa fengið vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara, nema viðkomandi ráðherra leyfi eða forseti sameinaðs Alþingis, ef taka skal skýrslu af alþingismanni eða öðrum starfsmanni Alþingis.

**94. gr.**

Vitnum þeim, sem hér segir, er óheimilt að svara spurningum án leyfis þess, sem með á:

1. Verjanda um það, er sökunautur hefur trúað honum fyrir um málsatvik, eftir að hann hefur tekið vörnina að sér.
2. Prestum, læknum, ljósmæðrum og lyfsölum um atriði, er varða einkahagi manna og þeim hefur verið trúað fyrir í starfa sínum, nema brot varði minnst tveggja ára refsivist.

Nú má telja vitnisburð nauðsynlegan til varnar sökunaut, og getur dómari þá ákveðið vitnaleiðslu með úrskurði.

**95. gr.**

Heimilt er dómara, nema leyfi aðila komi til, að undanþiggja vitni að svara spurningum, er varða leyndarmál um kaupsýslu, uppgötvanir eða önnur slík verk, hvort sem vitnið á sjálfst í hlut eða það hefur komist að vitneskju sinni í þjónustu einstaklings, fyrirtækis eða stofnunar, enda telji dómari hagsmuni aðila til leyndar rikari en hagsmuni ákærvaldsins um skýrslu.

**96. gr.**

Dómari skal leiðbeina aðilum um þau atriði, er varða vitnisburð og í 89.—95. gr. getur.

**97. gr.**

Dómari metur það hverju sinni, hvort barn hafi náð þeim þroska, að það beri það skynbragð á sakaratvik, að vitnisburður þess um það skipti máli.

Samsvarandi hátt hefur dómari á um vanþroska menn eða geðbillaða.

**98. gr.**

Skyllt er vitni að koma fyrir dóm utan varnarþings síns, hvar sem er á landinu, ef nauðsynlegt þykir til samprófunar vitnis við sökunaut eða önnur vitni, enda sé því séð fyrir farkosti og því sem minnstur bagi gerður.

Vitni, sem eigi má koma fyrir dóm á þingstað vegna sjúkleika síns eða heimamanna sinna, má prófa annars staðar, þar sem kostur er að taka af því skýrslu.

Dómari getur úrskurðað vitni skylt að hafa með sér sakargögn til sýningar eða framlagningar í dómi eða athuga bækur sínar, skjöl og aðra muni og gera útdrátt úr tilteknum atriðum í þeim til skýringar málsatvikum.

#### 99. gr.

Dómari getur látið lögreglumann (hreppstjóra) eða einn stefnuvott kveðja vitni til þess að koma fyrir dóm og gefa skýrslu í opinberu máli, að viðlagðri refsingu. Ef vitni sinnir eigi kvaðningu að forfallalaus, getur dómari fært eða látið færa það fyrir dóm með valdi. Beita má ákvæðum 131. gr. laga nr. 85/1936, eftir því sem við á.

#### 100. gr.

Dómari lætur vitni fyrst gera grein fyrir heiti sínu, aldri, stöðu og heimilisfangi eða dvalarstað. Síðan brýnir hann alvarlega fyrir því skyldu þess til að gefa sönn og rétt svör við spurningum sínum og draga ekkert undan, er máli skiptir, hvort sem það varðar málsatvik, hæfi þess, sönnunargildi vitnisburðar eða annað. Loks minnr dómari vitni á þýðingu vitnisburðar um málsúrslit og skýrir fyrir vitninu með tilvísun til viðeigandi ákvæða hegningarlaga þá refsiaþbyrgð, er vitni kann að baka sér með vísitandi eða gáleysislega röngum framburði, og þá siðferðislegu áþbyrgð, sem röngum framburði er samfara.

Að þessu loknu lætur dómari vitni festa með þeim hætti, er nú greinir, heit um sannan framburð sinn:

1. Ef vitni lýsir sig, að gefnu tilefni frá dómara, trúa á guð, og heit samkvæmt því samræmist trúarsannfæring þess, þá skal það lyfta upp hægri hendi sinni og hafa upp eftir dómara þessi orð: Ég sver það og vitna til guðs míns, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga. Svo hjálpi mér guð, sem ég satt segi.
2. Nú má ekki svo með fara, sem í 1. tölul. segir, og festir vitni þá heit sitt með þeim hætti, að það lyftir upp hægri hendi sinni og hefur upp eftir dómara þessi orð: Ég lýsi yfir því og legg þar við drengskap minn og heiður, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga.
3. Nú er annar háttur hafður á heitfestingu en sá, er í 1. og 2. tölulið segir, í landi, þar sem vitni hefur dvalist, svo sem hönd lögð á helga bók, og er þá dómara rétt að hafa þann hátt á, ef hann telur vitni munu fyrir það leggja ríkari helgi og virðingu á heitfestingu.

Dómari getur frestað heitfestingu þar til á síðara stigi málsmeðferðar, og auk þess getur hann látið heitfestingu niður falla, ef sönnunaratríði máls má telja vafalaus. Nú fer heitfesting fram eftir á samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, og breytir dómari þá heitstaf til samræmis við það.

#### 101. gr.

Eigi skal heitfesta:

1. Barn undir 15 ára aldri.
2. Þann, sem svo er vitsmunavant eða svo geðbillaður, að hann ber ekki skyn á eða er ófær til að meta helgi eða þýðingu heitfestingar.
3. Sakaðan mann eða mann, sem dómari veit eða má ætla, að síðar verði sakaður í því máli.

#### 102. gr.

Að heitfestingu lokinni hefst vitnaleiðsla um sakaratriði. Gæta skal dómari þess, að spurningar hans séu ákveðnar, ekki tvíræðar eða veiðandi, ekki særandi eða móðgandi, framar en efni standa til, og ekki sýnilega þýðingarlausar. Gangna skal úr skugga um það, hvort skýrsla manns er reist á sjálfs hans skynjan eða sögusögn annarra.

Nú hefur vitni eða aðrir gefið skýrslur fyrir lögreglumanni eða aðrir en það fyrir dómi, og kynnir dómari þá slíkar skýrslur eða önnur sakargögn eigi fyrir vitni, fyrr en honum þykir þess þörf til skýringar eða leiðréttingar skýrslu þess. Utanréttarvottorðum þess, er vitni skyldi bera, um sakaratriði, má dómari ekki veita viðtöku, nema skýrslan sé gerð að tilhlutun hans eða lögreglumanns eða dómara þyki standa sérstaklega á, svo sem ef eigi er kostur annarrar skýrslu frá þeim aðila.

Vitni hvert skal prófa sér og eigi láta önnur vitni hlýða á. Um návist sökunauts fer samkvæmt 77. gr. Samprófa skal vitni við sökunaut og aðra, ef á greinir, þegar dómara þykir hentugt.

Ef með mál er farið samkvæmt 130. gr., er rétt að fresta samprófun, nema hættla sé á, að sakargögn fari annars forgörðum.

Nú er dómþing háð fyrir opnum dyrum og spurning er svo löguð, að svar við henni varðar einkahagi vitnis sjálfs eða annarra, og getur dómari þá lagt spurningu skriflega fyrir vitni og leyft því að svara skriflega og bókað svarið, enda eigi vitnið kost á að sannfæra sig um rétta bókun, án þess að svarið sé lesið upp.

Þar sem verjandi er við rannsókn annars staðar, er honum rétt að beina því til dómara, að hann leggi spurningar um tiltekin atriði fyrir þá, sem prófaðir eru.

Bóka skal svörin svo, að ótvírætt og tæmandi komi fram efnið í svörum, og orðrétt jafnan, ef ástæða er til ætla, að orðrétt bókun geti skipt máli um mál almennt eða einstök sakaratriði.

### 103. gr.

Dómari rannsakar af sjálfsdáðum öll atriði, er varða skyldu vitnis eða heimild til að gefa skýrslu og hæfi til þess að staðfesta hana. Dómari getur látið vitni eða aðra staðfesta skýrslu sína um þessi efni.

Dómari vitnamáls úrskurðar þau atriði, er í grein þessari segir, og annað, er varðar vitnamálið sjálft. Yfirlýsing vitnis fyrir vitnadómara um það, að úrskurður verði borinn undir æðra dóm, frestar framkvæmd úrskurðar.

### 104. gr.

Vitni skal greiða eftir kröfu þess og samkvæmt úrskurði dómara útlagðan kostnað þess vegna rækslu vitnaskyldunnar og þóknun fyrir atvinnumissi, sem telja má vitni skipta nokkru máli, miðað við efnahag þess og ástæður.

### 105. gr.

Ákvæði 136.—144. gr. laga nr. 85/1936 gilda og um opinber mál, eftir því sem við á, og með þeim breytingum og viðaukum, sem hér segir:

1. Dómari rannsakar sjálfur vettvang, muni og verksummerki, eftir því sem við verður komið og hann hefur þekkingu til, bæði á þingstað og annars staðar með kunnáttumönnum og án þeirra, sbr. 35. gr.
2. Dómari framkvæmir eða lætur framkvæma mat og skoðun af sjálfsdáðum svo og samkvæmt tilmælum ákærvaldsins, sökunauts eða verjanda hans, eftir því sem efni standa til.
3. Dómari gerir sökunaut, sækjanda og verjanda viðvart um dómkvaðningu mats- og skoðunarmanna, ef ástæða er til, en dómkvaðning, matsgerð og staðfesting hennar fer fram, þótt þeir komi ekki.
4. Dómari veitir mats- og skoðunarmönnum leiðbeiningar og úrskurðar, að hverju leyli athugasemdir áður nefndra aðila, sbr. 2. fl., skuli til greina teknar. Mats- eða skoðunargerð skal fá dómara í hendur, og ákveður hann staðfestingu samkvæmt þeim reglum, sem hingað til hafa tíðkast.

## 106. gr.

Líkskoðun fer fram, hvar sem er og hvarvetna þess, er dómara þykir nauðsynlegt.

Krufning líka má einungis framkvæma samkvæmt úrskurði dómara, nema nánastli venslamaður eða nánustu venslamenn leyfi, þegar ástæða þykir til vegna öflunar sakargagna.

Um framkvæmd líkskoðunar og krufningar fer samkvæmt gildandi reglum, þó svo, að dómari ákveður hverju sinni í samráði við hlutaðeigandi kunnáttumann, hvað gera skuli.

## 107. gr.

Ákvæði 149. gr. laga nr. 85/1936 gildir og í opinberum málum, svo sem við á.

## XIII. KAFLI

## Um sönnunarbyrði og mat sakargagna.

## 108. gr.

Sönnunarbyrði um sekt sökunauts og atvik, sem telja má honum til óhags, hvílir á ákæruvaldinu. Dómari metur það hverju sinni, hvort nægileg sönnun, er eigi verði véfengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert atriði, er varðar sekt og ákvörðun refsingar og aðrar afleiðingar brots, þar á meðal, hverja þýðingu skýrslur sökunauts hafi.

## 109. gr.

Dómari metur það eftir atvikum, hvort sönnunargildi þær staðreyndir hafi, er eigi varða beinlínis þá staðreynd, sem sanna skal, en leiða kann að mega af ályktanir um hana, svo sem atriði, er í 2.—6. tölul. 35. gr. getur, uppeldi sökunauts, þekking hans og menntunarástand, framkomu í rannsókn málsins o. s. frv.

## 110. gr.

Dómari metur öll atriði varðandi sönnunargildi vitnisburðar, matsgerðar, skoðunar og skjala, með hliðsjón af ákvæðum 129., 144., 153., 154., 158. og 159. gr. laga nr. 85/1936.

## XIV. KAFLI

## Um mál ungmenna, sektavald lögreglustjóra og lögreglumanna, dómsáttir og ákæru.

## 111. gr.

Mál ungmenna á aldrinum 15—18 ára fara samkv. lögum þessum, sbr. og lög um vernd barna og ungmenna.

## 112. gr.

Dómara er heimilt, enda sé það ekki bannað sérstaklega í lögum, að afgreiða opinbert mál án málshöfðunar:

1. Ef brot er mjög smávægilegt, getur dómari lokið máli með áminningu, er hann skráir í þingbók, enda láti sökunautur við það sitja.
2. Ef brot er skýlaust sannað og telja má, að refsing muni ekki fara fram úr sektum, ef dómur gengur um málið, getur dómari ákveðið hæfilega sekt, er greiðist innan tiltekins tíma, að viðlagðri viðeigandi refsivist ásamt sakarkostnaði, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun dómara með undir-

skrift sinni í þingbók. Ef skýlaust sannað brot varðar sviptingu leyfis til að stýra vélknúnu ökutæki eða réttar til að öðlast slíkt leyfi, er heimilt að ákveða á sama hátt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar slíka réttindasviptingu í 1 ár eða skemmri tíma. Greina skal í bókun skýrt og stutt brot það, sem um er að tefla, refsíákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot upptöku eignar í för með sér, og getur dómari undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku. Ákvörðun um eignaupptöku getur dómari og tekið með bókun í þingbók, ef sökunautur finnst ekki eða er ókunnugur, og verðmæti fer ekki fram úr kr. 30 000.00.

Nú berst lögreglustjóra kæra um brot gegn umferðarlögum, áfengislögum, lögum um tilkynningar aðsetursskipta eða lögreglusamþykkt og hann telur viðurlög við brotinu eigi fara fram úr kr. 10 000.00 sekt, og getur hann þá bréflega innan mánaðar, frá því honum barst kæran, gefið sökunaut kost á að ljúka málinu innan ákveðins tíma með greiðslu hæfilegrar sektar, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun lögreglustjóra með undirskrift sinni. Synji sökunautur þessum málalokum eða sinni þeim ekki, vísar lögreglustjóri málinu til dómara.

Nú stendur lögreglumaður vegfaranda að broti á umferðarlögum eða lögreglusamþykkt og telja má, að refsing muni ekki fara fram úr kr. 3 000.00 sekt, og getur lögreglumaður þá gert sökunaut hæfilega sekt, er greiðist þegar í stað eða innan tiltekins tíma, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun lögreglumanns með undirskrift sinni í sektabók. Nú greiðist sekt eigi innan tiltekins tíma, og skal þá kæra send til dómara með venjulegum hætti. Dómari fellir þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi og lýkur máli lögum samkvæmt. Nú þykir ákvörðun lögreglumanns fjarstæð og ákveður þá dómari, ríkissaksóknari eða lögreglustjóri, að mál skuli tekið til meðferðar að nýju, enda er þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi felld.

Ríkissaksóknari lætur lögreglustjóra í té skrá yfir brot þau, sem sektaheimild samkv. 2. og 3. mgr. nær til. Í skránni skal veita leiðbeiningar um sektarupphæð fyrir hverja tegund brota. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um bókhald og meðferð þessara mála að öðru leyti.

Senda skal ríkissaksóknara skrá um mál, sem lokið er samkvæmt 2. tölulíð 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar eftir þeim reglum, er hann ákveður.

Nú telur ríkissaksóknari, að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar, eða maður hafi ranglega verið látinn sæta sviptingu leyfis til að stýra vélknúnu ökutæki eða sviptingu réttar til að öðlast slíkt leyfi eða sæta upptöku eignar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. þessarar greinar, eða verið látinn gangast undir fjarstæð málalok að öðru leyti, eða að mál, sem lokið er samkv. sama ákvæði, hefði átt að ganga til dóms, og getur hann þá kært málið til hæstaréttar til ónýtingar á ákvörðun dómara. Ef um sektargerð lögreglustjóra er að ræða, getur ríkissaksóknari borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun lögreglustjóra.

### 113. gr.

Dómari höfðar mál af sjálfsdáðum á hendur sökunaut, sem ekki hefur komið fyrir dóm, ef:

1. Honum hefur sjálfum verið löglega birt kvaðning fyrir dóm á tilteknum stað og tíma og fullnægi kvaðningin ákvæðum 1.—3. tölul. 115. gr., enda sé skýrt greint í henni, að fjarvist hans verði metin til jafns við viðurkenningu hans og að dómur gangi um málið, þótt hann komi ekki, og að hann megi ekki vænta frekari viðvörunar.
2. Ekki er kunnugt um, að nauðsynjar hanni honum komu fyrir dóm.
3. Ætla má, að brot hans varði eigi yfir 30 000 króna sekt eða eignaupptöku.
4. Fram er komin fyrir sekt hans skýrsla eins lögreglumanns eða annars opinbers starfsmanns eða gögn, er jafna megi til slíkrar skýrslu.

Ef tveir menn eða fleiri eru sakaðir um sama brot, verður þessi meðferð venjulega því aðeins höfð, að skilyrði 1.—4. tölul. sé fullnægt um þá báða eða alla.

Eigi skal ómerkja í æðri dómi gerðir dómara samkvæmt þessari grein, nema sýnt þyki, að dómara hafi missýnst í mjög mikilsverðum atriðum.

#### 114. gr.

Í málum, þar sem sökunautur hefur skýlaust játað sig hafa haft alla þá háttsemi, sem hann er borinn og máli skiptir, ekkert veikir þá játningu og vafalaust má þykja um aðrar staðreyndir, svo sem þær, er orka kunna refsihækkun eða refsilækkun, refsileysi eða niðurfelling refsingar, sakhæfiskorti o. s. frv., eða notkun lagaákvæða, svo sem um val milli tveggja eða fleiri ákvæða sér eða saman, um aðild o. s. frv., er dómara heimilt að höfða mál af sjálfsdáðum, sbr. þó 2. málsg. 21. gr.

Fara skal um þau atriði, sem í grein þessari getur, eftir 3. mgr. 113. gr.

#### 115. gr.

Er dómari telur rannsókn lokið, sendir hann ríkissaksóknara eftirrit af öllu því, sem í henni er fram komið, til ákvörðunar um það, hvað gera skuli. Þegar er ríkissaksóknari hefur fengið rannsókn máls í hendur, athugar hann, hvort semja skuli ákæru á hendur sökunaut eða sökunautum. Ef honum virðist það, sem fram er komið með framhaldsrannsókn eða án hennar, nægilegt eða líklegt til sakfellis, semur hann ákæru, en annars kostar lætur hann við svo búið standa.

Nú ákveður ríkissaksóknari málshöfðun, og semur hann þá ákæruskjal, er hann sendir dómara. Í því skal greina, svo að eigi verði um villst:

1. Nafn sökunauts, heimilisfang og önnur deili á honum.
2. Hvert það brot, sem sök er gefin á, stað og stund, eftir föngum, er það er talið framið, það heiti, sem það hefur í lögum, eða aðra skilgreining svo og þær laga-greinar, sem það er talið varða við.
3. Þær kröfur, sem gerðar eru, svo sem kröfur um refsingu, réttindamissi, eignar-töku, skaðabætur, greiðslu sakarkostnaðar o. s. frv.

Í ákæruskjali má ekki skírskota til fram kominna sannana eða setja þar lögfræðilegar athugasemdir framur en sagt var.

Dómari ritar ákvörðun sína um stað og stund til þingfestingar málsins á ákæruskjal og lætur síðan birta fyrir sökunaut með venjulegum hætti eða fyrir dómi. Um leið og ákæruskjal er birt sökunaut, skal hann spurður, hvort hann vilji halda uppi vörn eða fá verjanda, og hvern, ef því er að skipta.

Nú ákveður dómari málshöfðun samkvæmt 114. gr., og semur hann þá ákæru, er fullnægi ákvæðum 1.—3. tölul., enda fer um birtingu hennar og annað samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

#### 116. gr.

Fresti til þinghalds í opinberum málum má stytta eftir þörfum frá því, sem mælt er í einkamálum. Tilkynningar má birta á sömu stöðum sem í lögum um meðferð einkamála í héraði greinir, svo og í varðhaldi eða á gæslustað, ef því er að skipta. Rétt er, að lögreglumaður eða einn stefnuvottur birti. Ákærða skal afhenda eftirrit af kvaðningu samkvæmt 113. gr. eða ákæruskjali.

#### 117. gr.

Nú er óvíst um þann mann, er kröfu skal á hendur gera, eða dvalarstað hans, en mál hans sætir þó lögsögu íslenskra dómstóla, og skal þá birta ákæru eða kröfur í Lögbirtingablaði með ákvörðun um stund og stað til þinghalds og með hæfilegum fyrirvara.



## 118. gr.

Ríkissaksóknari getur ávallt, svo og dómari samkvæmt 114. gr., gefið út framhaldsákæru, enda sé mál ekki þegar dæmt í héraði:

1. Ef leitt er í ljós, eftir birtingu ákæru, að ákærði hafi eða kunni að hafa drýgt önnur eða frekari brot en í ákæru segir.
2. Ef sýnt er, að ákæru er ábótavant, svo sem háttsemi ákærða ranglega lýst eða saksótt eftir öðrum refsíákvæðum en brot á undir.

Framhaldsákæru skal jafnan gefa út eigi síðar en 3 vikum eftir að þörfin á henni varð kunn, enda skal veita ákærða kost á að koma að vörn eftir þörfum.

Aldrei má dæma sökunaut fyrir aðra hegðun en þá, sem í ákæruskjali greinir, né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Rétt er þó dómara að dæma áfall á hendur sökunaut, þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari, að vörn verði ekki áfátt þess vegna. Dómari getur gefið sökunaut, verjanda og sækjanda færi á því að tjá sig um sakaratriði að þessu leyti, ef þurfa þykir. Dómara er og rétt undir sama skilorði að dæma eftir öðrum refsíákvæðum en segir í ákæru, en gefa skal hann þá nefndum aðilum kost á því að reifa málið að því leyti og af nýju, ef því er að skipta.

## 119. gr.

Nú hefur rannsókn dómara á hendur tilteknum sökuðum manni eigi leitt í ljós sakaratriði eða sakargögn, sem nægileg hafa þótt til ákæru, og má þá eigi taka það mál upp af nýju, nema skilyrðum 2. málsgreinar 42. gr. sé fullnægt, enda fer um rannsókn skaðabótakröfu sem þar segir.

Ákvæði 3. mgr. 42. gr. gildir hér að breyttu breytanda.

## 120. gr.

Þegar kvaðning samkvæmt 113. gr. eða ákæra hefur verið birt sökunaut, nefnist hann ákærði og málið er nefnt: Ákæruvaldið gegn N. N.

## XV. KAFLI

Um flutning og meðferð opinberra mála fyrir héraðsdómi.

## 121. gr.

Að liðnum þeim fresti, sem til var tekinn samkvæmt 115. gr., 5. málsg., eða 117. gr., setur dómari dómþing og þingfestir mál. Leggur hann þá fram eftirrit af dómprófum máls og önnur gögn, er fram hafa komið og unnt er að leggja fram á dómþingi. Kynna skal sökunaut, ef þess er kostur, efni þeirra gagna, er honum hafa ekki áður kynnt verið, að fá viðurkenningu hans um það, að þau varði hann eða málið, ef unnt er. Ef verjanda skal skipa, þá skal gera það í þessu þinghaldi, nema það hafi verið áður gert. Verjanda eða ákærða, ef hann ætlar sjálfur að verja sig, skal fá í hendur málsskjöl og setja frest til varnar, enda skal þá ákveða næsta þinghald.

Frumrit skjals, þar sem eftirrit má eigi að sama gagni koma, eða muni, sem úrslit máls varða, lætur dómari venjulega ekki aðilum í hendur, nema til athugunar í þinghaldi, enda er rétt að gera ljósmyndir af slíkum gögnum aðilum til afnota.

## 122. gr.

Mál skal taka til dóms í þinghaldi samkvæmt 121. gr., nema dómari telji framhaldsrannsóknar þörf, ef:

1. Sökunautur kemur fyrir dóm og óskar eigi skipaðs verjanda, þó að honum væri það rétt, eða að halda uppi vörn annars.

## 2. Vörn kemur þá þegar fram.

Nú eru sökunautar tveir eða fleiri, og má þá mál því aðeins til dóms taka, að svo standi á um báða eða alla sem í 1. og 2. tölul. segir.

## 123. gr.

Dómari ákveður hverju sinni, hvort vörn skuli flutt munnlega eða skriflega.

## 124. gr.

Ákærða eða verjanda hans er rétt, áður en vörn er flutt, ef því er að skipta, að hera sérstaklega undir dómara hvert það atriði, er hann telur varða því, að ekki verði réttilega lagður dómur á mál að efni til, eins og þá stendur á, svo sem að máli beri að vísa frá dómi, að því beri að fresta til frekari rannsóknar eða varnar, að dómari sé óhæfur o. s. frv., og krefjast úrlausnar dómara þar um. Tekur dómari ákvörðun um það, hvort kröfu skuli taka til greina eða ekki, með rökstuddum úrskurði, ef hann telur ekki eiga að gera það, og dómi, ef frávísunarkrafa er tekin til greina.

Nú er krafizt frávísunar máls, og skal þá ríkissaksóknara veittur kostur á því að tjá sig um málið áður en dómari tekur ákvörðun um þá kröfu.

Synjunarúrlausn dómara má kæra til æðra dóms, ef ríkissaksóknari samþykkir.

## 125. gr.

Nú er vörn fram komin og framhaldsrannsókn lokið, ef því er að skipta, og tekur dómari þá mál til dóms.

Nú verður dómara það ljóst eftir dómtöku, að rannsaka þurfi betur einhver atriði, og gerir hann þá ákærða og verjanda svo og sækjanda, ef því er að skipta, viðvart um það, enda fer um slíka rannsókn með sama hætti sem ella. Rétt er dómara að veita aðilum kost á því að flytja framhaldsvörn í máli, að rannsókn lokinni, eftir því sem efni standa til. Að svo búnu tekur dómari mál til dóms af nýju.

## 126. gr.

Nú hefur ákærði ekki sinnt kvaðningu samkvæmt 113. gr. og skilyrðum hennar er að öðru leyti fullnægt, og tekur dómari þá þegar mál til dóms og kveður upp refsidóm á hendur ákærða.

## 127. gr.

Nú kemur ákærði eða sjálfvalinn verjandi hans ekki fyrir dóm, þegar þingfesta skal mál, og tekur dómari þá mál þegar til dóms, nema:

1. Honum sé kunnugt um nauðsynjar annars þeirra eða beggja.
2. Hann telji rétt að hafa framhaldsrannsókn um sakaratriði.
3. Honum þykir annars standa svo á, að rétt sé að fresta máli og veita aðilum færi á því að halda uppi vörn.

Dómari gerir aðilum viðvart um þinghald til framhaldsrannsókna, og að henni lokinni, ef því er að skipta, frest til varnar og stað og stund til næsta þinghalds. Ef frestað er máli samkvæmt 1. eða 3. tölul., tilkynnir dómari aðilum það og frest þann, sem ákveðinn er, og stað og stund næsta þinghalds, enda verði mál þá tekið til dóms. Ef ekki er komið fyrir dóm af hendi ákærða að settum frestum liðnum, skal venjulega taka mál til dóms.

## 128. gr.

Nú skilar skipaður verjandi ekki vörn innan tiltekins tíma, og getur dómari þá sett honum nýjan frest, enda getur dómari falið öðrum löghæfum manni vörn,

ef dómari telur mál hafa dregist eða munu dragast óhæfilega lengi fyrir aðgerðaleysi skipaðs verjanda.

### 129. gr.

Nú hefur dómari birt ákæru eða kröfur samkvæmt 117. gr., og er þá rétt að taka mál til dóms, þótt ákærði eða stefndi komi þar ekki, ef:

1. Skilyrðum 114. gr. er fullnægt.
2. Ríkissaksóknari og dómari telja mál fullrannsakað og ákærða hefur verið skipaður verjandi samkvæmt ósk hans og kostur veittur til varnar eða hann hefur lýst því fyrir dómara, að hann æskti engrar varnar. Annars kostar skal fresta máli að svo stöddu.
3. Gerð er krafa á hendur aðila um upptöku eignar.

### 130. gr.

Sókn og vörn samkvæmt ákvæðum 131.—136. gr. fer fram í:

1. Málum, þar sem refsing fyrir brot getur varðað yfir 8 ára fangelsi samkvæmt hegningarlögum nr. 19/1940.
2. Málum, sem sæta ákæru ríkissaksóknara samkvæmt 115. gr., sbr. 2. málsg. 21. gr., ef:
  - a. brot getur varðað yfir 5 ára fangelsi samkvæmt lögum nr. 19/1940 og lagaatriði eða sönnunar veita efni til slíkrar meðferðar, t. d. úrslit máls velta á líkum, mál er mjög umfangsmikið eða margbrotið;
  - b. sérstaklega þýðingarmikil vafaatriði eru í máli eða úrslit þess hafa annars mikla almenna þýðingu, hvort sem brot varðar við almenn hegningarlög eða önnur lög.

Ríkissaksóknari rannsakar og ákveður hverju sinni, hvort mál er þess eðlis, að það skuli sæta meðferð samkvæmt 2. tölul. þessarar greinar. Dómari skal í lok rannsóknar leita þess, hvort ákærði æski þess, að sókn og vörn verði flutt í máli hans, ef dómara þykir vera mega heimild til að kveða svo á.

### 131. gr.

Þegar er ríkissaksóknari hefur ákveðið meðferð máls samkvæmt 130. gr., sendir hann dómara eða formanni dóms samkvæmt 5. gr. tilkynningu um ákvörðun sína. Ríkissaksóknari skipar því næst sækjanda og dómari (formaður) verjanda og sendir þeim skjöl málsins ásamt tilkynningu um stað og stund til næsta þinghalds, sbr. 115. og 116. gr.

### 132. gr.

Dómari (formaður dóms) veitir sækjanda og verjanda sameiginlegan frest til að undirbúa sókn og vörn. Þeir skulu kynna sér rækilega alla málavöxtu og rannsaka, hvert sakaratriði sé rétt að leiða betur í ljós en þegar er gert, sbr. 79. og 86. gr. Gera skulu þeir skrá um sakargögn, er athuga þarf, og þau vitni, sem þeir vilja leiða, hvort sem þau hafa verið leidd áður eða ekki. Skulu þeir kynna hvor öðrum efni skrárinnar og fá dómurum hana í hendur fyrir dómþing svo tímanlega, að þeir geti yfirfarið efni hennar.

### 133. gr.

Á næsta dómþingi skal þingfesta mál með þeim hætti, sem í 121. gr. segir. Þá er máli hefur verið lýst og sækjandi og verjandi hafa gefið sig fram og ákæra hefur verið lesin upp, ber þeim að tjá sig um atriði þau, er því kynnu að varða, að ekki verði réttilega lagður dómur á mál að efni til, og fer þá svo sem í 124. gr. er mælt.

**134. gr.**

Frekari rannsókn máls fer fram fyrir dómi, ef þess er þörf og kostur, og taka sækjandi og verjandi þátt í henni.

Dómur kveður ákærða og aðra fyrir sig, nefnir skoðunar- og matsmenn, tekur við staðfestingu þeirra og segir fyrir um öflun annarra gagna, eftir því sem efni standa til.

Sækjandi gerir fyrst stuttlega grein fyrir sakaratriðum og ákæru svo og þeim sakargögnum, sem hann ætlar að styðja ákæru við. Þá skal ákærði spurður um sakaratriði og honum veittur kostur á því að tjá sig um þau. Ef frásögn hans fer í atriðum, sem máli skipta, í bága við fyrri skýrslu hans, skal honum bent á ósamræmið og þau atriði prófuð af nýju. Ef ákærði játar brot á sig, ákveður dómur, að hverju leyti þörf er frekari sakargagna.

Því næst flytur sækjandi fram sakargögn og spyr vitni. Verjandi tekur þá við, flytur fram sakargögn af sinni hendi og leiðir vitni. Sækjandi og verjandi gagnspyrja vitni jafnóðum og þau eru spurð. Um vitnaleiðsluna gilda ákvæði 102. gr. Dómendur spyrja ákærða, vitni og aðra eftir þörfum, stjórna prófun sækjanda og verjanda og skera úr öllum vafa- og ágreiningsefnum.

Nú verður ekki hjá því komist, að rannsókn einstakra atriða fari fram fyrir dómi annars staðar, og er þá rétt, að sækjandi og verjandi komi þar fyrir dóm með sömu skyldum og réttindum sem mælt var, ef dómendum aðalmáls þykir nauðsynlegt.

**135. gr.**

Þá er gögn öll eru fengin, skal dómur kveða á um það, hvort flytja skuli mál munnlega eða skriflega. Mál skal flytja munnlega, nema bæði sækjandi og verjandi óski skriflegs málflutnings, enda telji dómur skriflegan flutning máls heppilegri, svo sem vegna þess, hve mál er umfangsmikið.

Nú er mál munnlega flutt, og skal málflutningur þá fara fram þegar í fyrsta þinghaldi, sbr. 133. gr., eða þegar gögn öll eru fram komin, sbr. 134. gr. Sækjandi talar fyrst, en verjandi síðan, enda má hvor flytja tvær ræður, en rétt er ákærða að taka einu sinni til máls að loknum ræðum sækjanda og verjanda. Um munnlegan málflutning fer annars eftir 112. gr. laga nr. 85/1936.

Nú er mál skriflega flutt, og leggur sækjandi þá fyrst fram sókn sína, en verjandi síðan vörn. Framhaldssókn og framhaldsvörn má síðan flytja einu sinni af hvors hálfu.

Að lokinni sókn og vörn skal mál taka til dóms.

**136. gr.**

Nú þykir dómi eftir dómtöku máls svo áfátt um rannsókn einhvers atriðis, að ekki megi við hlíta, og skal þá hafa framhaldsrannsókn þar um, enda megi ætla, að hún kunni að bera árangur. Ákveður dómari (formaður) í samráði við sækjanda og verjanda stund og stað til rannsóknar eða gerir ráðstafanir til þess, að rannsókn fari fram utan síns lögsagnarumdæmis, ef því er að skipta. Um rannsókn samkvæmt þessari grein fer annars samkvæmt 134. gr. Dómur getur, að rannsókn lokinni og eftir að sækjandi og verjandi hafa kynnt sér árangur hennar, veitt þeim kost á að gera athugasemdir til viðbótar málflutningi sínum, ef honum þykir nauðsynlegt eða heppilegt.

Að loknum aðgerðum samkvæmt þessari grein skal taka mál til dóms af nýju.

**137. gr.**

Fresta skal meðferð máls:

1. Ef nauðsynjar banna dómara, málflytjanda eða öðrum, sem leysa ber af hendi

starf í þarfir máls, að inna af hendi störf sín á tilsettum tíma.

2. Ef þeir koma ekki fyrir dóm, er gefa skulu skýrslu í opinberu máli eða staðfesta hana, enda megi ætla hana skipta nokkru máli.
3. Ef óviðráðanleg atvik tálma annars framkvæmdum, svo sem veður eða vötn, sóttkvíun o. s. frv.
4. Ef framhaldsrannsókn er ákveðin, sem eigi er unnt að hafa þá þegar, eða bíða verður annarra aðgerða til framkvæmdar máli, svo sem skipunar dómara eða málflytjanda o. s. frv.  
Dómari getur frestað máli:

  1. Vegna uppkvaðningar úrskurða og annarra ráðstafana sakir máls.
  2. Til sóknar eða varnar máls.

### 138. gr.

Hraða skal meðferð opinberra mála eftir föngum, enda verði þess jafnan gætt að afla allra fánlegra skýringa um málavöxtu. Dómari (dómur) ræður gangi máls, enda er hann óbundinn af yfirlýsingum málflytjenda eða kröfum, nema þær séu borgararéttar eðlis. Eigi skiptir það máli, hvenær yfirlýsingar koma fram í rannsókn eða flutningi máls.

## XVI. KAFLI

### Um sakarkostnað.

#### 139. gr.

Til sakarkostnaðar í opinberum málum telst:

1. Ferðakostnaður dómara og sækjanda og skipaðs verjanda, ef því er að skipta, enda skal greiða þeim óhjákvæmilegan kostnað af ferðalagi vegna rannsóknar og meðferðar málsins.
2. Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda.
3. Þóknun fyrir aðstoð vegna málsins, svo sem skjaltýðingar, dómtúlkun, afnot muna annarra manna o. s. frv.
4. Gæslu-, varðhalds- og flutningskostnaður ákærða, þar til framkvæmd refsingar hefst samkvæmt ákvæðum dómsins.
5. Þóknun til vitna, mats- og skoðunarmanna.
6. Þingvotta- og birtingargjöld.
7. Kostnaður af kyrrsetningu samkvæmt 144. gr. og fullnustu dóms með aðför.
8. Annar óhjákvæmilegur kostnaður.

Réttargjöld, gjald fyrir eftirrit beinlínis í þágu málsins, stimplun dómsgerða eða staðfestingu skal eigi greiða.

#### 140. gr.

Nú er ákærði sýkn dæmdur af refsikröfum, af hvaða ástæðu sem er, eða refsí-mál gegn honum fellur niður, án þess að svo sé ástatt sem í 112. gr. segir, og skal þá einnig sýkna hann af málskostnaðarkröfu. Þó skal dæma greiðslu sakarkostnaðar á hendur ákærða að einhverju leyti eða öllu, ef hann hefur orðið kostnaðar valdur með vísitandi eða stórkostlegu ólögmaetu framferði í rannsókn máls eða í sambandi við hana.

Nú eru tveir menn eða fleiri hafðir fyrir sökum, og eru sumir sýknaðir og sumir sakfelldir, og skal þá frá draga þann hluta kostnaðar, er telja má aðeins koma hinum sýknaða eða sýknuðu við, nema telja megi hinn dómfellda eða hina dómfelldu einnig beinlínis valda að honum. Ef slíkur frádráttur verður ekki gerður nákvæmlega, metur dómari það, í hvaða hlutföllum hinn sakfelldi skuli bera sakarkostnað á móti rikissjóði.

**141. gr.**

Nú er ákærði sakfelldur fyrir það brot eða þau brot, sem honum er sök á gefin, og skal þá dæma greiðslu sakarkostnaðar á hendur honum.

Nú er ákærði sakfelldur fyrir sum þau brot, er honum er sök á gefin, en sýkn dæmdur af öðrum, og getur dómari þá ákveðið, að hann skuli greiða nokkurn hluta kostnaðar, en að hinn hlutinn skuli greiddur úr ríkissjóði, með þeim hætti, er í 140. gr. segir.

Kostnað, sem sækjandi eða verjandi eða lögreglumenn eru valdir að vegna vaurækslu eða skeytingarleysis í starfi sínu, skal ekki dæma sökunaut til að greiða. Getur dómari ákveðið í dómi refsímálsins eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skyldu þeirra til að greiða slíkan kostnað, en veita skal hann þeim áður kost á að láta uppi álit sitt.

**142. gr.**

Nú eru tveir menn eða fleiri sóttir til refsingar í sama máli og sekir dæmdir, og skal þá hvorum (hverjum) þeirra gert að greiða gæslu- eða varðhaldskostnað sinn og þóknun til skipaðs verjanda síns einum sér, ef hann hefur fengið sér skipaðan annan verjanda en hinn eða hinir. Þá hina sakfelldu, sem eru saman um verjanda, skal dæma in solidum til að greiða þóknun hans.

Nú hafa ákærðu allir eða báðir tekið þátt í broti með vitund og vilja hvor (hver) annars og eru dæmdir til refsingar fyrir það í sama máli, og skal þá venjulega dæma þá til að greiða sakarkostnað in solidum (sbr. þó 1. málsg. 181. gr.). Ef samband þeirra einhverra eða allra um brot hefur ekki verið slíkt, skiptir dómari sakarkostnaði milli þeirra í þeim hlutföllum, er honum þykir sanngjarnt vera.

**143. gr.**

Í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal almennt kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað án ákvörðunar fjárhæðar. Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda skal þó ákveða tiltekinni fjárhæð, sbr. 2. málsg. 87. gr. Þegar mál er sótt af ríkissaksóknara, vararíkissaksóknara, saksóknara eða fulltrúa ríkissaksóknara, sbr. 1. málsg. 79. gr. og 1. málsg. 181. gr., skal það gert án sérstaks endurgjalds bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Verði ákærða í slíku máli dæmt að greiða sakarkostnað, skal honum þá gert að greiða tiltekna fjárhæð málssóknar-launa, er renni í ríkissjóð. Þóknun verjanda, sem kemur fyrir dóm utan lögsagnar-umdæmis, þar sem með aðalmál er farið, svo og annan kostnað þar ákveður dómari aukamálsins.

Dómari gerir heildarreikning yfir sakarkostnað og sendir hann ásamt fylgiskjölum til dómsmálaráðuneytisins, er úrskurðar reikninginn og greiðir dómara það, sem hann kann að hafa lagt út eða greiða á síðar. Refsidómur ásamt úrskurðuðum reikningi verður þá lögleg heimild til aðfarar í fé ákærða eða ákærðu.

**144. gr.**

Til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta eða til undirbúnings eignartöku, ef því er að skipta, skal dómari, ef hann hefur jafnframt fúgetavald, kyrrsetja eða láta fúgeta annars kyrrsetja eignir sökunauts eða sökunauta, ef hættu má telja á því, að þeim verði ella undan skotið eða að þær glatist eða rýrni að mun. svo að ekki verði nægilegt til greiðslu sakarkostnaðar eða bóta á sínum tíma, og fer það eftir álitum dómara, hversu mikið skuli kyrrsetja. Um framkvæmd og þýðingu kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt, en þó með þeim afbrigðum, er hér segir:

1. Tryggingu þarf enga að setja.
2. Ábyrgð á kyrrsetningu þessari fer eftir almennum skaðabótareglum.

### 3. Mál til réttlætningar kyrrsetningu þarf ekki að höfða.

Dómari kveður á um varðveislu kyrrsettra muna og sér um, að þær ráðstafanir verði gerðar, er með þarf að lögum til verndar kyrrsetningu. Eigi skal stimpilgjald eða þinglýsingar greiða fyrir þessar ráðstafanir.

Kyrrsetning fellur niður, jafnskjótt sem ákærði hefur verið sýknaður með úrslitadómi eða úrskurði af greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta eða málsókn hefur verið undan felld eða látin niður falla og eigi koma ákvæði 112. gr. til greina, og á hann þá heimtingu á því, að honum verði honum að kostnaðarlausu fengin umráð yfir hinum kyrrsettu verðmætum og úr gildi felldar þær ráðstafanir aðrar, sem gerðar kunna að hafa verið til verndar kyrrsetningunni. Ef ákærði hefur greitt sakarkostnað eða dæmdar skaðabætur, á hann og heimtingu til hins sama, en greiða verður hann þá kostnað þar af.

## XVII. KAFLI

### Um bætur til handa þriðja manni.

#### 145. gr.

Nú kemur það í ljós í rannsókn opinbers máls, að þriðji maður hefur beðið tjón af háttsemi þeirri, sem sökunautur er horinn, og skal dómari þá, þegar er efni standa til, benda þriðja manni á það, að hann eigi þess kost að koma bótakröfu sinni að í væntanlegu refsímáli, og að þar megi dæma bana, ef hún verði nægilega skýrð án verulegra tafa eða óhagræðis í því máli. Ef aðili eða umboðsmaður hans gerir slíka kröfu nægilega ákveðið og nægilega snemma, enda leiðbeini dómari í því efni eftir þörfum, þá skal dómari leita sannana um hana, þar á meðal með matsgerð eða skoðunar fyrir dómtöku, ef því er að skipta. Bera skal slíka kröfu undir ákærða, enda er sækjanda og verjanda skylt að gera athugasemdir um hana, ef ákærði hefur ekki samþykkt hana, eftir því sem ástæður verða til.

#### 146. gr.

Ef máli er til lykta ráðið samkvæmt 112. gr. og sökunautur samþykkir bóta-kröfu og samkomulag verður um greiðslu hennar, skal dómari bóka það, og er þann gerning að meta sem sátt fyrir dómi.

Um lyktir bótakröfu í refsímáli fer annars sem hér segir:

Ef dómur gengur ekki um efni refsikröfu fyrir þá háttsemi, sem bótakrafa er sprottin af, þá verður ekki heldur dæmt um hana. Sama er, af ákærði er sýknaður af þeirri háttsemi vegna þess, að eigi þykir sannað, að hann hafi framið hana. Ef hann er sýkn dæmdur af öðrum rökum, svo sem vegna sakhæfisskorts, eða refsing er látin niður falla, en skilyrðum skaðabótaskyldu er þó talið vera fullnægt, má dæma kröfuna. Ef sannanir þykir skorta um tjón aðila að öllu leyti, skal vísa kröfu frá dómi. Dómari ákveður annars bætur með venjulegum hætti.

#### 147. gr.

Í æðra dómi skal taka skaðabótakröfu, sem dæmd hefur verið að efni til í héraði, til meðferðar með venjulegum hætti, ef annar hvor aðila æskir þess, enda gilda þar ákvæði 145. gr. um skyldu sækjanda og verjanda.

Skjóta má sérstaklega til hæstaréttar ákvæði héraðsdóms, þar sem bótakrafa hefur verið dæmd að efni til, ef dómnum er ekki áfrýjað að öðru leyti, enda fer það málskot að lögum um meðferð einkamála fyrir æðra dómi.

**148. gr.**

Aðrar kröfur borgararéttareðlis, sem rót sína eiga að rekja til refsiverðrar háttsemi, má og leggja fyrir dómara í refsimáli, svo sem missi erfðaréttar, ógildi hjúskapar o. s. frv., og skal þar dæma þær að efni til, að fullnægðum framangreindum skilyrðum, eftir því sem við á.

**149. gr.**

Nú hefur leit verið gerð hjá þriðja manni eða hald verið lagt á muni hans í rannsókn opinbers máls, og á hann þá kröfu til bóta fyrir miska, ef aðgerðir þessar hafa fram farið á óþarflega móðgandi eða særandi hátt, og fyrir fjártjón, er aðgerðin hefur valdið honum, enda verði honum eigi gefin sök á því, að hún fór fram eða hvernig hún fór fram. Í stað bótakröfu má láta aðila í té yfirlýsingu samkvæmt 158. gr., eftir því sem við á.

**XVIII. KAFLI****Um bætur til handa sökuðum mönnum o. fl.****150. gr.**

Kröfu um bætur samkvæmt þessum kafla má, nema öðruvísi sé sérstaklega mælt, því aðeins taka til greina, að:

1. Sökunautur hafi ekki með visvitandi eða stórvægilega gáleysislegu ólögmaetu framferði valdið þeim aðgerðum, er hann reisir kröfu sína á, svo sem með stroki, ósannindum, tilraunum annars til að torvelða rannsókn o. s. frv., og
2. Rannsókn hafi verið hætt eða ákæra ekki hafin vegna þess, að sú háttsemi, sem hann var borinn, hafi talist ósaknæm, eða sönnun hafi ekki fengist um hana eða hann hafi verið sýkn dæmdur með óáfrýjuðum eða óáfrýjanlegum dómi af sömu ástæðu, enda megi fremur telja hann líklegan til að vera sýknan af henni en sekan.

Bæta skal fjártjón og miska, ef því er að skipta.

**151. gr.**

Dæma má bætur fyrir handtöku, leit á manni, rannsókn á heilsu manns og aðrar aðgerðir, sem hafa frelsisskerðing í för með sér, aðrar en gæsluvarðhald og refsivist, sbr. 152. og 153. gr., svo og fyrir leit í húsum og hald á munum:

1. Ef lögmaelt skilyrði hefur brostið til slíkra aðgerða.
2. Ef ekki hefur verið, eins og á stóð, nægilegt tilefni til nefndra aðgerða eða þær hafa verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

**152. gr.**

Bætur skal að jafnaði dæma fyrir gæsluvarðhald, sem óleyfilegt er samkvæmt 1.—3. tölul. 69. gr., án tillits til ákvæða 1. eða 2. tölul. 150. gr. Sama er um bætur til þeirra, er í 4. tölul. sömu greinar segir, enda hafi mátt sjá, að svo var ástatt um þá, sem þar greinir, eða þeir hafi vakið athygli viðkomenda á því.

Um bætur fyrir gæsluvarðhald annars fer eftir 150. gr.

Taka skal sérstaklega til greina, ef sannað er eða ætla má, að sökunautur hafi liðið tjón á heilsu sinni vegna frelsisskerðingar.

**153. gr.**

Nú verður það ljóst, að maður hefur saklaus hlotið refsidóm, þolað refsingu eða upptöku eigna, og ber þá að dæma honum bætur fyrir miska og fjártjón, þar á meðal fyrir stöðu- og atvinnumissi, enda þótt skilyrðum 1. tölul. 150. gr. sé ekki fullnægt, en lækka má þó bætur eftir sök aðila á því, að hann var ranglega dæmdur.



## 154. gr.

Bótakröfu má hafa uppi sem hér segir:

1. Ef rannsókn hefur ekki leitt til ákæru, getur aðili krafist úrskurðar rannsóknardómara um rétt sinn á hendur ríkissjóði til bóta. Kveður dómari þá upp úrskurð um kröfuna, að fengnu áliti ríkissaksóknara. Úrskurði má áfrýja til æðra dóms.
2. Ef mál gengur til dóms, getur aðili krafist úrlausnar héraðsdóms um bótakröfu á hendur ríkissjóði, enda ber þá sækjanda og verjanda að tjá sig um hana í flutningi máls þar. Ákvæðum dóms um bótakröfu má áfrýja til æðra dóms ásamt málinu eða sérstaklega, ef máli er ekki áfrýjað.
3. Nú eru þær leiðir ekki farnar, sem í 1. og 2. tölul. getur, og er aðila þá rétt að höfða mál í héraði, þar sem sú aðgerð fór fram, er krafa er á reist, með venjulegum hætti, enda sé ríkissaksóknara stefnt fyrir hönd ríkisvaldsins til að gæta réttar þess og lögreglumanni og héraðsdómara, ef krafa er gerð á hendur þeim. Fer þá mál eftir reglum um meðferð einkamála, enda skal veita aðila gjafsókn fyrir báðum dómum. En dæma má hann til greiðslu sakarkostnaðar, ef hann tapar máli, eftir almennum reglum.

## 155. gr.

Ríkissjóður ábyrgist jafnan greiðslu bóta, en kröfu á hann á hendur dómara eða öðrum, ef telja má þá hafa með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi valdið aðgerðum þeim, sem krafa var reist á, eða framkvæmt þær með sama hætti.

Nú er rannsókn á hendur manni, sem hlotið hefur bætur samkvæmt 150.—152. gr., tekin upp af nýju og það kemur í ljós, að grundvöllur sá, sem bótakröfu mátti reisa á, var ekki fyrir hendi, og ber þá að dæma hann til endurgreiðslu bótanna.

## 156. gr.

Um aðilaskipti að bótakröfu samkvæmt þessum kafla fer samkvæmt 3. málsg. 264. gr. almennra hegningarlaga.

## 157. gr.

Bótakrafa fyrnist á 6 mánuðum frá vitneskju aðila um ákvörðun um niðurfall rannsóknar eða ákæru eða uppkvaðningu sýknudóms eða frá því, er aðili var laus látinn úr refsivist. Ef refsimál hefur farið til hæstaréttar, telst fyrningarfrestur frá uppkvaðningu dóms þar.

## 158. gr.

Sökunautur, er orðið hefur fyrir þeim aðgerðum, sem taldar eru í 151.—153. gr., getur í stað bóta krafist vottorðs þess opinbers starfsmanns, sem máli hans hefur ráðið til lykta, um það, að komið hafi í ljós, að sökunautur hafi ekki verðskuldað aðgerðina. Ef viðkomandi opinber starfsmaður telur, að sökunautur eigi rétt á slíku vottorði, ber honum að láta það í té.

## XIX. KAFLI

## Um sektir.

## 159. gr.

Ef skipaður sækjandi eða verjandi gerir sig sekan í vanrækslu eða skeytingarleysi í starfa sínum, getur dómari dæmt honum sekt fyrir í dómi eða úrskurði.

## 160. gr.

Sá, er viðhefur ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi um dómara

eða aðra eða kemur að öðru leyti hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi, skal sæta sektum.

#### 161. gr.

Sá skal sæta sektum eða varðhaldi, sem brýtur bann dómara samkvæmt 3. málsg. 16. gr. eða í ræðu eða riti gefur opinberlega vísitandi eða gálauslega ranga eða villandi skýrslu í verulegum atriðum eða óþarflega særandi um opinbert mál eða rannsókn þess, meðan því máli er ekki að fullu lokið, eða tálmar eða reynir að tálma á ólögmetan hátt rannsókn slíks máls eða hafa að öðru leyti ólöglega áhrif á hana eða málsúrslit.

Ef sækjandi eða verjandi brýtur ákvæði 1. málsg. og brot þeirra þykja eigi varða nema sektum, enda liggi full vitneskja fyrir um það, má svo með fara sem í 159. gr. segir.

Mál út af þessum brotum fara annars sem opinber mál almennt.

#### 162. gr.

Ef brot þau, er í 159., 160. og 161. gr. segir, varða þyngri refsingu að lögum en þar segir, skal sækja þá sök í almennu opinberu máli.

#### 163. gr.

Sektir samkvæmt 159.—161. gr. og 41. gr. renna í ríkissjóð.

Kæra má sérstaklega refsíákvæði samkvæmt 159., 160. og 161. gr., en ella fer um áfrýjun eftir 175. gr.

### XX. KAFLI

#### Um dóma og úrskurði.

#### 164. gr.

Úrskurði, er kveða þarf upp í sambandi við rannsókn eða flutning opinbers máls, skal kveða upp svo fljótt sem unnt er, eftir að atriði er tekið til úrskurðar. Úrskurðir skulu vera byggðir á forsendum og nægilega skýrir og glöggir.

#### 165. gr.

Ákvæði 191. og 192. gr. laga um meðferð einkamála í héraði skulu og taka til opinberra mála.

#### 166. gr.

Dómar í opinberum málum skulu vera glöggir og skýrir svo sem kostur er á. Ekki má skírskota til sannana eða atvika, er síðar kunna að koma fram.

Í dómi skal greina nafn, stöðu og heimili ákærða, svo að ekki verði um villst, númer málsins, þing, stað og stund, er dómur er upp kveðinn, hvenær mál var tekið til dóms, nafn dómanda eða nöfn, ef fleiri eru en einn, málsatvik og málsástæður þær, er máli þykja skipta, hugleiðingar dómara um niðurstöðu, skilorð, ef skilorðsbundið er dæmt, réttarfarssektir, ef því er að skipta, um skaðabótakröfu, eignartöku, sakarkostnað og annað, er máli kann að skipta. Niðurstöðu dóms skal síðan saman draga í niðurlag hans, eins og tíska hefur verið, að því leyti sem honum á að fullnægja með aðför, og svo ef ákærði er alsýknaður.

Dómi eða úrskurði má fullnægja með aðför eftir efni sínu, enda þótt eigi sé sett í þá aðfararákvæði sérstaklega.

Ef sektir eru dæmdar eða úrskurðaðar, skal ákveða í dómi eða úrskurði vara-refsingu lögum samkvæmt tiltekinn tíma, er ákærði skuli þola, ef sekt greiðist ekki innan ákveðins tíma frá birtingu eða uppsögu dóms eða úrskurðar, sbr. 3. málsg. 167. gr.

Ákvæði um aðfararfrest skal annars ekki setja í dóma eða úrskurði í opinberum málum, hvorki um refsingu né annað.

#### 167. gr.

Dómari tilkynnir ákærða eða verjanda hans, ef þess er kostur, hvar og hvenær dómur eða úrskurður, ef með þarf og það á við, verði kveðinn upp, og með þeim fyrirvara, er honum þykir hlýða.

Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp á dómþingi i heyranda hljóði. Eftirrit af dómi eða úrskurði skal veita sækjanda og verjanda eða ákærða svo fljótt sem unnt er, ef þess er krafist.

Ef ákærði er viðstaddur uppsögu dóms eða úrskurðar, þarf ekki að birta honum dóm eða úrskurð. Ella skal birting dóms fram fara með venjulegum hætti, og úrskurðar, er það á við.

Ef ákærði er við dómsuppsögu eða úrskurðar staddur, telst frestur samkvæmt 4. málsg. 166. gr. frá uppsögudegi, en ella frá birtingardegi.

Dómari gerir nauðsynlegar ráðstafanir til birtingar dóma og úrskurða.

Geta skal þess í þingbók, hvort ákærði hafi verið viðstaddur uppsögu dóms eða úrskurðar. Í eftirriti af dómsathöfnum þessum skal þess og geta.

#### 168. gr.

Dómur bindur ákærða, handhafa ríkisvalds og aðra aðila um atriði þau, sem þar eru dæmd, svo sem refsingu, skaðabætur, réttindamissi, réttarfarssektir, eignatöku, sakarkostnað o. s. frv.

Ákvæði 2. málsg. 195. gr. og 196. gr. laga nr. 85/1936 gilda og um opinber mál.

#### 169. gr.

Refsiákvæðum, ákvæði um eignatöku, málskostnað eða skaðabætur í dómi í opinberu máli eða úrskurði má ekki fullnægja með aðför fyrr en afráðið er, að því verði ekki skotið til æðra dóms, en þá má því þegar fullnægja, nema sekt skuli greiða og greiðslufrestur hennar sé ekki liðinn.

### XXI. KAFLI

#### Um kærú til æðra dóms.

#### 170. gr.

Ekki verður skotið til æðra dóms:

1. Ákvörðun um, að meðdómendur skuli til kvaddir.
2. Ákvörðun um, að rannsókn eða meðferð máls skuli fara fram fyrir luktum dyrum.
3. Ákvörðun um brottvísun af dómþingi.
4. Synjun um skoðun skjala og kynningu annarra sakargagna.
5. Ákvörðun um, að verjanda skuli skipa.
6. Ákvörðun um fresti, sbr. þó 172. gr., 9. tölul.
7. Ákvörðun um skriflegan eða munnlegan málflutning.
8. Ákvörðun um að veita verjanda leyfi til viðtals við sökunaut.
9. Ákvörðun um, að rannsókn eða málsmeðferð skuli tekin upp af nýju.

## 171. gr.

Ríkissaksóknari einn getur kært til æðra dóms eða leyft aðila að kæra:

1. Úrskurði dómara, að hann eða meðdómandi skuli eða skuli ekki fara með mál.
2. Synjun á kvaðningu meðdómenda.
3. Frávísunardóm og úrskurð dómara samkvæmt 74. gr.
4. Ákvæði um sakarkostnað, sbr. þó 172. gr., 11. tölul.

## 172. gr.

Aðili getur kært til æðra dóms:

1. Úrskurð um handtöku og rannsókn á sökunaut eða öðrum, leit, hald á munum, kyrretningu og rannsókn skjala og bréfa.
2. Ákvörðun um skyldu manna til aðstoðar og um að láta í té muni í þarfir opinbers máls.
3. Úrskurð um varðhald og aðra gæslu á sökunaut og tryggingu.
4. Synjun um skipun verjanda og ákvörðun um það, hvern skuli skipa.
5. Ákvörðun um þóknun sækjanda og verjanda, ef hún er ekki ákveðin í dómi.
6. Úrskurð um vitnaskyldu, vitnaheimild, þóknun vitnis, viðurlög við brotum á vitnaskyldu og önnur atriði, sem vitni varða.
7. Úrskurð um sams konar efni um mats- og skoðunarmenn.
8. Úrskurð um líkrannsókn.
9. Úrskurð, þar sem synjað er um rannsókn um einstök atriði eða endurupptöku málf lutnings.
10. Ákvörðun um önnur efni, er varða rannsókn máls eða meðferð fyrir dómtöku þess og líkt er farið.
11. Ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar á hendur ákærða, sem að öðru leyti hefur verið sýkn dæmdur að nokkru eða öllu.

## 173. gr.

Kæra samkvæmt 172. gr., 1.—4. tölul., frestar ekki framkvæmdum í máli. Kæra samkvæmt 6. og 7. tölul. frestar ekki aðgerðum, ef hún varðar þóknun vitna eða mats- og skoðunarmanna.

Þegar öðruvísi stendur á, frestar kæra samkvæmt 172. gr. þeim framkvæmdum í rannsókn opinbers máls og meðferð, sem fara mundu í bága við niðurstöðu æðra dóms, ef hún yrði andstæð hinni kærðu dómsathöfn, nema slík framkvæmd verði talin brýnt nauðsynleg til þess að rannsókn málsins komi að fullu gagni, enda verður ákvörðun dómara um það efni eigi haggað. Þetta gildir þó ekki um vitnaheimild eða vitnaskyldu né um samsvarandi skyldu matsmanna eða skoðunarmanna.

## 174. gr.

Þar sem kæra frestar framkvæmdum, skal dómari, eftir því sem unnt er, ganga þegar úr skugga um það, hvort kært verði.

Kærandi skal lýsa kæru sinni innan sólarhrings frá því, er honum var birt ákvörðun sú, er hann vill kæra, bréflaga til dómara eða með bókun í þingbók, og gera kröfur sínar ásamt þeim athugasemdum, er honum þykir hlýða, enda mega ný gögn og ný málsatvik koma fyrir æðra dóm. Jafnskjótt sem kæru hefur verið lýst, skal dómari gera eftirrit af því, er kærumálið varðar. Sendir hann þegar æðra dómi fimm eintök þar af með athugasemdum sínum, ef hann vill, en ríkissaksóknara, sökunaut eða verjanda hans eitt eintak hverjum, svo og þeim öðrum, er kærán varðar (sækjanda, vitni o. s. frv.). Innan 3 sólarhringa eftir móttöku skjalanna getur æðri dómur lagt dóm á kærumálið, enda getur hver aðila sent honum athugasemdir sínar á þeim fresti.

Athugasemdir, er síðar koma, skal þó taka til greina, ef þær koma, áður en dómur er upp kveðinn.

Ef kæra frestar framkvæmdum rannsóknar eða málsmeðferðar, skal æðri dómur hafa lokið dómsorði á kærúmal innan 10 daga frá móttöku skjalanna, nema mál sé sérstaklega margbrotið eða dómurinn telji óhjákvæmilegt, að nýrra gagna sé aflað. Að þeim fengnum fer um dómsuppsögu sem áður segir.

Aldrei má dómsuppsaga dragast lengur en 2 vikur, eftir að skjöl öll, þar á meðal ný sakargögn, hafa til æðra dóms komið, hvort sem kæra frestar framkvæmdum eða ekki.

Sekta skal kæranda fyrir tilefnislausu kæru. Sekt rennur í rikissjóð.

## XXII. KAFLI

### Um áfrýjun.

#### 175. gr.

Skylt er rikissaksóknara að áfrýja dómi án kröfu ákærða:

1. Ef ákærða er dæmd 5 ára refsivist eða meira.
2. Ef sérstakar ástæður eru til, svo sem ef telja má mann ranglega sýknaðan eða sakfelldan, refsingu að mun of háa eða of lága, réttindi eða eign ranglega dæmda af manni, mann ranglega mæltan undan þessum viðurlögum, eða ranglega hallað á hann í forsendum dóms, þótt hann sé sýknaður, ef það hefur almenna þýðingu að fá úrlausn æðra dóms eða töluverð vafaatriði þykja annars vera í máli, hvort sem þau varða lög eða staðreyndir.

Skylt er rikissaksóknara að áfrýja eftir kröfu ákærða:

1. Ef ákærða er dæmd refsing eða upptaka eignar fyrir fyrsta sinni framíð brot.
2. Ef dæmd refsing nemur 50 000 króna sekt eða þriggja mánaða refsivist.
3. Ef ákærði er sviptur réttindum eða réttindamissi leiðir af sakfellingu hans.
4. Ef ákærða er mælt upptaka eignar, er nemur 50 000 krónum. Jafnan er þriðja manni, sem með dómi skal sæta upptöku eignar, rétt að áfrýja að hætti einkamála, ef rikissaksóknari vill láta við dóminn sitja.

Lögráðamaður kemur í stað ákærða um ákvarðanir um áfrýjun, sbr. 177. gr., ef ákærði er yngri en 18 ára eða sviptur sjálfræði.

Að ákærða önduðum, koma maki hans, foreldri, barn, kjörbarn og systkin í stað hans um áfrýjun. Rétt er rikissaksóknara að áfrýja ákærða til hagsbóta eftir andlát hans.

#### 176. gr.

Nú er máli áfrýjað að kröfu ákærða, og verður þá refsing eða önnur viðurlög á hendur honum ekki þyngd, nema ákærvaldið áfrýji málinu í þessu skyni af sinni hálfu.

#### 177. gr.

Nú hefur ákærða verið dæmt áfall og svo er ekki farið sem í 1. tölul. fyrri málsgreinar 175. gr. segir, og skal héraðsdómari þá spyrja ákærða, ef hann er við dómsuppsögu staddur, hvort hann æski áfrýjunar, en ella skulu stefnuvottar gera það eftir fyrirlagi dómara, þegar þeir birta sakfellda dóminn.

Nú er rikissaksóknara skylt að áfrýja eftir kröfu ákærða, og skal ákærði þá hafa að forfallalausú tilkynnt dómara kröfu sína um áfrýjun innan 2 vikna frá áðurnefndum tíma. Annars kostar má svo meta sem hann uni við dóminn.

Héraðsdómari skal jafnan afgreiða dómsgerðir til rikissaksóknara svo fljótt sem unnt er.

## 178. gr.

Ákvörðun um áfrýjun samkvæmt 175., sbr. 179. gr., frestar fullnustu ákvæða um refsingu, eignartöku, sakarkostnað, svo og skaðabætur, enda hafi ákærði ekki berum orðum samþykkt skaðabótakröfu að öllu leyti. Ákvörðun um áfrýjun frestar og ákvæðum dóms um réttindamissi, nema þau verði talin sett til verndar lífi, heilsu eða eignum einstakra manna eða almennings, eða óviðurkvæmilegt megi telja, að dómfelli haldi réttinum þrátt fyrir áfrýjun. Dómari getur þess í dómi, ef ákvörðun um áfrýjun frestar ekki ákvæðum dóms að þessu leyti.

## 179. gr.

Þegar ríkissaksóknari hefur fengið dómsgerðir, rannsakar hann, hvort skylt sé eða rétt að áfrýja máli af hálfu ákærvalds eða eftir ósk ákærða. Ef fleiri en einn eru fyrir sökum hafðir, tekur hann ákvörðun um áfrýjun að því er varðar mál hvers þeirra.

Ríkissaksóknari skal hafa tekið ákvörðun um áfrýjun eigi síðar en 3 mánuðum eftir að dómsgerðir hafa komið honum í hendur. Nú verður dómi eigi áfrýjað, og sendir ríkissaksóknari þá dómsmálaráðuneytinu endurrit dómsins með áritun þar um. Nú verður dómi áfrýjað að því er varðar einn aðila eða fleiri, en eigi alla, og sendir ríkissaksóknari þá dómsmálaráðuneytinu endurrit dóms á sama hátt.

Nú er áfrýjun ráðin, og ritar ríkissaksóknari þá fyrirkall á dómsgerðir til ákærða eða ákærðu og annarra aðila þess efnis, að málinu sé stefnt til hæstaréttar, að það verði þar þingfest, svo fljótt sem kostur er, og aðili eða aðilar megi ekki vænta annars fyrirkalls. Síðan sendir ríkissaksóknari dómara dómsgerðir til birtingar á fyrirkalli fyrir aðilum. Að lokinni birtingu endursendir dómari dómsgerðir til ríkissaksóknara, er svo afgreiðir þær til hæstaréttar. Skipar þá forseti dómsins verjanda eða verjendur með áritun á dómsgerðir og sendir þær því næst ríkissaksóknara.

## 180. gr.

Ríkissaksóknari undirbýr ágríp dómsgerða með þeim hætti, sem tíðkast hefur, og lætur síðan, er hann hefur veitt verjanda kost á athugun frumvarps síns, fjölrita ágríp.

Nú telja ríkissaksóknari og verjandi sakaratriði miður rannsökuð en skyldi, og gera þeir þá, um leið og þeir undirbúa ágríp dómsgerða, skrá um þau atriði og kynna þau hvor öðrum. Ríkissaksóknari ákveður því næst, hverra frekari gagna skuli leita með prófun máls í héraði. Að því loknu annast ríkissaksóknari gerð viðbótarágríps.

Ríkissaksóknari endursendir hæstarétti síðan dómsgerðir héraðsdóms ásamt framhaldsprófum, ef því er að skipta, og ágríp dómsgerða. Ákveður forseti hæstaréttar svo þingfestingardag máls og tilkynnir ríkissaksóknara og verjanda það með hæfilegum fyrirvara.

## 181. gr.

Ríkissaksóknari sækir öll opinber mál í hæstarétti, og hvíla á honum sömu skyldur, sem hvílt hafa á sækjanda fyrir þeim dómi, og samkvæmt þeim fyrirsmælum, er í lögum þessum segir.

Ríkissaksóknari getur falið vararíkissaksóknara eða saksóknara að flytja tiltekin opinber mál í hæstarétti.

## 182. gr.

Nú ákveður hæstiréttur framhaldsrannsókn máls þar fyrir dómi, og kveður hann þá fyrir sig sækjanda og verjanda og þá, er prófa skal, enda fer um skyldu manns til að gefa skýrslu þar og veita fræðslu um hvert atriði, er dómur telur

máli skipta, um prófun þeirra og um viðurlög með sama hætti, sem segir í lögum þessum um rannsókn og meðferð fyrir héraðsdómi.

### 183. gr.

Um öll þau atriði, er varða galla á málatilbúnaði í héraði eða hæstarétti eða málsmeðferð í héraði eða undirbúning málsmeðferðar eða hana sjálfa í hæstarétti, getur hæstiréttur kveðið upp úrskurð eða dóm, áður en málflutningur þar hefst, eða á hverju stigi hans sem vera skal, svo sem um frávisun sakar frá dómi, hvort ómerkja skuli héraðsdóm, um fresti, um ágrip dómsgerða, um öflun frekari gagna o. s. frv.

### 184. gr.

Nú verður það bert í flutningi máls eða við athugun dómenda síðar, að leita þurfi frekari gagna en þegar hefur verið gert, og ætla má, að framhaldsrannsókn kunni að bera árangur, og getur hæstiréttur þá kveðið upp úrskurð, þar sem héraðsdómari, sækjandi og verjandi eru skyldaðir til að afla fræðslu um þau atriði, sem til eru tekin í úrskurði, og um það annað, sem framhaldsprófun veitir efni til.

### 185. gr.

Hæstiréttur vísar máli frá dómi vegna galla á málatilbúnaði, svo sem ef ákæra hefur ekki verið birt aðilum eða fyrirkall til hæstaréttar. Ómerkt getur hæstiréttur héraðsdóm, ef verulegir gallar þykja á meðferð hans annars í rannsókn eða málsmeðferð, enda þyki eigi hentara að bæta úr því með þeim hætti, sem í 182. og 183. gr. segir.

### 186. gr.

Í dómi opinbers máls getur hæstiréttur dæmt héraðsdómara í sekt, er renni til ríkissjóðs, fyrir drátt á opinberum málum og önnur glöp í rannsókn þeirra og meðferð, enda þótt dómara hafi ekki verið stefnt í því skyni, ef sök hans virðist ljós. Einnig er ákærða rétt að krefjast þess, að dómara verði stefnt til ábyrgðar fyrir rannsókn opinbers máls og meðferð, og ber þá ríkissaksóknara að setja í fyrirkallið kröfu hans í því efni. Svo getur ríkissaksóknari af sjálfsdáðum gert slíka kröfu í fyrirkalli.

Ríkissaksóknara ber að gæta hagsmuna ríkisvaldsins gagnvart dómara, ef hann er krafinn ábyrgðar, en verjanda hagsmuna ákærða að því leyti. Nú kemur héraðsdómari fyrir hæstarétt vegna ábyrgðarkröfu og er sýkn dæmdur, og getur dómurinn þá dæmt ákærða, ef hann hefur gert kröfuna, eða ríkissjóð, ef ríkissaksóknari hefur gert hana, til þess að greiða dómara málskostnað.

### 187. gr.

Nú þykir verjandi hafa gerst sekur um vanrækslu eða önnur glöp í undirbúningi eða flutningi opinbers máls fyrir hæstarétti, og getur dómurinn þá gert honum sekt, er renni til ríkissjóðs.

### 188. gr.

Nú þykir hæstarétti að visu vera gallar á verki héraðsdómara, skipaðs sækjanda í héraði, verjanda eða annarra, en ekki slíkir sem sektum eigi að varða, og getur dómurinn þá vítt viðkomendur fyrir þá, eftir því sem honum þykir ástæða til.

### 189. gr.

Dómar hæstaréttar skulu afgreiddir til dómsmálaráðuneytis með þeim hætti, sem nú tíðkast.

## XXIII. KAFLI

## Um endurupptöku dæmdra opinberra mála.

## 190. gr.

Nú hefur óáfrýjaður héraðsdómur eða hæstaréttardómur gengið í opinberu máli, og verður það mál þá ekki síðan tekið upp af nýju, nema til þess séu þau skilyrði, er í þessum kafla segir.

## 191. gr.

Eftir kröfu ríkissaksóknara skal taka mál, þar sem ákærði hefur verið sýknaður eða dæmdur fyrir miklu minna brot en það, er hann var borinn, upp af nýju:

1. Ef ákærði hefur, síðan dómur gekk, játað sig hafa framið brot það, sem hann var borinn, eða önnur gögn hafa komið fram, er ótvírætt benda til sektar hans.
2. Ef ákærði eða aðrir hafa haft í frammi refsiverða hegðun í því skyni að fá þau málalok, sem orðin eru, svo sem ef falsvitna er aflað, fölsuð skjöl eru látin fram koma, vitni, mats- eða skoðunarmenn gefa vísitandi rangar skýrslur, enda megi ætla, að slík skjöl eða hegðun hafi orkað málalokum að öllu eða nokkru leyti.

## 192. gr.

Eftir kröfu dómfellds manns, sem telur sig sýknan sakfelldan eða sakfelldan fyrir að mun meira brot en það, er hann hefur framið, skal taka mál upp af nýju:

1. Ef fram eru komin ný gögn, sem ljóst eða líklegt gera, að dómfelldi hefði verið sýkn dæmdur eða dæmdur fyrir að mun minna brot, ef þau gögn hefðu komið fyrir dómendur, áður en dómur gekk.
2. Ef ætla má, að falsgögn eða athæfi, sem í 2. tölul. 191. greinar getur, hafi valdið refsidómi að einhverju leyti eða öllu.

Ef nokkur þeirra aðila, er að lögum eiga að vinna að rannsókn eða meðferð opinberra mála, fá vitneskju eða rökstuddan grun um nokkur þeirra atriða, er í 1. og 2. tölul. segir, þá ber þeim að veita dómfellda vitneskju um það.

Ákvæði 3. og 4. málgr. 175. gr. taka og til endurupptöku eftir þessari grein.

## 193. gr.

Hæstiréttur tekur ákvörðun um endurupptöku máls, og skal beiðni um hana stíluð til hæstaréttar og send ríkissaksóknara. Greina skal í beiðni þau atriði, er véfengd eru í dómi, og þær ástæður, sem til véfengingar eru taldar liggja, sbr. 191. og 192. gr. Skjöl, er beiðni kunna að vera til styrktar, skulu fylgja henni, eftir því sem unnt er.

Nú er beiðandi sviptur frelsi, og skal yfirmaður fangelsis þá taka við og bóka beiðni um endurupptöku eftir ósk aðila og koma henni á framfæri, enda er dómara skylt að skipa honum þegar réttargæslumann, ef þess er óskað. Ef gallar þykja vera á beiðni, skal aðila jafnan veittur kostur á að lagfæra þá, áður en ráðið er, hvort hún skuli tekin til greina eða ekki.

## 194. gr.

Ríkissaksóknari sendir beiðnina til hæstaréttar ásamt skjölum málsins og til lögum sínum, svo og umsögn héraðsdómara, ef um héraðsdóm er að tefla.

Hæstiréttur lætur héraðsdómara framkvæma nauðsynlega rannsókn, áður en hann tekur ákvörðun um endurupptöku.

Nú leiðir rannsókn í ljós, að beiðni um endurupptöku hafi gengið of skammt, og skal þá veita beiðanda kost á að lagfæra beiðni sína í samræmi þar við.



**195. gr.**

Nú ákveður hæstiréttur endurupptöku máls, sem dæmt var lokadómi í héraði, og gerir ríkissaksóknari þá ráðstafanir til áfrýjunar málsins, og fer um meðferð þess fyrir hæstarétti samkvæmt ákvæðum laga þessara.

**196. gr.**

Nú ákveður hæstiréttur endurupptöku hæstaréttarmáls, og fer þá um rannsókn samkvæmt 181. eða 182. gr.

Um undirbúning málsmeðferðar og flutning fyrir hæstarétti fer samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Nú telur hæstiréttur ekki rök hníga til breytingar á dómi, og vísar hann endurupptökumáli þá frá sér. Annars kostar dæmir hæstiréttur málið að efni til.

**197. gr.**

Nú er mál endurupptekið samkvæmt beiðni dómfellds manns, og má þá hlutur hans aldrei verða lakari en hann var eftir hinum upphaflega dómi.

**198. gr.**

Nú er mál endurupptekið samkvæmt kröfu ríkissaksóknara, og fer þá um málskostnað eftir ákvæðum 141. gr.

Kostnaður af endurupptöku máls samkvæmt beiðni dómfellda greiðist úr ríkissjóði, nema aðili hafi aflað úrskurðar til hennar með skýrslum, er hann vissi ósannar vera. Skal þá dæma greiðslu sakarkostnaðar á hendur honum.

**199. gr.**

Ákvörðun um endurupptöku máls frestar ekki framkvæmd dóms, nema hæstiréttur mæli svo.

Heimil er endurupptaka máls, þótt aðili hafi að fullu þolað refsingu samkvæmt dómi í því máli.

*Gjört í Reykjavík, 21. ágúst 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

22. ágúst 1974.

377

Nr. 75.

## L Ö G

um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Fram til 30. september má ekki hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því, sem var 22. maí 1974, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Á því tímabili, er greinir í 1. mgr., má ekki hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum frá því, sem var 22. maí 1974, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og staðfestingu ríkisstjórnarinnar, sbr. 1. mgr. Gildir þetta einnig um hvers konar umboðslaun vegna sölu vöru eða þjónustu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vöru eða þjónustu, þar með vinnu.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til verðs hvers konar vöru og þjónustu, sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þessara aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

Ríkisstjórnin getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu, telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.

#### 2. gr.

Verðlagsuppbót á laun skal haldast óbreytt fram til 30. september 1974, sú sem gildi tók 1. mars 1974 samkvæmt kjarasamningum.

Hagstofa Íslands skal upplýsa í opinberri greinargerð, hver kaupgreiðsluvisitala 1. júní 1974 hefði orðið miðað við óbreytt fyrirmæli kjarasamninga og laga um útreikning hennar, svo og miðað við það, að eigi sé tekið tillit til þeirrar hækkunar á liðnum „eigin bifreið“ í framfærsluvisitölu, er orðið hefur á tímabilinu frá 1. nóvember 1973 til 1. maí 1974. Hafi niðurgreiðsla vöruverðs verið aukin fyrir 1. júní 1974 frá því, sem hún var í maíbyrjun 1974, skal og miða útreikning þennan við smásöluverð á viðkomandi vöru eða vörum, að frádreginni verðlækkun, er slík niðurgreiðsluaukning veldur.

#### 3. gr.

Laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvöru, sbr. lög nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu o. fl., skulu haldast til 30. september 1974 eins og þau voru ákveðin frá og með 1. mars 1974.

## 4. gr.

Almennt fiskverð, annað en verð skarkola, humars og rækju, skal haldast til 30. september 1974 eins og það var ákveðið um síðast liðin áramót, sbr. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 1/1974, enda tryggir ríkisstjórnin, að verð á brennsluolíum til íslenskra fiskiskipa, er landa afla sínum og taka olíu hérlendis, haldist á meðan óbreytt eins og það var í nóvembermánuði 1973.

## 5. gr.

Fjárfestingarlánasjóðir þeir, er fá til ráðstöfunar fjármagn af útgáfu verðtryggðra skuldabréfa, er lífeyrissjóðir kaupa samkvæmt samningi eða af verðtryggðu spariskirteinafé, endurláni þetta fé með sambærilegum skilmálum. Heimilt er að ákveða lánskjör þessara sjóða þannig, að verðtrygging nái til ákveðins hluta hvers láns í tilteknum lánaflokkum, er ákvarðast af því, hve stór hluti verðtryggt fé er af heildarráðstöfunarfé sjóðanna.

Ríkisstjórnin tekur endanlega ákvörðun um lánskjör fjárfestingarlánasjóða í samræmi við ákvæði 1. málsg. að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnunar ríkisins, og kemur sú ákvörðun í stað lagaákvæða og reglna þeirra, sem nú gilda um þetta efni.

## 6. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

## 7. gr.

Forsætisráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 22. ágúst 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 25 — 1974

---

24. júlí 1974.

379

Nr. 76.

## FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég hef ákveðið samkvæmt 37. gr. stjórnarskrárinnar, að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum sunnudaginn 28. júlí 1974.

*Gjört í Reykjavík, 24. júlí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

28. ágúst 1974.

Nr. 77.

## AUGLÝSING

um skipting starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrunum:

Geir Hallgrímsson fer með forsætisráðuneytið og Hagstofu Íslands.

Einar Ágústsson fer með utanríkisráðuneytið.

Ólafur Jóhannesson fer með dóms- og kirkjumálaráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

Gunnar Thoroddsen fer með iðnaðarráðuneytið og félagsmálaráðuneytið.

Halldór E. Sigurðsson fer með landbúnaðarráðuneytið og samgönguráðuneytið.

Matthías Á. Mathiesen fer með fjármálaráðuneytið.

Vilhjálmur Hjálmarsson fer með menntamálaráðuneytið.

Matthías Bjarnason fer með sjávarútvegsráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

*Forsætisráðuneytið, 28. ágúst 1974.*

**Geir Hallgrímsson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

## L Ö G

### um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 22. ágúst 1974, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað, sbr. 15., 16., 18. og 19. gr. tollskrárlaga nr. 6/1974, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar lokuðu hinn 21. ágúst 1974, en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 7. september 1974.

Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir október lok 1974.

#### 2. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. september 1974, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, er í gildi er, þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum 17% gengismun, er svarar til þeirrar breytingar, sem ákveðin hefur verið á gengi krónunnar. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismunur, sem myndast skv. ákvæðum 1. málsg. , skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað með sérstökum lögum í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans, sbr. þó ákvæði 3. málsg. .

Áður en umræddu fé er ráðstafað samkv. 2. málsg. skal greiða af því sem hér segir:

- a. Hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 1. september 1974, en fluttar út eftir gengisbreytinguna.
- b. Gengisbætur vegna innstæðna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sbr. ákvæði laga nr. 18 frá 4. apríl 1972.
- c. Halla, sem verða kann vegna niðurgreiðslu á olíu til fiskiskipa fram til 1. október 1974.

**3. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 30. ágúst 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

**(L. S.)**

*Geir Hallgrímsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 27 — 1974

Nr. 79.

382

6. september 1974

## L Ö G

### um fjáröflun til vegagerðar.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

##### 1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensini, er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.29. Gjald þetta skal frá og með 1. september 1974 nema kr. 16.00 af hverjum lítra.

##### 2. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — gúmmigjald — af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum á bifreiðar og bifhjól, og skal gjaldið nema kr. 45.00 af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna, sem fylgja bifreiðum, sem fluttar eru til landsins.

##### 3. gr.

Gjöld skv. ákvæðum 1. og 2. gr. skulu innheimt til ríkissjóðs. Tekjum skv. lögum þessum skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun.

##### 4. gr.

Heimilt er að ákveða með reglugerð, að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu innflutningsgjalds af bensini, er miðist við sölu birgða. Sömuleiðis má með reglugerð setja ákvæði um endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af bensini, er sönnur eru færðar á, að hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Má í reglugerðinni setja ákvæði, er takmarki endurgreiðslu við ársnotkun, er nemi að minnsta kosti 250 lítrum hjá hverjum notanda, svo og aðrar takmarkanir, er nauðsynlegar þykja til að tryggja, að heimildin til endurgreiðslu gjaldsins nái réttum tilgangi.

##### 5. gr.

Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín, skal frá og með árinu 1975 greiða árlega þungaskatt til ríkissjóðs svo sem hér segir:

- a) Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga eða léttari greiðast kr. 42 000.
- b) Fyrir bifreiðar 2000 kg og þyngrri greiðast kr. 42 000 og auk þess kr. 1 500 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.

##### 6. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annað eldsneyti en bensín, skal talin vera slík, hvað skatti viðvíkur, þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti), að hún noti þar eftir bensín fyrir eldsneyti.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar, sem setur í bifreið sína hreyfil, er notar annað eldsneyti en bensín, skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós, að bifreið notar annað eldsneyti en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík og skal þá, hvað skattinn snertir, telja, að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun, nema eigandi eða umráðamaður sanni, að svo hafi ekki verið.

#### 7. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að öikumælar skuli á kostnað eigenda settir í bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en bensín, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar í stað árlegs þungaskatts sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli. Í reglugerðinni getur ráðherra ákveðið, að skyldu til að hafa öikumæla megi takmarka við bifreiðar af ákveðinni þyngd (leyfðri heildarþyngd eða eigin þyngd) og/eða bifreiðar til tiltekinna nota. Gjald þetta má vera lægra fyrir fólksflutningabifreiðar en aðrar bifreiðar.

Í reglugerð getur ráðherra ákveðið allt að fjóra gjalddaga árlega fyrir þungaskatt skv. öikumælum, svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, innsiglun og viðgerðir. Þá getur ráðherra með reglugerð kveðið á um áætlun á þungaskatti, sé öikumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki komið með bifreið til álesturs á tilskildum tíma og heimilað á sama hátt, að bifreið sé tekin úr umferð, sé mælir ekki settur í hana á tilskildum tíma eða ekki komið með bifreiðina til álesturs á tilskildum tíma.

Ráðherra er enn fremur heimilt að ákveða, að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiddur að vissu marki, fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl, ef um er að ræða sérleyfisbifreiðar til mannflutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanýting á þessu tímabili ekki fram úr 20 af hundraði.

Ákveða má í reglugerð, að öikumælar skuli settir á kostnað eigenda í festi- og tengivagna. Í reglugerðinni getur ráðherra ákveðið, að skyldu til að hafa öikumæla megi takmarka við vagna af ákveðinni þyngd (leyfðri heildarþyngd eða eigin þyngd). Á sama hátt er ráðherra heimilt að ákveða, að tiltekinn þungaskatt skuli greiða fyrir hvern kílómetra, sem þessum festi- og tengivögnum er ekið, kveða á um gerð og frágang mæla, viðgerðir þeirra og eftirlit, gjalddaga, innheimtu og áætlun þungaskatts. Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð, að heimilt sé að taka festi- og tengivagna úr umferð, sé mælir ekki settur í þá á tilskildum tíma eða ekki komið með þá til álesturs á tilskildum tíma.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að endurgreiða skuli allt að 15% þungaskatts samkvæmt öikumæli, sem til fellur umfram 30 000 km akstur á ári og að 45 000 km, en 25% umfram 45 000 km akstur á ári.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker ráðherra úr.

Sé öikumælir misnotaður, innsigli á honum rofið eða önnur brot framín gegn reglugerð, sem ráðherra kann að setja samkvæmt þessari grein, varðar það sektum allt að 500 000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

#### 8. gr.

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í a- og b-lið 5. gr., er 1. janúar árlega, en eindagi 1. apríl, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreið er skráð í ársbyrjun, sbr. þó ákv. 2. mgr. 7. gr. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmarkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heila mánuði þannig, að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður, en færri dögum skal sleppt.



Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er afskráð sem ónýtt. Hafi bifreið skipt um eiganda án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Lækka skal eða endurgreiða þungaskatt að rétttri tiltölu, hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýtt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfelld.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. 5. gr., sanni þeir með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra, að þeir hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri, svo og lýsi því yfir, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.

#### 9. gr.

Innheimtu bensingjalds, gúmmígjalds og þungaskatts annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem ráðherra skipar fyrir. Bensingjald og gúmmígjald skulu innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

#### 10. gr.

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni allur sá þungaskattur, sem gjaldfallinn er á skoðunardegi. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skráningarmerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram, nema þungaskattur af bifreiðinni skv. a- og b-lið 5. gr. sé greiddur til næsta gjalddaga, en til umskráningardags, sé um að ræða þungaskatt samkv. ökumæli.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

Þungaskattur hefur lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

#### 11. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að greiða skuli sérstakt umferðargjald til ríkissjóðs af bifreiðum, sem fara um tiltekna vegi eða brýr.

#### 12. gr.

Til greiðslu kostnaðar samkvæmt vegalögum skal auk þeirra tekna, sem aflað verður skv. ákvæðum laga þessara, veita árlega sérstakt framlag á fjárlögum.

Eftir því sem ákveðið er í fjárlögum ár hvert, skal ríkissjóður gefa út happdrættis-skuldabréf í því skyni að afla fjár til hringvegar um landið. Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þessi með því að binda endurgreiðslu höfuðstóls vísitölu. Um framtals- og skattfrelsi þessara bréfa fer eftir ákvæðum laga nr. 7/1974, sbr. lög nr. 99/1971.

#### 13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld ákvæði XIV. kafla laga nr. 80/1973.

#### 14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 9. september 1974.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

- I. Af bifreiðum, sem nota bensín að eldsneyti, skal á árinu 1974 greiða þungaskatt kr. 108.00 af hverjum 100 kg af eigin þunga þeirra. Af bifhjólum skal greiða kr. 450.00 í þungaskatt á árinu 1974.
- II. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín, skal á árinu 1974 í stað gjalds skv. 5. gr. þessara laga greiða þungaskatt sem hér segir:
- Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga greiðast kr. 27 500.
  - Fyrir bifreiðar 2000 kg og þyngri greiðast kr. 27 500 og auk þess kr. 950 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.
- Ráðherra er heimilt að hækka gjaldskrá fyrir þungaskatt þeirra bifreiða, er skv. reglugerð eiga að greiða þungaskatt skv. ökumæli, frá 1. október 1974 að telja.
- III. Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða, sem til eru í landinu 9. september 1974. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.
- Gjaldið skal greiða, hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki. Hafi gjald skv. 85. gr. laga nr. 80/1973 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 9. september 1974, skal greiða kr. 7.13 af hverjum lítra slíkra birgða, sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.
- Hver sá, er á eða hefur umráð yfir 300 lítrum af bensíni eða meiru þann 9. september 1974, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir, óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.
- Innheimtumaður getur krafist upplýsinga hjá bensíninnflytjendum og bensín-sölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna, er fram fór fyrir 9. september 1974.

*Gjört í Reykjavík, 6. september 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthias Á. Mathiesen.*

5. september 1974.

Nr. 80.

**FORSETA BRÉF**

um þinglausnir.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi, 95. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Ég veiti hér með forsætisráðherra, Geir Hallgrímssyni umboð til þess að slíta Alþingi í dag.

*Gjört í Reykjavík, 5. september 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Geir Hallgrímsson.*

## L Ö G

### um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég, samkvæmt 4. gr. laga nr. 5 15. mars 1967 um breyting á lögum nr. 97 18. desember 1961 um Verðlagsráð sjávarútvegsins og 6. gr. laga nr. 99 21. desember 1973 um breyting á lögum nr. 97 18. desember 1961 um Verðlagsráð sjávarútvegsins, hef látið fella meginmál áðurgreindra laga svo og laga nr. 60 24. desember 1964 inn í lög nr. 97 18. desember 1961 um Verðlagsráð sjávarútvegsins og gef þau út svo breytt:

#### 1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur á hendi aðalframkvæmd laga þessara. Sjávarútvegsráðherra skipar í Verðlagsráð eftir tilnefningu eftirtalinna aðila þannig:

- A. Af hálfu fiskisöluaðila: 3 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegs-  
manna. 1 fulltrúi tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands. 1 fulltrúi tilnefndur  
af Sjómannasambandi Íslands. 1 fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiski-  
mannasambandi Íslands.
- B. Af hálfu fiskkaupenda: 3 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihús-  
anna. 1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda. 1 fulltrúi til-  
nefndur af fiskvinnslustöðvum á vegum S.Í.S. 1 fulltrúi tilnefndur af Samlagi  
skreiðarframleiðenda. 3 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður-  
og Austurlandi. 1 fulltrúi tilnefndur af stjórn Síldarverksmiðja ríkisins. 2 full-  
trúar tilnefndir af Síldarverksmiðjúsamtökum Austur- og Norðurlands. 3 full-  
trúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi. 3 fulltrúar tilnefndir  
af Félagi síldar- og fiskimjölsverksmiðja á Suður- og Vesturlandi.

Fulltrúar í Verðlagsráði skulu skipaðir til 2ja ára í senn. Varamenn skulu til-  
nefndir á sama hátt og taka sæti í Verðlagsráði í forföllum skipaðra fulltrúa. Verð-  
lagsráð kýs sér formann og ritara til eins árs í senn, annan úr hópi fiskisöluaðila og  
hinn úr hópi fiskkaupenda. Skulu þeir ásamt framkvæmdastjóra undirbúa fundi  
ráðsins.

Heimilt er aðilum þeim, sem tilnefna eiga aðila af hálfu fiskisölu- og fiskkaupa-  
aðila samkvæmt þessari grein, að skipta um fulltrúa sína í Verðlagsráði, eftir því  
sem þeim þykir rétt, til þess að sjónarmið þeirra fiskseljenda og fiskkaupenda, sem  
hlut eiga að máli við hverja verðákvörðun, komi sem best fram.

Verðlagsráði er heimilt með samþykki ráðherra að ráða sér framkvæmdastjóra  
og annað starfsfólk, er annist dagleg störf, eftir því sem þörf krefur.

#### 2. gr.

Við ákvörðun um verð á sjávaraflla skal Verðlagsráð skipað 12 fulltrúum, jafn-  
mörgum frá hvorum aðila skv. 1. gr.

**3. gr.**

**Fiskideild.** Þegar ákveða skal verð á sjávaraflla, öðrum en þeim, sem tilgreindur er í 4. og 5. gr. skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum fiskisöluaðila samkvæmt 1. gr. og 6 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 3 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 1 frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, 1 frá fiskvinnslustöðvum á vegur S.Í.S. og 1 frá Samlagi skreiðarframleiðenda.

Þegar ákveða skal verð á fiskúrgangi úr sjávaraflla öðrum en sild, skal Verðlagsráð skipað 3 fulltrúum söluaðila þannig: 1 frá samtökum sjómanna, sem sé sameiginlega tilnefndur af fulltrúum eftirtalinna aðila í Verðlagsráði: Frá Sjómannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, 1 frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og 1, sem sé sameiginlega tilnefndur af fulltrúum eftirtalinna aðila í Verðlagsráði: Frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, fiskvinnslustöðvum á vegum Sambands íslenskra samvinnufélaga og Samlagi skreiðarframleiðenda, og má síðastnefndi fulltrúinn ekki eiga aðild að kaupum á fiskúrgangi, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum verksmiðja þeirra, er tilnefna fulltrúa kaupenda samkvæmt þessari málsgrein, og 3 fulltrúum kaupenda þannig: 1 frá samtökum síldarverksmiðja á Austur- og Norðurlandi og 2 frá verksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi.

**4. gr.**

**Síldarsöltunardeild.** Þegar ákveða skal verð á sild til söltunar, skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum fiskisöluaðila samkvæmt 1. gr. og 6 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 3 frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og 3 frá Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi.

**5. gr.**

**Bræðsludeild.** Þegar ákveða skal verð á sild og loðnu til bræðslu, svo og öðrum fiski, sem veiddur er eingöngu eða að verulegu leyti til bræðslu, skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum fiskisöluaðila samkvæmt 1. gr. og 6 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 3 frá Félagi síldar- og fiskimjólverksmiðja á Suður- og Vesturlandi, 2 frá Síldarverksmiðjusamtökum Austur- og Norðurlands og 1 frá Síldarverksmiðjum ríkisins.

Ákveða má með reglugerð að skipta verðlagningu samkvæmt 4. og 5. gr. í verðlagssvæði.

**6. gr.**

Aðalverkefni Verðlagsráðs eru:

1. að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávaraflla, úrgangsfiski og fiskúrgangi, sem seldur er til vinnslu hér á landi eða selja skal í skip eða annað flutningstæki til útflutnings óunninn;
2. að fylgjast með markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum á hverjum tíma;
3. að safna gögnum um framleiðslukostnað hinna ýmsu framleiðslugreina sjávarútvegsins, svo og að safna öðrum þeim gögnum, sem ákvarðandi kunna að vera um verð á sjávaraflla.

**7. gr.**

Skylt skal öllum opinberum aðilum, svo sem Fiskifélagi Íslands og Hagstofu Íslands, ásamt útflutningssamtökum fiskframleiðenda, svo og öðrum þeim aðilum, sem hafa með höndum sölu og/eða vinnslu sjávarafurða að láta Verðlagsráði í té allar upplýsingar, er því geta að gagni komið við störf þess og þessir aðilar geta veitt. Samtökum útvegsmanna skal á sama hátt skylt að láta Verðlagsráði í té allar upplýsingar um reksturskostnað fiskiskipa.

## II. KAFLI

## Um verðákvarðanir Verðlagsráðs.

## 8. gr.

Verðlagsráð skal við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávaraflla m. a. hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum, svo og framleiðslukostnaði þeirra.

Skal Verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda. Verðlagsráð ákveður sjálft verðlagstímabil.

## 9. gr.

Verðlagsráð skal í störfum sínum vinna að verðákvörðunum svo tímanlega, að verðlagning sjávaraflla liggja fyrir, áður en nýtt verðlagstímabil hefst. Um hvenær verðákvörðun skuli liggja fyrir í síðasta lagi, skal ákveða með reglugerð.

## 10. gr.

Nú næst ekki einróma samkomulag í Verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða verð sjávaraflla í heild fyrir tilskilinn tíma, og skal þá vísa ágreiningsatriðunum til sérstakrar yfirnefndar. Skal hún skipuð fimm mönnum, tveimur tilnefndum af fiskisöluáðilum í Verðlagsráði, og skal annar tilnefndur úr hópi fulltrúa L.Í.Ú. og má hann ekki eiga aðild að fiskkaupum, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum fiskkaupenda þeirra, sem tilnefna menn í Verðlagsráðið skv. B-lið 1. gr., en hinn úr hópi sjómannafulltrúa, tveimur tilnefndum af fiskkaupendum í Verðlagsráði, og skal a. m. k. annar tilnefndur af þeim aðila, sem ágreiningur er við, og einum oddamanni, sem er forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans. Þannig skipuð fellir yfirnefndin fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði, og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum.

## 11. gr.

Ákvarðanir Verðlagsráðs eru bindandi sem lágmarksverð, og má enginn selja sjávaraflla undir því verði, sem ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

## III. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 12. gr.

Sjávarútvegsráðherra ákveður Verðlagsráðsmönnum þóknun fyrir störf þeirra, og greiðist hún úr Fiskimálasjóði, ásamt öðrum kostnaði við ráðið og starfsemi þess. Frá 1. janúar 1966 greiðist þessi kostnaður úr ríkissjóði.

## 13. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara eftir tillögum Verðlagsráðs.

## 14. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber mál, og varðar brot sektum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Nú tregðast aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa Verðlagsráði skýrslu eða upplýsingar, að láta þær í té, og má þá beita dagsektum frá kr. 500.00—5000.00, þar til hann uppfyllir skyldur sínar.

*Gjört í Reykjavík, 23. júlí 1974.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

30. ágúst 1974.

Nr. 82.

## AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands,  
nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 22. ágúst 1974 á tillögu menntamálaráðherra um staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

### 1. gr.

40.—41. gr. orðist svo:

### 40. gr.

I. Kennslugreinar í guðfræðideild eru þessar:

	Vægi í kjarna
Gamla testamenntisfræði .....	23 e
Nýja testamenntisfræði .....	38 e
Trúfræði .....	14 e
Félagsleg siðfræði .....	14 e
Kirkjusaga .....	14 e
Almenn trúarbragðafræði .....	6 e
Kennimannleg guðfræði .....	16 e

Deildarfundur tekur nánari ákvarðanir um námsþætti í hverri einstakri kennslugrein.

### II. Um kjarna, frjálst nám og kjörsvið.

Nám í guðfræði til embættisprófs jafngildir 150 misserisvíkustundum eða námseiningum (ein námseining (e) jafngildir vikuvinnustúdentum í námi.) Námsgreinar skiptast í kjarna, frjálst nám og kjörsvið.

Nám í kjarna jafngildir 125 e, í frjálstu námi 10 e og á kjörsviði 15 e.

Í **kjarna** eru kennslugreinar að jafnaði 1—8 misseri.

Heimilt er, með leyfi deildarinnar, að stunda **frjálst nám** (10 e) í öðrum deildum Háskólans.

Þegar stúdent er kominn áleiðis í námi skal hann í samráði við kennara velja sér **kjörsvið**. Skulu kjörgreinar þær er hann velur samtals jafngilda 15 e hið minnsta. Skal hann skrifa stutta ritgerð (að jafnaði ekki lengri en 4000 orð) úr efni kjörsviðs, þar sem hann leggur persónulegt mat á viðfangsefnið.

Heimilt er stúdent, í samráði við kennara, að stunda nám á kjörsviði í öðrum deildum Háskólans eða Kennaraháskóla Íslands allt að 6 e, auk náms í kjörgreinum í guðfræðideild.

Deildin ákveður hvenær tímabært er að hefja kennslu í einstökum kjörgreinum. Deildinni er heimilt að kveða á um lágmarksundirbúning til þátttöku á tilteknum kjörsviðum.

### III. Skriflegar æfingar og verklegt nám.

Undir lok hvers misseris skal halda skriflega æfingar (tímaritgerð) í kennslugrein sem hér segir:

Fjórar í Nýja testamentisfræðum, þrjár í Gamla testamentisfræðum, þrjár í trúfræði, þrjár í siðfræði og þrjár í kirkjusögu.

Heimilt er að setja reglur í námsvísi, sem guðfræðideild samþykkir, um vinnuskyldur stúdents í frjálsu námi.

Eigi er heimilt að segja sig til prófs nema fullnægt sé ofangreindu ákvæði um skriflegar æfingar í viðkomandi grein.

Í verklegu námi skal stúdent semja fjórar ræður, flytja tvær æfingamessur með prédikun, stunda starf, sem guðfræðideild útvegar við sjúkrahús eða félagslega stofnun um tveggja mánaða skeið, og inna af hendi annað verklegt nám (sbr. I) þar með talin bréfa- og skýrslugerð.

### IV. Prófgreinar.

Prófgreinar eru þessar:

Saga, trú og þjóðfélag Hebra

Inngangsræði Gamla testamentisins

Hebreska

Ritskýring Gamla testamentisins

Guðfræði Gamla testamentisins

Gríska

Inngangsræði Nýja testamentisins

Samtíðarsaga Nýja testamentisins

Ritskýring Nýja testamentisins

Guðfræði Nýja testamentisins

Trúfræði

Trúarlífsfélagsfræði

Félagsleg siðfræði

Kirkjusaga

Trúarbragðasaga og trúarlífssálarfræði

Trúarheimspeki

Prédikun

Barnaspurningar

Kjörsvið.

### V. Fyrirkomulag prófa.

Heimilt er að ljúka prófi í kennslugrein að aflokinni yfirferð sbr. III. Þó er heimilt að ljúka prófi í grísku í þrem áföngum og í kirkjusögu í tveim. Öll próf skulu vera skrifleg, en þó skal prófa munnlega í hebresku og grísku og verklega í prédikun og barnaspurningum. Á kjörsviði skal prófa munnlega en gefa einkunn fyrir ritgerð, er gildi að hálfu á móti munnlega prófinu.

Próf skulu að jafnaði haldin í þriðju viku janúarmánaðar og í fjórðu viku maímánaðar.

Einkunnir skal skrá í bókstöfum, A<sup>x</sup>, A, B, C, D og F.

Ágætiseinkunn telst A<sup>x</sup> og A

1. einkunn telst B

2. einkunn telst C

3. einkunn telst D

Falleinkunn telst F.

Sé þörf að umreikna einkunnir skv. einkunnastiganum 0—10, t. d. vegna náms stúdents utan guðfræðideildar, skal það gert sem hér greinir:

Ágætiseinkunn A<sup>x</sup> telst 10

Ágætiseinkunn A telst 9

1. einkunn B telst 8

2. einkunn C telst 6

3. einkunn D telst 5

Falleinkunn F telst 3.

#### VI. Um tímatakmarkanir.

Skýlt er stúdent að ljúka á tilteknu háskólaári námsvinnu sem nemur ekki minna en 15 námseiningum, ella fer stúdent af skrá og próf sem hann hefur tekið, falla úr gildi.

Þó getur guðfræðideild veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar um lágmarkskröfur, ef sérstaklega stendur á.

#### VII. Um innritanir o. fl.

Guðfræðideild er heimilt að kveðja stúdenta og kennara til fundar við upphaf haust- og vormisseris til kynningar á námi og kennslu misserisins. Stefnt skal að því að þá fari fram innritun stúdenta til einstakra námsgreina, fyrirlestra og æfinga.

Þegar stúdent innritar sig til prófs skal hann sýna deildarforseta, eða þeim er hann kveður til, gögn sín og vottorð um að hann hafi fullnægt tilskildum kröfum.

Guðfræðideild er heimilt að setja reglur, er lúta að því, að hver stúdent hafi námsleiðbeinanda úr hópi kennara er beri ábyrgð á því að stúdentinn hljóti leiðsögn um skipan náms síns. Sjái deildarforseti um framkvæmd málsins.

#### 41. gr.

#### VIII. Baccalaureorum artium (B.A.) nám í kristnum fræðum.

Í guðfræðideild er heimilt að stunda B.A. nám í kristnum fræðum allt að 45 e skv. námskrá, er deildarfundur setur. Að því tilskildu, að stúdent hafi lokið 45 e í kristnum fræðum, er honum heimilt að velja, hvort hann brautskráist úr guðfræðideild eða annarri deild, enda hafi samval kennslugreina og námsþátta hlotið samþykki beggja deilda.

#### IX. Gildistaka.

Reglugerð þessi gildir um stúdenta, sem innritast eftir 15. júlí 1974 og þá af eldri stúdentum er bera fram formlega ósk þar um við deildarforseta fyrir 1. mars 1975. Síðast skal prófa eftir eldri reglugerð árið 1980. Stúdent



sem stundar nám eftir eldri reglugerð og hefur ekki lokið embættisprófi við upphaf haustmíssis 1980 skal fellur af skrá yfir nemendur guðfræðideildar.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 30. ágúst 1974.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Hrafnhildur Stefánsdóttir.*

## L Ö G

### um verðjöfnunargjald af raforku.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiða skal 13% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforkuna.

Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra orkumála, að fengnum tillögum stjórnar Orkusjóðs.

2. gr.

Verðjöfnunargjaldið skal lagt á sama gjaldstofn og söluskattur skv. lögum nr. 10/1960 með áorðnum breytingum, en söluskattur skal ekki greiddur af verðjöfnunargjaldi raforku.

Heimilt er gjaldskyldum seljendum raforku að hækka söluverð raforku sem gjaldinu nemur.

3. gr.

Sala á raforku skv. lögum þessum telst fara fram á þeim degi, sem útskrift reikninga á notanda vegna orkuneyslu á sér stað.

Hver sá aðili, sem selur raforku á síðasta stigi viðskipta skv. 1. mgr. 1. gr. og er gjaldskyldur skv. lögum þessum, skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, sem hann er heimilisfastur í, verðjöfnunargjald það, sem honum ber að standa skil á.

Greiðslunni skal fylgja skýrsla um alla raforkusölu síðasta mánuð, sbr. ákv. 1. mgr. þessarar greinar um sölu.

4. gr.

Verðjöfnunargjaldi ásamt skýrslu um skuldfærða raforkusölu skal skila fyrir hvern mánuð, og er gjalddagi 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar.

**5. gr.**

Hafi gjaldskyldur aðili ekki skilað verðjöfnunargjaldi á eindaga, falla á dráttarvextir, 1½% fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá gjalddaga.

**6. gr.**

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu senda ríkisbókhaldi og ríkisféhirði uppgjör og skilagrein mánaðarlega. Ríkisféhirðir skilar innheimtufé mánaðarlega til Orkusjóðs.

Ekki skal greiða þóknun fyrir innheimtu verðjöfnunargjaldsins.

**7. gr.**

Ekki skal greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til Áburðarverksmiðjunnar og Íslenska álfélagsins hf. og til húshitunar.

**8. gr.**

Ágreining um gjaldskyldu og gjaldstofn má bera undir ráðherra orkumála.

Málshöfðun fyrir almennum dómstólum um gjaldskyldu og gjaldstofn skal byrjuð innan 6 mánaða frá álagningu gjaldsins.

**9. gr.**

Ráðherra orkumála er heimilt að setja reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um gjaldstofn, álagningu og innheimtu verðjöfnunargjaldsins.

**10. gr.**

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðbaldi, nema þyngri refsing liggja við skv. öðrum lögum.

Mál út af brotunum skulu rekin að hætti opinberra mála.

**11. gr.**

Gjald skv. lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taka lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

**12. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að veita Rafmagnsveitum ríkisins eftirgjöf á bráðabirgðalánnum ríkissjóðs, sem veitt voru með gjaldfresti á aðflutningsgjöldum árin 1972 og 1973, að fjárhæð allt að 148.3 millj. kr.

Ríkissjóði er heimilt að endurgreiða úr ríkissjóði bráðabirgðalán Seðlabanka Íslands, sem veitt var ríkissjóði í nafni Rafmagnsveitna ríkisins árið 1973, að fjárhæð 130 millj. kr.

Heimildir þessar ná einnig til gjaldfallinna vaxta af lánunum.

**13. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða síðar, að þau lán Orkusjóðs til Rafmagnsveitna ríkisins, sem breytt var í vaxta- og afborgunarlaus lán skv. heimild í 2. gr. laga nr. 96/1965, skuli endurgreiddast með þeim kjörum, sem hún telur Rafmagnsveitum ríkisins fært að standa undir.

**14. gr.**

Ráðherra, er fer með raforkumál, skipar fimm menn til fjögurra ára í senn til að eiga sæti í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins og skal einn þeirra skipaður samkvæmt tillögum Sambands íslenskra rafveitna. Ráðherra skipar formann stjórnar-

innar. Stjórnin hefur á hendi stjórn Rafmagnsveitna ríkisins undir yfirstjórn ráðherra.

Ráðherra ákveður starfshætti og starfskjör stjórnarmanna.

Til þess að skuldbinda Rafmagnsveitur ríkisins þarf undirskrift þriggja stjórnenda.

15. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 96/1965 um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og lög nr. 17/1970 um breyting á þeim lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1974 og falla úr gildi 31. desember 1975.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar raforkusala er skuldfærð hjá notanda í fyrsta sinn eftir gildistöku laga þessara, fyrir tímabil, sem hefst fyrir gildistöku laganna, en lýkur eftir gildistöku þeirra, skal reikna verðjöfnunargjaldið af raforkuverði í réttu hlutfalli við dagafjölda eftir gildistöku laganna af heildardagafjölda reikningstímabilsins.

*Gjört í Reykjavík, 17. september 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

**L Ö G**

um breyting á lögum um samkomudag reglulegs Alþingis,  
nr. 3 14. febrúar 1967.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Reglulegt Alþingi 1974 skal koma saman þriðjudaginn 29. október, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. september 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Geir Hallgrímsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967 og lög nr. 10/1974 um skattkerfisbreytingu.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 10/1974) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 13% — þrettán af hundraði — söluskatt og auk þess 4% — fjögur af hundraði — söluskattauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1974.

**Ákvæði til bráðabirgða:****I.**

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við sanningsgreiðsluna, er svarar mismun á söluskatti skv. 1. gr. laga þessara og söluskatti skv. 8. gr. laga nr. 10/1974, nema sannað sé, að þessi mismunur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

**II.**

Nú hefur innflytjandi áður en lög þessi ganga í gildi afhent til tollmeðferðar skjöl, sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá ekki heimta af henni skv. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960 þá hækkun söluskatts, er leiðir af lögum þessum. Þetta gildir þó því aðeins, að vara sé tollafgreidd innan 6 daga frá gildistöku laga þessara.

*Gjört að Bessastöðum, 17. september 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthias Á. Mathiesen.*

**L Ö G**

**um breyting á lögum nr. 48 16. maí 1974, um happdrættislán  
ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg og opna  
þannig hringveg um Vestfirði.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
**þykki mínu:**

**1. gr.**

1. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 80 milljónir króna. Hæddráttisskuldabréfin skulu gefin út í allt að 3 flokkum á árunum 1974 og 1975 og ákveður fjármálaráðuneytið lánsfjárhæð hvers bréfa-flokks.

**2. gr.**

1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytið ákveður tölu vinninga, fjárhæð þeirra hvers um sig og útdráttardag, en draga ber um þá einu sinni á ári.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 17. september 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthias Á. Mathiesen.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að gera nú þegar ýmsar ráðstafanir í sjávarútvegi til þess að gengisbreyting sú, er ákveðin var 29. ágúst s. l., dugi til að tryggja viðunandi rekstrarafkomu sjávarútvegsins og til þess að greiða fyrir ákvörðun nýs fiskverðs frá 1. september s. l. að telja.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal eins fljótt og við verður komið ákveða nýtt lágmarksverð á öllum tegundum sjávarafla, samkvæmt lögum nr. 81 23. júlí 1974 um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Hið nýja verð skal taka gildi frá og með 1. september 1974 og gilda ekki skemur en til 31. desember 1974. Við ákvörðun hins nýja verðs skal þess gætt, að hækkun almenns fiskverðs verði að meðaltali ekki meiri en 11% frá því verði, sem í gildi hefur verið, sbr. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 10/1974.

#### 2. gr.

1. og 2. málslíður 2. gr. laga nr. 79/1968 orðist svo: Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða gjald til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa, er nemi 15% fiskverðs eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins.

#### 3. gr.

1. málslíður 4. gr. laga nr. 79/1968 orðist svo: Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal það greiða 21% af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) aflans til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa.

#### 4. gr.

Oliusjóður fiskiskipa skal starfræktur í þeim tilgangi að greiða niður verð á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

Tekjur sjóðsins skulu vera af sérstöku útflutningsgjaldi, sem hér segir:

- a) 4.0% af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða, annarra en saltfisks, skreiðar og þeirra afurða, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum.
- b) 5.5% útflutningsgjald af f.o.b.-verði útflutnings saltfisks og skreiðar.

Útflutningsgjaldið reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru, og setur sjávarútvegsráðuneytið reglur um nánari framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar.

## 5. gr.

1. til 3. tl. 2. gr. laga nr. 19/1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

1. Kr. 2 400.00 á hvert útflutt tonn greiðist af frystum karfa- og ufsaflökum og þurrkuðum saltufsa.
2. Kr. 4 200.00 á hvert útflutt tonn greiðist af saltfiski — öðrum en þurrkuðum ufsa —, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, saltfiskbitum og söltuðum gellum.
3. Kr. 4 750.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum — öðrum en karfa- og ufsaflökum — frystum hrognum, söltuðum hrognum ót. a., frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum. — Nemi gjald samkvæmt töluliðum 1—3 meiru en svarar 4½ af f.o.b.-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.

## 6. gr.

Töluliðir 1—7 í 3. gr. laga nr. 19/1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum orðist svo:

1. Til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur .....	87.8%
2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands .....	7.5%
3. Til Fiskimálasjóðs .....	2.0%
4. Til smíði haf- og fiskirannsóknaskips .....	1.2%
5. Til byggingar í þágu rannsóknastofnana sjávarútvegsins .....	0.5%
6. Til Landssambands isl. útvegsmanna .....	0.5%
7. Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur ....	0.5%

## 7. gr.

1. mgr. 5. gr. laga nr. 72/1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins orðist svo: Tekjur Verðjöfnunarsjóðs skulu vera allt að þremur fjórðu hlutum af verðhækkun, sbr. 7. gr., sem verður á þeim afurðum fiskiðnaðarins til útflutnings, sem lög þessi ná til. Renna þessar tekjur til viðkomandi deilda sjóðsins.

## 8. gr.

2. málslíður 6. gr. laga nr. 72/1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins orðist svo:

Verðbætur skulu þó aldrei nema meiru en þremur fjórðu hlutum verðlækkunarinnar og ekki umfram það fé, sem viðkomandi deild ræður yfir, þegar til greiðslu verðbóta kemur.

## 9. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs, skv. ákvæðum 2. gr. laga nr. 78/1974 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, umfram greiðslur skv. liðum a., b. og c. í þeirri lagagrein, skal lagt í sérstakan gengishagnaðarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

- a) Til þess að auðvelda eigendum skuttogara að standa í skilum með greiðslur afborgana og vaxta af stofnlánnum og til þess að tryggja rekstrargrundvöll skuttogara.
- b) Til þess að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa.
- c) Til þess að greiða fram úr greiðsluvandræðum fiskvinnslufyrirtækja, sem átt hafa í söluerfiðleikum á árinu 1974.
- d) Til annarra þarfa innan sjávarútvegsins.

Heimilt er bæði að veita lán og óafturkræf framlög af fjármagni sjóðsins til ofangreindra þarfa.

Óafturkræf framlög skulu nánar ákveðin með lögum.

Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði 1.—8. gr. taka til sjávarafurða framleiddra frá og með 1. september 1974.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er heimilt að inna af hendi greiðslur upp í verðbætur, sbr. 6. gr. laga nr. 72/1969, vegna óselds loðnumjöls af framleiðslu ársins 1974 samkvæmt reglum, sem sjóðsstjórnin setur að fengnu samþykki ráðherra.

*Gjört að Bessastöðum, 20. september 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*



## BRÁÐABIRGÐALÖG

um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að ákveða nú þegar þá skipan kjara- og verðlagsmála, sem við skuli taka, þegar gildistími laga um viðnám gegn verðbólgu rennur út um næstu mánaðamót, en nauðsynlegt sé að rjúfa um sinn sjálfvirka vixlhækkun launa og verðlags, en milda þó jafnframt eftir því sem kostur er áhrif þegar orðinna og fyrirsjáanlegra verðhækkana, m. a. í kjölfar nýafstaðinnar gengisbreytingar og skattbreytinga, á kjör þeirra, sem lægstar tekjur hafa.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Á tímabilinu 1. október 1974 til 31. maí 1975 skulu launagreiðendur greiða launajöfnunarbætur í stað almennrar verðlagsuppbótar á laun umfram þá verðlagsuppbót, sem svarar til kaupgreiðsluvísitölu 106,18 stig, sem hér segir:

1. Á laun, sem eru lægri en 50 000 krónur á mánuði fyrir fulla dagvinnu, miðað við kaupgreiðsluvísitölu 106,18 stig, greiðist 3 500 króna bætur á mánuði til þeirra, sem skila fullum dagvinnutíma, en hlutfallslega lægra til annarra. Bætur á yfirvinnukaup greiðist hlutfallslega þannig að gildandi tengsl yfirvinnu- og dagvinnukauptaxta haldist.
2. Á laun á bilinu 50 000 til 53 500 krónur fyrir fulla dagvinnu, miðað við kaupgreiðsluvísitölu 106,18 stig, greiðist 3 500 króna bætur á mánuði að frádrægingu þeirri fjárhæð, sem kauptaxtinn er hærri en 50 000 krónur á mánuði, til þeirra, sem skila fullum dagvinnutíma, en hlutfallslega lægra til annarra.

Bætur á hvern yfirvinnutíma greiðist á þessu taxtabili í sama hlutfalli við bætur á dagvinnulaun og greindi í 1. lið þessarar greinar.

3. Á hærri laun greiðast ekki launajöfnunarbætur.

#### 2. gr.

Setja skal reglugerð um ákvörðun launajöfnunarbóta sky. 1. gr. Við samningu reglugerðarinnar skal haft náð samráð við aðila vinnumarkaðarins.

Þess skal gætt, þegar metin er hæð kauptaxta fyrir reglulega dagvinnu, sem ákveðinn er með álagi á annan lægri taxta, eða sem hlutfall af hærri taxta, að jafnan sé miðað við hinn endanlega taxta, en ekki þann grunn, sem hann er á reistur. Með taxta skal telja hvers konar álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíráðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna. Með taxta skal einnig telja vaktálag að því leyti, sem það kann að vera herra en svarar til eftirvinnu-, næturvinnu- og helgidagaálags.

Pegar metin er hæð mánaðarlauna fyrir fulla dagvinnu skv. ákvæðisvinnu-töxtum, til ákvörðunar launajöfnunarbóta, skal m. a. taka tillit til þess vinnuálags, sem fylgja kann ákvæðisvinnu, og fyrirleggjandi upplýsinga Kjararannsóknarnefndar um tekjur ákvæðisvinnufólks. Launajöfnunarbætur til ákvæðisvinnufólks skulu gerðar upp mánaðarlega eftir á á grundvelli vinnutíma og tekna í liðnum mánuði.

### 3. gr.

Laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli búvöru, sbr. lög nr. 101/1966, skulu hækka vegna launajöfnunarbóta um 5.5% og skal sú hækkun haldast til 31. maí 1975.

### 4. gr.

Hækkun sú á búvöruverði til bænda, sem hlýst af hækkun skv. 3. gr., skal ekki greidd út í hlutfalli við framleiðsluverðmæti, heldur jafnað þannig til bænda, að hún gagnist eingöngu hinum tekjulægri í þeirra hópi með líkum hætti og launajöfnunarbætur launþegum skv. lögum þessum. Setja skal reglugerð um innheimtu og úthlutun þessara bóta í samráði við Stéttarsamband bænda.

### 5. gr.

Launajöfnunarbætur skv. 1. til 4. gr. skulu teknar til endurskoðunar, fari vísitala framfærslukostnaðar fram úr 358 stigum á gildistíma þessara laga.

### 6. gr.

Fjárveiting úr ríkissjóði til greiðslu fjölskyldubóta sbr. 26. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 62/1974, skal miðuð við það, að árlegar fjölskyldubætur með barni verði kr. 20 000, að óbreyttum reglum um greiðslu fjölskyldubóta, á tímabilinu 1. október 1974 til 31. maí 1975, eða að samsvarandi ívilnun verði með öðrum hætti veitt barnmörgum fjölskyldum.

### 7. gr.

Fullur árlegur ellilífeyrir einstaklinga sbr. 11. gr. laga nr. 67/1971, skal vera frá 1. október 1974 að telja kr. 155 400, ef lífeyrir er fyrst tekinn við 67 ára aldur. Aðrar bótafjárhæðir 11. gr. þeirra laga skulu breytast hlutfallslega.

Örorkulífeyrir, barnalífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur og ekkjulífeyrir sbr. 12., 13., 14., 15., 17. og 18. gr. laga nr. 67/1971 skulu breytast hlutfallslega í samræmi við þessa breytingu ellilífeyris.

### 8. gr.

1. málsgrein 19. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 96/1971 og lög nr. 62/1974, orðist svo:

Ef aðrar tekjur elli- og örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr kr. 41 300 á ári, skal frá 1. október 1974 að telja greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð kr. 93 900 á ári. Hafi bótaþeginn hins vegar tekjur umfram kr. 41 300 á ári, skal skerða uppbótina um helming þeirra tekna, sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

### 9. gr.

Breytingar bóta almannatrygginga skv. 7. og 8. gr. skulu koma í stað breytinga skv. 1. mgr. 78. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 12. gr. laga nr. 96/1971, af tilefni launajöfnunarbóta skv. lögum þessum.

### 10. gr.

Á tímabilinu 1. október til 31. maí 1975 skulu niðurgreiðslur vöruverðs úr ríkissjóði ekki vera lægri en þær eru við gildistöku laga þessara.

**11. gr.**

Fram til 31. maí 1975 má ekki hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því, sem var 23. september 1974, nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Á því tímabili, er greinir í 1. mgr., má ekki hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum frá því, sem var 23. september 1974, nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda og staðfestingu ríkisstjórnarinnar sbr. 1. mgr. Gildir þetta einnig um hvers konar umboðslaun vegna sölu vöru eða þjónustu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vöru eða þjónustu, þar með vinnu.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til verðs hvers konar vöru og þjónustu, sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þeirra aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

Ríkisstjórnin getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.

**12. gr.**

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

**13. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 24. september 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Geir Hallgrímsson.*

## AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands,  
nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 27. september 1974 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

### 1. gr.

50. gr. orðist svo:

#### I. Kennslugreinar í viðskiptadeild eru þessar.

- 1.1. Bókfærsla.
- 1.2. Reikningshald I.
- 1.3. Reikningshald II.
- 1.4. Reikningshald III.
- 1.5. Stærðfræði I.
- 1.6. Stærðfræði II.
- 1.7. Tölfræði.
- 1.8. Skrifstofustörf.
- 1.9. Rafreiknar I.
  - 2.1. Íslensk haglýsing.
  - 2.2. Enska.
  - 2.3. Lögfræði.
  - 2.4. Almenn þjóðhagfræði.
  - 2.5. Almenn rekstrarhagfræði.
    - 3.1. Stjórnun I.
    - 3.2. Stjórnun II.
    - 3.3. Fjármál fyrirtækja I.
    - 3.4. Fjármál fyrirtækja II.
    - 3.5. Sala I.
    - 3.6. Sala II.
    - 3.7. Framleiðsla I.
    - 3.8. Framleiðsla II.
    - 3.9. Þjóðhagfræði II.
    - 4.0. Þjóðhagfræði III.
      - 4.1. Opinber stjórnsýsla.
      - 4.2. Stjórnskipunar- og stjórnarfarsréttur.
      - 4.3. Skattaréttur, skattskil.

- 4.4. Almenn hagsaga.
- 4.5. Saga hagfræðikenninga.
- 4.6. Hagkerfi.
- 4.7. Félagsmálahagfræði.
- 4.8. Hagrannsóknir.
- 4.9. Þjóðhagsreikningar og þjóðhagsáætlanir.
- 5.0. Stærðfræðileg hagfræði.
- 5.1. Áhættukenningar.
- 5.2. Hagræn landafræði.
- 5.3. Aðgerðarannsóknir.
- 5.4. Rafreiknar II.
- 5.5. Reikningshald IV.
- 5.6. Endurskoðun.
- 5.7. Vinnusálfræði.
- 5.8. Utanríkisverslun og alþjóðastofnanir.
- 5.9. Fyrirtækið og þjóðfélagið.
- 6.0. Vinnurannsóknir.
- 6.1. Markaðsrannsóknir.
- 6.2. Markaðsboðmiðlun.
- 6.3. Stefnumótun fyrirtækja.
- 6.4. Samgönguhagfræði.
- 6.5. Fiskihagfræði.
- 6.6. Félagsfræði.
- 8.1. —
- 8.9. Erlend tungumál, skv. nánari ákvörðun deildar.
- 9.0. Ritgerð um efni, sem stúdent velur í samráði við fastan kennara í deildinni, skv. nánari ákvörðun deildar.

Kennslugreinar 1.1.—1.7., 1.9.—2.5., 4.3. og 6.6 eru fyrri hluta greinar. Aðrar greinar eru síðari hluta greinar. Greinar 3.1.—3.8. eru í fyrirtækjakjarna Greinar 4.0.—4.2. ásamt greinum 3.1., 3.3., 3.7., 3.9. og 4.8. eru í þjóðhagskjarna, sbr. II. kafla þessarar greinar.

Kennslugreinar 4.4.—4.7., 4.9.—6.5. og 8.1.—8.9. eru kjörgreinar. Greinar 3.1.—4.2. og 4.8., sem ekki eru í kjarna, sem valinn er, geta verið kjörgreinar, eftir því sem við á. Hluti kjörgreina (9 námseiningar, skv. IV. kafla þessarar reglugerðar) skal mynda sérstakt kjörsvið, sbr. síðar.

Hluti kjörgreina (12 námseiningar) er eftir frjálssu vali úr síðari hluta greinum, sem hvorki mynda kjarna né kjörsvið. Heimilt er einnig að áskildu samþykki viðskiptadeildar að velja frjálssar kjörgreinar í öðrum deildum eða námsbrautum með samþykki viðkomandi deilda eða námsbrauta.

Viðskiptadeild er heimilt að ákveða nýjar kjörgreinar, sem hér eru ekki taldar, enda sé fjárveiting fyrir hendi.

Viðskiptadeild ákveður námsefni í hverri einstakri námsgrein, hvort skylda skuli stúdenta til að skila ritgerðum um tiltekin efni, hvort halda skuli æfingar í einstökum kennslugreinum og hvernig þeim æfingum skuli háttað. Heimilt er að meta ritgerðir og frammistöðu í æfingum sem hluta af prófi. Við ákvarðanir þessar skal jafnan haft samráð við kennara í viðkomandi grein. Heimilt er deildinni að meta vinnu stúdenta í fyrirtækjum og stofnunum og vinnu við ákveðin verkefni utan deildar jafngilda samningu ritgerða og þátttöku í æfingum.

Viðskiptadeild ákveður, hvenær tímabært er að hefja kennslu í einstökum kjörgreinum innan þess ramma, sem fjárveitingar leyfa. Eftir að kennsla í kjörgrein

er hafin, er viðskiptadeild heimilt að fella niður kennslu einstök ár, ef ekki fæst að dómi deildarinnar næg þátttaka stúdenta, eða ef ekki er að dómi deildarinnar kostur hæfra kennslukrafta, en stúdent skal þó heimilt að þreyta próf í viðkomandi grein.

Kennslu í fyrri hluta skal haga þannig, að farið sé yfir allt námsefnið árlega, og við það miðað, að hægt sé að ljúka prófi í fyrri hluta á tveimur árum.

Kennslu í síðari hluta skal haga þannig, að farið sé yfir námsefni í kjarnagreinum árlega, en námsefni í öðrum greinum a. m. k. annað hvert ár með þeim takmörkunum, sem leiðir af öðrum ákvæðum þessarar greinar.

## II. Próf í viðskiptafræðum.

### *Fyrri hluta próf.*

Prófgreinar í fyrri hluta eru þessar:

- 1.1. Bókfærsla.
- 1.2. Reikningshald I.
- 1.3. Reikningshald II.
- 1.4. Reikningshald III.
- 1.5. Stærðfræði I.
- 1.6. Stærðfræði II.
- 1.7. Tölfræði.
- 1.9. Rafreiknar I.
- 2.1. Íslensk haglýsing.
- 2.2. Enska.
- 2.3. Lögfræði.
- 2.4. Almenn þjóðhagfræði.
- 2.5. Almenn rekstrarhagfræði.
- 4.3. Skattaréttur, skattskil.
- 6.6. Félagsfræði.

Hver prófgrein er sjálfstæður prófhluti í merkingu 2. málsgr. 68. gr. háskóla-reglugerðar.

Lágmarkseinkunn í prófgreinum 1.1., 2.4. og 2.5. er 6.5 (á 10-skala), en lágmarks-einkunn 4.0 í öllum öðrum greinum. Auk þess skulu allir ljúka prófi úr fornám-skeiði í stærðfræði með lágmarkseinkunn 5.0 áður en próf er tekið í stærðfræði I. Einnig skulu nemendur ljúka námskeiði í vélanotkun, áður en þeir segja sig til síðasta prófs í fyrri hluta.

Próf skulu vera skrifleg, nema viðskiptadeild samþykki annað. Vægi prófgreina skal miða við námseiningafjölda þeirra, sbr. IV. kafla þessarar reglugerðar.

Þessar greinar eru metnar 6 námseiningar: 1.7., 2.1., 2.3., 2.4., 2.5. Áðrar greinar fyrri hluta eru metnar 3 námseiningar.

Stúdent er heimilt að þreyta próf á öllum venjulegum próftímum. Stúdent sem innritast að hausti skal heimilt að þreyta próf í bókfærslu í upphafi kennsluárs.

Próf í bókfærslu, reikningshaldi I, reikningshaldi II, og reikningshaldi III. skulu tekin í framangreindri röð.

Hið sama gildir um röð prófa í fornámskeiði í stærðfræði, stærðfræði I. og stærðfræði II. Stúdent skal heimilt að fara í áður talin próf á sama próftímabili, eftir því sem við á, en próf aftar í röðinni telst ógilt, ef ekki er staðist próf, sem er framar í röðinni.

*Síðari hluta próf.*

Síðari hluta próf er samsett af kjarna, kjörsviði, frjálsum kjörgreinum og ritgerð.

Kjarni er metinn 30 námseiningar, kjörsvið 9 einingar, frjálsar kjörgreinar 12 einingar og ritgerð 9 einingar.

Stúdent getur valið milli tveggja kjarna, A og B. A er fyrirtækjakjarni, B er þjóðhagskjarni.

Prófgreinar í fyrirtækjakjarna (A) eru þessar:

- 3.1. Stjórnun I.
- 3.2. Stjórnun II.
- 3.3. Fjármál fyrirtækja I.
- 3.4. Fjármál fyrirtækja II.
- 3.5. Sala I.
- 3.6. Sala II.
- 3.7. Framleiðsla I.
- 3.8. Framleiðsla II.

Prófgreinar í þjóðhagskjarna (B) eru þessar:

- 3.1. Stjórnun I.
- 3.3. Fjármál fyrirtækja I.
- 3.7. Framleiðsla I.
- 3.9. Þjóðhagfræði II.
- 4.0. Þjóðhagfræði III.
- 4.1. Opinber stjórnsýsla.
- 4.2. Stjórnskipunar- og stjórnarfarsréttur.
- 4.8. Hagrannsóknir.

Lágmarkseinkunn er 4.0 í hverri grein. Próf skulu vera skrifleg, nema viðskiptadeild ákveði annað.

Greinar 3.9. og 4.0 eru metnar 6 námseiningar, greinar 3.2., 3.4. og 3.6. sem 5 námseiningar, en aðrar greinar 3 námseiningar. Greinar 8.1.—8.9. (erlend tungumál) skulu þó metnar sérstaklega af viðskiptadeild að höfðu samráði við stjórn þeirrar deildar, sem tungumálin eru kennd í.

Ritgerð er metin 9 námseiningar. Efni hennar skal vera úr sviði kjarna eða kjörsviðs og vera valið í samráði við a. m. k. einn fastan kennara deildarinnar fyrir lok kennslu á fyrsta ári í síðari hluta. Ritgerðina skal afhenda deildarforseta í tveimur vélrituðum eintökum, áður en það próftímabil hefst, sem stúdent er útskrifaður í.

Kennara og prófdómara er heimilt að prófa nemanda munnlega um efni ritgerðar og meta frammistöðu sem hluta af einkunn ritgerðarinnar.

Stúdent skal hafa lokið fyrri hluta prófi, áður en hann segir sig til prófs í síðari hluta greinum. Heimilt er að þreyta próf á öllum venjulegum próftímum.

**III. Val kjörsviða.**

Viðskiptadeild setur sjálf reglur um val kjörsviða, bæði að því er tekur til samvals námsgreina og tímasetningar valdsins. Stúdent skal þó aldrei velja sér kjörsvið síðar en í aprílmánuði á fyrra ári í síðari hluta. Kennsla á kjörsviði skal að jafnaði vera á öðru ári í síðari hluta.

#### IV. Námseiningar.

Fyrri hluta nám er metið 60 námseiningar og síðari hluta nám er einnig metið 60 námseiningar. Misserisnám í deildinni er þannig að jafnaði metið 15 námseiningar. Að baki hverri námseiningu skal að jafnaði vera a. m. k. 1 vikuleg misseris-kennslustund eða 1 námsvika.

Ritgerð sbr. kennslugrein 9.0. er metin 9 námseiningar.

#### V. Kennsluár og árlegur próftími.

Próf skal halda 7.—20. janúar, í maí—júni og 1.—15. september.

#### VI. Almenn ákvæði um próf og námstíma.

Einkunnir skal gefa í heilum og hálfum tölum frá 0—10. Greini prófdómara og kennara á, hlýtur stúdent þá einkunn í hálfri eða heilli tölu, sem næst liggur meðaltali einkunna kennara og prófdómara.

Aðaleinkunn er vegið meðaltal allra prófeinkunna einstakra greina. Aðaleinkunn skal reiknuð með einum aukastaf, og er 9.0—10 ágætiseinkunn, 7.3—8.9 er I. einkunn, 6.0—7.2 er II. einkunn og 5.5—5.9 er III. einkunn.

Til þess að standast kandidatspróf verður stúdent að hafa hlotið:

1. Eigi lægra en 4.0 í hverri prófgrein, sbr. áður.
2. Eigi lægri einkunn en 6.5 í bókfærslu, almennri rekstrarhagfræði og almennri þjóðhagfræði, sbr. áður.
3. Eigi lægri meðaleinkunn en 5.5 úr hvorum hluta um sig. Falli stúdent úr deildinni er honum heimilt að halda einkunn í bókfærslu, almennri rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði, hafi hann náð tilskildum lágmarksárangri í þessum greinum.

Kennslu í viðskiptadeild skal haga þannig, að hægt sé að ljúka fyrri hluta prófi eftir tveggja ára nám og síðari hluta prófi eftir tveggja ára nám til viðbótar.

Ekki má líða lengri tími en 6 kennslumisseri frá innritun þar til lokið er fyrri hluta prófi. Ef út af bregður, fer stúdent af skrá og próf, sem hann hefur tekið, falla úr gildi.

Ekki má líða lengri tími en 6 kennslumisseri frá því er stúdent lýkur fyrri hluta prófi, þar til hann lýkur síðari hluta prófi. Ef út af bregður, fer stúdent af skrá og próf, sem hann hefur tekið, falla úr gildi.

Viðskiptadeild getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar um tímatakmörkun, ef stúdent hefur verið veikur eða öðrum vítaleysisástæðum er til að dreifa.

#### VII. kafli.

Viðskiptadeild annist, eftir því sem fjárveitingar og kennslukraftar leyfa, upp-riðjunar- og framhaldsnámskeið fyrir kandidata og enn fremur almenn námskeið og fyrirlestra, eftir því sem efni standa til.

#### VIII. Gildistaka.

Reglur þær um nám í viðskiptafræðum, sem hér eru settar, skulu gilda um stúdenta, sem innritast eftir 1. júní 1974.



2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 2. október 1974.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Knútur Hallsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 32 — 1974

---

11. október 1974.

409

Nr. 90.

## FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar, þriðjudaginn 29. október 1974.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 29. október 1974.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík, 11. október 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Geir Hallgrímsson.*

16. nóvember 1974.

Nr. 91.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 54 29. maí 1972, um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. tölul. 1. málsg. 5. gr. laganna orðist svo:

1. fjárveitinganefnd, skipuð 10 mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 16. nóvember 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Geir Hallgrímsson.*

A 52

**L Ö G****um lántökuheimildir erlendis.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að taka erlent lán, að fjárhæð allt að 2 120 millj. króna, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri.

**2. gr.**

Andvirði lánsins skal endurlánað eða ráðstafað þannig:

1. Til Framkvæmdasjóðs Íslands 800 millj. krónur.
2. Til Landsvirkjunar, vegna virkjunarframkvæmda við Sigöldu, 474 millj. krónur.
3. Til vegagerðar 496 millj. krónur.
4. Til framkvæmda í orkumálum 350 millj. krónur.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 11. desember 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthias Á. Mathiesen.*

**AUGLÝSING**

**um staðfesting forseta Íslands á reglugerð fyrir Háskóla Íslands,  
nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 24. október 1974 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum:

**1. gr.**

Aftan við 53. gr. I komi nýr kafli, sem verði 53. gr. II, en núverandi 53. gr. II verði 53. gr. III. Hinn nýi kafli verði svohljóðandi:

**II. B.A.-próf í sálarfræði.**

Baccalaureus-próf í sálarfræði skal nema 90 e hið minnsta. Af þeim skulu a. m. k. 60 e vera í sálarfræði, þar með talin fræðileg B.A.-ritgerð, en allt að 30 e í öðrum námsgreinum, er stúdentar nemi samkvæmt reglum, sem heimspekideild setur, að fengnum tillögum kennara og/eða námsnefndar í sálarfræði.

Að loknu fullnaðarprófi í sálarfræði samkvæmt ofangreindu fær stúdent próf-skírteini um, að hann hafi lokið baccalaureus artium prófi í sálarfræði.

Þessi ákvæði haggja ekki því, að stúdent geti stundað minna nám í sálarfræði og fengið það viðurkennt sem hluta almenns B.A.-prófs, en eigi skal þá prófskírteini hans bera það heiti, sem getið er í 2. mgr.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 25. október 1974.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 33 — 1974

Nr. 94.

412

23. desember 1974.

## L Ö G

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1 gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1975 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfangjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.

### 2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 23. desember 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthias Á. Mathiesen.*

Nr. 95.

23. desember 1974.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

1. gr. laganna (sbr. 17. gr. 1. nr. 10/1974) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum sjómanna á is-

lenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi skiptist þannig, að 2% renna í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag og 1½% rennur í ríkissjóð.

### 2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir til ríkissjóðs 1% af hluta sjóðsins af innheimtum launaskatti samkvæmt lögum þessum, vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975 og gilda til loka þess árs.

*Gjört að Bessastöðum, 23. desember 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthías Á. Mathiesen.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 13 13. apríl 1973,  
um Hapdrætti Háskóla Íslands.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

a-liður 1. gr. orðist svo:

Hlutatalan má ekki fara fram úr 60 000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur 1. flokks í janúarmánuði og 12. flokks í desembermánuði. Heimilt er að gefa út 4 flokka hlutamiða, sem greinist að með bókstöfunum E, F, G og H, en auk þess er heimilt að gefa út sérstakan flokk, B-flokk, sem hafa skal fimmfalt gildi á við hvern hinna flokkanna, bæði að því er varðar endurnýjunariðgjald og fjárhæð vinninga.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. desember 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Óheimilt er að fjölga föstum starfsmönnum í þjónustu ríkisins eða ríkisstofnana, nema að fengnu samþykki ráðninganefndar ríkisins, sbr. 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um þær stöður, sem stofnaðar eru með lögum.

#### 2. gr.

Óheimilt er að láta starfsmenn starfa í þjónustu ríkisins eða ríkisstofnana, nema fjárveiting eða heimild til launagreiðslu sé fyrir hendi. Þeir aðilar, sem sjá um launagreiðslur, geta fengið staðfestingu fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar á því, hvort slíkar heimildir séu fyrir hendi.

#### 3. gr.

Þegar starfsmaður, sem lög nr. 46/1973 taka til, er ráðinn í þjónustu ríkisins skal það gert með skriflegum gerningi. Skal það tekið fram, hvort um skipun, setningu eða ráðningu er að ræða.

Starfsmenn, sem ráðnir eru eftir gildistöku laga þessara í minna en  $\frac{1}{2}$  starf, eða ráðnir skv. samningum stéttarfélaganna og lög nr. 46/1973 taka ekki til, skal ráða með skemmri uppsagnarfresti en 3ja mánaða. Setning í stöðu skal vera til ákveðins tíma.

#### 4. gr.

Ekki má setja á fót nýja ríkisstofnun, nema með lögum, og skal um starfsmannafjölda leita samþykkis með sama hætti og segir í 6. gr., að svo miklu leyti sem lög um stofnunina mæla eigi fyrir um það.

#### 5. gr.

Ráðninganefnd ríkisins skipa þrír menn, formaður fjárveitinganefndar, einn skipaður af ríkisstjórninni og einn af fjármálaráðherra, og er hann formaður nefndarinnar.

Varamann formanns fjárveitinganefndar skipar fjárveitinganefnd, en ríkisstjórn og fjármálaráðherra sinn hvorn varamann.

#### 6. gr.

Ráðninganefnd úrskurðar tillögur ráðuneyta og ríkisstofnana um starfsmenn og starfsmannafjölda.

Nú óskar ráðuneyti eftir fjölgun fastra starfsmanna við ráðuneytið eða ríkisstofnun á þess vegum án þess að fé hafi verið veitt til þess á fjárlögum eða heimild til launagreiðslu sé fyrir hendi, og skal þá ráðuneytið senda beiðnina til ráðninganefndar til úrskurðar.

#### 7. gr.

Ráðninganefnd skal jafnan úrskurða erindi innan hálf mánaðar frá móttöku þess, enda hafi nefndinni borist fullnægjandi gögn og upplýsingar um málefnið.

Telji ráðninganefnd eigi augljóst, að erindi ráðuneytis skuli ná fram að ganga, skal hún jafnan kveðja fulltrúa þess ráðuneytis á sinn fund og kynna sér greinargerð hans, áður en erindið hlýtur afgreiðslu.

Synji ráðninganefnd erindi um fjölgun starfsmanna skv. 1. og 6. gr., getur ráðherra sá, sem hlut á að máli, borið ágreininginn undir ríkisstjórnina, sem tekur endanlega ákvörðun um málið.

#### 8. gr.

Nú vill stofnun, er lög þessi taka til, auka við húsnæði sitt, og skal þá með fara á sama hátt og segir í 6. og 7. gr. um fjölgun starfsmanna, eftir því sem við á.

#### 9. gr.

Fjármálaráðuneytið lætur gera eyðublöð fyrir ráðningarbréf, sem öllum stofnunum ríkisins er skylt að nota við ráðningu starfsmanna, sem ráðnir eru í hálf starf eða meira gegn föstum mánaðarlaunum og eigi eru skipaðir.

Starfsmaður á rétt á að fá í hendur afrit af ráðningarbréfi sínu staðfestu af viðkomandi ráðuneyti og fjármálaráðuneytinu.

#### 10. gr.

Semja skal árlega skrá yfir þá starfsmenn ríkisins, sem ákvæði 1. mgr. 3. gr. taka til og ráðnir eru í hálf starf eða meira með a. m. k. þriggja mánaða uppsagnarfresti. Fjármálaráðuneytið sér um gerð þessarar skrár, og skal hún lögð fram með fjárlagafrumvarpi.

#### 11. gr.

Fjármálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um efni ráðningarbréfa.

#### 12. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 48/1958, um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins.

#### 13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthias Á. Mathiesen.*



## L Ö G

um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1973, um löndun  
á loðnu til bræðslu.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

## 1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Skipulag og tilhögun á löndun á loðnu til bræðslu skal vera í höndum þriggja manna og jafnmargra til vara, eins samkvæmt tilnefningu samtaka fiskseljenda, eins samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra fiskmjölsframleiðenda og eins án tilnefningar, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til eins árs í senn frá 1. janúar ár hvert. Verði ekki samkomulag meðal samtaka fiskseljenda um tilnefningu í nefndina, skipar ráðherra þann mann án tilnefningar. Nefnd þessi skal afla upplýsinga um móttökugetu sildar- og fiskimjölsverksmiðja og ákveða, hvenær löndun skuli hefjast eða hætta hjá einstökum verksmiðjum.

Nefndin skal veita fiskiskipum upplýsingar um móttökugetu einstakra verksmiðja um fjarskiptastöð. Skipstjóri hvers skips skal tilkynna nefndinni við brottför af veiðisvæði um aflamagn, veiðisvæði og löndunarhöfn. Vanræki skipstjóri að gefa framangreindar upplýsingar, getur viðkomandi skip glatað þeirri löndunarröð, sem það annars hefði haft, auk þess sem nefndin getur beitt viðurlögum samkvæmt 5. gr. Ef ekki er hægt að ákveða löndunarhöfn við brottför af veiðisvæði, skal nefndinni, í þeim tilvikum, tilkynnt um löndunarhöfnina eins fljótt og við verður komið og í síðasta lagi um leið og beygt er af langsiglingaleið til ákveðinnar hafnar, en samt sem áður skal nefndinni ávallt tilkynnt um aflamagn og veiðisvæði viðkomandi skips, um leið og haldið er af veiðisvæði. Fiskiskipi er óheimilt að leita löndunar hjá verksmiðju, þar sem nefndin hefur stöðvað löndun eða ekki auglýst laust móttökurými.

## 2. gr.

2. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður af framkvæmd laganna greiðist úr loðnuflutningasjóði eða með sérstöku gjaldi af hverri hráefnissmálest, jafnhárrí fjárhæð frá seljendum og kaupendum, eftir nánari reglum, sem ráðuneytið setur og skulu kaupendur standa skil á gjaldi þessu, en Loðnunefnd hefur á hendi innheimtu og reikningshald. Verði í árslok afgangur af gjaldi, sem innheimt er með þessum hætti, skal hann geymast til næsta árs.

## 3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Gerist stjórnendur verksmiðja brotlegir við 1. og 2. gr. þessara laga eða reglur settar samkvæmt þeim, skal nefndinni heimilt að stöðva löndun í einstakar verksmiðjur fyrirvaralaust í allt að þrjá sólarhringa, þó að móttökuskilyrði séu fyrir hendi. Ef um ítrekuð brot er að ræða, skal nefndinni heimilt að stöðva löndun í viðkomandi verksmiðjur í allt að sjö sólarhringa.

Gerist stjórnendur loðnufrystihúsa brotlegir við reglur settar samkvæmt þessum lögum, skal nefndinni heimilt að stöðva móttöku einstakra verksmiðja á loðnuúrgangi frá viðkomandi loðnufrystihúsum fyrirvaralaust í allt að þrjá sólarhringa.

Ef um ítrekuð brot er að ræða, skal nefndinni heimilt að stöðva móttöku einstakra verksmiðja á loðnuúrgangi frá viðkomandi loðnufrystihúsum fyrirvaralaust í allt að sjö sólarhringa.

Gerist skipstjórar brotlegir við 1. og 2. gr. þessara laga eða reglur settar samkvæmt þeim, skal nefndinni heimilt að setja löndunarbann á viðkomandi skip í allt að þrjú sólarhringa og jafnframt að svipta skipið áunnum flutningastyrk fyrir viðkomandi veiðiferð. Ef um ítrekuð brot er að ræða, skal nefndinni heimilt að setja löndunarbann á viðkomandi skip í allt að sjö sólarhringa og jafnframt að svipta skipið áunnum flutningastyrk fyrir viðkomandi veiðiferð. Nefndinni er heimilt að beita sömu refsingum gagnvart einstökum skipum, þegar landað er í gegnum loðnufrystihús til verksmiðja, sem hafa ekki tilkynnt laust móttökurými og þegar landað er með sama hætti til að fá löndun fyrr en löndunarröð skipsins segir til um.

Ef nauðsyn krefur, getur Loðnunefnd látið lögreglu framfylgja ákvörðunum nefndarinnar samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum og renna sektir í loðnuflutningasjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

#### 4. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett reglur um löndun á loðnu til frystingar, enda ríki um þær samstaða milli sölusamtaka hraðfrystihúsanna og samtaka útvegs- manna og sjómanna.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975.

#### Ákvæði til bráðabirgða:

Drátt fyrir ákvæði laga nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, skal m/s Ísafold, 800 lesta skipi frá Hirtshals í Danmörku, vera heimilt að veiða loðnu í landhelgi og landa henni á svæðinu frá Patreksfirði norður um til Seyðisfjarðar sem íslenskt skip í febrúar og mars 1975, enda hliti það reglum er sjávarútvegsráðuneytið setur, sé rekið af íslenskum aðila og áhöfn þess sé íslensk.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 35 frá 29. apríl 1966,

um Lánasjóð sveitarfélaga.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Ráðstöfunarfé Lánasjóðs sveitarfélaga er sem hér segir:

- a. Árlegt framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, er nema skal 5% af vergum tekjum sjóðsins.
  - b. Árlegt framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga. Skal framlagið nema eigi lægri upphæð en 2½% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á viðkomandi ári.
  - c. Árlegt lán úr Framkvæmdasjóði Íslands.
  - d. Aðrar lántökur.
  - e. Afborganir og rekstrartekjur.
- Framlag Jöfnunarsjóðs greiðist þannig:  
Þriðjungur fyrir 1. maí,  
Þriðjungur fyrir 1. september og eftirstöðvarnar fyrir 1. desember.

**2. gr.**

Aftan við 12. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:  
Skuldabréf fyrir lánunum, sem sjóðurinn tekur og veitir, skulu undanþegin stimpilgjöldum.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

**L Ö G****um Hitaveitu Suðurnesja.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkissjóður Íslands og sjö sveitarfélög á Suðurnesjum, sbr. 2. gr., skulu setja á stofn hitaveitufyrirtæki, er nefnist Hitaveita Suðurnesja.

Tilgangur fyrirtækisins skal vera að virkja jarðhita í Svartsengi við Grindavík eða annars staðar á Reykjanesi, ef hagkvæmt þykir. Reisa þar varmaskiptistöðvar og leggja aðveituæðar til þéttbýliskjarna á Suðurnesjum, leggja dreifikerfi og annast sölu á heitu vatni til notenda. Hitaveita Suðurnesja skal reisa kyndistöðvar, teljist slíkt nauðsynlegt vegna rekstraröryggis.

Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

Heimili þess og varnarþing er í Keflavík.

**2. gr.**

Hitaveita Suðurnesja er sameignarfyrirtæki ríkisins og effirtalinna sveitarfélaga. Eignarhluti ríkissjóðs skal vera 40%. Eignarhlutar

Keflavíkurkaupstaðar,  
Njarðvíkurhrepps,  
Gerðahrepps,  
Miðneshrepps,  
Hafnahrepps,  
Grindavíkurkaupstaðar og  
Vatnsleysustrandarhrepps skulu samtals nema 60%.

Eignarhlutdeild sveitarfélaganna sjö skiptist innbyrðis í hlutfalli við íbúatölu þeirra 1. desember 1974.

Sameigendur beri einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Hitaveitu Suðurnesja gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum. Verði síðar ákveðið að krefja viðbótarframlags frá eigendum skulu þeir leggja það fram í samræmi við eignarhlutföll. Eignarhlutföllum verður ekki breytt og engum sameignarfélaga er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda.

### 3. gr.

Starfsemi Hitaveitu Suðurnesja skal beinast að öflun heits vatns fyrir sveitarfélög þau, sem aðild eiga að fyrirtækinu. Jafnskjótt og unnt er skal hitaveita lögð til Keflavíkurlflugvallar.

Verkefni Hitaveitu Suðurnesja skulu nánar tilgreind í reglugerð.

### 4. gr.

Ríkissjóður skal afhenda Hitaveitu Suðurnesja öll mannvirki sín í Svartsengi og þar í nánd, þar á meðal borholur fyrir heitt og kalt vatn, og allar áætlanir og undirbúningsframkvæmdir vegna virkjana á Svartsengissvæðinu. Náist eigi samkomulag um mat á verðmætum þessum, skal gerðardómur þriggja manna, sem sýslumaðurinn í Gullbringusýslu dómkveður, skera úr. Sama gildir um mannvirki og önnur verðmæti, er aðrir eignaraðilar afhenda.

### 5. gr.

Sameignaraðilar að Hitaveitu Suðurnesja leggja fram stofnframlag 50 milljónir kr., sem skiptist milli aðila í hlutföllum þeim, er um getur í 2. gr. Í framlagi eignaraðila skulu talin verðmæti þau, sem um ræðir í 4. gr.

### 6. gr.

Iðnaðarráðherra veitir Hitaveitu Suðurnesja einkaleyfi til starfrækslu hitaveitu innan sveitarfélaga þeirra, sem aðild eiga að fyrirtækinu. Ráðherra er þó heimilt að ákveða, að bygging og rekstur dreifiveitu á Keflavíkurlflugvelli skuli vera þar undanþegin.

### 7. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja skal skipuð fimm mönnum. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa hvor einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara. Sveitarfélög þau, sem aðilar eru að fyrirtækinu, skipa þrjá stjórnarmenn og jafnmarga til vara. Stjórnarmenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn. Verði ekki samkomulag milli sveitarfélaganna um það í upphafi hvert þeirra skuli eiga fulltrúa í stjórninni skal hlutkesti ráða. Aldrei skal nema einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi sitja í stjórn á hverjum tíma. Hvert sveitarfélag skal eiga fulltrúa í stjórninni í þrjú ár samfleytt og skal hann tilnefndur af viðkomandi sveitarstjórn. Þó skal einn hinna upprunalegu stjórnarmanna vikja eftir eins árs setu í stjórn og annar eftir tveggja ára setu þannig, að framvegis víki fulltrúi eins sveitarfélags árlega. Komi sveitarfélögin sér ekki saman um, í hvaða röð fulltrúar þeirra skulu vikja og taka sæti í stjórn, skal

hlutkesti ráða. Stjórnin skiptir með sér verkum. Undirskrift meirihluta stjórnar bindur fyrirtækið.

#### 8. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja hefur á hendi yfirstjórn á framkvæmdum fyrirtækisins og rekstri þess.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu. Framkvæmdastjóri skal annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins. Skal hann eiga sæti á stjórnarfundum, og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt.

Nánari ákvæði um starfssvið stjórnar og framkvæmdastjóra skulu sett í reglugerð.

#### 9. gr.

Aðalfund skal halda fyrir 1. apríl ár hvert. Stjórnin boðar til aðalfundar með dagskrá og með a. m. k. viku fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti 3 fulltrúar frá hverjum eignaraðila nema 6 frá ríkissjóði. Fulltrúa þessa kjósa viðkomandi sveitarstjórnir hlutbundinni kosningu, en fulltrúa ríkissjóðs skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra, þrjá hvor.

Á aðalfundi skal fjalla um eftirgreind mál:

1. Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Lagðir skulu fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Kosinn skal einn endurskoðandi til eins árs, en fjármálaráðherra skal tilnefna annan.
4. Eignaraðilar skulu tilkynna tilnefningu nýrra manna í stjórn.
5. Önnur mál.

#### 10. gr.

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja setur gjaldskrá um verð á heitu vatni til notenda. Gætt skal almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár.

Gjaldskrá öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

#### 11. gr.

Heimilt er stjórn Hitaveitu Suðurnesja að taka lán til þarfa fyrirtækisins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Stjórnin getur ekki skuldbundið eignaraðila að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki a. m. k. fimm þeirra. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er undir á hverju ári, eru minna en 10% af brúttótekjum fyrirtækisins á næstliðnu ári.

#### 12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur ábyrgð á lánum, er Hitaveita Suðurnesja tekur til hitaveituframkvæmda, að fjárhæð allt að 2000 milljónum kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán, er kæmi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. mgr. Lánið endurlánar hún Hitaveitu Suðurnesja með þeim kjörum og skilmálum, sem ríkisstjórnin ákveður.

## 13. gr.

Um skyldu Hitaveitu Suðurnesja til greiðslu opinberra gjalda til ríkis, sýslu- og sveitarsjóða fer á sama hátt sem um skyldu sveitarfélaga, er slíkan rekstur hafa með höndum. Hitaveita Suðurnesja skal undanþegin stimpilgjöldum.

## 14. gr.

Ráðherra getur heimilað Hitaveitu Suðurnesja að taka eignarnámi jarðhitaréttindi, vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir lögum nr. 11/1973.

## 15. gr.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal stjórn fyrirtækisins skipuð og sam- eignarsamningur gerður milli aðila. Skal hvoru tveggja lokið fyrir 1. janúar 1975.

Iðnaðarráðherra setur reglugerð, þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd þessara laga og starfsemi Hitaveitu Suðurnesja. Skal stjórn Hitaveitu Suðurnesja undirbúa reglugerðina í samráði við eignaraðila.

## 16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

## FORSETABRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis 96. löggjafarþings, frá 20. desember 1974 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 27. janúar 1975.

*Gjört í Reykjavík, 18. desember 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Geir Hallgrímsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 35 — 1974

Nr. 102.

422

31. desember 1974.

## L Ö G

### um veitingu ríkisborgararéttar.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Alfaro, Walter Antonio, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 17. des. 1962.
2. Argunova, Alexandra Gavrilevna, húsmóðir í Reykjavík, f. í Sovétríkjunum 12. des. 1938.
3. Azevedo, Magnús, barn í Kópavogi, f. á Íslandi 18. ágúst 1967.
4. Bauer, Evamarie Ilse, húsmóðir í Garðahreppi, f. í Þýskalandi 2. nóv. 1938.
5. Baur, Anna, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 5. mars 1932.
6. Bellersen, Edmund Friedrich, rafmagnstæknifræðingur í Reykjavík, f. í Þýskalandi 2. febr. 1942.
7. Blöndal, Dagný, barn í Reykjavík, f. í Indónesiu 13. sept. 1972.
8. Brauner, Renald, nemandi í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 27. apríl 1958.
9. Buhl, Erna Frieda, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 7. nóv. 1924.
10. Busk, Eyjólfur Þór, tannlæknir á Seltjarnarnesi, f. á Íslandi 6. ágúst 1937.
11. Catlin, Katheryn Roberta, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Bandaríkjunum 2. ágúst 1923.
12. Chadwick, Andrés Þór, barn á Keisbakka í Dalasýslu, f. á Íslandi 14. júní 1964.
13. Chadwick, Ruth Carol, barn á Keisbakka í Dalasýslu, f. á Íslandi 2. febr. 1967.
14. Clark, Robert Jón, sjómaður í Reykjavík, f. á Íslandi 21. júlí 1943.
15. Drake, Hellen Linda, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 29. júní 1960.
16. Drake, Oddný Inga, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 1. mars 1963.
17. Drake, Unnur Milly, barn í Reykjavík, f. í Englandi 16. sept. 1961.
18. Döllefeld, Karin Berta Marie, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 26. okt. 1944.
19. Friðrik Örn Jónsson, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 18. febr. 1970.
20. Funagalli, Agnete Mathilde, húsmóðir í Hafnarfirði, f. á Íslandi 18. maí 1942.
21. Gillespie, Jerry Lee, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 26. jan. 1969.
22. Helga Jónsdóttir, verkakona í Keflavík, f. á Íslandi 14. maí 1947.
23. Ipsen, Werner, sjómaður í Reykjavík, f. í Danmörku 25. nóv. 1938.
24. Izaguirre, Enrique Llorens, verkamaður á Akranesi, f. á Spáni 25. júní 1937.
25. Karólína Rafnsdóttir, barn í Kópavogi, f. í Englandi 7. sept. 1969.
26. Knudsen, Hilmar Martin Riis, verkfræðingur í Reykjavík, f. í Danmörku 5. okt. 1941.
27. Kristensen, Kirsten Andresen, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 23. sept. 1936.

28. Lassen, Magna, húsmóðir í Neskaupstað, f. í Færeyjum 16. sept. 1946.
29. Lawrence, Raymond Thorgeir, bújurtafræðingur á Sauðárkróki, f. í Englandi 23. sept. 1946.
30. Little, Ruth, húsmóðir í Reykjavík, f. í Englandi 31. júlí 1935.
31. Lorenzen, Rita, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 8. des. 1942.
32. Lundgreen, Carl Edvard Houmann, trésmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 24. mars 1913.
33. Lundgreen, Jenny Kirstine, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 31. des. 1917.
34. Madsen, Ebba Agnete, húsmóðir á Akureyri, f. í Danmörku 9. ágúst 1937.
35. Njarðvík, Hildur, barn á Seltjarnarnesi, f. í Kóreu 15. nóv. 1969.
36. Olesen, Anna Maria, barn á Selfossi, f. á Íslandi 19. nóv. 1964.
37. Olesen, Ása, barn á Selfossi, f. á Íslandi 11. febrúar 1963.
38. Paulsen, Waltraud Anna Maria Meta, húsmóðir í Mosfellssveit, f. í Þýskalandi 8. febr. 1935.
39. Petersen, Boye, iðnaðarmaður í Keflavík, f. í Danmörku 15. okt. 1945.
40. Reed, Brian Thor, nemandi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 29. nóv. 1960.
41. Reed, Elaine Ruth, nemandi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 13. júní 1963
42. Reed, Gregory Allan, nemandi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 9. febr. 1962.
43. Reed, Sigurður Kenneth, nemandi í Reykjavík, f. á Íslandi 30. des. 1958.
44. Róbert Hannesson, nemandi í Kópavogi, f. á Íslandi 3. júní 1963.
45. Shabakaeva, Dina Yakubovna, húsmóðir á Ísafirði, f. í Sovétríkjunum 16. ágúst 1944.
46. Súsanna Rafnsdóttir, barn í Kópavogi, f. í Englandi 31. okt. 1966.
47. Svanhildur Helgadóttir, barn í Reykjavík, f. í Kóreu 5. jan. 1971.
48. Teske, Gerda Irene, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 2. júní 1923.
49. Thinat, Bärbel Gisela, nuddkonu í Keflavík, f. í Þýskalandi 11. mars 1938.
50. Touvina, Sofia, húsmóðir í Reykjavík, f. í Sovétríkjunum 16. nóv. 1897.
51. Weitendorf, Edda Valeska, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 19. ágúst 1963.
52. Wilson, Dennis, sjómaður í Neskaupstað, f. í Englandi 25. apríl 1950.
53. Winkler, Martin, húsgagnsmiður í Reykjavík, f. í Austurríki 17. nóv. 1932.
54. Þóra Vésteinsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Kóreu 7. apríl 1970.

## 2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*



## L Ö G

### um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

##### 1. gr.

Ríkissjóði og stofnunum, er greinir í A-hluta ríkisreiknings, sbr. 6. gr. laga nr. 52/1966, er óheimilt að taka lán eða stofna til skulda erlendis nema til þess séu heimildir í sérstökum lögum. Enn fremur er ríkissjóði og framangreindum stofnunum óheimilt að taka innlend lán eða stofna til skulda innanlands nema til þess séu heimildir í sérstökum lögum eða fjárlögum. Heimilt er þó að stofna til skulda í tengslum við kaup á fasteignum, enda séu fasteignakaupin samþykkt af fjármálaráðuneytinu.

##### 2. gr.

Fjármálaráðuneytið annast allar lántökur ríkissjóðs og stofnana, er greinir í A-hluta ríkisreiknings.

##### 3. gr.

Ríkisfyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, sem getur í B-hluta ríkisreiknings, er óheimilt að stofna til skulda, taka lán eða taka ábyrgð á skuld eða láni nema til þess sé heimild í sérstökum lögum eða fjárlögum eða fyrir liggi sérstakt samþykki viðkomandi ráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Slíkar heimildir þarf til samninga um yfirdrátt á viðskiptareikningi í bönkum, sölu á víxlum samþykktum af fyrirtækinu eða sjóðnum, svo og til sölu eða veðsetningar á verðbréfum útgefnum af fyrirtækinu eða sjóðnum.

##### 4. gr.

Aðilar, sem um ræðir í 3. gr. og hafa lántökuheimildir samkvæmt sérstökum lögum, skulu eigi síðar en 1. nóvember ár hvert gera viðkomandi ráðuneyti og fjármálaráðuneytinu grein fyrir áformuðum lántökum á næsta fjárlagaári. Ráðuneyti það, er með mál fyrirtækisins eða sjóðs fer, og fjármálaráðuneytið geta breytt slíkri lántökuáætlun. Að athugun lokinni skulu nefnd ráðuneyti staðfesta áætlunina, og er fyrirtæki eða sjóði óheimilt að taka lán umfram það, er hin staðfesta áætlun gerir ráð fyrir, nema til komi sérstakt samþykki þeirra aðila, er staðfestu áætlunina.

##### 5. gr.

Aðilum þeim, er um ræðir í 1. og 3. gr., er heimilt að eiga viðskipti innanlands án staðgreiðslu til viðsemjanda, enda sé jafnan um það samið, hvenær greiða skuli fyrir þau viðskipti. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um slík viðskipti.

##### 6. gr.

Brjótí starfsmaður ríkisins gegn lögum þessum fer um mál hans skv. III. kafla laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

##### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthias Á. Mathiesen.*

**L Ö G**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán  
fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfsskuldarábyrgð á láni til kaupa á dísilrafstöð fyrir Rafveitu Ísafjarðar. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af fobverði stöðvarinnar.

Ábyrgðin skal veitt með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthias Á. Mathiesen.*

**L Ö G**

um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að reisa og reka vatnsaflstöð við Bessastaðaá í Fljótsdal í Norður-Múlasýslu með allt að 32 megawatta afli og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði árinna til að tryggja rekstur virkjunarinnar. Enn fremur að leggja þaðan aðalorkuveitu að Egilsstaðakauptúni til tengingar þar við veitukerfi Grímsárvirkjunar og Lagarfossvirkjunar.

**2. gr.**

Ríkisstjórninni heimilast að taka fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, er virkjunaraðilinn tekur, allt að 2000 millj. kr. eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr.

Sem hluti af virkjuninni skulu gerðar ráðstafanir, er að höfðu samráði við Náttúruverndarráð og að dómi sérfræðinga teljast nauðsynlegar til að draga úr hugsanlegum áhrifum virkjunarinnar á lífríki umhverfisins svo sem frekast er kostur.

**3. gr.**

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, sbr. 1. gr.

**4. gr.**

Óski sveitarfélög á Austurlandi að gerast eignaraðilar að virkjun Bessastaðaár og öðrum orkuverum á orkuveitusvæðinu er ráðherra heimilt að gera samninga þar um fyrir hönd virkjunaraðilans.

**5. gr.**

Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

**6. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

**L Ö G**

um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal eins fljótt og við verður komið ákveða nýtt lágmarksverð á öllum tegundum sjávarafla, samkvæmt lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Hið nýja verð skal taka gildi frá og með 1. september 1974 og gilda ekki skemur en til 31. desember 1974. Við ákvörðun hins nýja verðs skal þess gætt, að hækkun almenns fiskverðs verði að meðaltali ekki meiri en 11% frá því verði, sem í gildi hefur verið, sbr. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 10/1974.

**2. gr.**

1. og 2. málslíður 2. gr. laga nr. 79/1968 orðist svo: Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða gjald til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa, er nemi 15% fiskverðs eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins.

**3. gr.**

1. málslíður 4. gr. laga nr. 79/1968 orðist svo: Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal það greiða 21% af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) aflans til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa.

**4. gr.**

Olíusjóður fiskiskipa skal starfræktur í þeim tilgangi að greiða niður verð á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

Tekjur sjóðsins skulu vera af sérstöku útflutningsgjaldi, sem hér segir:

a) 4% af fob-verði útfluttra sjávarafurða, annarra en saltfisks, skreiðar, lagmetis og þeirra afurða, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum.

b) 5.5% útflutningsgjald af fob-verði útflutnings saltfisks og skreiðar.

Útflutningsgjaldið reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru, og setur sjávarútvegsráðuneytið reglur um nánari framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar.

#### 5. gr.

1.—3. tl. 2. gr. laga nr. 19/1973, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

1. kr. 2 400.00 á hvert útflutt tonn greiðist af frystum karfa- og ufsaflökum og þurrkuðum saltufsa.
2. kr. 4 200.00 á hvert útflutt tonn greiðist af saltfiski — öðrum en þurrkuðum ufsa — saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, saltfiskbitum og söltuðum gellum.
3. kr. 4 750.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum — öðrum en karfa- og ufsaflökum — frystum hrognum, söltuðum hrognum ót. a., frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum. — Nemi gjald samkvæmt tölulíðum 1—3 meiru en svarar 4½% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.
4. Í stað „kr. 500.00“ í niðurlagi 6. tl. 1. mgr. 2. gr. 1. nr. 19/1973 komi: 1 300.00.

#### 6. gr.

Tölulíðir 1—7 í 3. gr. laga nr. 19/1973, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

- |  |       |
|--|-------|
| 1. Til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur ..... | 87.8% |
| 2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands .....  | 7.5%  |
| 3. Til Fiskimálasjóðs .....  | 2.0%  |
| 4. Til smíði haf- og fiskirannsóknaskips .....   | 1.2%  |
| 5. Til byggingar í þágu rannsóknastofnana sjávarútvegsins .....  | 0.5%  |
| 6. Til Landssambands ísl. útvegsmanna .....  | 0.5%  |
| 7. Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur .....                                  | 0.5%  |

#### 7. gr.

1. mgr. 5. gr. laga nr. 72/1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, orðist svo: Tekjur Verðjöfnunarsjóðs skulu vera allt að þremur fjórðu hlutum af verðhækkun, sbr. 7. gr., sem verður á þeim afurðum fiskiðnaðarins til útflutnings, sem lög þessi ná til. Renna þessar tekjur til viðkomandi deilda sjóðsins.

#### 8. gr.

2. málslíður 6. gr. laga nr. 72/1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, orðist svo:

Verðbætur skulu þó aldrei nema meiru en þremur fjórðu hlutum verðlækkunarinnar og ekki umfram það fé, sem viðkomandi deild ræður yfir, þegar til greiðslu verðbóta kemur.

#### 9. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs, skv. ákvæðum 2. gr. laga nr. 78/1974, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, umfram greiðslur skv. líðum a., b. og c. í þeirri lagagrein, skal

lagt í sérstakan gengishagnaðarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

- a. Til þess að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa 600 millj. kr. Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að ráðstafa allt að 400 millj. kr. af þessari fjárhæð til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja.
- b. Óafturkræft framlag til bátaflotans vegna rekstrarerfiðleika á árinu 1974 til 15. september 250 millj. kr.
- c. Óafturkræft framlag til skultogara til að bæta rekstrarafkomu þeirra 230 millj. kr.
- d. Til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til greiðslu verðbóta, vegna fiskmjöls annars en loðnumjöls, sem framleitt var á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1974, enda komi allt fiskmjöl til verðjöfnunar í deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja 50 millj. kr.
- e. Til að verðbæta lífeyrisgreiðslur aldraðra, sem fá greiddan lífeyri úr lífeyrisjóði sjómanna 15 millj. kr.
- f. Til orlofshúsa sjómannasamtakanna 11 millj. kr.
- g. Eftirstöðvar til ráðstöfunar samkvæmt nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins.

Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar og greiðslutíma framlaga.

#### 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði 1.—8. gr. taka til sjávarafurða framleiddra frá og með 1. september 1974.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

- I. Stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er heimilt að inna af hendi greiðslur upp í verðbætur, sbr. 6. gr. laga nr. 72/1969, vegna óselds loðnumjöls af framleiðslu ársins 1974 samkvæmt reglum, sem sjóðsstjórnin setur að fengnu samþykki ráðherra.
- II. Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald samkvæmt l. nr. 19/1973 af salt-sild og saltsíldarflökum, sem framleidd eru á árinu 1974.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthias Bjarnason.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 22 1973, um breyting á lögum  
um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64 1965.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins starfrækir og kostar rannsóknastofur utan

Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun ráðherra og að fengnum tillögum aðila fiskiðnaðarins. Leita skal samstarfs við fiskiðnað, aðra matvælaframleiðendur og sveitarfélög á viðkomandi svæði. Sömu leiðis skal athugað að nýta aðstöðu og samstarf við menntastofnanir á staðnum.

Rannsóknastofur þessar skulu veita fiskiðnaði og öðrum matvælaíðnaði á viðkomandi svæði þjónustu með rannsóknum, gæðaeftirliti og leiðbeiningum gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

31. desember 1974.

Nr. 108.

## L Ö G

um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Sameina skal starfsemi Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins í einni ríkisstofnun, er þera skal nafnið „Framleiðslueftirlit sjávarafurða“, en fyrrgreindar tvær stofnanir þar með lagðar niður.

#### 2. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða heyrir undir sjávarútvegsráðherra. Stofnunin skal hafa eftirlit með eða meta allan fisk, krabbaðyr og skeldýr, sem veidd eru úr sjó, svo og meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu þeirra.

Stofnunin skal meta og hafa eftirlit með útflutningi ofangreindra sjávarafurða á öllum vinnslustigum. Undanþeginn er þó eigin afli er fiskiskip flytja á erlendan markað, enda hafi hann ekki verið lagður hér á land. Um slíkan útflutning má þó setja reglur.

Einnig skal stofnunin hafa eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum, flutningatækjum, geymslum, vinnslustöðvum sjávarafurða og næsta nágrennis þeirra. Framleiðslueftirlitið skal veita leiðbeiningar um fiskverkun og meðferð sjávarafurða, svo og um önnur þau atriði, er það fjallar um.

Ráðherra getur sett reglugerð um framkvæmd laga þessara, meðal annars um umbúðir, merkingu, vörustaðla, flutning, útskipun og hleðslu sjávarafurða.

Ráðherra getur og með reglugerð lagt hann við því, að verkaður sé fiskur, krabbaðyr eða skeldýr undir tiltekinni lágmarksstærð eða sem ástæða er til að ætla að geti verið gölluð vara, menguð eða óheppileg til vinnslu annarra ástæðna vegna. Skal Framleiðslueftirlitið í samráði við ráðuneytið hafa eftirlit með aflasamsetningu fiskiskipa eftir því sem þurfa þykir og enn fremur, að ekki séu heimildarlaust unnar ofangreindar sjávarafurðir, sem ekki ná lágmarksstærðum þeim, sem fyrir er mælt í lögum og reglum.

**3. gr.**

Ríkisstofnanir, sem hafa með höndum verkefni, er falla undir Framleiðslueftirlit sjávarafurða samkvæmt lögum þessum, skulu halda þeim áfram eftir nánari ákvörðun ráðherra.

**4. gr.**

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins framkvæmir þær rannsóknir og tilraunir, sem til þeirrar stofnunar falla skv. 26. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, í samráði við Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

**5. gr.**

Framleiðslueftirlit sjávarafurða skiptist í eftirtaldar deildir:

1. Hreinlætis- og búnaðardeild, sem einkum skal hafa eftirlit með hreinlæti og búnaði fiskiskipa, flutningatækja, vinnslustöðva og því er varðar heilnæmi við framleiðsluna.
2. Ferskfiskdeild, sem einkum skal annast eftirlit og gæðamat á ferskum, nýjum eða ísuðum fiski, krabbadýrum og skeldýrum.
3. Freðfiskdeild, sem einkum skal annast eftirlit og gæðaflokkun á framleiðslu frystra sjávarafurða, meðferð þeirra, geymslu og útflutningi.
4. Saltfisk- og skreiðardeild, sem einkum skal annast eftirlit og gæðaflokkun á öllum söltuðum sjávarafurðum og skreið.

**6. gr.**

Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar að fengnum umsóknum um starfið.

Forstjóri Framleiðslueftirlits sjávarafurða hefur á hendi stjórn stofnunarinnar og yfirmensjón með allri starfsemi hennar. Við skipun í starfið skal ráðherra taka tillit til háskólaþrófs í matvælafræðum eða annarrar sambærilegrar menntunar umsækjenda.

**7. gr.**

Ráðherra skipar deildarstjóra að fengnum umsóknum og álitum forstjóra um þær. Deildarstjórar skulu veita forstöðu hver sinni deild hjá stofnuninni og hafa eftirlit með störfum yfirmatsmanna.

**8. gr.**

Ráðherra skipar yfirmatsmenn að fengnum umsóknum og álitum viðkomandi deildarstjóra og forstjóra um þær. Þeir hafa umsjón með eftirliti og mati hver í sínu umdæmi. Þeir skulu vera svo margir sem þörf krefur og heimilað er í fjárlögum. Þeir geta haft með höndum verkefni einnar eða fleiri deilda eftir ákvörðun forstjóra, sem jafnframt getur fært þá milli umdæma með samþykki ráðherra.

**9. gr.**

